

AUGLÝSING

um birtingu gerða á sviði verndarmála og fólksflutninga samkvæmt samningi milli Evrópusambandsins og Íslands og Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um hæli sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi, nr. 3/2001.

Eftirtaldar gerðir á sviði verndarmála og fólksflutninga eru birtar í C-deild Stjórnartíðinda:

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1351 frá 14. maí 2024 um stjórnun verndarmála og fólksflutninga, um breytingu á reglugerðum (ESB) 2021/1147 og (ESB) 2021/1060 og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 604/2013. Birt eru ákvæði III., V. og VII. hluta reglugerðarinnar. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari.
2. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1358 frá 14. maí 2024 um stofnun evrópska fingrafaragrunnsins „Eurodac“ til að bera saman lífkennaupplýsingar í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1351 og (ESB) 2024/1350 og tilskipunar ráðsins 2001/55/EB og til að staðfesta deili á ríkisborgurum þriðju landa og ríkisfangslausum einstaklingum sem dvelja þar ólöglega og um beiðnir löggæsluyfirvalda aðildarríkjanna og Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins um samannburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/818 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 603/2013. Reglugerðin er birt að undanskildum 8.–11. gr. I. kafla, VII., VIII. og XIV. kafla hennar. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal 2 með auglýsingu þessari.
3. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1359 frá 14. maí 2024 um að taka á neyðarástandi og óviðráðanlegum atvikum á sviði fólksflutninga og verndarmála og um breytingu á reglugerð (ESB) 2021/1147. Birt eru ákvæði 12. og 13. gr., ásamt 1.–6. gr. að því marki sem þær tengjast 12. og 13. gr. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal 3 með auglýsingu þessari.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2025/2055 frá 2. október 2025 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1351 að því er varðar stjórnun hælismála og fólksflutninga og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1560/2003. Reglugerðin er birt sem fylgiskjal 4 með auglýsingu þessari.

Birtingin er liður í undirbúningi þess að dómsmálaráðherra leggi fyrir Alþingi lagafrumvarp til innleiðingar á framangreindum gerðum í íslenskan rétt. Gerðirnar eru skuldbindandi fyrir Ísland að hluta, líkt og kveðið er á um í framangreindu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögreglulögum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Dómsmálaráðuneytinu, 30. mars 2026.

Þorbjörg S. Gunnlaugsdóttir.

Páll Winkel.

Fylgiskjal 1.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2024/1351**

frá 14. maí 2024

um stjórnun verndarmála og fólksflutninga, um breytingu á reglugerðum (ESB) 2021/1147 og (ESB) 2021/1060 og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 604/2013

EVROÞUPINGID OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum e-lið 2. mgr. 78. gr. og a-, b- og c-lið 2. mgr. 79. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitni svæðanefndarinnar ⁽²⁾,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Sambandið, sem myndar svæði frelsis, öryggis og réttlætis, ætti að tryggja að ekki sé haft eftirlit með einstaklingum á innri landamærum og setja ramma um sameiginlega stefnu um vernd, málefni innflytjenda og stjórnun ytri landamæra aðildarríkjanna sem byggist á samstöðu og sanngjarnri skiptingu ábyrgðar milli aðildarríkjanna, er sanngjörn gagnvart ríkisborgurum þriðju landa og ríkisfangslausum einstaklingum og í samræmi við alþjóðalög og lög Sambandsins, þ.m.t. grundvallarréttindi.
- 2) Til þess að efla gagnkvæmt traust milli aðildarríkjanna er nauðsynlegt að hafa heildstæða nálgun varðandi stjórnun verndarmála og fólksflutninga sem sameinar innri og ytri þætti. Skilvirkni slíkrar nálgunar veltur á því að tekið sé á öllum þáttum sameiginlega og þeir framkvæmdir með samræmdum og samþætum hætti.
- 3) Þessi reglugerð ætti að stuðla að slíkri heildstæðri nálgun með því að setja sameiginlegan ramma um aðgerðir Sambandsins og aðildarríkjanna, innan valdheimilda þeirra hvers um sig, á sviði verndarmála og viðeigandi stefna á sviði stjórnunar fólksflutninga, með því að hafa í heiðri og útfæra meginregluna um samstöðu og sanngjarna skiptingu ábyrgðar, þ.m.t. fjárhagsleg áhrif þeirrar meginreglu, milli aðildarríkjanna en undir hana falla stefnur á sviði verndarmála og fólksflutninga í samræmi við 80. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Meginreglan um samstöðu og sanngjarna skiptingu ábyrgðar ætti að vera forsenda þess að aðildarríkin axli sameiginlega þá ábyrgð að stjórna fólksflutningum, einkum á því svæði sem fellur undir samevróska verndarkerfið (e. *Common European Asylum System*).
- 4) Aðildarríkin ættu að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, m.a. til að veita þeim sem þurfa á því að halda aðgang að alþjóðlegri vernd og fullnægjandi móttökuskilyrðum, stuðla að löglegum leiðum, gera mögulega skilvirka beitingu reglna til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd, stýra með skilvirkum hætti endursendingu ríkisborgara þriðju landa sem uppfylla ekki eða uppfylla ekki lengur skilyrði fyrir búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, hindra ólöglegu fólksflutninga og óheimilar ferðir ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga milli aðildarríkjanna, berjast gegn smygli á farandfólki og byggjast á mannréttindum, lögmatísreglunni og virðingu fyrir sameiginlegum gildum Sambandsins. Hvað varðar ytri þætti heildstæðu nálgunarinnar hefur ekkert í þessari reglugerð áhrif á fyrirliggjandi skiptingu valdheimilda milli aðildarríkjanna og Sambandsins eða milli meginstofnana Sambandsins. Þessum valdheimildum verður áfram beitt í fullu samræmi við málsmeðferðarreglur sáttmálanna og í samræmi við dómaframkvæmd Dómstóls Evrópusambandsins, einkum að því er varðar gerninga Sambandsins sem ekki eru bindandi.
- 6) Sameiginlegi ramminn er nauðsynlegur til að taka með skilvirkum hætti á fyrirbæri sem er í vexti og felst í blöndu af komum einstaklinga sem þarfnast alþjóðlegrar verndar og einstaklinga sem þurfa hennar ekki með, og til viðurkenningar á að einstök aðildarríki ættu ekki að þurfa að bera ein ábyrgð á ólöglegu komu farandfólks og umsækjenda um vernd til Sambandsins heldur Sambandið sem heild. Gildissvið þessarar reglugerðar ætti einnig að taka til einstaklinga sem tekið hefur verið við (e. *admitted persons*).
- 7) Til að tryggja samfellu og skilvirkni aðgerða og ráðstafana sem Sambandið og aðildarríki þess grípa til, hvert innan sinna valdheimilda, er þörf á samþættri stefnumótun og heildstæðri nálgun á sviði stjórnunar verndarmála og fólksflutninga, þ.m.t. bæði innri og ytri þáttum hennar. Sambandið og aðildarríkin ættu að tryggja, hvert innan sinna valdheimilda og í samræmi við gildandi lög Sambandsins og alþjóðlegar skuldbindingar, samfellu og framkvæmd stefna um stjórnun verndarmála og fólksflutninga.
- 8) Til að tryggja góðan viðbúnað verndar-, móttöku- og fólksflutningakerfa sinna og að sérhver hluti þessara kerfa búi yfir nægilegri getu ættu aðildarríkin að hafa nauðsynlegan mannaúð, búnað, fjármagn og innviði til að koma stefnumótun stjórnunar verndarmála og fólksflutninga til framkvæmda á skilvirkan hátt og sjá lögbær um yfirvöldum sínum fyrir nauðsynlegu starfsfólki til að koma þessari reglugerð til framkvæmda. Aðildarríkin ættu einnig að tryggja viðeigandi samræmingu milli viðkomandi landsyfirvalda sem og við landsyfyrvöld hinna aðildarríkjanna.

- 9) Í þágu skipulegrar nálgunar ættu aðildarríkin að hafa innlendar stefnuáætlanir til að tryggja getu sína til að koma kerfum sínum um stjórnun verndarmála og fólksflutninga til framkvæmda á skilvirknan hátt, í fullu samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum Sambandsins og alþjóðalögum. Þessar stefnuáætlanir ættu að fela í sér fyrirbyggjandi ráðstafanir til að draga úr hættunni á álagi af völdum fólksflutninga auk upplýsinga um gerð viðbragðsáætlana, m.a. eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1346 ⁽⁴⁾, og viðeigandi upplýsingar varðandi meginreglurnar um samþætta stefnumótun og um samstöðu og sanngjarna skiptingu ábyrgðar samkvæmt þessari reglugerð, og lagalegar skuldbindingar sem af þeim leiðir á landsbundnum vettvangi. Framkvæmdastjórnin og viðeigandi stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins, einkum Hælisstofnun Evrópusambandsins (Hælisstofnunin), ættu að vera færar um að veita aðildarríkjunum stuðning við að koma á fót landsbundnum stefnuáætlunum sínum. Samráð aðildarríkjanna við staðar- og svæðisyfirvöld, í samræmi við landslög og eftir því sem við á, gæti einnig bætt og styrkt landsbundnar stefnuáætlanir. Til að tryggja að landsbundnar stefnuáætlanir séu sambærilegar að því er varðar tiltekna kjarnaþætti ætti framkvæmdastjórnin að koma á sameiginlegu sniðmáti.
- 10) Til að tryggja að skilvirkt eftirlitskerfi sé til staðar til að tryggja beitingu réttarreglna Sambandsins um vernd ætti í landsbundnum stefnuáætlunum aðildarríkjanna einnig að taka tillit til niðurstaðna eftirlitsins, sem Hælisstofnunin og Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu (Landamæra- og strandgæslustofnunin) og aðrar viðeigandi stofnanir, skrifstofur, fagstofnanir eða samtök annast, viðeigandi hluta úttektarinnar sem framkvæmd er í samræmi við reglugerð ráðsins (ESB) 2022/922 ⁽⁵⁾, sem og eftirlitsins sem framkvæmt er í samræmi við 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1356 ⁽⁶⁾. Aðildarríkin geta einnig tekið til athugunar niðurstöður úr öðrum viðeigandi eftirlitskerfum.
- 11) Framkvæmdastjórnin ætti að samþykkja evrópska stefnuáætlun um stjórnun verndarmála og fólksflutninga til langs tíma (hér á eftir nefnd „stefnuáætlunin“) þar sem sett er fram skipuleg nálgun til að tryggja samræmda framkvæmd landsbundinna stefnuáætlana á vettvangi Sambandsins, í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð og í frumlöggjöf Sambandsins og gildandi alþjóðalögum.
- 12) Í ljósi þess hversu mikilvægt er að tryggja viðbúnað Sambandsins og getu til að aðlagast þróun og sibreytilegri stöðu í stjórnun verndarmála og fólksflutninga ætti framkvæmdastjórnin að samþykkja á hverju ári evrópska ársskýrslu um verndarmál og fólksflutninga (hér á eftir nefnd „skýrslan“). Í skýrslunni ætti að meta stöðuna í verndar-, móttöku- og fólksflutningamálum á næstliðnu 12 mánaða tímabili á öllum fólksflutningaleiðum til og innan allra aðildarríkjanna, hún ætti að nýtast sem tæki til snemmvíðvörðunar og árvekni fyrir Sambandið á sviði fólksflutninga og verndarmála og setja fram stefnumarkandi stöðumynd og spár fyrir komandi ár. Í skýrslunni ætti m.a. að koma fram viðbúnaður Sambandsins og aðildarríkjanna til að bregðast við og laga sig að þróun stöðunnar í fólksflutningamálum og niðurstöður eftirlits viðeigandi stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins. Í ákvarðanatökufærlinu varðandi samstöðukerfið, sem sett er fram í IV. hluta þessarar reglugerðar, ætti að taka tillit til þeirra gagna og upplýsinga, sem og mats, sem er að finna í skýrslunni.
- 13) Skýrsluna ætti að semja í samráði við aðildarríkin og viðeigandi stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins. Að því er skýrsluna varðar ætti framkvæmdastjórnin að nota fyrirbyggjandi skýrslugjafarkerfi, einkum samþætta aðstæðuvitund og greiningu (e. *Integrated Situational Awareness and Analysis*), að því tilskildu að samþætta viðbragðskerfið til að bregðast við pólitísku neyðarástandi (e. *Integrated Political Crisis Response*) sé virkjað, og viðbúnaðar- og neyðarstjórnunarkerfi ESB í tengslum við fólksflutninga sem sett er fram í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1366 ⁽⁷⁾. Til að tryggja viðbúnað Sambandsins og getu til að aðlagast þróun og sibreytilegri stöðu í stjórnun verndarmála og fólksflutninga, og þar með til þess að árlega hringrásarferlið í verndarmálum og fólksflutningum og samstöðukerfið virki rétt, er afar mikilvægt að aðildarríkin, ráðið, framkvæmdastjórnin, utanríkisþjónusta Evrópusambandsins og viðeigandi stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins leggi sitt af mörkum til slíkra fyrirbyggjandi skýrslugjafarkerfa og tryggi fullnægjandi og tímanleg skipti á upplýsingum og gögnum. Einnig ætti að taka tillit til upplýsinga frá öðrum viðeigandi heimildum, m.a. Evrópuneti á sviði fólksflutninga, flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðastofnuninni um fólksflutninga. Til að komast hjá tvíverknaði ætti framkvæmdastjórnin einungis að óska eftir viðbótarupplýsingum frá aðildarríkjunum þegar þær upplýsingar eru ekki tiltækar í gegnum þessi skýrslugjafarkerfi og viðkomandi stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins.
- 14) Til að tryggja að nauðsynleg verkfæri séu fyrir hendi til að aðstoða aðildarríkin við að takast á við áskoranir sem upp kunna að koma vegna veru ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga á yfirráðasvæði þeirra, óháð því hvernig þeir fóru yfir ytri landamæri aðildarríkjanna, ætti að fylgja skýrslunni ákvörðun um hvaða aðildarríki teljast vera undir álagi af völdum fólksflutninga, eiga á hættu að verða fyrir álagi af völdum fólksflutninga á komandi ári eða standa frammi fyrir verulegum fólksflutningum (hér á eftir nefnd „ákvörðunin“). Aðildarríki undir álagi af völdum fólksflutninga ættu að geta treyst á notkun samstöðuframlaga sem eru hluti af hinu árlega samstöðusamlagi (e. *Annual Solidarity Pool*).
- 15) Til að skapa fyrirsjáanleika fyrir þau aðildarríki sem eru undir álagi af völdum fólksflutninga og þau aðildarríki sem leggja til framlög ætti skýrslunni og ákvörðuninni að fylgja tillaga framkvæmdastjórnarinnar þar sem tilgreindar eru raunhæfar, árlegar samstöðuráðstafanir, þ.m.t. tilflutningar (e. *relocations*), fjárframlög og, eftir atvikum, aðrar samstöðuráðstafanir, og tölulegt umfang þeirra, sem líklegt má telja að þörf verði fyrir á komandi ári á vettvangi Sambandsins, jafnframt því sem viðurkennt er að hinar ýmsu tegundir samstöðu séu jafngildar. Tegundir og tölulegt umfang þeirra ráðstafana sem tilgreindar eru í tillögu framkvæmdastjórnarinnar ættu að lágmarki að samsvara árlegum lágmarksviðmiðunarmörkum fyrir tilflutninga og fjárframlög. Þessi viðmiðunarmörk ætti að setja fram í þessari reglugerð til að skapa fyrirsjáanleika í áætlanagerð framlagsaðildarríkja og til að sjá þeim aðildarríkjum sem njóta góðs af samstöðuframlögum fyrir lágmarks-tryggingu. Ef það er talið nauðsynlegt gæti framkvæmdastjórnin tilgreint í tillögu sinni hærri árlegar tölur fyrir tilflutninga eða fjárframlög. Til þess að tryggja jafngildi samstöðuráðstafana ætti að viðhalda því hlutfalli sem sett er fram milli árlegru talnanna, sem tilgreindar eru í þessari reglugerð. Á sama hátt ætti framkvæmdastjórnin, þegar hún tilgreinir árlegar tölur, að taka í tillögu sinni tillit til sérstakra aðstæðna þar sem ekki er talin þörf fyrir samstöðuráðstafanir á komandi ári.

- 16) Til að tryggja betri samræmingu á vettvangi Sambandsins og í ljósi sérkenna samstöðukerfisins sem kveðið er á um í þessari reglugerð, sem byggist á skuldbindingaloförðum sem hvert aðildarríki, sem hefur fullan ákvörðunarrétt varðandi tegund samstöðu, setur fram á ESB-samstarfsvettvangi háttsettra embættismanna um samstöðu („samstarfsvettvangur háttsettra embættismanna“), ætti að fela ráðinu framkvæmdarvald til að koma á fót árlega samstöðusamlaginu, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Í framkvæmdargerð ráðsins um að koma á fót árlega samstöðusamlaginu ætti að tilgreina raunhæfar, árlegar samstöðuráðstafanir, þ.m.t. tilflutninga, fjárframlög og, eftir atvikum, aðrar samstöðuráðstafanir, og tölulegt umfang þeirra, sem líklegt má telja að þörf verði fyrir á komandi ári á vettvangi Sambandsins, jafnframt því sem viðurkennt er að hinar ýmsu tegundir samstöðu séu jafngildar. Í framkvæmdargerð ráðsins um að koma á fót árlega samstöðusamlaginu ættu einnig að koma fram þau tilteknu skuldbindingarloforð sem hvert aðildarríki hefur gefið.
- 17) Aðildarríki sem njóta góðs af samstöðuframlögum ættu að hafa möguleika á að framkvæma aðgerðir í þriðju löndum eða í tengslum við þau í samræmi við gildissvið og tilgang þessarar reglugerðar og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1147⁽⁸⁾.
- 18) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin ættu að tryggja að grundvallarréttindi séu virt og farið að sáttmála Evrópu-sambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálanum um grundvallarréttindi“) við framkvæmd aðgerða sem fjármagnaðar eru með fjárframlögum. Stuðningsskilyrðin sem mælt er fyrir um í 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1060⁽⁹⁾, þ.m.t. lárétta stuðningsskilyrðið um „skilvirka beitingu og framkvæmd sáttmálans um grundvallarréttindi“, ættu að gilda um áætlanir aðildarríkja sem fá stuðning af fjárframlögum. Við val á aðgerðum sem fá stuðning af fjárframlögum ættu aðildarríkin að beita ákvæðunum sem mælt er fyrir um í 73. gr. reglugerðar (ESB) 2021/1060, einnig með tilliti til sáttmálans um grundvallarréttindi. Aðildarríkin ættu, vegna aðgerða sem eru fjármagnaðar með fjárframlögum, að nota þau stjórnunar- og eftirlitskerfi sem komið er á fót fyrir áætlanir þeirra í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/1060. Aðildarríki ættu að vernda fjárlög Sambandsins og beita fjárhagslegum leiðréttingum með því að afturkalla, í heild eða að hluta, stuðning af fjárframlögum ef útgjöld, sem gefin eru upp til framkvæmdastjórnarinnar, reynast ekki eðlileg í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/1060. Framkvæmdastjórnin getur gert hlé á greiðslufresti, stöðvað greiðslur tímabundið, í heild eða að hluta, og beitt fjárhagslegum leiðréttingum í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2021/1060.
- 19) Við framkvæmd árlega samstöðusamlagsins ættu framlagsaðildarríki að hafa þann möguleika að leggja fram annars konar samstöðuframlög, komi fram beiðni um slíkt frá aðildarríki sem nýtur góðs af samstöðuframlögum. Annars konar samstöðuframlög ættu að hafa hagnýtt og rekstrarlegt gildi. Ef framkvæmdastjórnin telur, eftir samráð við hlutaðeigandi aðildarríki, að þörf sé á ráðstöfunum eins og þeim sem hlutaðeigandi aðildarríki tilgreinir, ætti að tilgreina slík framlög í tillögu framkvæmdastjórnarinnar að framkvæmdargerð ráðsins um að koma á fót árlega samstöðusamlaginu. Framlagsaðildarríkjum ætti að vera heimilt að gefa skuldbindingarloforð um slík framlög, jafnvel þótt þau séu ekki tilgreind í tillögu framkvæmdastjórnarinnar að framkvæmdargerð ráðsins um að koma á fót árlega samstöðusamlaginu, og þau ætti að telja til fjárhagslegrar samstöðu og fjárhagslegt virði þeirra metið og því beitt með raunhæfum hætti. Hafi aðildarríki sem nýtur góðs af samstöðuframlögum ekki óskað eftir þessum framlögum á tilteknu ári ætti að umreikna þau í fjárframlög í árslok.
- 20) Til að greiða fyrir ákvarðanatökufurferlinu ætti ekki að gera tillögu framkvæmdastjórnarinnar að framkvæmdargerð ráðsins um að koma á fót árlega samstöðusamlaginu opinbera fyrr en ráðið hefur samþykkt hana.
- 21) Til að framkvæmd sameiginlega rammans verði árangursrík og til að greina eyður, takast á við áskoranir og koma í veg fyrir að upp byggist álag á verndar-, móttöku- og fólksflutningakerfi ætti framkvæmdastjórnin að vakta og veita upplýsingar um stöðuna í fólksflutningamálum með reglulegum skýrslum.
- 22) Til að tryggja sanngjarna skiptingu ábyrgðar, samstöðu, eins og fram kemur í 80. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópu-sambandsins, og jafnvægi í viðleitni milli aðildarríkjanna ætti að koma á skyldubundnu samstöðukerfi sem veitir aðildarríkjum undir álagi af völdum fólksflutninga skilvirkan stuðning og tryggir skjótan aðgang að sanngjarnri og skilvirkri málsmeðferð vegna veitingar alþjóðlegrar verndar. Slíkt kerfi ætti að bjóða upp á mismunandi tegundir samstöðuráðstafana sem eru jafngildar og vera sveigjanlegt og geta lagað sig hratt að sibreytilegum áskorunum á sviði fólksflutninga. Samstöðuviðbrögð ættu að helgast af hverju einstöku tilviki og vera sniðin að þörfum viðkomandi aðildarríkis.
- 23) Til að tryggja snurðulausa framkvæmd samstöðukerfisins ætti framkvæmdastjórnin að tilnefna samræmingaraðila ESB á sviði samstöðu (e. *EU Solidarity Coordinator*). Samræmingaraðilinn ætti að vakta og samræma rekstrarþætti samstöðukerfisins og gegna hlutverki miðlægs tengiliðar. Hann ætti að greiða fyrir samskiptum milli aðildarríkjanna við framkvæmd þessarar reglugerðar. Samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu ætti, í samstarfi við Hælisstofnunina, að stuðla að samræmdum starfsaðferðum við að bera kennsl á einstaklinga sem uppfylla skilyrði fyrir tilflutningi, og para þá við tilflutningsaðildarríki, einkum til að tryggja að tekið sé tillit til mikilvægra tengsla. Til að geta sinnt hlutverki sínu á skilvirkan hátt ætti skrifstofa samræmingaraðila ESB á sviði samstöðu að hafa yfir að ráða nægilegu starfsfólki og tilföngum og samræmingaraðilinn ætti að geta tekið þátt í fundum samstarfsvettvangs háttsettra embættismanna.
- 24) Til að tryggja skilvirka framkvæmd samstöðukerfisins, sem komið er á fót með þessari reglugerð, ætti að kalla saman fulltrúa aðildarríkjanna á ráðherrastigi eða aðra háttsetta á pólitískum vettvangi á samstarfsvettvangi háttsettra embættismanna, sem ættu að taka til umfjöllunar skýrsluna, ákvörðunina og tillögu framkvæmdastjórnarinnar að framkvæmdargerð ráðsins um að koma á fót árlega samstöðusamlaginu, meta stöðuna í heild og komast að niðurstöðu um samstöðuráðstafanirnar og nauðsynlegt umfang þeirra til að koma á fót árlega samstöðusamlaginu og, ef nauðsyn krefur, öðrum viðbragðsráðstöfunum á sviði fólksflutninga. Til að tryggja snurðulausa virkni og framkvæmd árlega samstöðusamlagsins ætti að kalla saman ESB-samstarfsvettvang á tæknistigi um samstöðu (hér á eftir nefndur „samstarfsvettvangurinn á tæknistigi“), sem í eru nægilega háttsettir fulltrúar, s.s. háttsettir embættismenn viðkomandi yfirvalda aðildarríkjanna, undir formennsku samræmingaraðila ESB á sviði samstöðu fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar. Hælisstofnunin og, eftir

því sem við á og í boði samræmingaraðila ESB á sviði samstöðu, Landamæra- og strandgæslustofnunarinn og Evrópustofnun grundvallarmannréttinda, ættu að taka þátt í samstarfsvettvangnum á tæknistigi.

- 25) Með hliðsjón af því að leitar- og björgunaraðgerðir byggjast á alþjóðlegum skuldbindingum geta aðildarríki, sem standa endurtekið frammi fyrir því að fólk sé flutt frá borði í tengslum við leitar- og björgunaraðgerðir, verið meðal þeirra aðildarríkja sem njóta góðs af samstöðuráðstöfunum. Það ætti að vera mögulegt að ákvarða leiðbeinandi hlutfall þeirra samstöðuráðstafana sem hlutaðeigandi aðildarríki gætu þurft á að halda. Að auki ættu aðildarríki taka tillit til viðkvæmrar stöðu einstaklinga sem þannig eru fluttir frá borði.
- 26) Til að bregðast tímanlega við álagi af völdum fólksflutninga ætti samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu að styðja skjótan tilflutning umsækjenda um alþjóðlega vernd og einstaklinga sem njóta alþjóðlegrar verndar sem uppfylla skilyrði fyrir tilflutningi. Aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum ætti að taka saman skrá yfir einstaklinga sem uppfylla skilyrði fyrir tilflutningi, með aðstoð Hælisstofnunarinnar ef farið er fram á það, og ætti að geta notað verkfæri sem samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu hefur þróað. Einstaklingar, sem til stendur að flytja til, ættu að fá tækifæri til að veita upplýsingar um mikilvæg tengsl sem fyrir hendi eru við tiltekin aðildarríki en ættu ekki eiga rétt á að velja tiltekið tilflutningsaðildarríki (e. *Member State of relocation*).
- 27) Til að tryggja fullnægjandi samstöðuviðbrögð, og þar sem framlög aðildarríkjanna nægja ekki með tilliti til þeirra þarfa sem greindar hafa verið, ætti ráðið að geta kallað aftur saman samstarfsvettvang háttsettra embættismanna til þess að gera aðildarríkjunum kleift að tryggja frekari samstöðuframlög.
- 28) Þegar framkvæmdastjórnin metur hvort aðildarríki sé undir álagi af völdum fólksflutninga, eigi á hættu að verða fyrir álagi af völdum fólksflutninga eða standi frammi fyrir verulegum fólksflutningum ætti hún, á grundvelli viðtæks megindelegs og eigindelegs mats, að taka til greina margvíslega þætti, þ.m.t. viðeigandi tilmæli Hælisstofnunarinnar og upplýsingar sem safnað er samkvæmt viðbúnaðar- og neyðarstjórnunarkerfi ESB á sviði fólksflutninga. Slíkir þættir ættu að taka til: fjölda umsókna um alþjóðlega vernd, ólögmættra ferða yfir landamæri, óheimilla ferða ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga milli aðildarríkjanna, endursendingarákvarðana sem gefnar eru út og framfylgt, ákvarðana um flutning (e. *transfer decisions*) sem gefnar eru út og framkvæmdar, fjölda koma á sjó, þ.m.t. vegna flutnings frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerða, viðkvæmrar stöðu umsækjenda um vernd og getu aðildarríkis til að takast á við málafjölda sinn á sviði verndar og móttöku, sérstakra aðstæðna sem rekja má til landfræðilegrar legu aðildarríkjanna og tengsla við viðkomandi þriðju lönd og hugsanlegra tilvika misnotkunar á farandfólki í pólitískum tilgangi.
- 29) Setja ætti fram fyrirkomulag til þess að aðildarríki, sem tilgreint er í ákvörðuninni að séu undir álagi af völdum fólksflutninga eða sem telja sig vera undir álagi af völdum fólksflutninga, geti nýtt árlega samstöðusamlagið. Aðildarríki, sem tilgreint hefur verið í ákvörðuninni að séu undir álagi, ættu að geta nýtt sér árlega samstöðusamlagið með einföldum hætti einungis með því að upplýsa framkvæmdastjórnina og ráðið um þá fyrirætlun sína að nýta það og í kjölfar þess ætti samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu, fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar, að kalla saman samstarfsvettvanginn á tæknistigi. Aðildarríki sem telja sig vera undir álagi af völdum fólksflutninga ættu, til að nýta samlagið, að leggja fram tilhlýðilegan rökstuðning fyrir því að álag af völdum fólksflutninga sé til staðar og umfangi þess og aðrar viðeigandi upplýsingar í formi tilkynningar sem framkvæmdastjórnin ætti að meta með skjótum hætti. Aðildarríki sem njóta góðs af samstöðuframlögum ættu að nýta árlega samstöðusamlagið með eðlilegum og hóflegum hætti og taka tillit til þarfa annarra aðildarríkja, sem eru undir álagi af völdum fólksflutninga, fyrir samstöðu. Samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu ætti að tryggja jafna skiptingu samstöðuframlaga meðal aðildarríkjanna sem njóta góðs af þeim. Ef aðildarríki telur neyðarástand ríkja hjá sér ætti málsmeðferðin í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1359⁽¹⁰⁾ að gilda.
- 30) Aðildarríkjum sem sjálf njóta góðs af samstöðuframlögum ætti ekki að vera skylt að efna skuldbindingarloforð sín um framlög til árlega samstöðusamlagsins. Jafnframt ætti aðildarríki, sem stendur frammi fyrir eða telur sig standa frammi fyrir álagi af völdum fólksflutninga eða verulegum fólksflutningum sem gætu hindrað það í að efna skuldbindingarloforð sín um framlög vegna áskorana sem það þarf að takast á við, að geta farið fram á að framlagið, sem það gaf skuldbindingarloforð um, verði dregið frá að fullu eða að hluta.
- 31) Beita ætti viðmiðunarlykli, sem byggist á mannfjölda og vergri landsframléiðslu aðildarríkjanna, í samræmi við skyldubundnu meginregluna um sanngjarna skiptingu við beitingu samstöðukerfisins, sem gerir kleift að ákvarða heildarframlag hvers aðildarríkis. Aðildarríki gæti, að eigin frumkvæði, veitt heildarframlag sem er umfram skyldubundinn sanngjarnan hluta þess til að aðstoða aðildarríki sem eru undir álagi af völdum fólksflutninga. Við framkvæmd árlega samstöðusamlagsins ættu framlagsaðildarríki að efna skuldbindingarloforð sín í hlutfalli við heildarskuldbindingarloforð sitt, þannig að í hvert skipti sem veitt er úr samlaginu leggi þessi aðildarríki af mörkunum í samræmi við sinn sanngjarna hlut. Til að tryggja framkvæmd þessarar reglugerðar ætti framlagsaðildarríkjum ekki að vera skylt að efna skuldbindingarloforð sín gagnvart aðildarríki sem nýtur góðs af samstöðuframlögum ef framkvæmdastjórnin hefur greint kerfislega annmarka hjá því aðildarríki að því er varðar reglur sem settar eru fram í III. hluta þessarar reglugerðar sem gætu haft alvarlegar neikvæðar afleiðingar fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar.
- 32) Til viðbótar við árlega samstöðusamlagið hafa aðildarríkin, einkum þegar þau eru undir álagi af völdum fólksflutninga eða standa frammi fyrir verulegum fólksflutningum, sem og Sambandið, til umráða varanlega verkfærakistu ESB fyrir stuðning vegna fólksflutninga („verkfærakistan vegna fólksflutninga“) (e. *Permanent EU Migration Support Toolbox*) sem inniheldur ráðstafanir sem geta aðstoðað við að bregðast við þörfum aðildarríkjanna og létta álagi af þeim og sem gert er ráð fyrir í réttarreglum eða stjórnþækjum Sambandsins. Til að tryggja að öll viðeigandi verkfæri séu notuð með skilvirkum hætti til að bregðast við sérstökum áskorunum vegna fólksflutninga ætti framkvæmdastjórnin að geta tilgreint nauðsynlegar ráðstafanir úr verkfærakistunni vegna fólksflutninga, sbr. þó viðeigandi lög Sambandsins, eftir atvikum. Aðildarríki ættu að leitast við að nota þætti verkfærakistunnar vegna fólksflutninga samhliða árlega samstöðusamlaginu.

Notkun ráðstafana úr verkfærakistunni vegna fólksflutninga ætti þó ekki að vera forsenda þess að njóta góðs af samstöðu-ráðstöfunum.

- 33) Jöfnun ábyrgðar ætti að innleiða sem annars stigs samstöðuráðstöfun en samkvæmt henni færast ábyrgð á meðferð umsóknar til framlagsaðildarríkis, eftir því hvort skuldbindingarloforð um tilflutninga hafa náð tilteknum viðmiðunar-mörkum sem sett eru fram í þessari reglugerð. Við tilteknar aðstæður verður skylt að beita ábyrgðarjöfnun til að skapa nægilegan fyrirsjáanleika fyrir aðildarríki sem njóta góðs af samstöðuframlögum. Framlög til samstöðu með ábyrgðar-jöfnun ættu að teljast sem hluti af skyldubundnum sanngjörnum hluta framlagsaðildarríkisins. Koma ætti á kerfi trygginga til að koma eins og hægt er í veg fyrir hvata til ólögþætra fólksflutninga inn í Sambandið, óheimilla ferða ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga milli aðildarríkja og til að styðja við snurðulasa framkvæmd reglnanna til að ákvarða hver beri ábyrgð á meðferð umsókna um alþjóðlega vernd. Ef beiting ábyrgðarjöfnunar verður skyldubundin er framlagsaðildarríki, sem gefið hefur skuldbindingarloforð um tilflutninga og er ekki með neinar umsóknir um alþjóðlega vernd sem ákvarðað hefur verið að aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum beri ábyrgð á, áfram skylt að efna skuldbindingarloforð sitt vegna tilflutninga.
- 34) Þótt tilflutningur ætti fyrst og fremst að eiga við um umsækjendur um alþjóðlega vernd, og einstaklingar í viðkvæmri stöðu ættu þar að hafa forgang, ætti beiting hans að vera sveigjanleg. Vegna þess að hann er valfrjálslí og eðli sínu ættu framlagsaðildarríki og aðildarríki sem njóta góðs af samstöðuframlögum að eiga þess kost að setja fram óskir varðandi einstaklinga sem koma til greina. Slíkar óskir ættu að vera raunhæfar, í ljósi þeirra þarfa sem greindar hafa verið og eiginleika (e. *profiles*) þeirra sem tiltækir eru í aðildarríkinu sem nýtur góðs af samstöðuframlögum, til að tryggja að unnt sé að efna skuldbindingarloforð um tilflutninga með skilvirkum hætti.
- 35) Að fenginni beiðni ættu stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins á sviði verndarmála og stjórnunar landamæra og fólksflutninga að geta veitt aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni stuðning við framkvæmd þessarar reglugerðar með því að láta í té sérfræðipækkingu og aðgerðatengdan stuðning eins og kveðið er á um í umboði hvorrar þeirra um sig.
- 36) Samevrópska verndarkerfið hefur smám saman verið byggt upp sem sameiginlegt svæði verndar, sem byggt er á fullri beitingu Genfarsamningsins um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951, eins og bætt var við hann með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967 („Genfarsamningurinn“), og tryggir þannig að enginn verði sendur aftur þangað sem hann getur sætt ofsóknum, í samræmi við meginregluna um að vísa fólki ekki aftur þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu. Í þessu tilliti, og án þess að það hafi áhrif á viðmiðanirnar um ábyrgð sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, skulu aðildarríkin, sem öll virða meginregluna um að vísa fólki ekki aftur þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu, teljast örugg lönd fyrir ríkisborgara þriðju landa.
- 37) Rétt þykir að skýr og framkvæmanleg aðferð til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóð-lega vernd sé hluti af samevrópska verndarkerfinu, eins og leiðtogaáriðið setti fram á sérstökum fundi sínum í Tampere 15. og 16. október 1999. Sú aðferð ætti að byggjast á hlutlægum, sanngjörnum viðmiðunum, bæði fyrir aðildarríkið og viðkomandi einstaklinga. Einkum ætti með henni að vera gert kleift að taka skjóta ákvörðun um hvaða aðildarríki beri ábyrgð, þannig að tryggður sé skjóttur og skilvirkur aðgangur að sanngjarnri og skilvirkri málsmeðferð við veitingu á alþjóðlegri vernd og til að ekki sé stefnt í hættu markmiðinu um skjóta meðferð umsókna um alþjóðlega vernd.
- 38) Til að auka verulega skilning á gildandi málsmeðferðum ættu aðildarríkin, eins fljótt og auðið er, að veita einstaklingum sem falla undir þessa reglugerð, á tungumáli sem þeir skilja eða sem raunhæft er að ætla að þeir skilji, allar viðkomandi upplýsingar varðandi beitingu þessarar reglugerðar, einkum upplýsingar um viðmiðanirnar til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð, viðkomandi málsmeðferðir sem og upplýsingar um réttindi þeirra og skyldur samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. afleiðingar þess ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum. Til að tryggja að hagsmunir barnsins séu hafðir að leiðar-ljósi og til að tryggja þátttöku ólöggráða barna í málsmeðferðum sem settar eru fram í þessari reglugerð ættu aðildarríki að veita ólöggráða börnum upplýsingar á barnvænan hátt og taka tillit til aldurs þeirra og þroska. Hælisstofnunin ætti í þessu sambandi að þróa sameiginlegt upplýsingaefni ásamt sérstökum upplýsingum fyrir fylgdarlaus, ólöggráða börn og umsækjendur í viðkvæmri stöðu, í nánú samstarfi við landsbundin yfirvöld.
- 39) Það þjónar hagsmunum bæði aðildarríkja og umsækjenda að veittar séu vandaðar upplýsingar og lögfræðileg aðstoð varðandi málsmeðferðina sem fylgja á til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð, sem og um réttindi og skyldur umsækjenda í slíkri málsmeðferð. Til að auka skilvirkni málsmeðferðarinnar við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð og tryggja rétta beitingu viðmiðana um ábyrgð, eins og sett er fram í þessari reglugerð, ætti að innleiða lögfræðiráðgjöf sem óaðskiljanlegan hluta kerfisins til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð. Í því skyni ætti lögfræðiráðgjöf að vera aðgengileg umsækjendum, að beiðni þeirra, til að veita leiðsögn og aðstoð varðandi beitingu viðmiðananna og fyrirkomulagsins við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð.
- 40) Þessi reglugerð ætti að byggjast á meginreglunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 604/2013⁽¹¹⁾ jafnframt því að takast á við áskoranir sem skilgreindar hafa verið og þróa meginregluna um samstöðu og sanngjarna skiptingu ábyrgðar sem hluta af sameiginlega rammanum, í samræmi við 80. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Í því skyni ætti nýtt skyldubundið samstöðukerfi að efla viðbúnað aðildarríkjanna til að stjórna fólksflutningum, takast á við aðstæður þar sem aðildarríki standa frammi fyrir álagi af völdum fólksflutninga og auðvelda reglubundinn samstöðu-stuðning milli aðildarríkja. Skilvirk framkvæmd slíks samstöðukerfis, ásamt skilvirkum kerfi til að ákvarða hvaða aðildar-riki beri ábyrgð, er lykilforsenda þess að samevrópska verndarkerfið virki í heild.
- 41) Þessi reglugerð ætti að gilda um umsækjendur um viðbótarvernd og fólk sem á rétt á viðbótarvernd til þess að tryggja jafna meðferð fyrir alla umsækjendur um og einstaklinga sem njóta alþjóðlegrar verndar og samræmi við gildandi réttar-reglur Sambandsins um vernd, einkum reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1347⁽¹²⁾.
- 42) Til að tryggja að tekið verði aftur við ríkisborgurum þriðju landa og ríkisfangslausum einstaklingum, sem fengið höfðu endurbúsetu eða tekið hafði verið við í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1350⁽¹³⁾ eða sem

veitt hafði verið alþjóðleg vernd eða réttarstaða á grundvelli mannúðar í samræmi við landsbundin endurbúsetukerfi (e. *national resettlement schemes*), af aðildarríkinu sem tók við þeim eða þar sem þeir fengu endurbúsetu, ætti þessi reglugerð einnig að gilda um einstaklinga sem tekið hefur verið við og dvelja án leyfis á yfirráðasvæði annars aðildarríkis.

- 43) Í þágu skilvirkni og réttarvissu er nauðsynlegt að þessi reglugerð byggist á þeirri meginreglu að ábyrgð sé aðeins ákvörðuð einu sinni, nema ein af ástæðunum fyrir því að ábyrgð falli niður, sem settar eru fram í þessari reglugerð, eigi við.
- 44) Tilskipun (ESB) 2024/1346 ætti að gilda um allar málsmeðferðir sem varða umsækjendur samkvæmt þessari reglugerð, sbr. þó takmarkanir á beitingu þeirrar tilskipunar.
- 45) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1348⁽¹⁴⁾ ætti að gilda til viðbótar og án þess að hafa áhrif á ákvæðin varðandi réttarfarsreglur sem ákvarðaðar eru með þessari reglugerð, sbr. þó takmarkanir á beitingu þeirrar reglugerðar.
- 46) Í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 1989 og sáttmálann um grundvallarréttindi, skal það sem er barninu fyrir bestu ávallt hafa forgang hjá aðildarríkjunum við beitingu þessarar reglugerðar. Þegar lagt er mat á það hvað er barninu fyrir bestu ættu aðildarríkin einkum taka tilhlýðilegt tillit til velferðar og félagsþroska hins ólöggráða barns til skamms tíma, meðallangs tíma og langs tíma, öryggissjónarmiða og álits þess, með hliðsjón af aldri þess, þroska og uppruna. Að auki ætti að mæla fyrir um sérstakan málsmeðferðarrétt fyrir fylgdarlaus, ólöggráða börn vegna þess hve þau eru sérstaklega berskjölduð, þ.m.t. með tilnefningu talsmanns.
- 47) Til að tryggja skilvirka beitingu réttinda sem ólöggráða börnum skulu tryggð, sem komið er á fót með þessari reglugerð, ættu aðildarríkin að tryggja að starfsfólk lögbærra yfirvalda, sem hefur til meðferðar beiðnir í tengslum við fylgdarlaus, ólöggráða börn, fái viðeigandi þjálfun, t.d. í samræmi við viðeigandi leiðbeiningar Hælisstofnunarinnar, á sviðum á borð við réttindi og einstaklingsbundnar þarfir ólöggráða barns, að bera fljótt kennsl á fórnarlömb mansals eða misnotkunar sem og bestu starfsvenjur til að koma í veg fyrir að ólöggráða börn hverfi.
- 48) Í samræmi við Evrópusáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis og sáttmálann um grundvallarréttindi skal friðhelgi einkalífs og fjölskyldu hafa forgang hjá aðildarríkjunum við beitingu þessarar reglugerðar.
- 49) Með fyrirvara um valdsvið aðildarríkjanna varðandi veitingu ríkisborgaréttar og þá staðreynd að samkvæmt alþjóðalögum er það hvers og eins aðildarríkis, að teknu tilhlýðilegu tilliti til laga Sambandsins, að setja skilyrði fyrir öflun og missi ríkisfangs, ættu aðildarríkin, við beitingu þessarar reglugerðar, að virða alþjóðlegar skuldbindingar sínar gagnvart ríkisfangslausum einstaklingum í samræmi við alþjóðlega mannréttindasáttmála, þ.m.t. eftir atvikum samkvæmt samningnum um réttarstöðu ríkisfangslausra manna, sem samþykktur var í New York 28. september 1954. Eftir því sem við á ættu aðildarríki að leitast við að bera kennsl á ríkisfangslausa einstaklinga og efla vernd þeirra og gera þeim þannig kleift að njóta grundvallarréttinda og draga úr hættu á mismunun eða ójafnri meðferð.
- 50) Til að koma í veg fyrir að einstaklingar sem skapa öryggisáhættu séu fluttir milli aðildarríkjanna er nauðsynlegt að tryggja að aðildarríkið, þar sem umsókn er fyrst skráð, beiti ekki viðmiðunum um ábyrgð eða að aðildarríkið, sem nýtur góðs af samstöðuframlögum, beiti ekki málsmeðferð við tilflutning ef gildar ástæður eru til að ætla að viðkomandi einstaklingur sé ógn við innra öryggi.
- 51) Til að tryggja að umsóknir einstaklinga úr sömu fjölskyldu um alþjóðlega vernd séu teknar til vandlegrar athugunar af hálfu sama aðildarríkis, að ákvarðanir sem teknar eru um þær séu samræmdar og að fjölskyldur séu ekki aðskildar, ætti að vera mögulegt að láta málsmeðferð við að ákvarða hvaða aðildarríki skuli bera ábyrgð á meðferð þessara umsókna fara fram samtímis.
- 52) Skilgreining á aðstandanda ætti að endurspeglar raunveruleika núverandi þróunar fólksflutninga en samkvæmt henni koma umsækjendur oft til yfirráðasvæðis aðildarríkjanna eftir langan tíma í gegnumferð. Skilgreiningin ætti því að ná yfir fjölskyldur sem stofnað er til utan upprunalsins en fyrir komu þeirra til yfirráðasvæðis aðildarríkisins.
- 53) Til að tryggja að meginreglan um einingu fjölskyldunnar og það sem er barninu fyrir bestu sé að fullu virt ætti það vera bindandi viðmiðun um ábyrgð ef framfærslusamband er milli umsækjanda og barns hans, systkinis eða foreldris sakir þungunar umsækjanda, meðgöngu og fæðingar, heilbrigðisástands hans eða elli. Ef umsækjandi er fylgdarlaus ólöggráða barn, sem á aðstandanda, systkini eða skyldmenni sem getur annast hann á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, ætti það einnig að vera bindandi viðmiðun um ábyrgð. Til að letja fylgdarlaus, ólöggráða börn, þar sem enginn aðstandandi, systkini eða skyldmenni er til staðar, frá óheimilum ferðum sem ekki samræmast hagsmunum barnsins, ætti aðildarríkið, þar sem umsókn fylgdarlaus, ólöggráða barnsins um alþjóðlega vernd var fyrst skráð, að vera aðildarríkið sem ber ábyrgð, ef það er barninu fyrir bestu. Ef fylgdarlaus, ólöggráða barn hefur sótt um alþjóðlega vernd í fleiri en einu aðildarríki og aðildarríki telur að það sé ekki barninu fyrir bestu að flytja það til aðildarríkisins sem ber ábyrgð, á grundvelli mats í hverju tilviki fyrir sig, ætti viðkomandi aðildarríki að verða ábyrgt fyrir meðferð nýju umsóknarinnar.
- 54) Reglurnar um sönnunargögn ættu að gera fjölskyldusameiningu mögulega með skjótari hætti en samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 604/2013. Því er nauðsynlegt að skýra að formleg sönnun, s.s. upprunaleg skrifleg sönnunargögn og DNA-prófun, ætti ekki að vera nauðsynleg reynist sannanir byggðar á líkum vera samfelldar, sannreynanlegar og nægilega ítarlegar til að ákvarða hvar ábyrgð á meðferð umsókna um alþjóðlega vernd liggur. Yfirvöld aðildarríkjanna ættu að hafa til hliðsjónar allar tiltækar upplýsingar, s.s. myndir, sönnun á samskiptum og framburð vitna, til að leggja sanngjarnt mat á tengslin. Til að greiða fyrir því að unnt sé að greina snemma hugsanleg tilvik þar sem um er að ræða aðstandendur ætti umsækjandinn að fá sniðmát sem Hælisstofnunin hefur þróað. Ef unnt er ætti umsækjandi að fylla sniðmátið út áður en einstaklingsviðtalið fer fram. Með tilliti til mikilvægis fjölskyldutengsla innan stigveldis viðmiðanna um ábyrgð ætti að setja öll tilvik sem varða aðstandendur í forgang í viðeigandi málsmeðferðum sem settar eru fram í þessari reglugerð.
- 55) Ef umsækjendur eru handhafar prófskírteina eða annarrar staðfestingar á menntun og hæfi ætti aðildarríkið þar sem prófskírteinið var gefið út að bera ábyrgð á meðferð umsókna þeirra, að því tilskildu að umsóknin sé skráð innan sex ára

frá útgáfu prófskírteinisins eða staðfestingarinnar á menntun og hæfi, sem myndi tryggja hraða meðferð umsóknarinnar í því aðildarríki sem umsækjandinn hefur þýðingarmikil tengsl við á grundvelli slíks prófskírteinis.

- 56) Í ljósi þess að aðildarríki ætti áfram að bera ábyrgð á einstaklingi sem hefur komið ólöglega inn á yfirráðasvæði þess er einnig nauðsynlegt að setja ákvæði sem ná yfir aðstæður þar sem einstaklingur kemur inn á yfirráðasvæðið í kjölfar leitar- og björgunaraðgerðar. Mæla ætti fyrir um undanþágu frá viðmiðuninni um ábyrgð þegar um er að ræða aðstæður þar sem aðildarríki hefur flutt til sín einstaklinga sem hafa farið ólöglega yfir ytri landamæri annars aðildarríkis eða í kjölfar leitar- og björgunaraðgerðar. Við slíkar aðstæður ætti tilflutningsaðildarríkið að bera ábyrgðina ef einstaklingurinn sækir um alþjóðlega vernd.
- 57) Aðildarríki ætti að vera heimilt að víkja frá viðmiðuninum um ábyrgð að eigin ákvörðun, einkum af mannúðarástæðum, félagslegum og menningarlegum ástæðum og samúðarástæðum, í því skyni að sameina aðstandendur, skyldmenni eða aðra sem eru tengdir fjölskylduböndum og taka til meðferðar umsókn um alþjóðlega vernd, sem er skráð í því ríki eða öðru aðildarríki, jafnvel þótt slík meðferð sé ekki á ábyrgð þess samkvæmt þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 58) Til að tryggja að málsmeðferðarreglur, sem settar eru fram í þessari reglugerð, séu virtar og til að koma í veg fyrir hömlur á skilvirkri beitingu hennar, einkum til að koma í veg fyrir að ríkisborgarar þriðju landa og ríkisfangslausir einstaklingar hlaupist á brott eða óheimilar ferðir þeirra milli aðildarríkja, er nauðsynlegt að kveða á um skýrar skyldur umsækjanda í tengslum við málsmeðferðina, sem ætti að tilkynna honum tímanlega og með tilhlýðilegum hætti. Ef slíkar skyldur eru ekki uppfylltar ætti það að hafa í för með sér viðeigandi og hóflegar afleiðingar fyrir málsmeðferð umsækjandans og móttökuskilyrði hans. Við mat á því hvort umsækjandi uppfyllir skyldur sínar og vinnur með lögþærum yfirvöldum ættu aðildarríkin að taka tillit til persónulegra aðstæðna hans, í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð. Aðildarríkið þar sem umsækjandi er staddur ætti í öllum tilvikum að tryggja að séð sé fyrir brýnustu grunnþörfum hans, í samræmi við sáttmálann um grundvallarréttindi.
- 59) Til að minnka líkurnar á því að hegðun umsækjenda geti valdið því að ábyrgð falli niður eða færist til annars aðildarríkis ætti að framlengja fresti, sem leiða til þess að ábyrgð fellur niður eða færist annað ef viðkomandi einstaklingur yfirgefur yfirráðasvæði aðildarríkjanna á meðan umsóknin er til meðferðar eða hleypst á brott til að koma sér undan flutningi til aðildarríkisins sem ber ábyrgð. Til að koma í veg fyrir að farið sé á svig við reglur og málsmeðferð hindruð ætti ábyrgð auk þess ekki lengur að færast til annars ríkis þegar tilkynningaraðildarríki hefur ekki virt frestinn til að senda tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi. Þegar einstaklingur hefur komið ólöglega inn í aðildarríki án þess að sækja um vernd ætti að framlengja tímabilið uns ábyrgð þess aðildarríkis lýkur og annað aðildarríki, þar sem einstaklingurinn sækir síðar um, verður ábyrgt, til að hvetja fólk enn frekar til að fara að reglunum og sækja um í fyrsta aðildarríkinu sem komið er til og takmarka þannig óheimilar ferðir ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga milli aðildarríkja og auka heildarskilvirkni samevrópska verndarkerfisins.
- 60) Skipuleggja ætti einstaklingsviðtal við umsækjanda til að auðvelda ákvörðun um hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd, nema umsækjandi hafi hlaupist á brott, hafi ekki mætt í viðtalið án rökstuddra ástæðna eða upplýsingarnar, sem umsækjandi hefur veitt, nægi til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð. Til að tryggja að öllum viðeigandi upplýsingum sé safnað frá umsækjanda til að ákvarða megi með réttum hætti hvaða aðildarríki ber ábyrgðina, ætti aðildarríki sem sleppir því að taka viðtal að gefa umsækjanda færi á að leggja fram allar frekari upplýsingar, þ.m.t. tilhlýðilega rökstuddar ástæður fyrir því að yfirvaldið íhugi hvort þörf sé á einstaklingsviðtali. Um leið og umsókn um alþjóðlega vernd hefur verið skráð ætti að tilkynna umsækjandanum sérstaklega um beitingu þessarar reglugerðar, um að ákvörðun um hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar hans um alþjóðlega vernd sé byggð á hlutlægum viðmiðunum, um réttindi hans og skyldur samkvæmt þessari reglugerð og um afleiðingar þess að uppfylla ekki skyldurnar.
- 61) Til að tryggja að einstaklingsviðtalið auðveldi eins og hægt er, og með skjóttum og skilvirkum hætti, ákvörðunina um hvaða aðildarríki beri ábyrgð ætti starfsfólk sem tekur viðtöl við umsækjendur að hafa fengið nægilega þjálfun, þ.m.t. almenna þekkingu á þeim vandamálum sem gætu haft neikvæð áhrif á getu umsækjanda til að koma í viðtal, s.s. vísbendingar um að umsækjandinn gæti hafa sætt pyndingum eða verið fórnarlamb mansals.
- 62) Til að tryggja öflugna vernd grundvallarréttinda umsækjenda til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu, réttindi barnsins og vernd gegn ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð vegna flutnings ættu umsækjendur að eiga rétt til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns, sem takmarkast við þessi réttindi, einkum í samræmi við 47. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi og viðeigandi dómaframkvæmd Dómstóls Evrópusambandsins.
- 63) Til að auðvelda snurðulausa beitingu þessarar reglugerðar ættu aðildarríki í öllum tilvikum að tilgreina aðildarríkið sem ber ábyrgð í evrópska fingrafaragrunninum, að lokinni málsmeðferð til að ákvarða hvaða aðildarríki það er, þ.m.t. í þeim tilvikum þar sem ábyrgðin stafar af því að frestur til að senda eða svara beiðnum um að einstaklingur sé tekinn í úmsjá eða til að annast flutning hefur ekki verið virtur, sem og í tilvikum þar sem aðildarríkið þar sem fyrsta umsókn er lögð fram verður ábyrgt eða ómögulegt reynist að framkvæma flutning til þess aðildarríkis sem fyrst og fremst ber ábyrgð vegna raunverulegrar hættu á því að umsækjandinn verði látinn sæta ómannlegri eða vanvirðandi meðferð í skilningi 4. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi verði hann fluttur þangað og í kjölfar þess er ákvarðað að annað aðildarríki beri ábyrgð.
- 64) Til að tryggja skjóta ákvörðun um það hvaða aðildarríki beri ábyrgð ætti að einfalda og stytta fresti til að leggja fram og svara beiðnum um að umsækjandi sé tekinn í úmsjá, til að leggja fram tilkynningar um að taka beri aftur við einstaklingi. og til að leggja fram og taka ákvörðun um kæsur, sbr. þó grundvallarréttindi umsækjenda.
- 65) Beiting varðhalds gagnvart umsækjendum ætti að grundvallast á þeirri meginreglu að einstaklingur skuli ekki hneptur í varðhald af þeirri ástæðu einni að hann sækir um alþjóðlega vernd. Varðhald ætti að vara í eins skamman tíma og kostur er og vera háð nauðsynjarreglunni og meðalhófsreglunni og þannig eingöngu vera heimilt sem síðasta úrræði. Einkum

verður varðhald umsækjenda að samræmast 31. gr. Genfarsamningsins. Málsmæðferðir þær sem kveðið er á um í þessari reglugerð varðandi einstaklinga í varðhaldi ættu að hafa forgang og þeim ætti að beita innan eins stutts frests og unnt er. Að því er varðar almennar ábyrgðir varðandi varðhald og varðhaldsskilyrði, eftir því sem við á, ættu aðildarríkin einnig að beita ákvæðum tilskipunar (ESB) 2024/1346 gagnvart einstaklingum sem hnepptir eru í varðhald á grundvelli þessarar reglugerðar. Almennt ætti ekki að hneppa ólöggráða börn í varðhald og leitast skal við að koma þeim fyrir í húsnæði þar sem er sérstök aðstaða fyrir ólöggráða börn. Í undantekningartilvikum, sem síðasta úrræði og eftir að staðfest hefur verið að ekki sé hægt að beita öðrum vægari þvingunarráðstöfunum með skilvirkum hætti og eftir að varðhald hefur verið metið barninu fyrir bestu, má hneppa ólöggráða börn í varðhald við þær aðstæður sem kveðið er á um í tilskipun (ESB) 2024/1346.

- 66) Anmarkar á verndarkerfum eða hrun þeirra, oft af völdum sérstaks álags sem veikir kerfin, gæti stofnað í hættu snurðulausri framkvæmd kerfisins sem sett er á laggirnar samkvæmt þessari reglugerð, og leitt til hættu á að brotið sé á réttindum umsækjenda, sem sett eru fram í réttarreglum Sambandsins um vernd og í sáttmálanum um grundvallarréttindi, öðrum alþjóðlegum mannréttindum og réttindum flóttamanna.
- 67) Samstarf af heilindum milli aðildarríkjanna er brýnt fyrir eðlilega starfsemi samevrópska verndarkerfisins. Slíkt samstarf felur m.a. í sér rétta beitingu á þeim málsmæðferðarreglum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, þ.m.t. að gerðar séu allar viðeigandi hagnýtar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að flutningar fari í reynd fram og að þeim sé framfylgt.
- 68) Í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1560/2003 ⁽¹⁵⁾ getur flutningur einstaklings til aðildarríkis, sem ber ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd, farið fram með þeim hætti að viðkomandi fer sjálfviljugur, brottför hans fer fram undir eftirliti eða hann fær fylgd. Aðildarríkin ættu að stuðla að því að flutningur fólks fari fram með vilja þess, með því að veita hlutadeigandi einstaklingi viðeigandi upplýsingar og jafnframt tryggja að flutningur undir eftirliti eða með fylgd fari fram á mannúðlegan hátt, í fullu samræmi við grundvallarréttindi, virðingu fyrir mannlægri reisu og hagsmunum barnsins, og að tekið sé ytrasta tillit til þróunar í viðkomandi dómaframkvæmd, einkum að því er varðar flutning fólks af mannúðarástæðum.
- 69) Að því tilskildu að það sé nauðsynlegt vegna meðferðar umsóknar um alþjóðlega vernd ættu aðildarríki að geta deilt sértækum upplýsingum, sem eru mikilvægar í því samhengi, án samþykkis umsækjanda þegar slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar fyrir lögbær yfirvöld aðildarríkisins sem ber ábyrgð til að þau geti uppfyllt skyldur sínar, einkum þær sem leiðir af reglugerð (ESB) 2024/1348.
- 70) Til að tryggja skýra og skilvirka málsmæðferð við tilflutning ætti að setja fram sértækar reglur fyrir aðildarríki sem njóta góðs af samstöðuframlögum og framlagsaðildarríki. Ef ábyrgð er ekki ákveðin áður en tilflutningur fer fram ætti tilflutningsaðildarríkið að verða ábyrgt, nema í þeim tilvikum þegar fjölskyldutengdar viðmiðanir eiga við. Reglur og verndarráðstafanir í tengslum við flutninga, sem settar eru fram í þessari reglugerð, ættu einnig að gilda, þar sem við á, um flutninga þegar um er að ræða tilflutning. Slíkar reglur ættu að tryggja að eining fjölskyldunnar sé varðveitt og að einstaklingar sem gætu verið ógn við innra öryggi séu ekki fluttir til.
- 71) Veita ætti aðildarríkjum, sem taka að sér tilflutning sem samstöðuframlag, viðeigandi og hlutfallslegan fjárstuðning af fjárlögum Sambandsins. Veita ætti herra hvatningarframlag að því er varðar fylgdarlaus, ólöggráða börn til að hvetja aðildarríkin til að setja tilflutning þeirra í forgang.
- 72) Unnt ætti að vera að virkja fjármagn Sjóðsins vegna verndarmála, fólksflutninga og aðlögunar, sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2021/1147, og annarra viðeigandi sjóða Sambandsins („sjóðirnir“), til að styðja við viðleitni aðildarríkjanna við beitingu þessarar reglugerðar, í samræmi við þær reglur sem gilda um notkun sjóðanna og með fyrirvara um önnur forgangsverkefni sem sjóðirnir styðja. Í þessu samhengi ættu aðildarríkin að geta nýtt sér úthlutanir innan ramma eigin áætlana, þ.m.t. þær fjárhæðir sem verða gerðar aðgengilegar eftir endurskoðun á miðju tímabili. Það ætti að vera mögulegt að gera viðbótarstuðning úr þematengdum sjóðum aðgengilegan, einkum þeim aðildarríkjum sem gætu þurft að auka við getu sína á ytri landamærunum eða standa frammi fyrir sérstöku álagi á eða þörfum vegna verndar- og móttökukerfa sinna og ytri landamæra sinna.
- 73) Breyta ætti reglugerð (ESB) 2021/1147 til að tryggja fullt framlag af fjárlögum Sambandsins til aðstoðarhæfra heildarútgjalda vegna samstöðuaðgerða, sem og til að innleiða sérstakar skýrslugjafarkröfur í tengslum við þessar aðgerðir sem hluta af fyrirliggjandi skýrslugjafarskyldum um framkvæmd sjóðanna.
- 74) Við ákvörðun á aðstoðarhæfistímabili fyrir útgjöld vegna samstöðuaðgerða ætti að taka tillit til þess að nauðsynlegt er að hrinda samstöðuaðgerðum í framkvæmd tímanlega. Vegna samstöðutengds eðlis millifærslu fjármuna samkvæmt þessari reglugerð ætti enn fremur að nota slíkar millifærslur að fullu til að fjármagna samstöðuaðgerðir.
- 75) Greiða má fyrir beitingu þessarar reglugerðar og auka skilvirkni hennar með tvíhliða samkomulagi milli aðildarríkja til að bæta samskipti milli lögbærra stofnana, stytta málsmæðferðarfresti eða einfalda umfjöllun beiðna um að einstaklingur sé tekinn í umsjá eða tilkynninga um að taka beri aftur við einstaklingi eða með því að koma á málsmæðferð um það hvernig flutningur skuli fara fram og til þess að unnt sé að framkvæma hann á skilvirkari hátt.
- 76) Tryggja ætti samfellu milli kerfisins til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð, sem komið var á með reglugerð (ESB) nr. 604/2013, og þess kerfis sem komið er á með þessari reglugerð. Á sama hátt ætti að tryggja samræmi milli þessarar reglugerðar og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1358 ⁽¹⁶⁾.
- 77) Hælisstofnunin ætti að koma á fót og liðka fyrir einu eða fleiri netum lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna í því skyni að efla hagnýtt samstarf og upplýsingaskipti um öll málefni sem tengjast beitingu þessarar reglugerðar, þ.m.t. þróun hagnýtra tækja og leiðbeininga. Þessi net ættu að stefna að því að funda reglulega til að efla traust og sameiginlegan skilning á hvers konar áskorunum sem felast í framkvæmd þessarar reglugerðar í aðildarríkjunum.

- 78) Starfræksla evrópska fingrafaragrunnsins, eins og honum var komið á fót með reglugerð (ESB) 2024/1358, ætti að greiða fyrir beitingu þessarar reglugerðar.
- 79) Starfræksla upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir, eins og því var komið á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008 ⁽¹⁷⁾, einkum framkvæmd 21. og 22. gr. hennar, ætti að greiða fyrir beitingu þessarar reglugerðar.
- 80) Að því er varðar meðferð fólks, sem heyrir undir gildissvið þessarar reglugerðar, eru aðildarríki bundin af skuldbindingum sínum samkvæmt alþjóðlegum lagagæringum, þ.m.t. viðeigandi dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu.
- 81) Reglur um vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt lögum um persónuvernd gilda um vinnslu aðildarríkja á persónuupplýsingum samkvæmt þessari reglugerð. Aðildarríkin ættu að gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja og geta sýnt fram á að vinnslan fari fram í samræmi við þá reglugerð og þau ákvæði sem tilgreina kröfur hennar í þessari reglugerð. Þessar ráðstafanir ættu einkum að tryggja öryggi persónuupplýsinga sem unnar eru samkvæmt þessari reglugerð og sér í lagi koma í veg fyrir ólögmatan eða óheimilan aðgang að eða birtingu persónuupplýsinga sem unnar eru, að þeim sé breytt eða að þær glatist. Lögbært eftirlitsyfirvald eða -yfirvöld hvers aðildarríkis ættu að hafa eftirlit með því að vinnsla viðkomandi yfirvalda á persónuupplýsingum sé með lögmætum hætti, þ.m.t. sending til yfirvalda sem eru til þess bær að framkvæma öryggisathuganir. Einkum ætti að tilkynna skráðum einstaklingum um það án ótillýðilegrar tafar þegar líklegt er að öryggisbrestur við meðferð persónuupplýsinga leiði af sér mikla áhættu fyrir réttindi þeirra og frelsi.
- 82) Við framkvæmd þessarar reglugerðar ættu aðildarríkin, sem og stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins, að gera allar hóflegar og nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að persónuupplýsingar séu geymdar með öruggum hætti.
- 83) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni tiltekið framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽¹⁹⁾, að undanskildum framkvæmdarákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar sem ákvarða hvort aðildarríki sé undir álagi af völdum fólksflutninga, eigi á hættu að verða fyrir álagi af völdum fólksflutninga eða standi frammi fyrir verulegum fólksflutningum.
- 84) Í því skyni að setja viðbótarreglur ætti að veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar að bera kennsl á aðstandendur, systkini eða skyldmenni fylgdarlauss, ólöggráða barns; viðmiðanir til að færa sönnur á að fjölskyldutengsl séu fyrir hendi að því er varðar fylgdarlaust, ólöggráða barn; viðmiðanir til að meta getu skyldmennis til að annast fylgdarlaust ólöggráða barn, þ.m.t. þar sem aðstandendur, systkini eða skyldmenni barnsins dvelja í fleiri en einu aðildarríki; þætti sem hafa þarf hliðsjón af til að meta framfærslutengsl; viðmiðanir til að færa sönnur á að fjölskyldutengsl séu fyrir hendi að því er varðar einstaklinga á framfæri, viðmiðanir til að meta getu viðkomandi einstaklings til að annast einstakling á framfæri hans og þætti sem taka þarf tillit til til að meta hvort einstaklingur sé óferðafer í umtalsverðan tíma, jafnframt því sem borin er fyllsta virðing fyrir hagsmunum barnsins eins og kveðið er á um í þessari reglugerð. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglur sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ⁽²⁰⁾. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.
- 85) Gera á nokkrar efnislegar breytingar á reglugerð (ESB) nr. 604/2013. Til glöggvunar ætti að fella þá reglugerð úr gildi.
- 86) Reglulega skal fara fram mat á því hvort skilvirkt eftirlit sé haft með beitingu þessarar reglugerðar.
- 87) Í þessari reglugerð eru þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd í lögum Sambandsins og alþjóðalögum, þ.m.t. í sáttmálanum um grundvallarréttindi. Í þessari reglugerð er einkum leitast við að tryggja að rétturinn til verndar, sem er tryggður með 18. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi, sé virtur að fullu auk þeirra réttinda sem viðurkennd eru skv. 1., 4., 7., 24. og 47. gr. hans. Aðildarríkin ættu því að beita þessari reglugerð til samræmis við það, með fullri virðingu fyrir þessum grundvallarréttindum.
- 88) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd, sem skráð er í einu aðildarríkjanna af ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi, og að koma á samstöðukerfi til að styðja aðildarríkin í að takast á við aðstæður sem skapast vegna álags af völdum fólksflutninga, og þeim verður frekar náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs þeirra og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir, í samræmi við nálægðar-regluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 89) Til að tryggja samræmda framkvæmd þessarar reglugerðar þegar hún kemur til framkvæmda ætti að þróa og innleiða framkvæmdaáætlanir á vettvangi Sambandsins og á landsvisu sem greina eyður og hagnýtar ráðstafanir hvers aðildarríkis.
- 90) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunar 22 um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar sem III., V. og VII. hluti þessarar reglugerðar fela í sér breytingar í skilningi 3. gr. samningsins milli Evrópubandalagsins og Konungsríkisins Danmerkur um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um vernd sem lögd er fram í Danmörku eða í öðru aðildarríki Evrópusambandsins og um evrópska fingrafaragrunninn („Eurodac“) til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirki beitingu Dyflinnarsamningsins ⁽²¹⁾, skal Danmörk tilkynna framkvæmdastjórninni ákvörðun sína um hvort hún muni eða muni ekki fella efni slíkra breytinga inn í landslög sín þegar þær verða samþykktar eða innan 30 daga eftir það.

- 91) Í samræmi við 1. og 2. gr. og 1. mgr. 4. gr. a í bókun 21 um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands að því er varðar svæði frelsis, öryggis og réttlætis, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, og án þess að það hafi áhrif á 4. gr. þeirrar bókunar, tekur Írland ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.
- 92) Að því er Ísland og Noreg varðar teljast III., V. og VII. hluti þessarar reglugerðar vera ný löggjöf á sviði sem fellur undir efni viðaukans við samninginn milli Evrópubandalagsins og Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um vernd sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi ⁽²²⁾.
- 93) Að því er Sviss varðar teljast III., V. og VII. hluti þessarar reglugerðar vera gerðir eða ráðstafanir sem breyta eða eru byggðar á ákvæðum 1. gr. samningsins milli Evrópubandalagsins og Svissneska ríkjasambandsins að því er varðar viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um vernd sem lögð er fram í aðildarríki eða í Sviss ⁽²³⁾.
- 94) Að því er Liechtenstein varðar teljast III., V. og VII. hluti þessarar reglugerðar vera gerðir eða ráðstafanir sem breyta eða eru byggðar á ákvæðum 1. gr. samningsins milli Evrópubandalagsins og Svissneska ríkjasambandsins að því er varðar viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um vernd sem lögð er fram í aðildarríki eða í Sviss, sem um getur í 3. gr. bókunarinnar sem Evrópubandalagið, Svissneska ríkjasambandið og Furstadæmið Liechtenstein undirrituðu um aðild Furstadæmisins Liechtensteins að samningnum milli Evrópubandalagsins og Svissneska ríkjasambandsins að því er varðar viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um vernd sem lögð er fram í aðildarríki eða Sviss ⁽²⁴⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

**I. HLUTI
EFNI OG SKILGREININGAR***1. gr.***Efni**

Í samræmi við meginregluna um samstöðu og sanngjarna skiptingu ábyrgðar, sem er að finna í 80. sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, og markmiðið um að efla gagnkvæmt traust, er með þessari reglugerð:

- settur fram sameiginlegur rammi um stjórnun verndarmála og fólksflutninga í Sambandinu og um starfsemi samevrópska verndarkerfisins,
- komið á fót kerfi sem miðar að samstöðu,
- mælt fyrir um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd.

*2. gr.***Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „ríkisborgari þriðja lands“: hver sá einstaklingur sem er ekki borgari Sambandsins í skilningi 1. mgr. 20. gr. sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og ekki einstaklingur sem nýtur réttar til frjálsrar farar samkvæmt lögum Sambandsins eins og er skilgreint í 5. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 ⁽²⁵⁾,
- „ríkisfangslaus einstaklingur“: einstaklingur sem ekkert ríki telur til ríkisborgara sinna samkvæmt landslögum,
- „umsókn um alþjóðlega vernd“ eða „umsókn“: beiðni ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklings um vernd aðildarríkis, sem skilja má sem beiðni um að fá réttarstöðu flóttamanns eða réttarstöðu vegna viðbótarverndar,
- „umsækjandi“: ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur sem hefur lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd sem enn liggur ekki fyrir endanleg ákvörðun um,
- „meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd“: athugun á meðferðarhæfi eða efnishlið umsóknar um alþjóðlega vernd í samræmi við reglugerðir (ESB) 2024/1348 og (ESB) 2024/1347, að undanskilinni málsmeðferðinni við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð í samræmi við þessa reglugerð,
- „umsókn um alþjóðlega vernd dregin til baka“: það að draga umsókn um alþjóðlega vernd til baka með beinum hætti eða óbeinum hætti í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1347,
- „einstaklingur sem nýtur alþjóðlegrar verndar“: ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur sem veitt hefur verið alþjóðleg vernd eins og hún er skilgreind í 4. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1347,
- „aðstandandi“: eftirtaldir aðstandendur umsækjanda, sem staddir eru á yfirráðasvæði aðildarríkis, að því tilskildu að fjölskyldutengsl hafi þegar verið mynduð þegar umsækjandinn eða aðstandandinn kom á yfirráðasvæði aðildarríkjanna:
 - maki eða sambúðarmaki umsækjanda í föstu sambandi við viðkomandi, þar sem samkvæmt lögum eða venju í viðkomandi aðildarríki er litið á ógift pör á sambærilegan hátt og hjón í lögum um ríkisborgara þriðju landa,
 - ólógráða barn hjóna eða para, sem um getur í a-lið, eða umsækjanda, að því tilskildu að barnið sé ógift og óháð því hvort það er fætt innan hjónabands eða utan eða ættleitt eins og það er skilgreint í landslögum,
 - ef umsækjandi er ólógráða og ógiftur, faðir, móðir eða annar fullorðinn einstaklingur sem ber ábyrgð á umsækjanda, hvort sem er að lögum eða venju aðildarríkisins þar sem hinn fullorðni er staddur,

- d) ef einstaklingur sem nýtur alþjóðlegrar verndar er ólöggráða og ógiftur, faðir, móðir eða annar fullorðinn einstaklingur sem ber ábyrgð á umsækjanda, hvort sem er að lögum eða venju aðildarríkisins þar sem einstaklingurinn sem nýtur alþjóðlegrar verndar er staddur,
- 9) „skyldmenni“: fullorðin móður- eða föðursystir eða fullorðinn móður- eða föðurbróðir umsækjanda, afi eða amma sem er stódd/staddur á yfirráðasvæði aðildarríkis, óháð því hvort umsækjandi er fæddur innan hjónabands eða utan eða ættleiddur eins og það er skilgreint í landslögum,
- 10) „ólöggráða barn“: ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur undir 18 ára aldri,
- 11) „fylgdarlaust, ólöggráða barn“: ólöggráða barn sem kemur inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna án fylgdar fullorðins einstaklings sem ber ábyrgð á því, samkvæmt lögum eða venju viðkomandi aðildarríkis, svo fremi að slíkur einstaklingur taki það ekki í reynd að sér, þ.m.t. barn sem er skilið eftir fylgdarlaust eftir að það kemur inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna,
- 12) „talsmaður“: einstaklingur eða aðili sem tilnefndur er af þar til bærum stofnunum til að aðstoða og koma fram fyrir hönd fylgdarlauss, ólöggráða barns í málsmeðferðum sem kveðið er á um í þessari reglugerð, í því skyni að tryggja hagsmuni barnsins og beita gerhæfi fyrir hönd þess ef nauðsyn krefur,
- 13) „dvalarskjal“: leyfi, sem yfirvöld aðildarríkis gefa út, sem heimilar ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi að dvelja á yfirráðasvæði þess, þ.m.t. skjöl sem færa sönnur á að viðkomandi hafi leyfi til að dvelja áfram á yfirráðasvæðinu samkvæmt fyrirkomulagi um tímabundna vernd eða uns aðstæður, sem koma í veg fyrir að skipun um brottvisun sé framfylgt, eru ekki lengur fyrir hendi, að undanskildum vegabréfsáritunum og dvalarleyfum, gefnum út á meðan beðið er ákvörðunar um það hvaða aðildarríki skuli bera ábyrgð, samkvæmt þessari reglugerð, eða meðan á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd eða umsóknar um dvalarleyfi stendur,
- 14) „vegabréfsáritun“: leyfi eða ákvörðun aðildarríkis sem krafist er til gegnumferðar eða komu manna til fyrirhugaðrar dvalar í því aðildarríki eða í fleiri en einu aðildarríki, þ.m.t.:
- leyfi eða ákvörðun, gefið út í samræmi við lög Sambandsins eða landslög, sem krafist er til komu vegna fyrirhugaðrar dvalar í því aðildarríki til lengri tíma en 90 daga,
 - leyfi eða ákvörðun, gefið út í samræmi við lög Sambandsins eða landslög, sem krafist er til komu vegna gegnumferðar eða fyrirhugaðrar dvalar í því aðildarríki í 90 daga eða skemur á hverju 180 daga tímabili,
 - leyfi eða ákvörðun sem gildir til gegnumferðar um alþjóðleg gegnumferðarsvæði einnar eða fleiri flughafna í aðildarríkjunum,
- 15) „prófskírteini eða staðfesting á menntun og hæfi“: prófskírteini eða staðfesting á menntun og hæfi, sem fengið er og staðfest í aðildarríki eftir a.m.k. eitt námsár á yfirráðasvæði aðildarríkis á viðurkenndri innlendri eða svæðisbundinni námsleið eða starfsþjálfun sem samsvarar a.m.k. 2. stigi alþjóðlegru menntunarflokkunarinnar (e. *International Standard Classification of Education*), sem menntastofnun starfrækir samkvæmt laga- eða stjórnsýslufyrirmælum þess aðildarríkis, að undanskildu námi á netinu eða annars konar fjarnámi,
- 16) „menntastofnun“: opinber eða einkarekin menntastofnun eða starfsmenntaskóli með staðfestu í og viðurkenndur af aðildarríki í samræmi við landslög þess og stjórnsýsluvenjur á grundvelli gagnsærra viðmiðana,
- 17) „að hlaupast á brott“: athöfn sem felur í sér að viðkomandi einstaklingur er ekki lengur tiltækur lögbærum stjórnvöldum eða dómsyfirvöldum, til dæmis ef hann:
- fer frá yfirráðasvæði aðildarríkis án leyfis frá lögbærum yfirvöldum af ástæðum sem einstaklingurinn hefur stjórn á,
 - tilkynnir ekki um fjarveru frá tiltekinni miðstöð fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd eða úthlutuðu búsetuárræði þegar aðildarríki krefst þess eða
 - tilkynnir sig ekki hjá lögbærum yfirvöldum þar sem þau yfirvöld krefjast slíkrar tilkynningar,
- 18) „hætta á að viðkomandi hlaupist á brott“: í tilteknu máli eru fyrir hendi sérstakar aðstæður og ástæður, byggðar á innlendum lögbundnum, hlutlægum viðmiðunum, til að ætla að viðkomandi einstaklingur sem sætir málsmeðferð sem sett er fram í þessari reglugerð kunni að hlaupast á brott,
- 19) „aðildarríki sem nýtur góðs af samstöðuframlögum“: aðildarríki sem nýtur góðs af samstöðuframlögum, eins og sett er fram í IV. hluta þessarar reglugerðar,
- 20) „framlagsaðildarríki“: aðildarríki sem veitir eða er skylt að veita samstöðuframlög til aðildarríkis sem nýtur góðs af samstöðuframlögum eins og sett er fram í IV. hluta þessarar reglugerðar,
- 21) „flutningur“ (e. *transfer*): framkvæmd ákvörðunar sem tekin er skv. 42. gr.,
- 22) „tilflutningur“ (e. *relocation*): flutningur umsækjanda um alþjóðlega vernd eða einstaklings sem nýtur alþjóðlegrar verndar frá yfirráðasvæði aðildarríkis sem nýtur góðs af samstöðuframlögum til yfirráðasvæðis framlagsaðildarríkis,
- 23) „leitar- og björgunaraðgerðir“: aðgerðir vegna leitar og björgunar eins og um getur í alþjóðasamningnum um leit og björgun á sjó sem samþykktur var í Hamborg 27. apríl 1979,
- 24) „álag af völdum fólksflutninga“: aðstæður sem skapast vegna þess að svo margir ríkisborgarar þriðju landa eða ríkisfangslausir einstaklingar koma land-, sjó- og loftleiðis, eða leggja fram umsóknir, að það skapar aðildarríki óhóflegar skyldur með tilliti til stöðunnar í heild í Sambandinu, jafnvel fyrir vel undirbúið verndar-, móttöku- og fólksflutningakerfi og krefst tafarlausra aðgerða, einkum samstöðuframlaga skv. IV. hluta þessarar reglugerðar; með tilliti til sérkenna landfræðilegrar staðsetningar aðildarríkis tekur „álag af völdum fólksflutninga“ til aðstæðna þar sem mikill fjöldi ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga kemur til landsins eða hætta er á slíkum komum, þ.m.t. þegar

þær stafa af endurteknum flutningum frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerða eða óheimilum ferðum ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga milli aðildarríkja,

- 25) „verulegir fólksflutningar“: aðstæður sem eru frábrugðnar álagi af völdum fólksflutninga þar sem samlegðaráhrif af yfirstandandi og fyrri árlegum komum ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga leiða til þess að vel undirbúið verndar-, móttöku- og fólksflutningakerfi nær þölmörkum,
- 26) „móttökuskilyrði“: móttökuskilyrði eins og skilgreint er í 6. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2024/1346,
- 27) „einstaklingur sem tekið hefur verið við“: einstaklingur sem aðildarríki hefur samþykkt að taka við samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1350 eða samkvæmt landsbundnu endurbúsetukerfi utan ramma þeirrar reglugerðar,
- 28) „samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu“: sá einstaklingur sem framkvæmdastjórnin tilnefnir skv. 15. gr. þessarar reglugerðar og með því umboði sem þar er skilgreint.

II. HLUTI

SAMEIGINLEGUR RAMMI FYRIR STJÓRNUN VERNDARMÁLA OG FÓLKSFLUTNINGA

I. KAFLI

Heildstæða nálgunin

3. gr.

Heildstæð nálgun varðandi stjórnun verndarmála og fólksflutninga

1. Sameiginlegar aðgerðir Sambandsins og aðildarríkanna á sviði stjórnunar verndarmála og fólksflutninga, innan valdheimilda hvers um sig, skulu byggðar á meginreglunni um samstöðu og sanngjarna skiptingu ábyrgðar sem er að finna í 80. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, á grundvelli heildstæðrar nálgunar og taka mið af meginreglunni um samþætta stefnumótun, í samræmi við alþjóðalög og lög Sambandsins, þ.m.t. grundvallarréttindi.

Með það að heildarmarkmiði að stýra verndarmálum og fólksflutningum með skilvirkum hætti innan ramma gildandi laga Sambandsins skulu þessar aðgerðir miða að eftirfarandi markmiðum:

- a) að tryggja samræmi milli stefna um stjórnun verndarmála og fólksflutninga við stjórnun á straumi innflytjenda til Sambandsins,
 - b) að taka á viðkomandi fólksflutningaleiðum og óheimilum ferðum milli aðildarríkanna.
2. Framkvæmdastjórnin, ráðið og aðildarríkin skulu tryggja samræmda framkvæmd stefna um stjórnun verndarmála og fólksflutninga, þ.m.t. bæði innri og ytri þætti þessara stefna, í samræði við meginstofnanir, stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir sem bera ábyrgð á utanríkisstefnum.

4. gr.

Innri þættir heildstæðu nálgunarinnar

Með það í huga að ná markmiðunum, sem sett eru fram í 3. gr. þessarar reglugerðar, skulu innri þættir heildstæðu nálgunarinnar samanstanda af eftirfarandi:

- a) náinni samvinnu og gagnkvæmu samstarfi milli meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins, aðildarríkja og alþjóðastofnana,
- b) skilvirkri stjórnun ytri landamæra aðildarríkja, sem byggir á samþættri evrópskri landamæra stjórnun sem sett er fram í 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1896 ⁽²⁶⁾,
- c) að virtar séu að fullu þær skyldur, sem mælt er fyrir um í alþjóðalögum og lögum Sambandsins, að því er varðar einstaklinga sem bjargað er á sjó,
- d) skjóttum og skilvirkum aðgangi að sanngjarnri og skilvirkri málsmeðferð vegna alþjóðlegrar verndar á yfirráðasvæði aðildarríkanna, þ.m.t. við ytri landamæri aðildarríkanna, innan landhelgi eða á gegnumferðarsvæðum aðildarríkanna, og viðurkenningu á ríkisborgurum þriðju landa eða ríkisfangslausum einstaklingum sem flóttamönnum eða einstaklingum sem njóta viðbótarverndar, í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1348 og reglugerð (ESB) 2024/1347,
- e) ákvörðun um hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd,
- f) skilvirkum ráðstöfunum til að draga úr hvata til og koma í veg fyrir óheimilar ferðir ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga milli aðildarríkja,
- g) aðgangi umsækjenda að fullnægjandi móttökuskilyrðum, í samræmi við tilskipun (ESB) 2024/1346,
- h) skilvirkri stjórnun endursendinga ríkisborgara þriðju landa sem dvelja ólöglega í aðildarríkjunum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/115/EB ⁽²⁷⁾,
- i) skilvirkum ráðstöfunum til að hvetja til og styðja við aðlögun einstaklinga sem njóta alþjóðlegrar verndar í aðildarríkjunum,
- j) ráðstöfunum sem miða að því að berjast gegn misneytingu og draga úr ólöglegri atvinnu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/52/EB ⁽²⁸⁾,
- k) eftir atvikum, útbreiðslu og notkun á þeim aðgerðaverkfærum sem komið hefur verið á fót á vettvangi Sambandsins, þ.m.t. af Landamæra- og strandgæslustofnuninni og Hælisstofnun Evrópusambandsins (Hælisstofnuninni), og upplýsingakerfum Sambandsins sem stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis (eu-Lisa) starfrækir.

- h) samræmdar samskiptaáætlanir,
- i) stuðning við skilvirkar og mannréttindamiðaðar fólksflutningastefnur í þriðju löndum,
- j) að stuðlað sé að löglegum fólksflutningum og hreyfanleika undir góðri stjórn, þ.m.t. með því að efla tvíhliða, svæðisbundið og alþjóðlegt samstarf varðandi fólksflutninga, nauðungarflutninga, löglegar leiðir og samstarf um hreyfanleika (e. *mobility partnerships*).

7. gr.

Skipuleg nálgun við stjórnun verndarmála og fólksflutninga á landsbundnum vettvangi

1. Aðildarríkin skulu hafa landsbundnar stefnuáætlanir sem koma á skipulegri nálgun til að tryggja að þau hafi getu til að framkvæma kerfi sín um stjórnun verndarmála og fólksflutninga á skilvirkan hátt, í fullu samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt lögum Sambandsins og alþjóðalögum, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna þeirra, einkum landfræðilegrar staðsetningar þeirra.

Þegar aðildarríki koma á fót landsbundnum stefnuáætlunum sínum geta þau haft samráð við framkvæmdastjórnina og viðeigandi stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins, einkum Hælisstofnunina, sem og staðar- og svæðisyfirvöld, eins og við á og í samræmi við landslög. Þessar stefnuáætlanir skulu a.m.k. innihalda:

- a) fyrirbyggjandi ráðstafanir til að draga úr hættunni á álagi af völdum fólksflutninga og gerð viðbragðsáætlana, með hliðsjón af gerð viðbragðsáætlana samkvæmt reglugerðum (ESB) 2019/1896 og (ESB) 2021/2303 og tilskipun (ESB) 2024/1346 og skýrslum framkvæmdastjórnarinnar sem gefnar eru út samkvæmt tilmælum (ESB) 2020/1366,
- b) upplýsingar um hvernig aðildarríkin framkvæma meginreglurnar sem settar eru fram í þessum hluta og hvernig lagalegar skuldbindingar, sem af þeim leiðir, eru uppfylltar á landsbundnum vettvangi,
- c) upplýsingar um hvernig tekið hefur verið tillit til niðurstaðna eftirlitsins sem Hælisstofnunin og Landamæra- og strandgæslustofnunin annast og úttektarinnar sem framkvæmd er í samræmi við reglugerð (ESB) 2022/922 sem og eftirlitsins sem framkvæmt er í samræmi við 10. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356.

2. Landsbundnu stefnuáætlanirnar skulu taka tillit til annarra viðeigandi stefnuáætlana og fyrirliggjandi stuðningsráðstafana, einkum stuðningsráðstafana samkvæmt reglugerðum (ESB) 2021/1147 og (ESB) 2021/2303, og vera í samræmi við og til fyllingar landsbundnu stefnuáætlunum um samþætta evrópska landamæra- og fólksflutningastjórnun sem komið var á fót í samræmi við 6. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1896.

3. Aðildarríki skulu senda landsbundnar stefnuáætlanir sínar um stjórnun verndarmála og fólksflutninga til framkvæmdastjórnarinnar sex mánuðum áður en stefnuáætlunin, sem um getur í 8. gr., er samþykkt.

4. Fjárhagslegur og aðgerðatengdur stuðningur Sambandsins, þ.m.t. aðgerðatengdur stuðningur frá stofnunum, skrifstofum og fagstofnunum þess, til að uppfylla skuldbindingarnar skal veittur í samræmi við reglugerðir (ESB) 2019/1896, (ESB) 2021/1147, (ESB) 2021/2303 og, ef við á, (ESB) 2021/1148.

5. Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með og veita upplýsingar um stöðuna í fólksflutningamálum með reglulegum skýrslum sem byggjast á gögnum og upplýsingum frá utanríkisþjónustu Evrópusambandsins, Hælisstofnuninni, Landamæra- og strandgæslustofnuninni, Löggæslusamvinnustofnuninni og Evrópustofnun grundvallarmannréttinda, einkum upplýsingunum sem safnað er samkvæmt tilmælum (ESB) 2020/1366 og innan ramma nets viðbúnaðar- og neyðarstjórnunarkerfis ESB á sviði fólksflutninga (e. *EU Migration Preparedness and Crisis Management Mechanism Network*) og, ef nauðsyn krefur, upplýsingum frá aðildarríkjum.

6. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, koma á sniðmáti sem aðildarríkin skulu nota til að tryggja að landsbundnar stefnuáætlanir þeirra séu sambærilegar að því er varðar tiltekna kjarnaþætti, s.s. gerð viðbragðsáætlana. Samþykkinga skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 77. gr.

8. gr.

Evrópsk stefnuáætlun um stjórnun verndarmála og fólksflutninga til langs tíma

1. Framkvæmdastjórnin skal, að höfðu samráði við aðildarríkin og að teknu tilliti til viðeigandi skýrslna og greininga frá stofnunum, skrifstofum og fagstofnunum Sambandsins og á grundvelli landsbundnu stefnuáætlana sem um getur í 7. gr., semja Evrópska stefnuáætlun um stjórnun verndarmála og fólksflutninga til fimm ára (hér eftir nefnd „stefnuáætlunin“) þar sem sett er fram skipuleg nálgun til að tryggja samræmda framkvæmd landsbundinna stefnuáætlana. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu stefnuáætlunina. Stefnuáætlunin skal ekki vera lagalega bindandi.

2. Fyrsta stefnuáætlunin skal samþykkt eigi síðar en 12. desember 2025 og á fimm ára fresti eftir það.

3. Í stefnuáætluninni skulu koma fram þeir þættir sem taldir eru upp í 4. og 5. gr., dómaframkvæmd Evrópudómstólsins og Mannréttindadómstóls Evrópu verður veigamikill þáttur og þar skal einnig tekið tillit til:

- a) framkvæmdar landsbundinna stefnuáætlana aðildarríkjanna um stjórnun verndarmála og fólksflutninga, sem um getur í 7. gr., og fylgni þeirra við lög Sambandsins og alþjóðalög,
- b) viðeigandi upplýsinga sem framkvæmdastjórnin safnar samkvæmt tilmælum (ESB) 2020/1366,
- c) upplýsinga sem framkvæmdastjórnin og Hælisstofnunin afla um framkvæmd réttarreglna Sambandsins um vernd,
- d) upplýsinga, sem aflað er hjá utanríkisþjónustu Evrópusambandsins og viðkomandi stofnunum, skrifstofum og fagstofnunum Sambandsins, einkum skýrslna Hælisstofnunarinnar, Landamæra- og strandgæslustofnunarinnar og Evrópustofnunar grundvallarmannréttinda,

- e) annarra viðeigandi upplýsinga, þ.m.t. frá aðildarríkjum, eftirlitsyfirvöldum, alþjóðastofnunum, og öðrum viðeigandi stofnunum, skrifstofum, fagstofnunum eða samtökum.

II. KAFLI

Árlegt hringrásarferli í stjórnun fólksflutninga

9. gr.

Evrópska ársskýrslan um verndarmál og fólksflutninga

1. Framkvæmdastjórnin skal árlega samþykkja evrópska ársskýrslu um verndarmál og fólksflutninga þar sem mat er lagt á stöðuna í verndar-, móttöku- og fólksflutningamálum á næstliðnu 12 mánaða tímabili og hugsanlega þróun og sett fram stefnumarkandi stöðumynd á sviði fólksflutninga og verndarmála sem jafnframt nýtist sem tæki til snemmvíðvörunar og árvekni fyrir Sambandið (hér á eftir nefnd „skýrslan“).
2. Skýrslan skal byggð á viðeigandi meginlegum og eigindlegum gögnum og upplýsingum frá aðildarríkjunum, utanríkisþjónustu Evrópusambandsins, Hælisstofnuninni, Landamæra- og strandgæslustofnuninni, Löggaeslusamvinnustofnuninni og Evrópustofnun grundvallarmannréttinda. Hún getur einnig tekið tillit til upplýsinga frá öðrum viðeigandi stofnunum, skrifstofum, fagstofnunum eða samtökum.
3. Skýrslan skal innihalda eftirfarandi þætti:
 - a) mat á stöðunni í heild, sem tekur til allra fólksflutningaleiða til Sambandsins og í öllum aðildarríkjunum, einkum að því er varðar:
 - i. fjölda umsókna um alþjóðlega vernd og ríkisföng umsækjenda,
 - ii. fjölda fylgdarlausra, ólögráða barna sem borin hafa verið kennsl á og, ef við á, einstaklinga með sérstakar þarfir varðandi móttöku eða málsmeðferð,
 - iii. fjölda ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga sem veitt hefur verið alþjóðleg vernd í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1347,
 - iv. fjölda ákvarðana um vernd sem teknar hafa verið á fyrsta stjórnáskilgætti og endanlegra ákvarðana um vernd,
 - v. móttökugetu aðildarríkjanna,
 - vi. fjölda ríkisborgara þriðju landa sem yfirvöld aðildarríkja hafa greint að uppfylli ekki eða uppfylli ekki lengur skilyrði fyrir komu, dvöl eða búsetu í aðildarríkinu, þ.m.t. þeir sem dvelja fram yfir heimilaða dvöl eins og skilgreint er í 19. lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2226 ⁽³⁴⁾,
 - vii. fjölda endursendingarákvarðana sem aðildarríkin hafa gefið út og fjölda ríkisborgara þriðju landa sem yfirgefið hafa yfirráðasvæði aðildarríkjanna í samræmi við endursendingarákvarðun sem uppfyllir ákvæði tilskipunar 2008/115/EB,
 - viii. fjölda ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga sem aðildarríkin hafa tekið við í gegnum kerfi Sambandsins og landsbundin kerfi sem miða að endurbúsetu eða viðtöku af mannúðaraðstæðum,
 - ix. fjölda ríkisborgara þriðju landa sem féllu undir málsmeðferð við landamæri sem kveðið er á um í reglugerðum (ESB) 2024/1348 og (ESB) 2024/1349 og ríkisföng þeirra,
 - x. fjölda innsendra og útsendra beiðna um að einstaklingur sé tekinn í umsjá eða tilkynninga um að taka beri aftur við einstaklingi í samræmi við 39. og 41. gr.,
 - xi. fjölda ákvarðana um flutning og fjölda flutninga sem framkvæmdir eru í samræmi við þessa reglugerð,
 - xii. fjölda ríkisborgara þriðju landa sem fluttir hafa verið frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerða og ríkisföng þeirra og fjölda umsókna um alþjóðlega vernd sem þessir ríkisborgarar þriðju landa lögðu fram,
 - xiii. þau aðildarríki þar sem um hefur verið að ræða endurteknar komur sjóleiðis, einkum þar sem fólk hefur verið flutt frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerða,
 - xiv. fjölda ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga sem synjað hefur verið um komu í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399,
 - xv. fjölda ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga sem njóta tímabundinnar verndar í samræmi við tilskipun ráðsins 2001/55/EB ⁽³⁵⁾,
 - xvi. fjölda einstaklinga sem hafa verið handteknir í tengslum við ólögsmæta för yfir ytri landamæri á landi, á sjó eða í lofti og, að því tilskildu að upplýsingar séu tiltækar og sannreynanlegar, fjölda tilrauna til ólöglegrar farar yfir landamæri,
 - xvii. stuðning sem stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins hafa veitt aðildarríkjunum,
 - b) spá fyrir komandi ár, þ.m.t. hversu margar komur eru áætlaðar sjóleiðis, á grundvelli heildarstöðunnar í fólksflutningamálum á næstliðnu ári og að teknu tilliti til núverandi stöðu en einnig fyrra álags,
 - c) upplýsingar um viðbúnaðarstig í Sambandinu og í aðildarríkjunum og hugsanleg áhrif af fyrirsjáanlegum aðstæðum,
 - d) upplýsingar um getu aðildarríkjanna, einkum móttökugetu,
 - e) niðurstöður eftirlitsins sem Hælisstofnunin og Landamæra- og strandgæslustofnunin annast og úttektarinnar sem framkvæmd er í samræmi við reglugerð (ESB) 2022/922, sem og eftirlitsins sem framkvæmt er í samræmi við 10. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356, eins og um getur í c-lið annarrar undirgreinar 1. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar,

- f) mat á því hvort þörf sé á samstöðuráðstöfunum og ráðstöfunum sem heyra undir varanlega verkfærakistu ESB vegna fólksflutninga til að styðja aðildarríkið eða -ríkin sem í hlut eiga.
4. Framkvæmdastjórnin skal samþykka skýrsluna eigi síðar en 15. október ár hvert og senda hana til Evrópuþingsins og ráðsins.
5. Skýrslan skal vera grundvöllur ákvarðana á vettvangi Sambandsins um nauðsynlegar ráðstafanir til að takast á við ástand í fólksflutningamálum.
6. Fyrsta skýrslan skal gefin út eigi síðar en 15. október 2025.
7. Í þágu skýrslunnar skulu aðildarríkin, Hælisstofnunin, Landamæra- og strandgæslustofnunin, Löggæslusamvinnustofnunin og Evrópustofnun grundvallarmannréttinda veita upplýsingarnar sem um getur í 10. gr. eigi síðar en 1. júní ár hvert.
8. Framkvæmdastjórnin skal boða til fundar viðbúnaðar- og neyðarstjórnunarkerfis ESB á sviði fólksflutninga í fyrri hluta júlímánaðar ár hvert til að leggja fram frummat á stöðunni og skiptast á upplýsingum við aðila að kerfinu. Skipan og starfshættir viðbúnaðar- og neyðarstjórnunarkerfis ESB á sviði fólksflutninga skulu vera eins og segir í tilmælum (ESB) 2020/1366 í upprunalegri útgáfu.
9. Aðildarríkin og viðkomandi stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins skulu láta framkvæmdastjórninni í té uppfærðar upplýsingar eigi síðar en 1. september ár hvert.
10. Framkvæmdastjórnin skal boða til fundar viðbúnaðar- og neyðarstjórnunarkerfis ESB á sviði fólksflutninga eigi síðar en 30. september ár hvert til að leggja fram heildstætt mat á stöðunni. Skipan og starfshættir viðbúnaðar- og neyðarstjórnunarkerfis ESB á sviði fólksflutninga skulu vera eins og segir í tilmælum (ESB) 2020/1366, í upprunalegri útgáfu.

10. gr.

Upplýsingar til að meta heildarstöðuna í fólksflutningamálum, álag af völdum fólksflutninga, hættuna á álagi af völdum fólksflutninga eða verulega fólksflutninga

1. Þegar framkvæmdastjórnin metur heildarstöðuna í fólksflutningamálum eða hvort aðildarríki sé undir álagi af völdum fólksflutninga, eigi á hættu að verða fyrir álagi af völdum fólksflutninga eða standi frammi fyrir verulegum fólksflutningum, skal hún nota skýrsluna sem um getur í 9. gr. og taka tillit til hvers konar frekari upplýsinga skv. a-lið 3. mgr. 9. gr.
2. Framkvæmdastjórnin skal einnig taka tillit til eftirfarandi:
- upplýsinga sem hlutaðeigandi aðildarríki leggur fram, þ.m.t. mat á þörfum þess og getu og viðbúnaðarráðstafanir þess og allar viðeigandi viðbótarupplýsingar sem veittar eru í landsbundnu stefnuáætluninni sem um getur í 7. gr.,
 - umfangs samstarfs í fólksflutningamálum, sem og á sviði endursendinga og endurvíðtöku, þ.m.t. með því að taka tillit til ársskýrslunnar í samræmi við 25. gr. a í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009⁽³⁶⁾, við þriðju lönd sem eru uppruna- og gegnumferðarlönd, fyrstu griðlönd og örugg þriðju lönd eins og þau eru skilgreind í reglugerð (ESB) 2024/1348,
 - landfræðipólitísks ástands í viðkomandi þriðju löndum, sem og frumorsaka fólksflutninga og hugsanlegrar misnotkunar farandfólks í pólitískum tilgangi og hugsanlegrar þróunar á sviði ólögmetrar komu yfir ytri landamæri aðildarríkja sem gæti haft áhrif á straum innflytjenda,
 - viðeigandi tilmæla sem kveðið er á um í 20. gr. reglugerðar (ESB) 2022/922, 15. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2303 og 7. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1896,
 - upplýsinga sem safnað er samkvæmt tilmælum (ESB) 2020/1366,
 - skýrslna um samþætta aðstæðuvitund og greiningu samkvæmt framkvæmdarákvörðun ráðsins (ESB) 2018/1993⁽³⁷⁾, að því tilskildu að samþætta viðbragðskerfið til að bregðast við pólitísku neyðarástandi sé virkjað, eða skýrslunnar um aðstæðuvitund og greiningu á sviði fólksflutninga (e. *Migration Situational Awareness and Analysis report*) sem gefin er út í fyrsta áfanga viðbúnaðar- og neyðarstjórnunarkerfis ESB á sviði fólksflutninga ef samþætta viðbragðskerfið til að bregðast við pólitísku neyðarástandi er ekki virkjað,
 - upplýsinga úr skýrslugjafarferlinu um aukið frelsi að því er varðar vegabréfsáritanir og skoðanaskipta við þriðju lönd,
 - ársfjórðungslegra fólksflutningatíðinda Evrópustofnunar grundvallarmannréttinda og annarra skýrslna hennar,
 - stuðnings sem stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins hafa veitt aðildarríkjunum,
 - viðeigandi hluta veikleikamatsskýrslunnar sem um getur í 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1896,
 - umfangs og þróunar óheimilla ferða ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga milli aðildarríkja, á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga frá viðeigandi stofnunum, skrifstofum og fagstofnunum Sambandsins og gagnagreiningar frá viðeigandi upplýsingakerfum.
3. Til að meta hvort aðildarríki standi frammi fyrir verulegum fólksflutningum skal framkvæmdastjórnin að auki taka tillit til samlegðaráhrifa af yfirstandandi og fyrri árlegum komum ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga.

11. gr.

Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um ákvörðun þess hvort aðildarríki séu undir álagi af völdum fólksflutninga, eigi á hættu að verða fyrir álagi af völdum fólksflutninga eða standi frammi fyrir verulegum fólksflutningum

1. Samhliða skýrslunni sem um getur í 9. gr. skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdarákvörðun um ákvörðun þess hvort tiltekið aðildarríki sé undir álagi af völdum fólksflutninga, eigi á hættu að verða fyrir álagi af völdum fólksflutninga á komandi ári eða standi frammi fyrir verulegum fólksflutningum.

Í því skyni skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við hlutaðeigandi aðildarríki. Framkvæmdastjórnin getur sett tímamörk fyrir slíkt samráð.

2. Að því er varðar 1. mgr. skal framkvæmdastjórnin nota upplýsingarnar, sem safnað er skv. 10. gr., að teknu tilliti til allra þátta í skýrslunni sem um getur í 9. gr., allra fólksflutningaleiða, þ.m.t. sérstöðu þess kerfislega fyrirbæris að fólk sé flutt í land í kjölfar leitar- og björgunaraðgerða og óheimilla ferða ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga milli aðildarríkjanna, sem og fyrra álags á hlutaðeigandi aðildarríki og núverandi ástand.

3. Hafi aðildarríki staðið frammi fyrir miklum fjölda koma á síðastliðnum 12 mánuðum vegna endurtekinnna flutninga fólks frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerða skal framkvæmdastjórnin líta svo á að aðildarríkið sé undir álagi af völdum fólksflutninga, að því tilskildu að þessar komur séu svo margar að það skapi óhóflegar skyldur, jafnvel fyrir vel undirbúið verndar-, móttöku- og fólksflutningakerfi hlutaðeigandi aðildarríkis.

4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdarákvörðun sína eigi síðar en 15. október ár hvert og senda hana til Evrópuþingsins og ráðsins.

12. gr.

Tillaga framkvæmdastjórnarinnar að framkvæmdargerð ráðsins um að koma á fót árlega samstöðusamlaginu

1. Á hverju ári, á grundvelli skýrslunnar sem um getur í 9. gr. og samhliða henni, skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögu að framkvæmdargerð ráðsins um að koma á fót því árlega samstöðusamlagi sem nauðsynlegt er til að takast á við stöðuna í fólksflutningamálum á komandi ári með jöfnum og skilvirkum hætti. Tillagan skal endurspeglar árlega, áætlaða þörf þeirra aðildarríkja, sem eru undir álagi af völdum fólksflutninga, fyrir samstöðu.

2. Í tillögu framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í 1. mgr., skal tilgreina árlegar heildartölur fyrir nauðsynlega tilflutninga og fjárframlög til árlega samstöðusamlagsins á vettvangi Sambandsins, sem skulu a.m.k. vera:

- a) 30 000 tilflutningar,
- b) 600 milljónir evra í fjárframlög.

Í tillögu framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal einnig setja fram árleg leiðbeinandi framlög fyrir hvert aðildarríki með notkun viðmiðunarlykilsins í 66. gr. í því skyni að auðvelda þeim að setja fram skuldbindingarloforð sín um samstöðuframlög (hér á eftir nefnt „framsetning skuldbindingarloforða“) skv. 13. gr.

3. Þegar framkvæmdastjórnin ákveður umfang þeirrar sameiginlegu ábyrgðar Sambandsins sem skiptist niður á öll aðildarríkin og þar af leiðandi umfang samstöðuframlaga, skal hún taka tillit til viðeigandi eigindlegra og meginlegra viðmiðana, þ.m.t., fyrir viðkomandi ár, heildarkomufjölda, meðaltals samþykkishlutfalls, sem og meðaltals endursendingarhlutfalls. Framkvæmdastjórnin skal einnig taka tillit til þess að þeim aðildarríkjum sem munu njóta góðs af samstöðuframlögum skv. 1. mgr. 58. gr. er ekki skylt að efna skuldbindingaloforð sín um samstöðuframlög.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að tilgreina hærra tölur yfir tilflutninga eða fjárframlög en þær sem kveðið er á um í 2. mgr. þessarar greinar og getur einnig tilgreint annars konar samstöðu, eins og sett er fram í c-lið 2. mgr. 56. gr., allt eftir þörfum fyrir slíkar ráðstafanir vegna sérstakra áskorana á sviði fólksflutninga í hlutaðeigandi aðildarríki. Til að tryggja jafngildi ólíkra samstöðuráðstafana skal viðhalda hlutfallinu milli talnanna, sem settar eru fram í a- og b-lið 2. mgr. þessarar greinar.

4. Í undantekningartilvikum, þar sem upplýsingarnar frá aðildarríkjunum og viðkomandi stofnunum, skrifstofum og fagstofnunum Sambandsins skv. 2. mgr. 9. gr. eða samráðið sem framkvæmdastjórnin stóð fyrir skv. 1. mgr. 11. gr. benda ekki til þess að þörf sé á samstöðuráðstöfunum fyrir komandi ár, skal, þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar, taka tilhlýðilegt tillit til þess í tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

5. Ef framkvæmdastjórnin hefur tilgreint í framkvæmdarákvörðun, eins og um getur í 11. gr., að eitt eða fleiri aðildarríki séu undir álagi af völdum fólksflutninga vegna mikils fjölda koma sem stafa af endurteknum flutningum frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerða, með tilliti til sérstakra aðstæðna hlutaðeigandi aðildarríkja, skal framkvæmdastjórnin setja fram leiðbeinandi hlutfall árlega samstöðusamlagsins sem skal vera þessum aðildarríkjum til reiðu.

6. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja tillöguna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar eigi síðar en 15. október ár hvert og senda hana til ráðsins. Framkvæmdastjórnin skal samtímis senda Evrópuþinginu tillöguna. Tillaga framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal ekki gerð opinber fyrir en framkvæmdargerð ráðsins, sem um getur í 57. gr., hefur verið samþykkt. Hún skal trúnaðarflokkuð sem „RESTREINT UE/EU RESTRICTED“ og meðhöndluð sem slík í samræmi við ákvörðun ráðsins 2013/488/ESB⁽³⁸⁾.

13. gr.

ESB-samstarfsvettvangur háttsettra embættismanna um samstöðu

1. Til að tryggja skilvirka framkvæmd IV. hluta þessarar reglugerðar skal koma á fót ESB-samstarfsvettvangi háttsettra embættismanna um samstöðu („samstarfsvettvangur háttsettra embættismanna“) sem skal skipaður fulltrúum aðildarríkjanna

undir formennsku aðildarríkisins sem fer með formennsku í ráðinu. Fulltrúar aðildarríkjanna skulu bera ábyrgð og hafa vald til ákvarðanatöku á því stigi sem viðeigandi er til að sinna þeim verkefnum sem samstarfsvettvangi háttsettra embættismanna eru falin.

Þriðju löndum, sem hafa gert samning við Sambandið um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli bera ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd sem lögð er fram í aðildarríki eða í því þriðja landi, má, í því skyni að leggja af mörkum til samstöðu í sérstökum tilvikum, einnig bjóða að taka þátt í samstarfsvettvangi háttsettra embættismanna eftir því sem við á.

2. Ráðið skal kalla saman samstarfsvettvang háttsettra embættismanna innan 15 daga frá samþykkt skýrslunnar sem um getur í 9. gr., ákvörðunarinnar sem um getur í 11. gr. og tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í 12. gr.

3. Á fundinum, sem um getur í 2. mgr., skal samstarfsvettvangur háttsettra embættismanna taka til umfjöllunar skýrsluna, sem um getur í 9. gr., ákvörðunina, sem um getur í 11. gr., og tillögu framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í 12. gr., og kanna heildarstöðuna. Einnig skal hann komast að niðurstöðu um samstöðuréttstafanir og um hve mikið framlag þurfi að leggja til samkvæmt málsmeðferðinni sem sett er fram í 57. gr. og, ef þörf krefur, um aðrar ráðstafanir til að bregðast við fólksflutningum á sviðum ábyrgðar, viðbúnaðar og neyðarviðbragða, sem og um ytri þátt fólksflutninga. Á þessum fundi samstarfsvettvangs háttsettra embættismanna skulu aðildarríkin leggja fram skuldbindingaloforð sín um samstöðuframlög vegna stofnunar árlega samstöðusamlagsins skv. 57. gr.

4. Telji ráðið, að frumkvæði aðildarríkis eða að boði framkvæmdastjórnarinnar, að samstöðuframlög til árlega samstöðuframlagsins nægi ekki til að mæta þeim þörfum sem hafa verið greindar, þ.m.t. þegar um umtalsverðan frádrátt hefur verið að ræða í samræmi við 61. og 62. gr., eða ef þarfir eins eða fleiri aðildarríki undir álagi af völdum fólksflutninga reynast meiri en búist var við, eða ef heildarstaðan krefst viðbótarstuðnings í formi samstöðu, skal ráðið, með einföldum meirihluta, kalla samstarfsvettvang háttsettra embættismanna aftur saman til að fara þess á leit við aðildarríkin að þau leggi til frekari samstöðuframlög. Öll framsetning skuldbindingarlóforða skal fylgja aðferðinni sem sett er fram í 57. gr.

14. gr.

ESB-samstarfsvettvangur á tæknistigi um samstöðu

1. Til að tryggja snurðulausa virkni IV. hluta þessarar reglugerðar skal koma á fót ESB-samstarfsvettvangi á tæknistigi um samstöðu (hér á eftir nefndur „samstarfsvettvangurinn á tæknistigi“) og skal samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu kalla hann saman og fara með formennsku í honum fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar.

2. Í samstarfsvettvangnum á tæknistigi skulu sitja fulltrúar viðkomandi yfirvalda aðildarríkjanna sem eru nægilega háttsettir til að sinna þeim verkefnum sem vettvangnum eru falin.

3. Þriðju löndum, sem hafa gert samning við Sambandið um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli bera ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd sem lögð er fram í aðildarríki eða í því þriðja landi, má, í því skyni að leggja af mörkum til samstöðu í sérstökum tilvikum, einnig bjóða að taka þátt í samstarfsvettvangnum á tæknistigi, eftir því sem við á.

4. Hælisstofnunin skal taka þátt í samstarfsvettvangnum á tæknistigi. Landamæra- og strandgæslustofnunin og Evrópustofnun grundvallarmannréttinda skulu, eftir því sem við á og í boði samræmingaraðila ESB á sviði samstöðu, taka þátt í samstarfsvettvangnum á tæknistigi. Einnig má bjóða stofnunum Sameinuðu þjóðanna að taka þátt, allt eftir þátttöku þeirra í samstöðukerfinu.

5. Eftir að framkvæmdargerð ráðsins, sem um getur í 57. gr., hefur verið samþykkt skal samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu boða til fyrsta fundar samstarfsvettvangsins á tæknistigi. Í kjölfar fyrsta fundarinnar skal samstarfsvettvangurinn á tæknistigi koma reglulega saman og eins oft og þörf krefur, einkum skv. 3. mgr. 58. gr. og 6. mgr. 59. gr., til að koma samstöðukerfinu milli aðildarríkjanna til framkvæmda og mæta þörfum fyrir samstöðu með þeim framlögum sem hafa verið tilgreind.

15. gr.

Samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu

1. Framkvæmdastjórnin skal tilnefna samræmingaraðila ESB á sviði samstöðu til að samræma, á tæknilegu stigi, framkvæmd samstöðukerfisins í samræmi við IV. hluta þessarar reglugerðar.

2. Samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu skal:

- styðja við tilflutninga frá aðildarríki sem nýtur góðs af samstöðuframlögum til framlagsaðildarríkis,
- samræma og styðja við samskipti milli aðildarríkjanna, stofnana, skrifstofa, fagstofnana og aðila sem taka þátt í framkvæmd samstöðukerfisins,
- hafa yfirsýn yfir þarfir aðildarríki sem njóta góðs af samstöðuframlögum og framlögum framlagsaðildarríkjanna og fylgja eftir yfirstandandi framkvæmd samstöðuréttstafana,
- skipuleggja, með reglulegu millibili, fundi milli yfirvalda aðildarríkjanna til að tryggja árangursríka og skilvirka framkvæmd árlega samstöðusamlagsins í því skyni að auðvelda bestu samskipti og samstarf milli aðildarríkjanna,
- stuðla að bestu starfsvenjum við framkvæmd samstöðukerfisins,
- boða til funda og fara með formennsku í samstarfsvettvangnum á tæknistigi,
- annast þau verkefni sem um getur í 7. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1359.

- Að því er 2. mgr. varðar skal samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu njóta aðstoðar skrifstofu og honum skal séð fyrir nauðsynlegu fjármagni og mannafla til að hann geti sinnt verkefnum sínum með skilvirkum hætti. Samræmingaraðilinn skal hafa náð samstarf við Hælisstofnunina, þ.m.t. í tengslum við hagnýt atriði varðandi tilflutning samkvæmt þessari reglugerð.
- Í skýrslunni sem um getur í 9. gr. skal greina frá stöðu framkvæmdar og virkni samstöðukerfisins.
- Aðildarríkin skulu láta samræmingaraðila ESB á sviði samstöðu í té nauðsynleg gögn og upplýsingar svo hann geti sinnt verkefnum sínum með skilvirkum hætti.

III. HLUTI

VIÐMIÐANIR OG FYRIRKOMULAG VIÐ AÐ ÁKVARÐA HVADA AÐILDARRÍKI BERI ÁBYRGÐ

I. KAFLI

Almennar meginreglur og verndarráðstafanir

16. gr.

Aðgangur að málsmeðferð til meðferðar á umsókn um alþjóðlega vernd

- Aðildarríkin skulu taka til meðferðar umsókn um alþjóðlega vernd sem ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur leggur fram á yfirlýðingarsvæði einhvers aðildarríkanna, þ.m.t. við landamærin eða á gegnumferðarsvæðum. Aðeins það aðildarríki sem ber ábyrgð, samkvæmt þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í II. kafla eða ákvæðunum sem mælt er fyrir um í III. kafla þessa hluta, skal taka umsóknina til meðferðar.
- Ef ekki er unnt að ákvarða hvaða aðildarríki ber ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd á grundvelli viðmiðananna sem tilgreindar eru í þessari reglugerð skal, með fyrirvara um reglurnar sem settar eru fram í IV. hluta þessarar reglugerðar, það aðildarríki, sem umsókn um alþjóðlega vernd var fyrst skráð hjá, bera ábyrgð á meðferð hennar.
- Ef ógerlegt er fyrir aðildarríki að flytja umsækjanda til þess aðildarríkis sem upphaflega var tilnefnt sem ríki sem ber ábyrgð, vegna þess að rökstuddar ástæður eru til að ætla að flutningurinn til þess aðildarríkis skapi raunverulega hættu á að brotið verði á grundvallarréttindum umsækjandans sem jafngildir ómannlegri eða vanvirðandi meðferð í skilningi 4. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi, skal aðildarríkið sem tekur ákvörðunina halda áfram að kanna viðmiðanirnar sem settar eru fram í II. kafla eða ákvæðin sem sett eru fram í III. kafla þessa hluta til að ganga úr skugga um hvort unnt sé að tilnefna annað aðildarríki sem ábyrgt.

Geti aðildarríki ekki annast flutning samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar til aðildarríkis, sem tilnefnt er á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í II. kafla eða ákvæðanna sem sett eru fram í III. kafla þessa hluta, eða til aðildarríkisins, sem umsókn var fyrst skráð hjá, og getur ekki staðfest hvort unnt sé að tilnefna annað aðildarríki sem ábyrgt, skal það aðildarríki verða aðildarríkið sem ber ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd.

- Hafi öryggisathugun, sem kveðið er á um í 15. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356, ekki verið framkvæmd samkvæmt þeirri reglugerð skal það aðildarríki, sem umsókn um alþjóðlega vernd var fyrst skráð hjá, rannsaka hvort gildar ástæður séu til að ætla að umsækjandinn ógni innra öryggi eins fljótt og mögulegt er eftir skráningu umsóknarinnar, áður en viðmiðunum til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð er beitt skv. II. kafla eða ákvæðunum sem sett eru fram í III. kafla þessa hluta.

Hafi öryggisathugun, sem kveðið er á um í 15. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356, verið framkvæmd en aðildarríkið, sem umsókn um alþjóðlega vernd var fyrst skráð hjá, hefur rökstuddar ástæður til að kanna hvort gildar ástæður séu til að telja að umsækjandinn ógni innra öryggi, skal það aðildarríki annast rannsóknina eins fljótt og auðið er eftir skráningu umsóknarinnar áður en það beitir viðmiðunum til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð skv. II. kafla eða ákvæðunum sem sett eru fram í III. kafla þessa hluta.

Ef öryggisathugin, sem framkvæmd er í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356 eða í samræmi við fyrstu og aðra undirgrein þessarar málsgreinar, sýnir fram á að gildar ástæður séu til að ætla að umsækjandinn ógni innra öryggi, skal aðildarríkið sem framkvæmir öryggiseftirlitið vera aðildarríkið sem ber ábyrgð og 39. gr. þessarar reglugerðar gildir ekki.

- Sérhvert aðildarríki áskilur sér rétt til að senda umsækjanda til öruggs þriðja lands í samræmi við reglur og verndarráðstafanir sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2024/1348.

17. gr.

Skyldur umsækjanda og samstarf við lögbær yfirvöld

- Umsókn um alþjóðlega vernd skal lögð fram og skráð í því aðildarríki sem fyrst er komið til.
- Hafi ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur gilt dvalarskjal eða gilda vegabréfsáritun skal umsókn um alþjóðlega vernd, þrátt fyrir 1. mgr., lögð fram og skráð í því aðildarríki sem gaf út dvalarskjalið eða vegabréfsáritunina.

Hafi ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur dvalarskjal eða vegabréfsáritun sem er útrunnin eða hefur verið ógild, dregin til baka eða afturkölluð, skal umsóknin um alþjóðlega vernd lögð fram og skráð í því aðildarríki þar sem hann er staddur.

- Umsækjandinn skal sýna lögbærum yfirvöldum aðildarríkanna fulla samvinnu við söfnun lífkennaupplýsinga í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1358 og um málefni sem reglugerð þessi tekur til, einkum með því að leggja fram og gefa upp, eins fljótt og unnt er og í síðasta lagi í viðtalinu sem um getur í 22. gr. þessarar reglugerðar, alla þá þætti og upplýsingar sem eru honum aðgengileg og skipta máli við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð, þ.m.t. með því að leggja fram persónuskilríki sín ef umsækjandinn hefur slík skilríki undir höndum. Ef umsækjandi er ekki, þegar viðtalið er tekið, í aðstöðu til að leggja fram sönnunargögn til að rökstyðja þá þætti og þær upplýsingar sem veittar eru, eða til að fylla út sniðmátið sem um getur í 1. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar, skal lögbært yfirvald setja hæfilegan frest til að leggja fram slík gögn, með tilliti til aðstæðna í hverju tilviki fyrir sig, innan þeirra tímamarka sem um getur í 1. mgr. 39. gr. þessarar reglugerðar.

4. Umsækjandanum er skylt að vera:

- a) í aðildarríkinu sem um getur í 1. og 2. mgr. á meðan beðið er ákvörðunar um hvaða aðildarríki beri ábyrgð og, eftir atvikum, framkvæmdar málsmeðferðar um flutning,
- b) í aðildarríkinu sem ber ábyrgð,
- c) í tilflutningsaðildarríkinu eftir að flutningur hefur farið fram skv. 11. mgr. 67. gr.

5. Þegar umsækjanda er tilkynnt um ákvörðun um flutning í samræmi við 2. mgr. 42. gr. og 10. mgr. 67. gr. skal umsækjandinn sýna lögbærum yfirvöldum samvinnu og hlíta þeirri ákvörðun.

18. gr.

Afleiðingar þess að uppfylla ekki skyldur

1. Að því tilskildu að umsækjandi hafi verið upplýstur um skyldur sínar og afleiðingar þess að uppfylla þær ekki, skal hann, frá þeim tíma er honum er tilkynnt um ákvörðun um flutning til þess ríkis sem ber ábyrgð, ekki eiga rétt á móttökuskilyrðum í öðru aðildarríki en því aðildarríki þar sem honum er skylt að dvelja samkvæmt þessari reglugerð.

Fyrsta undirgrein hefur ekki áhrif á það að tryggja þarf lífskjör sem samræmast lögum Sambandsins, þ.m.t. sáttmálanum um grundvallarréttindi, og alþjóðlegum skuldbindingum.

2. Einungis skal taka tillit til þátta og upplýsinga, sem máli skipta við að ákvarða hvaða aðildarríki er ábyrgt, sem lögð eru fram eftir að frestur er liðinn ef í þeim felast sönnunargögn sem hafa úrslitabýðingu fyrir rétta beitingu þessarar reglugerðar, einkum að því er varðar fylgdarlaus, ólöggráða börn og fjölskyldusameiningu.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef umsækjandinn er ekki í aðildarríkinu þar sem honum er skylt að vera og lögbær yfirvöld aðildarríkisins þar sem hann er staddur hafa gildar ástæður til að ætla að hann gæti hafa orðið fyrir einhverju þeirra brota sem um getur í 2. og 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/36/ESB⁽³⁹⁾.

4. Við beitingu þessarar greinar skulu aðildarríkin taka tillit til aðstæðna umsækjanda í hverju tilviki fyrir sig, þ.m.t. hvers konar raunverulegrar hættu á brotum á grundvallarréttindum í aðildarríkinu þar sem umsækjanda er skylt að vera. Allar ráðstafanir sem aðildarríkin gera skulu vera hóflegar.

19. gr.

Réttur til upplýsinga

1. Eins fljótt og unnt er og í öllum tilvikum eigi síðar en þann dag sem umsókn um alþjóðlega vernd er skráð í aðildarríki skal lögbært yfirvald þess ríkis láta umsækjanda í té upplýsingar um beitingu þessarar reglugerðar, um réttindi hans samkvæmt þessari reglugerð og um þær skyldur sem settar eru fram í 17. gr. og um afleiðingar þess að uppfylla ekki skyldur, sem settar eru fram í 18. gr. Einkum skulu þar koma fram upplýsingar um:

- a) markmið þessarar reglugerðar,
- b) þá samvinnu við lögbær yfirvöld sem vænst er af umsækjanda, eins og fram kemur í 17. gr.,
- c) þá staðreynd að rétturinn til að sækja um alþjóðlega vernd felur ekki í sér að umsækjandinn hafi val um hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar hans um alþjóðlega vernd eða hvaða aðildarríki verði tilflutningsaðildarríkið,
- d) afleiðingar þess að leggja fram aðra umsókn í öðru aðildarríki og afleiðingar þess að fara frá aðildarríkinu þar sem umsækjanda er skylt að vera skv. 4. mgr. 17. gr. og einkum að umsækjandinn eigi aðeins rétt á móttökuskilyrðum samkvæmt því sem segir í 1. mgr. 18. gr.,
- e) viðmiðanir og málsmeðferð til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð, forgangsröð slíkra viðmiðana á hinum ýmsu stigum málsmeðferðarinnar og lengd málsmeðferðarinnar,
- f) þau ákvæði sem tengjast fjölskyldusameiningu og, að því er það varðar, viðeigandi skilgreiningu á aðstandendum og skyldmönnum, réttinn til að óska eftir og fá sniðmátið, sem um getur í 1. mgr. 22. gr., þ.m.t. upplýsingar um einstaklinga og aðila sem geta veitt aðstoð við að fylla út sniðmátið, sem og upplýsingar um landsbundna, alþjóðlega eða aðra viðeigandi aðila sem geta auðveldað að bera kennsl á og leita uppi aðstandendur,
- g) réttinn til einstaklingsviðtals og markmiðið með því, í samræmi við 22. gr., málsmeðferðina og þá skyldu að leggja fram, munnlega eða í formi skjala eða annarra upplýsinga, þ.m.t. eftir atvikum á sniðmátinu sem um getur í 1. mgr. 22. gr. og eins fljótt og auðið er í málsmeðferðinni, allar viðeigandi upplýsingar sem gætu gagnast við að staðfesta að aðstandendur, skyldmenni eða aðrir sem eru tengdir viðkomandi fjölskylduböndum séu í aðildarríkjunum, þ.m.t. upplýsingar um hvernig umsækjandi getur lagt fram slíkar upplýsingar, sem og um hvers konar aðstoð sem aðildarríkið getur veitt í tengslum við að leita uppi aðstandendur eða skyldmenni,
- h) þá skyldu umsækjanda að gefa upp, eins fljótt og unnt er í málsmeðferðinni, allar viðeigandi upplýsingar sem gætu komið að gagni við að staðfesta fyrri dvalarskjöl, vegabréfsáritanir eða prófskírteini,
- i) tækifæri til að leggja fyrir lögbær yfirvöld tilhlýðilega rökstuddar ástæður til að þau ihugi að beita 1. mgr. 35. gr.,
- j) þá skyldu umsækjanda að leggja fram persónuskilríki sín hafi hann slík skilríki undir höndum, og að sýna lögbærum yfirvöldum samvinnu við söfnun lífkennaupplýsinganna í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1358,
- k) að fyrir hendi sé réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns fyrir dómstólum til að vefengja ákvörðun um flutning innan þess frests sem settur er fram í 2. mgr. 43. gr. og þá staðreynd að umfang slíkrar vefengingar sé takmarkað eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 43. gr.,

- l) réttinn til lögfræðiráðgjafar án endurgjalds um málefni sem varða beitingu viðmiðananna, sem settar eru fram í II. kafla eða ákvæðanna sem sett eru fram í III. kafla þessa hluta, á öllum stigum málsmeðferðarinnar til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð, eins og sett er fram í 21. gr.,
 - m) ef um er að ræða kærur eða endurskoðun, réttinn til að fá lögfræðiaðstoð án endurgjalds, ef þess er óskað, hafi hlutadeigandi einstaklingur ekki efni á henni,
 - n) þá staðreynd að ef viðkomandi hleypst á brott muni það leiða til framlengingar á frestinum í samræmi við 46. gr.,
 - o) þá staðreynd að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna og Hælisstofnunin muni einungis vinna persónuupplýsingar umsækjandans, þ.m.t. vegna skipta á gögnum hans, í þeim tilgangi að framkvæma skuldbindingar sínar samkvæmt þessari reglugerð og í fullu samræmi við kröfum um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga í samræmi við lög Sambandsins og landslög,
 - p) hvaða flokka persónuupplýsinga um er að ræða,
 - q) að umsækjandi hafi rétt til aðgangs að gögnum um sig og rétt til að fara fram á að slík gögn séu leiðrétt ef þau eru röng eða þeim verði eytt ef þau hafa verið unnin með ólöglegum hætti, auk þess hvornig nýta megi þennan rétt, þ.m.t. samskiptaupplýsingar yfirvaldanna sem um getur í 52. gr. og innlendra persónuverndaryfirvalda sem taka kærur varðandi vernd persónuupplýsinga til meðferðar, ásamt samskiptaupplýsingum persónuverndarfulltrúa,
 - r) ef um er að ræða fylgdarlaus, ólöggráða barn, þær tryggingar og þau réttindi sem gilda um umsækjandann að því er það varðar, hlutverk og ábyrgð talsmanns og málsmeðferð til að leggja fram kvartanir gegn talsmanni í trúnaði og af öryggi og á þann hátt að réttur barnsins til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri sé virtur að fullu,
 - s) þá staðreynd að ef sannanir, byggðar á líkum, eru ekki samfelldar, sannreynanlegar og nægilega ítarlegar til að ákvarða hvar ábyrgð liggur er aðildarríki heimilt að fara fram á DNA-próf eða blóðprufu til að sanna að fjölskyldu-tengsl séu fyrir hendi eða mat á aldri umsækjanda,
 - t) eftir atvikum, málsmeðferðina við tilflutning sem sett er fram í 67. og 68. gr.
2. Umsækjandi skal hafa möguleika á að óska eftir upplýsingum varðandi framvindu málsmeðferðarinnar og skulu lögbær yfirvöld upplýsa hann um þann möguleika. Ef umsækjandi er ólöggráða barn skulu barnið og foreldrið eða talsmaðurinn eiga þess kost að óska eftir slíkum upplýsingum.

20. gr.

Aðgengi að upplýsingum

1. Upplýsingarnar, sem um getur í 19. gr. skulu veittar skriflega á gagnorðu, gagnsæju, skiljanlegu og aðgengilegu formi, á skýru og einföldu máli og á tungumáli sem umsækjandi skilur eða sem raunhæft er að ætla að hann skilji. Til þess skulu aðildarríkin nota sameiginlega upplýsingaefnið, sem samið er í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar. Sameiginlega upplýsingaefnið skal einnig vera aðgengilegt á netinu á opnum og aðgengilegum vettvangi fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Ef þörf er á til að umsækjandi skilji upplýsingarnar rétt skulu þær einnig veittar munnlega, í tengslum við einstaklingsviðtalið um getur í 22. gr. eftir því sem við á. Í þeim tilgangi skal umsækjandinn hafa tækifæri til að spyrja spurninga til að fá skýringar á þeim upplýsingum sem honum eru veittar. Aðildarríkjnum er heimilt að styðjast við margmiðlunarbúnað.

2. Í nánú samstarfi við ábyrg landsyfirvöld skal Hælisstofnunin semja sameiginlegt upplýsingaefni, ásamt sérstökum upplýsingum fyrir fylgdarlaus, ólöggráða börn og umsækjendur í viðkvæmri stöðu, ef nauðsyn krefur fyrir umsækjendur með sérstakar þarfir varðandi móttöku eða málsmeðferð, sem inniheldur a.m.k. upplýsingarnar sem um getur í 19. gr. Í sameiginlega upplýsingaefninu skulu einnig vera upplýsingar um beitingu reglugerðar (ESB) 2024/1358 og einkum um það í hvaða tilgangi heimilt er að vinna gögn um umsækjanda í evrópska fingrafaragrunninum.

Sameiginlega upplýsingaefnið skal vera með þeim hætti að hvert aðildarríki getur bætt við viðbótarupplýsingum sem eiga sérstaklega við um það ríki.

3. Ef umsækjandi er ólöggráða barn skulu upplýsingarnar, sem um getur í 19. gr., veittar á barnvænan hátt af starfsfólki sem hefur hlotið viðeigandi þjálfun og í viðurvist talsmanns umsækjandans.

21. gr.

Réttur til lögfræðiráðgjafar

1. Umsækjendur skulu eiga rétt á að ráðfæra sig á gagnlegan hátt við lögfræðing eða annan ráðgjafa, sem hefur hlotið viðurkenningu eða leyfi til að starfa sem slíkur samkvæmt landslögum, um atriði er varða beitingu viðmiðananna sem settar eru fram í II. kafla eða ákvæðanna sem sett eru fram í III. kafla þessa hluta, á öllum stigum málsmeðferðarinnar við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

2. Með fyrirvara um rétt umsækjanda til að velja sér lögfræðing eða annan ráðgjafa á eigin kostnað, getur umsækjandi óskað eftir lögfræðiráðgjöf án endurgjalds í málsmeðferðinni til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð.

3. Lögfræðiráðgjöf án endurgjalds skal veitt af lögfræðingum eða öðrum ráðgjöfum, sem eru viðurkenndir eða hafa leyfi samkvæmt landslögum til að veita umsækjendum ráðgjöf, aðstoða þá eða vera málsvari þeirra, eða af fjálsfum félagasamtökum sem eru viðurkennd samkvæmt landslögum til að veita umsækjendum lögfræðipjónustu eða fyrirsva.

Að því er varðar fyrstu undirgreinina er heimilt að tryggja skilvirkan aðgang að lögfræðiráðgjöf án endurgjalds með því að fela aðila, á stjórnslustigi málsmeðferðarinnar, veitingu lögfræðiráðgjafar til margra umsækjenda á sama tíma.

4. Aðildarríki geta skipulagt veitingu lögfræðiráðgjafar í samræmi við landsbundin kerfi sín.

5. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um sérstakar málsmeðferðarreglur varðandi fyrirkomulag við skráningu og vinnslu beiðna um endurgjaldslausu lögfræðiráðgjöf eins og kveðið er á um í þessari grein.
6. Að því er varðar málsmeðferðina við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð skal endurgjaldslausu lögfræðiráðgjöf m.a. fela í sér að veita:
 - a) leiðbeiningar um og útskýringar á viðmiðunum og málsmeðferð við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð, þ.m.t. upplýsingar um réttindi og skyldur á öllum stigum málsmeðferðarinnar,
 - b) leiðbeiningar um og aðstoð við að veita upplýsingar sem gætu gagnast við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í II. kafla þessa hluta,
 - c) leiðbeiningar og aðstoð varðandi sniðmátið sem um getur í 1. mgr. 22. gr.
7. Með fyrirvara um 1. mgr. er heimilt að sleppa veitingu endurgjaldslausrar lögfræðiráðgjafar í málsmeðferð við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð ef umsækjandinn nýtur þegar aðstoðar og fyrirsvars lögfræðings.
8. Aðildarríkin geta óskað eftir aðstoð Hælisstofnunarinnar að því er varðar framkvæmd þessarar greinar. Að auki er heimilt að veita aðildarríkjunum fjárstuðning úr sjóðum Sambandsins í samræmi við réttargerðir sem gilda um slíka fjármögnun.

22. gr.

Einstaklingsviðtal

1. Til að greiða fyrir málsmeðferðinni við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð skulu lögbær yfirvöld í aðildarríkinu, sem tekur ákvörðunina og um getur í 1. mgr. 38. gr., taka einstaklingsviðtal við umsækjandann til að beita megi 39. gr. Viðtalið skal einnig gera umsækjandanum kleift að skilja rétt þær upplýsingar sem honum eru veittar í samræmi við 19. gr.

Lögbær yfirvöld skulu safna upplýsingum um aðstæður umsækjandans sem um ræðir með því að spyrja að fyrra bragði spurninga, sem myndu hjálpa til við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð, til að beita megi 39. gr.

Ef vísbendingar eru um að umsækjandi eigi aðstandendur eða skyldmenn í aðildarríki skal hann fá í hendur sniðmát sem Hælisstofnunin mun þróa. Umsækjandinn skal fylla út þetta sniðmát með þeim upplýsingum sem eru honum aðgengilegar, í því skyni að auðvelda beitingu 39. gr. Ef unnt er skal hann fylla út sniðmátið áður en einstaklingsviðtalið, sem um getur í þessari grein, fer fram.

Hælisstofnunin skal þróa sniðmátið sem um getur í þriðju undirgrein þessarar málsgreinar eigi síðar en 12. apríl 2025. Hælisstofnunin skal einnig semja viðmiðunarreglur til að bera kennsl á og leita uppi aðstandendur til að styðja við beitingu aðildarríkisins sem leggur fram beiðni og aðildarríkisins sem beiðni er beint til á 25.–28. og 34. gr. í samræmi við 39. og 40. gr.

Umsækjandinn skal hafa tækifæri til að leggja fyrir lögbær yfirvöld tilhlýðilega rökstuddar ástæður til að þau ihugi að beita 1. mgr. 35. gr.

2. Einstaklingsviðtalinu má sleppa ef:

- a) umsækjandi hefur hlaupist á brott,
- b) umsækjandi mætir ekki í viðtalið og hefur ekki lagt fram rökstuddar ástæður fyrir fjarveru sinni,
- c) umsækjandi hefur, eftir að hafa fengið upplýsingarnar sem um getur í 19. gr., þegar látið í té með öðrum hætti þær upplýsingar sem þarf til að ákvarða hvaða aðildarríki ber ábyrgð.

Að því er varðar c-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar skal aðildarríki sem sleppir viðtali gefa umsækjanda tækifæri til að leggja fram allar frekari upplýsingar sem skipta máli til að ákvarða með réttum hætti hvaða aðildarríki ber ábyrgð innan þeirra tímamarka sem um getur í 1. mgr. 39. gr., þ.m.t. tilhlýðilega rökstuddar ástæður fyrir því að yfirvaldið ihugi hvort þörf sé á einstaklingsviðtali.

3. Einstaklingsviðtalið skal fara fram tímanlega og ævinlega áður en nokkur beiðni um að einstaklingur sé tekinn í umsjá er lögð fram í samræmi við 39. gr.

4. Einstaklingsviðtalið skal fara fram á því tungumáli sem umsækjandi kýs, nema hann skilji og geti tjáð sig skýrt á öðru tungumáli. Einstaklingur sem tekur viðtöl við fylgdarlausu ólöggráða börn og, eftir atvikum, ólöggráða börn í fylgd með fullorðnum skal hafa nauðsynlega þekkingu á réttindum og sérþörfum ólöggráða barna og taka viðtölin á barnvænan hátt og í samhengi við aðstæður, með tilliti til aldurs og þroska barnsins og í viðurvist talsmannsins og, eftir atvikum, lögfræðings barnsins. Ef þörf er á skal útvega túlk sem getur tryggt fullnægjandi samskipti umsækjandans og þess sem tekur einstaklingsviðtalið. Útvega má menningarmiðlara (e. *cultural mediator*) til að vera viðstaddur einstaklingsviðtalið. Ef umsækjandi fer fram á það og ef unnt er skal aðilinn sem tekur viðtalið og, eftir atvikum, túlkurinn vera af því kyni sem umsækjandinn kýs.

5. Þegar aðstæður réttlæta það er aðildarríkjunum heimilt að taka einstaklingsviðtal á myndfundi. Í slíku tilviki skal aðildarríkið tryggja að gerðar séu nauðsynlegar ráðstafanir varðandi viðeigandi aðstöðu, málsmeðferðar- og tæknistaðla, lögfræði-aðstoð og túlkun, að teknu tilliti til leiðbeininga frá Hælisstofnuninni.

6. Einstaklingsviðtalið skal fara fram við aðstæður sem tryggja tilhlýðilegan trúnað. Einstaklingur, sem er til þess hæfur samkvæmt landslögum, skal taka viðtalið. Umsækjendum sem taldir eru hafa þörf fyrir sérstakan málsmeðferðarrétt samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1348 skal veittur fullnægjandi stuðningur til að skapa nauðsynleg skilyrði til að leggja fram á skilvirkan hátt alla þætti sem gera kleift að ákvarða hvaða aðildarríki ber ábyrgð. Starfsfólk sem tekur viðtöl við umsækjendur skal einnig hafa aflað sér almennrar þekkingar á þáttum sem gætu haft neikvæð áhrif á getu umsækjanda til að koma í viðtal, s.s. vísbendingar um að viðkomandi hafi áður sætt pyndingum eða verið fórnarlamb mansals.

7. Aðildarríkið sem tekur einstaklingsviðtalið skal gera hljóðupptöku af viðtalinu ásamt skriflegri samantekt af því, sem skal a.m.k. hafa að geyma helstu upplýsingar sem umsækjandi veitir í viðtalinu. Tilkynna skal umsækjandanum fyrir fram um slíka upptöku og tilgang hennar. Ef vafi kemur upp varðandi yfirlýsingar umsækjanda í einstaklingsviðtalinu skal hljóðupptakan ganga fram. Samantektin getur annaðhvort verið í forni skýrslu eða á stöðluðu eyðublaði. Aðildarríkið skal tryggja að umsækjandi eða lögfræðingur eða annar ráðgjafi, sem er viðurkenndur eða hefur leyfi sem slíkur samkvæmt landslögum og er lagalegur málsvari umsækjandans, hafi tímanlegan aðgang að samantektinni eins fljótt og auðið er að loknu viðtalinu og ævinlega áður en lögbær yfirvöld taka ákvörðun um það hvaða aðildarríki ber ábyrgð. Umsækjandanum skal gefinn kostur á að gera athugasemdir eða láta í té skýringar, munnlega eða skriflega, varðandi rangar þýðingar, misskilning eða önnur mistök sem kunna að vera í skriflegu samantektinni við lok einstaklingsviðtalsins eða innan tiltekens frests.

23. gr.

Atriði sem ólöggráða börnum skulu tryggð

1. Aðildarríki skulu hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi í tengslum við allar málsmeðferðir sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Málsmeðferðir þar sem um er að ræða ólöggráða börn skulu njóta forgangs.

2. Sérhvert aðildarríki, þar sem fylgdarlaust, ólöggráða barn er statt, skal tryggja að talsmaður komi fram fyrir hönd þess og aðstoði það í tengslum við viðeigandi málsmeðferðir sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Talsmaðurinn skal hafa þau úrræði, hæfi, þjálfun, sérþekkingu og sjálfstæði sem þarf til að tryggja að tillit sé tekið til hagsmuna barnsins við þær málsmeðferðir sem fram fara samkvæmt þessari reglugerð. Talsmaðurinn skal hafa aðgang að innihaldi viðkomandi skjala í skrá umsækjandans, þ.m.t. sérstaka upplýsingaefninu fyrir fylgdarlaus, ólöggráða börn, og skal halda fylgdarlausu, ólöggráða barninu upplýstu um framvindu málsmeðferðanna samkvæmt þessari reglugerð.

Þegar umsókn er lögð fram af einstaklingi sem heldur því fram að hann sé ólöggráða, eða hlutlægar ástæður eru til að ætla að svo sé, og viðkomandi er fylgdarlaus skulu lögbær yfirvöld:

- tilnefna, í þeim tilgangi að aðstoða ólöggráða barnið í málsmeðferðinni við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð, eins fljótt og auðið er og í öllum tilvikum tímanlega, einstakling með nauðsynlega færni og sérþekkingu til að aðstoða barnið til bráðabirgða og standa vörð um hagsmuni þess og almenna velferð og gera því þannig kleift að njóta réttinda sinna samkvæmt þessari reglugerð og, ef við á, til að koma fram sem talsmaður þess þar til búið er að tilnefna talsmann,
- tilnefna talsmann eins fljótt og unnt er og eigi síðar en fimmtán virkum dögum frá þeim degi þegar umsóknin er lögð fram.

Ef um er að ræða óhóflegan fjölda umsókna frá fylgdarlausum, ólöggráða börnum eða önnur undantekningartilvik, er heimilt að framlengja frestinn til að tilnefna talsmann, skv. b-lið annarrar undirgreinar, um tíu virka daga.

Komist lögbært yfirvald að þeirri niðurstöðu að umsækjandi, sem heldur því fram að hann sé ólöggráða, sé án nokkurs vafa eldri en átján ára skal því ekki skylt að tilnefna talsmann í samræmi við þessa málsgrein.

Skyldur talsmanns, eða einstaklingsins sem um getur í a-lið annarrar undirgreinar, skulu falla niður ef lögbær yfirvöld, að loknu aldursmatinu sem um getur í 1. mgr. 25. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348, gera ekki ráð fyrir að umsækjandinn sé ólöggráða barn eða telja að hann sé ekki ólöggráða barn, eða ef umsækjandinn er ekki lengur fylgdarlaust, ólöggráða barn.

Ef aðili er tilnefndur talsmaður skal hann skipa einstakling sem er falið að gegna skyldum hans gagnvart hinu ólöggráða barni. Fyrsta undirgrein skal gilda um þann einstakling.

Talsmaðurinn, sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein, má vera sami einstaklingur eða aðili og kveðið er á um í 23. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348.

3. Aðildarríkin skulu hafa talsmann fylgdarlauss, ólöggráða barns með í ráðum í gegnum alla málsmeðferðina við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð samkvæmt þessari reglugerð. Talsmaðurinn skal aðstoða fylgdarlausu, ólöggráða barnið við að veita upplýsingar sem skipta máli fyrir mat á því hvað er barninu fyrir bestu, í samræmi við 4. mgr., þ.m.t. að nýta réttinn til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, og skal styðja við samskipti þess við aðra aðila, s.s. aðila sem sjá um að leita upp fjölskyldur, eftir því sem við á í þeim tilgangi, að teknu tilhlýðilegu tilliti til trúnaðarskyldu gagnvart barninu.

4. Þegar lagt er mat á það hvað er barni fyrir bestu skulu aðildarríkin starfa náið saman og skulu einkum taka tilhlýðilegt tillit til eftirfarandi þátta:

- möguleika á fjölskyldusameiningu,
- velferðar og félagsþroska hins ólöggráða barns til skamms, meðallangs og langs tíma, þ.m.t. aðstæðna þar sem viðbótarþættir stuðla að viðkvæmri stöðu, s.s. áföll, sérstakar heilbrigðisþarfir eða fötlun, að teknu sérstöku tilliti til þjóðernislegs, trúarlegs og menningarlegs uppruna barnsins og tungumáls og með hliðsjón af þörfinni fyrir stöðugleika og samféllu í félagslegri umönnun og menntun,
- öryggissjónarmiða, einkum þar sem hætta er á að hið ólöggráða barn sé fórnarlamb hvers konar ofbeldis eða misneytingar, þ.m.t. mansals,
- álits hins ólöggráða barns, með hliðsjón af aldri þess og þroska,
- ef umsækjandinn er fylgdarlaust, ólöggráða barn, upplýsinga frá talsmanninum í aðildarríkinu þar sem barnið er statt,
- allra annarra ástæðna sem skipta máli við mat á því hvað er barninu fyrir bestu.

5. Áður en fylgdarlaust, ólöggráða barn er flutt skal aðildarríkið sem annast flutninginn tilkynna um það til aðildarríkisins sem ber ábyrgð eða tilflutningsaðildarríkisins, sem skal staðfesta að allar viðeigandi ráðstafanir, sem um getur í 16. og 27. gr. tilskipunar (ESB) 2024/1346 og 23. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348, verði gerðar án tafar, þ.m.t. tilnefning talsmanns í

aðildarríkinu sem ber ábyrgð eða tilflutningsaðildarríkinu. Áður en ákvörðun er tekin um flutning fylgdarlauss, ólögráða barns skal ætíð fara fram mat á því hvað er barninu fyrir bestu í hverju tilviki. Byggja skal matið á viðeigandi þáttum sem taldir eru upp í 4. mgr. þessarar greinar og niðurstöður mats á þessum þáttum skulu koma skýrt fram í ákvörðuninni um flutning. Matið skal framkvæmt án tafar af starfsfólki sem hlotið hefur viðeigandi þjálfun og hefur nauðsynlega menntun og hæfi og sérþekkingu til að tryggja að tekið sé tillit til þess sem er barninu fyrir bestu.

6. Að því er varðar beitingu 25. gr. skal aðildarríkið, þar sem umsókn fylgdarlauss, ólögráða barns um alþjóðlega vernd var fyrst skráð, grípa eins fljótt og auðið er til viðeigandi aðgerða til að bera kennsl á aðstandendur, systkini eða skyldmenni hins fylgdarlausa, ólögráða barns á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, jafnframt því að vernda hagsmuni barnsins.

Í því skyni geta aðildarríkin óskað eftir aðstoð alþjóðlegra eða annarra viðeigandi aðila og greitt fyrir aðgangi hins ólögráða barns að leitarþjónustu slíkra aðila.

Starfsfólk lögbæru yfirvaldanna, sem um getur í 52. gr., sem hefur til meðferðar beiðnir í tengslum við fylgdarlaus, ólögráða börn, skal fá viðeigandi þjálfun varðandi sérþarfir ólögráða barna sem máli skiptir varðandi beitingu þessarar reglugerðar.

7. Í því skyni að greiða fyrir viðeigandi aðgerð til að bera kennsl á aðstandendur eða skyldmenni fylgdarlauss, ólögráða barns sem býr á yfirráðasvæði annars aðildarríkis skv. 6. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir, þ.m.t. staðlað eyðublað til að skiptast á viðeigandi upplýsingum milli aðildarríkjanna. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 77. gr.

II. KAFLI

Viðmiðanir til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð

24. gr.

FORGANGSRÖÐ VIÐMIÐANA

1. Viðmiðunum, til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð, skal beitt í þeirri röð sem þær eru settar fram í þessum kafla.
2. Ákvarða skal hvaða aðildarríki beri ábyrgð í samræmi við viðmiðanirnar sem eru settar fram í þessum kafla á grundvelli þeirrar stöðu sem var þegar umsókn um alþjóðlega vernd var fyrst skráð hjá aðildarríki.

25. gr.

Fylgdarlaus, ólögráða börn

1. Ef umsækjandi er fylgdarlaust, ólögráða barn gilda aðeins þær viðmiðanir sem eru settar fram í þessari grein. Þessar viðmiðanir skulu gilda í þeirri röð sem þær eru settar fram í 2.–5. mgr.
2. Aðildarríkið þar sem aðstandandi eða systkini hins fylgdarlausa, ólögráða barns dvelur löglega, skal vera aðildarríkið sem ber ábyrgð, nema sýnt sé fram á að slíkt samræmist ekki hagsmunum barnsins. Ef ólögráða umsækjandi er giftur eða kvæntur og maki hlutaðeigandi dvelur ekki löglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna skal aðildarríkið þar sem faðir, móðir eða annar fullorðinn einstaklingur, sem ber ábyrgð á ólögráða barninu, hvort sem er samkvæmt lögum eða venju í viðkomandi aðildarríki, eða systkini þess, dvelur löglega vera aðildarríkið sem ber ábyrgð, nema sýnt sé fram á að slíkt samræmist ekki hagsmunum barnsins.
3. Ef umsækjandi er fylgdarlaust, ólögráða barn, sem á skyldmenni sem dvelur löglega í öðru aðildarríki og þar sem sýnt er fram á, á grundvelli sérstakrar skoðunar, að skyldmennið geti annast viðkomandi, skal það aðildarríki sameina barnið og skyldmenni þess og bera ábyrgðina, nema sýnt sé fram á að slíkt samræmist ekki hagsmunum barnsins.
4. Þar sem aðstandendur, systkini eða skyldmenni, eins og um getur í 2. og 3. mgr., dvelja í fleiri en einu aðildarríki skal ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð með hagsmuni barnsins að leiðarljósi.
5. Ef engir aðstandendur, systkini eða skyldmenni, eins og um getur í 2. og 3. mgr., eru fyrir hendi skal aðildarríkið, þar sem umsókn hins fylgdarlausa, ólögráða barns um alþjóðlega vernd var fyrst skráð, bera ábyrgðina, að því tilskildu að slíkt samræmist hagsmunum barnsins.
6. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 78. gr., að því er varðar:
 - a) að bera kennsl á aðstandendur, systkini eða skyldmenni fylgdarlausa, ólögráða barna,
 - b) viðmiðanir til að færa sönnur á að fjölskyldutengsl séu fyrir hendi,
 - c) viðmiðanir til að meta getu skyldmenna til að annast fylgdarlaust, ólögráða barn, þ.m.t. þar sem aðstandendur, systkini eða skyldmenni barnsins dvelja í fleiri en einu aðildarríki.

Þegar framkvæmdastjórnin beitir valdi sínu til að samþykkja framseldar gerðir skal hún halda sig innan marka þess sem best er fyrir barnið, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 23. gr.

7. Að því er varðar þessa grein skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum, koma á samræmdum aðferðum við samráð og skipti á upplýsingum milli aðildarríkja. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 77. gr.

26. gr.

Aðstandendur sem dvelja með löglegum hætti í aðildarríki

1. Eigi umsækjandi aðstandanda, sem hefur fengið leyfi til dvalar í aðildarríki sem einstaklingur sem nýtur alþjóðlegrar verndar eða sem býr í aðildarríki á grundvelli dvalarleyfis til langrar dvalar í samræmi við tilskipun ráðsins 2003/109/EB⁽⁴⁰⁾ eða dvalarleyfis til langrar dvalar sem veitt er í samræmi við landslög, ef sú tilskipun gildir ekki í

hlutaðeigandi aðildarríki, skal það aðildarríki bera ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingar hafi óskað þess skriflega.

2. Hafi aðstandanda áður verið heimiluð búseta sem einstaklingur sem nýtur alþjóðlegrar verndar en síðar orðið ríkisborgari í aðildarríki skal það aðildarríki bera ábyrgð á meðferð umsóknarinnar, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingar hafi óskað þess skriflega.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda einnig um börn sem fæddust eftir að aðstandandinn kom á yfirráðasvæði aðildarríkjanna.

27. gr.

Aðstandendur sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd

Eigi umsækjandi aðstandanda, sem enn bíður þess að fyrsta efnisákvörðun verði tekin um umsókn hans um alþjóðlega vernd í aðildarríki, skal það aðildarríki bera ábyrgð á meðferð umsóknarinnar um alþjóðlega vernd, að því tilskildu að viðkomandi einstaklingar hafi óskað þess skriflega.

28. gr.

Fjölskyldumálsmeðferð

Ef umsóknir nokkurra aðstandenda eða ógiftra, ólögráða systkina um alþjóðlega vernd eru skráðar í sama aðildarríki á sama tíma, eða á svo stuttum tíma að unnt sé að láta málsmeðferð við að ákvarða hvaða aðildarríki skuli bera ábyrgð fara fram samtímis, og ef beiting viðmiðananna, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, myndi leiða til aðskilnaðar þessara einstaklinga skal ákvörðun um hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsókna þeirra tekin eftir eftirfarandi rök:

- það aðildarríki sem samkvæmt viðmiðuninum ber ábyrgð á að taka yfir umsjá flestra þeirra,
- það aðildarríki sem samkvæmt viðmiðuninum ber ábyrgð á meðferð umsóknar þess sem elstur er í fjölskyldunni.

29. gr.

Útgáfa dvalarskjala eða vegabréfsáritana

1. Ef umsækjandi er handhafi gilds dvalarskjals skal aðildarríkið, sem gaf út skjalið, bera ábyrgð á meðferð umsóknar hans um alþjóðlega vernd.

2. Ef umsækjandi er handhafi gildrar vegabréfsáritunar skal aðildarríkið, sem gaf út vegabréfsáritunina, bera ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd nema það hafi gefið út vegabréfsáritunina fyrir hönd annars aðildarríkis samkvæmt samkomulagi um fyrirvar, eins og kveðið er á um í 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 810/2009. Í því tilviki skal aðildarríkið sem nýtur fyrirvars bera ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd.

3. Ef umsækjandi er handhafi fleiri en eins gilds dvalarskjals eða vegabréfsáritunar, sem gefin eru út af mismunandi aðildarríkjum, skal ákvörðun um hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd tekin eftir eftirfarandi rök:

- aðildarríkið, sem gaf út það dvalarskjal sem veitir rétt til lengstrar dvalar eða, ef gildistímabil eru jafnlöng, þá það aðildarríki sem gaf út dvalarskjalið sem síðast rennur út,
- ef fleiri en ein vegabréfsáritun er sömu gerðar, aðildarríkið sem gaf út vegabréfsáritunina sem síðast rennur út,
- ef vegabréfsáritanirnar eru ólíkrar gerðar, aðildarríkið sem gaf út vegabréfsáritun með lengstan gildistíma eða, ef gildistímabil eru jafnlöng, aðildarríkið sem gaf út vegabréfsáritunina sem síðast rennur út.

4. Ef umsækjandi er handhafi eins eða fleiri dvalarskjala, sem hafa runnið út eða sem voru ógilt, afturkolluð eða dregin til baka innan við þremur árum áður en umsóknin var skráð, eða einnar eða fleiri vegabréfsáritana sem hafa runnið út eða sem voru ógiltar, afturkallaðar eða dregnar til baka innan við 18 mánuðum áður en umsóknin var skráð, gilda 1., 2. og 3. mgr.

5. Hafi dvalarskjal eða vegabréfsáritun verið gefin út til handa einhverjum sem gaf upp falskt nafn eða nafn annars manns eða lagði fram frumfölsuð, grunnfölsuð eða ógild skjöl skal það ekki koma í veg fyrir að aðildarríkið sem gaf út það dvalarskjal eða vegabréfsáritun beri ábyrgð. Þó skal aðildarríkið sem gaf út dvalarskjalið eða vegabréfsáritunina ekki bera ábyrgð ef það getur sannað að svik hafi átt sér stað eftir útgáfu skjalsins eða vegabréfsáritunarinnar.

30. gr.

Prófskírteini eða aðrar staðfestingar á menntun og hæfi

1. Ef umsækjandi er handhafi prófskírteinis eða staðfestingar á menntun og hæfi, sem gefin er út af menntastofnun með staðfestu í aðildarríki, skal það aðildarríki bera ábyrgð á meðferð umsóknar hans um alþjóðlega vernd, að því tilskildu að umsóknin sé skráð innan sex ára frá útgáfu prófskírteinisins eða staðfestingarinnar um menntun og hæfi.

2. Ef umsækjandi er handhafi fleiri en eins prófskírteinis eða staðfestingar á menntun eða hæfi, sem gefin eru út af menntastofnunum í mismunandi aðildarríkjum, skal aðildarríkið sem gaf út prófskírteinið eða staðfestinguna um menntun eða hæfi eftir lengsta námstímann bera ábyrgð á meðferð umsóknarinnar um alþjóðlega vernd eða, ef námstímabil eru jafnlöng, það aðildarríki þar sem viðkomandi hlaut síðast prófskírteini eða staðfestingu á menntun og hæfi.

31. gr.

Koma eftir að kvöð um vegabréfsáritun hefur verið felld niður

1. Komi ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna í gegnum aðildarríki þar sem kvöð um vegabréfsáritun hefur verið felld niður, ber það aðildarríki ábyrgð á meðferð umsóknar viðkomandi um alþjóðlega vernd.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef umsókn ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslauss einstaklings um alþjóðlega vernd er skráð í öðru aðildarríki þar sem kvöð um að viðkomandi hafi vegabréfsáritun til að komast inn á yfirráðsvæðið hefur einnig verið felld niður. Í því tilviki skal síðarnefnda aðildarríkið bera ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd.

32. gr.

Umsókn á alþjóðlegu gegnumferðarsvæði flughafnar

Ef umsókn um alþjóðlega vernd er lögð fram á alþjóðlegu gegnumferðarsvæði flughafnar í aðildarríki, ber það aðildarríki ábyrgð á meðferð umsóknarinnar.

33. gr.

Koma

1. Ef fastsett hefur verið, á grundvelli sannana eða sannana sem byggðar eru á líkum, eins og lýst er í skránum sem um getur í 4. mgr. 40. gr. þessarar reglugerðar, þ.m.t. gagna sem um getur í reglugerð (ESB) 2024/1358, að umsækjandi hafi komið ólöglega yfir landamæri aðildarríkis á landi, sjó eða í lofti frá þriðja landi skal fyrsta aðildarríkið sem umsækjandi kemur inn í bera ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd. Ábyrgð þessi fellur niður ef umsóknin er skráð meira en 20 mánuðum eftir að farið var yfir landamærin.

2. Ef fastsett hefur verið, á grundvelli sannana eða sannana sem byggðar eru á líkum, eins og lýst er í skránum sem um getur í 4. mgr. 40. gr. þessarar reglugerðar, þ.m.t. gagna sem um getur í reglugerð (ESB) 2024/1358, að umsækjandi hafi verið fluttur frá borði á yfirráðsvæði aðildarríkis í kjölfar leitar- og björgunaraðgerðar skal það aðildarríki, þrátt fyrir fyrstu málsgrein þessarar greinar, bera ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd. Ábyrgð þessi fellur niður ef umsóknin er skráð meira en 12 mánuðum eftir að viðkomandi var fluttur frá borði.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. þessarar greinar gilda ekki ef unnt er að fastsetja, á grundvelli sannana eða sannana sem byggðar eru á líkum, eins og lýst er í skránum sem um getur í 4. mgr. 40. gr. þessarar reglugerðar, þ.m.t. gagna sem um getur í reglugerð (ESB) 2024/1358, tilflutning umsækjandans til annars aðildarríkis skv. 67. gr. þessarar reglugerðar eftir að hafa farið yfir landamærin. Í því tilviki skal síðarnefnda aðildarríkið bera ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd.

III. KAFLI

Einstaklingar á framfæri annarra og ákvæði um ákvörðunarrétt

34. gr.

Einstaklingar á framfæri annarra

1. Ef umsækjandi er, sakir meðgöngu, þess að hann á nýfætt barn, alvarlegra andlegra eða líkamlegra veikinda, mikillar fötlunar, alvarlegs sálræns áfalls eða elli, háður aðstoð barns síns, systkinis eða foreldris, sem er með lagalega búsetu í einu aðildarríkjanna, eða ef barn hans, systkini eða foreldri, sem er með lagalega búsetu í einu aðildarríkjanna, er háð aðstoð umsækjanda skulu aðildarríkin að jafnaði halda saman eða sameina umsækjanda og viðkomandi barn, systkini eða foreldri, að því tilskildu að fjölskyldutengsl hafi verið til staðar áður en umsækjandinn kom inn á yfirráðsvæði aðildarríkisins, að barnið, systkinið, foreldrið eða umsækjandi hafi getu til að annast viðkomandi einstakling og að viðkomandi einstaklingar hafi, eftir að hafa verið upplýstir um þennan möguleika, óskað þess skriflega.

Ef vísbendingar eru um að barn, systkini eða foreldri hafi lagalega búsetu á yfirráðsvæði aðildarríkis þar sem einstaklingur, sem er öðrum háður, er staddur skal aðildarríkið ganga úr skugga um hvort barnið, systkinið eða foreldrið geti annast viðkomandi einstakling áður en beiðni um að einstaklingurinn sé tekinn í umsjá er lögð fram skv. 39. gr.

2. Ef barn, systkini eða foreldri, sem um getur í 1. mgr., er með lagalega búsetu í öðru aðildarríki en því sem umsækjandi er staddur í, skal aðildarríkið þar sem barnið, systkinið eða foreldrið er með lagalega búsetu bera ábyrgðina nema heilsa umsækjanda komi í veg fyrir að hann geti ferðast til þess aðildarríkis í umtalsverðan tíma. Í því tilviki skal aðildarríkið, þar sem umsækjandi er staddur, bera ábyrgð. Því aðildarríki ber ekki skylda til að sameina barn, systkini eða foreldri og umsækjanda á yfirráðsvæði sínu.

3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykka framseldar gerðir, í samræmi við 78. gr., að því er varðar:

- þætti sem taka þarf tillit til við mat á framfærslutengslum,
- viðmiðanir til að færa sönnur á að fjölskyldutengsl séu fyrir hendi,
- viðmiðanir til að meta getu einstaklings til að annast einstakling á framfæri,
- þætti sem taka þarf tillit til við mat á því hvort viðkomandi einstaklingur sé ófær um að ferðast í umtalsverðan tíma.

4. Framkvæmdastjórnin skal með framkvæmdargerðum koma á samræmdum aðferðum við samráð og skipti á upplýsingum milli aðildarríkja að því er varðar þessa grein. Samþykkinga skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 77. gr.

35. gr.

Ákvæði um ákvörðunarrétt

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 16. gr. er hverju aðildarríki heimilt að taka til meðferðar umsókn um alþjóðlega vernd sem ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslauss einstaklingur hefur látið skrá hjá því, jafnvel þótt það beri ekki ábyrgð á slíki meðferð samkvæmt viðmiðunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

2. Aðildarríki, þar sem umsókn um alþjóðlega vernd er skráð og þar sem yfir stendur málsmeðferð til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð, eða aðildarríkið sem ber ábyrgðina, mega hvenær sem er áður en fyrsta efnisákvörðun hefur verið tekin,

fara fram á að annað aðildarríki taki yfir umsjá með umsækjanda í því skyni að sameina fólk sem tengt er fjölskylduböndum, af mannúðarástæðum sem byggjast einkum á þýðingarmiklum tengslum er varða fjölskyldu eða félags- eða menningarlegum sjónarmiðum, jafnvel þótt hitt aðildarríkið beri ekki ábyrgð samkvæmt þeim viðmiðunum sem mælt er fyrir um í 25.–28. gr. og í 34. gr. Viðkomandi einstaklingar skulu skriflega gefa samþykki sitt þess efnis.

Beiðni um að einstaklingur sé tekinn í umsjá skal innihalda allt það efni sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, hefur með höndum til að gera aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, kleift að meta stöðuna.

Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal gera nauðsynlegar kannanir til að rannsaka mannúðarástæðurnar sem um getur í beiðninni og svara aðildarríkinu, sem leggur fram beiðnina, innan tveggja mánaða frá viðtöku beiðninnar í gegnum rafræna fjarskiptanetið sem komið var á fót með 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1560/2003. Sé beiðninni synjað skulu ástæður synjunarinnar koma fram í henni.

IV. KAFLI

Skyldur aðildarríkisins sem ber ábyrgð

36. gr.

Skyldur aðildarríkisins sem ber ábyrgð

- Aðildarríki, sem ber ábyrgð samkvæmt þessari reglugerð, skal vera skuldbundið til að:
 - taka yfir umsjá, samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 39., 40. og 46. gr., einstaklings sem er með skráða umsókn í öðru aðildarríki,
 - taka aftur við, samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 41. og 46. gr. þessarar reglugerðar, umsækjanda eða ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi sem það aðildarríki hefur verið tilgreint sem ábyrgt fyrir skv. 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358,
 - taka aftur við, samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 41. og 46. gr. þessarar reglugerðar, einstaklingi sem þegar hafði verið tekið við, sem hefur lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd eða dvelur ólöglega í öðru aðildarríki en því sem samþykkti að taka við honum í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1350 eða sem veitti alþjóðlega vernd eða réttarstöðu á grundvelli mannúðar samkvæmt landbundnu endurbúsetukerfi.
 - Að því er þessa reglugerð varðar skal ekki vera mögulegt að aðgreina stöðu ólögráða barns, sem er í fylgd umsækjanda og fellur undir skilgreiningu á aðstandanda, frá stöðu aðstandanda þess og skal aðildarríkið, sem ber ábyrgð á meðferð umsóknar þess aðstandanda um alþjóðlega vernd, taka ólögráða barnið í umsjá eða taka við því aftur án þess að þörf sé á skriflegu samþykki viðkomandi, jafnvel þótt ólögráða barnið sé ekki umsækjandi sjálf, nema sýnt sé fram á að slíkt samræmist ekki hagsmunum barnsins. Sama á við um börn sem fædd eru eftir að umsækjandi kemur á yfirráðasvæði aðildarríkjanna án þess að hefja þurfi nýja málsmeðferð varðandi umsjá þeirra.
- Þrátt fyrir kröfuna um skriflegt samþykki, sem kveðið er á um í 26. gr., er ekki gerð krafa um skriflegt samþykki viðkomandi einstaklinga þegar hafin er ný málsmeðferð vegna umsjár ólögráða barns gagnvart því aðildarríki sem tilgreint er sem aðildarríkið sem ber ábyrgð skv. 26. gr., nema sýnt sé fram á að flutningurinn til aðildarríkisins sem ber ábyrgð samræmist ekki hagsmunum barnsins.
- Við þær aðstæður sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar skal aðildarríkið sem ber ábyrgð taka til meðferðar eða ljúka meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1348.

37. gr.

Ábyrgð fellur niður

- Ef aðildarríki gefur út dvalarskjal til handa umsækjanda, ákveður að beita 35. gr., telur að það samræmist ekki hagsmunum barnsins að flytja fylgdarlaust, ólögráða barn til aðildarríkisins sem ber ábyrgð eða flytur ekki viðkomandi einstakling til aðildarríkisins sem ber ábyrgð innan frestsins sem settur er fram í 46. gr., skal það aðildarríki verða aðildarríkið sem ber ábyrgð og skyldumar sem mælt er fyrir um í 36. gr. færast til þess. Þar sem við á skal það upplýsa aðildarríkið sem áður bar ábyrgð, aðildarríkið sem fer með málsmeðferð til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð, eða aðildarríkið sem beið hefur verið um að taka umsækjandann í umsjá eða sem fengið hefur tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi, í gegnum rafræna fjarskiptanetið sem komið var á fót með 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1560/2003.
- Aðildarríkið sem tekur við ábyrgðinni samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal tilgreina að það sé orðið aðildarríkið sem ber ábyrgð skv. 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358.
- Í kjölfar meðferðar á umsókn í málsmeðferð við landamæri samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1348 skulu skyldumar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 36. gr. þessarar reglugerðar, falla niður 15 mánuðum eftir að ákvörðun um að synja umsókn sem ótækri, tilhæfulausri eða bersýnilega tilhæfulausri, að því er varðar réttarstöðu flóttamanns eða réttarstöðu vegna viðbótarverndar, eða ákvörðun um að telja að umsókn hafi verið dregin til baka með beinum eða óbeinum hætti, er orðin endanleg.
- Litið skal á umsókn sem skráð er eftir tímabilið sem um getur í fyrstu undirgrein sem nýja umsókn að því er varðar þessa reglugerð, sem leiðir til nýrrar málsmeðferðar til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð.
- Ef einstaklingur sækir um alþjóðlega vernd í öðru aðildarríki innan 15 mánaða tímabilsins, sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. þessarar greinar, og málsmeðferð um að taka aftur við einstaklingi er ólokið þegar 15 mánaða tímabilið rennur út skal ábyrgðin, þrátt fyrir þá undirgrein, ekki falla niður fyrr en þeirri málsmeðferð um að taka aftur við einstaklingi er lokið eða frestimir fyrir aðildarríkið, sem annast flutninginn, til að framkvæma hann í samræmi við 46. gr., eru útrunnir.
 - Skyldumar, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 36. gr. þessarar reglugerðar, skulu falla niður ef aðildarríkið sem ber ábyrgð sannar, á grundvelli gagna sem eru skráð og geymd í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/2226 eða annarra sönnunargagna, að

viðkomandi einstaklingur hafi yfirgefið yfirlýðingarsvæði aðildarríkjanna um a.m.k. níu mánaða skeið, nema hann hafi undir höndum gilt dvalarskjal, gefið út af aðildarríkinu sem ber ábyrgð.

Litið skal á umsókn, sem skráð er eftir fjarverutímabilið sem um getur í fyrstu undirgrein, sem nýja umsókn að því er varðar þessa reglugerð, sem leiðir til nýrrar málsmeðferðar til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð.

5. Skyldan, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 36. gr. þessarar reglugerðar, til að taka aftur við ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi skal falla niður þegar staðfest er, á grundvelli uppfærslu gagnamengisins sem um getur í d-lið 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358, að viðkomandi einstaklingur hafi yfirgefið yfirlýðingarsvæði aðildarríkjanna, nauðugur eða viljugur, í samræmi við endursendingarákvörðun eða skipun um brottvísun sem gefin var út í kjölfar þess að umsókn var dregin til baka eða henni synjað.

Litið skal á umsókn, sem skráð er eftir að brottflutningur eða sjálfviljug heimför hefur farið fram, sem nýja umsókn að því er varðar þessa reglugerð, sem leiðir til nýrrar málsmeðferðar til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð.

V. KAFLI

Málsmeðferðir

I. ÞÁTTUR

Upphaf málsmeðferðar

38. gr.

Upphaf málsmeðferðar

1. Aðildarríkið þar sem umsókn um alþjóðlega vernd er fyrst skráð samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1348 eða, eftir atvikum, tilflutningsaðildarríkið, skal tafarlaust hefja málsmeðferðina til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð.

2. Hlaupist umsækjandinn á brott skal aðildarríkið þar sem umsókn er fyrst skráð eða, eftir atvikum, tilflutningsaðildarríkið halda áfram málsmeðferðinni til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð.

3. Aðildarríkið sem fór með málsmeðferðina til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð eða sem tók við ábyrgðinni skv. 4. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar, skal tafarlaust tilgreina í evrópska fingrafaragrunninum skv. 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358:

- ábyrgð sína skv. 2. mgr. 16. gr.,
- ábyrgð sína skv. 3. mgr. 16. gr.,
- ábyrgð sína skv. 4. mgr. 16. gr.,
- ábyrgð sína vegna þess að það virti ekki frestina sem mælt er fyrir um í 39. gr.,
- ábyrgð aðildarríkisins sem hefur samþykkt beiðni um að taka yfir umsjá umsækjandans skv. 40. gr.,
- ábyrgð sína skv. 3. mgr. 68. gr.

Þar til slíkur upplýsingum hefur verið bætt við gilda málsmeðferðirnar í 4. mgr. þessarar greinar.

4. Aðildarríkið sem tekur ákvörðunina skal, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 41. og 46. gr., taka aftur við umsækjanda, sem er staddur í öðru aðildarríki án dvalarskjals, eða sem leggur þar fram umsókn um alþjóðlega vernd á meðan málsmeðferð til að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð stendur yfir.

Þessi kvöð fellur niður ef aðildarríkið sem tekur ákvörðunina kemst að þeirri niðurstöðu að umsækjandi hafi fengið dvalarskjal frá öðru aðildarríki.

5. Ef umsækjandi er staddur í aðildarríki án dvalarskjals eða leggur þar fram umsókn um alþjóðlega vernd eftir að annað aðildarríki hefur staðfest tilflutning viðkomandi einstaklings skv. 9. mgr. 67. gr. og áður en flutningur til tilflutningsaðildarríkisins á sér stað skv. 11. mgr. 67. gr., skal það ríki taka við honum aftur með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 41. og 46. gr. Þessi kvöð fellur niður ef tilflutningsaðildarríkið kemst að þeirri niðurstöðu að umsækjandi hafi fengið dvalarskjal frá öðru aðildarríki.

II. ÞÁTTUR

Málsmeðferð beiðna um að einstaklingur sé tekinn í umsjá

39. gr.

Beiðni lögð fram um að einstaklingur sé tekinn í umsjá

1. Ef aðildarríki, sem um getur í 1. mgr. 38. gr., telur að annað aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknarinnar skal það, tafarlaust og ávallt innan tveggja mánaða frá þeim degi sem umsóknin var skráð, fara fram á að hitt aðildarríkið taki yfir umsjá umsækjandans. Aðildarríki skulu setja í forgang beiðnir sem eru lagðar fram á grundvelli 25.–28. gr. og 34. gr.

Ef jákvæð niðurstaða fæst í evrópska fingrafaragrunninum við gögn, sem skráð eru skv. 22. og 24. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358 eða í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir við gögn, sem skráð eru skv. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008, skal beiðnin um að einstaklingur sé tekinn í umsjá, þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, send innan eins mánaðar frá því að slík niðurstaða barst.

Ef beiðni um að umsækjandi verði tekinn í umsjá er ekki lögð fram innan þeirra fresta sem mælt er fyrir um í fyrstu og annarri undirgrein skal aðildarríkið, þar sem umsóknin var skráð, bera ábyrgð á meðferð umsóknarinnar um alþjóðlega vernd.

Ef umsækjandinn er fylgdarlaust, ólögráða barn skal aðildarríkið sem tekur ákvörðunina, hvenær sem er áður en fyrsta efnisákvörðun hefur verið tekin, ef það telur að það sé barninu fyrir bestu, halda áfram málsmeðferðinni til að ákvarða hvaða

aðildarríki beri ábyrgð og fara fram á að annað aðildarríki taki yfir umsjá umsækjandans, einkum ef beiðnin byggist á 26., 27. eða 34. gr., þrátt fyrir að frestirnir, sem mælt er fyrir um í fyrstu og annarri undirgrein þessarar málsgreinar, séu útrunnir.

2. Aðildarríkið sem leggur fram beiðni getur farið fram á að fá svar í skyndi ef umsóknin um alþjóðlega vernd var skráð eftir að ákvörðun um að synja um komu eða endursendingarákvörðun var gefin út.

Í beiðninni skulu koma fram ástæður þess að svar þurfi að berast í skyndi og innan hvaða frests óskað er eftir svári. Fresturinn skal vera a.m.k. ein vika.

3. Beiðni um að einstaklingur sé tekinn í umsjá skal innihalda skýran og ítarlegan rökstuðning, sem byggist á öllum aðstæðum málsins, þ.m.t. viðeigandi atriðum úr yfirlýsingu umsækjandans, með tilliti til viðeigandi viðmiðana sem sett eru fram í II. kafla og, eftir atvikum, sniðmátsins sem um getur í 1. mgr. 22. gr. Beiðnin skal lögð fram á stöðluðu eyðublaði ásamt sönnunum eða sönnunum byggðum á líkum, eins og lýst er í skránum sem um getur í 4. mgr. 40. gr., eða öðrum viðeigandi gögnum eða upplýsingum sem réttlæta beiðnina og gera yfirvöldum aðildarríkisins, sem beiðninni er beint til, kleift að kanna hvort það beri ábyrgð í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, koma á samræmdum aðferðum við undirbúning og framlagningu beiðna um að einstaklingur sé tekinn í umsjá. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 77. gr.

40. gr.

Svar við beiðni um að einstaklingur sé tekinn í umsjá

1. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal gera nauðsynlegar kannanir og svara beiðninni um að taka umsækjanda í umsjá án tafar og í öllum tilvikum innan eins mánaðar frá móttöku hennar. Aðildarríki skulu setja í forgang beiðnir sem eru lagðar fram á grundvelli 25.–28. gr. og 34. gr. Í því skyni getur aðildarríkið sem beiðni er beint til óskað eftir aðstoð frá landsbundnum, alþjóðlegum eða öðrum viðeigandi aðilum við að staðfesta þær sannanir og sannanir byggðar á líkum sem aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, leggur fram, einkum að því er varðar að bera kennsl á og leita uppi aðstandendur.

2. Ef jákvæð niðurstaða fæst í evrópska fingrafaragrunninum við gögn, sem skráð eru skv. 22. og 24. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358 eða í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir við gögn, sem skráð eru skv. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008, skal aðildarríkið sem beiðni er beint til, þrátt fyrir fyrstu 1. mgr., svara beiðninni innan tveggja vikna frá viðtöku hennar.

3. Í málsmeðferðinni við að ákveða hvaða aðildarríki beri ábyrgð skal notast við sannanir eða sannanir, byggðar á líkum.

4. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, láta vinna tvær skrár og endurskoða þær reglulega, yfir viðeigandi sannanir eða sannanir byggðar á líkum, í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í annarri og þriðju undirgrein þessarar málsgreinar. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 77. gr.

Að því er varðar fyrstu undirgrein er með sönnunum átt við fornlegar sannanir sem ákvarða ábyrgð samkvæmt þessari reglugerð, að því tilskildu að þær séu ekki hraktar með sönnunum um hið gagnstæða. Aðildarríkin skulu sjá framkvæmdastjórninni fyrir fyrirmyndum að mismunandi gerðum opinberra skjala í samræmi við flokkun sem komið er á í skránni yfir fornlegar sannanir.

Að því er varðar fyrstu undirgrein er með sönnunum, byggðum á líkum, átt við leiðbeinandi þætti sem, þrátt fyrir að vera hrekjanlegir, kunna að vera fullnægjandi vegna sönnunargildis þeirra. Sönnunargildi sannana, byggðra á líkum í tengslum við ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd skal metið í hverju tilviki fyrir sig.

5. Krafan um sannanir og sannanir, byggðar á líkum má ekki vera meiri en nauðsynlegt er fyrir rétta beitingu þessarar reglugerðar.

6. Aðildarríkið, sem beiðni er beint til, skal viðurkenna ábyrgð sína að því tilskildu að sannanir, byggðar á líkum, séu samfelldar, sannreynanlegar og nægilega ítarlegar til að ákvarða hvar ábyrgðin liggur.

Ef beiðni er lögð fram á grundvelli 25.–28. gr. og 34. gr. og aðildarríkið, sem beiðninni er beint til, telur að sannanir, byggðar á líkum, séu ekki samfelldar, sannreynanlegar og nægilega ítarlegar til að ákvarða hvar ábyrgðin liggir, skal það setja fram rökstuðning fyrir því í svarinu sem um getur í 8. mgr. þessarar greinar.

7. Hafi aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, farið fram á að fá svar í skyndi skv. 2. mgr. 39. gr. skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, svara innan tilskilins frests eða að öðrum kosti innan tveggja vikna frá því að beiðnin berst.

8. Andmæli aðildarríkið, sem beiðni er beint til, ekki beiðninni innan eins mánaðar tímabilsins sem sett er fram í 1. mgr. þessarar greinar eða, eftir atvikum, innan tveggja vikna tímabilsins sem sett er fram í 2. og 7. mgr. þessarar greinar, í svári með rökstuddum ástæðum, sem byggjast á öllum aðstæðum málsins með tilliti til viðeigandi viðmiðana sem sett eru fram í II. kafla, skal það, að ekki sé andmælt, talið jafngilda því að beiðnin hafi verið samþykkt og hefur það í för með skyldu til að taka einstaklinginn í umsjá, þ.m.t. að gera viðeigandi ráðstafanir við komu. Rökstuddu ástæðurnar skulu studdar sönnunum og sönnunum, byggðum á líkum, ef þær liggja fyrir.

Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, útbúa staðlað eyðublað fyrir svör með rökstuddum ástæðum samkvæmt þessari grein. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 77. gr.

III. ÞÁTTUR

Málsmeðferð tilkynninga um að taka beri aftur við einstaklingi

41. gr.

Tilkynning um að taka beri aftur við einstaklingi lögð fram

- Við aðstæður sem um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 36. gr. skal aðildarríkið, þar sem einstaklingur er staddur, þegar í stað senda tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi og í öllu falli innan tveggja vikna frá því að jákvæð niðurstaða fæst í evrópska fingrafaragrunninum. Þótt tilkynning um að taka beri aftur við einstaklingi sé ekki send innan þessa frests hefur það ekki áhrif á þá skyldu aðildarríkisins, sem ber ábyrgð, að taka aftur við viðkomandi einstaklingi.
- Tilkynning um að taka beri aftur við einstaklingi skal lögð fram á stöðluðu eyðublaði ásamt sönnunum eða sönnunum, byggðum á líkum, eins og lýst er í skránum sem um getur í 4. mgr. 40. gr. eða viðeigandi þáttum í yfirlýsingum viðkomandi einstaklings.
- Aðildarríkið sem fær tilkynninguna skal staðfesta móttöku hennar við aðildarríkið sem lagði hana fram innan tveggja vikna nema aðildarríkið sem fær tilkynninguna sýni fram á, innan þessa frests, að það beri ekki ábyrgð skv. 37. gr. eða að tilkynningin um að taka beri aftur við einstaklingi byggist á röngum upplýsingum um hvaða aðildarríki beri ábyrgð samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1358.
- Ef ekki er brugðist við innan tveggja vikna frestsins sem settur er fram í 3. mgr. er það talið jafngilda staðfestingu á móttöku tilkynningarinnar.
- Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, koma á samræmdum aðferðum við undirbúning og framlagningu tilkynninga um að taka beri aftur við einstaklingi. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 77. gr.

IV. ÞÁTTUR

Réttarfarsreglur

42. gr.

Ákvörðun um flutning tilkynnt

- Aðildarríkið sem tekur ákvörðun og sem lagt hefur fram beiðni um að umsækjandi, sem um getur í a-lið 1. mgr. 36. gr., sé tekinn í umsjá, er hefur verið samþykkt, eða sem sent hefur tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi varðandi einstaklinga sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 36. gr., skal taka ákvörðun um flutning innan tveggja vikna frá samþykki eða staðfestingu.
- Þegar aðildarríkið, sem beiðninni er beint til eða sem fær tilkynninguna, samþykkir að taka umsækjanda í umsjá eða staðfestir að það muni taka aftur við einstaklingi, sem um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 36. gr., skal aðildarríkið, sem annast flutninginn, tilkynna hlutaðeigandi einstaklingi skriflega um þá ákvörðun að flytja hann til aðildarríkisins sem ber ábyrgð, á eðlilegu máli og án tafar og, eftir atvikum, um þá staðreynd að það muni ekki taka umsókn hans um alþjóðlega vernd til meðferðar, um fresti til að annast flutninginn og þá skyldu að hlíta ákvörðuninni skv. 5. mgr. 17. gr.
- Ef lögfræðingur eða annar ráðgjafi, sem hefur hlotið viðurkenningu eða leyfi til að starfa sem slíkur samkvæmt landslögum, er lagalegur málsvari hlutaðeigandi einstaklings, er aðildarríkjunum heimilt að tilkynna slíkum lögfræðingi eða ráðgjafa um ákvörðunina, sem um getur í 1. mgr., í stað hlutaðeigandi einstaklings og, eftir atvikum, skýra hlutaðeigandi einstaklingi frá ákvörðuninni.
- Í ákvörðuninni, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skulu einnig koma fram upplýsingar um lagaleg úrræði sem standa til boða skv. 43. gr., þ.m.t. rétt til að óska eftir áhrifum til frestunar, og tundaður frestur til að leita slíkra úrræða og fresturinn til að flytja viðkomandi, og ef nauðsyn ber til, upplýsingar um hvar og hvenær hlutaðeigandi einstaklingur á að mæta ef hann ferðast á eigin vegum til aðildarríkisins sem ber ábyrgð.

Aðildarríkin skulu tryggja að með ákvörðuninni, sem um getur í 1. mgr., séu hlutaðeigandi einstaklingi veittar upplýsingar um einstaklinga eða aðila sem geta veitt honum lögfræðiaðstoð nema þessar upplýsingarnar hafi þegar verið látnar í té.

- Njóti hlutaðeigandi einstaklingur ekki lagalegs fyrirsvars lögfræðings eða annars ráðgjafa, sem hefur hlotið viðurkenningu eða leyfi til að starfa sem slíkur samkvæmt landslögum, skulu aðildarríkin veita honum upplýsingar um meginatriði ákvörðunarinnar og skulu þau fela í sér upplýsingar um lagaleg úrræði sem standa til boða og fresti til að leita slíkra úrræða, á tungumáli sem hlutaðeigandi einstaklingur skilur eða sem raunhæft er að ætla að hann skilji.

43. gr.

Úrræði

- Umsækjandi eða annar einstaklingur, eins og um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 36. gr., skal eiga rétt til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns, í formi kæru eða endurskoðunar fyrir dómstóli á málsatvikum og lagaatriðum vegna ákvörðunar um flutning.

Umfang slíks úrræðis skal takmarkast við mat á:

- hvort flutningurinn myndi skapa raunverulega hættu á ómannlegri eða vanvirðandi meðferð, í skilningi 4. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi, fyrir viðkomandi einstakling,
- hvort aðstæður hafi komið upp eftir ákvörðunina um flutning sem hafa úrslitáþýðingu fyrir rétta beitingu þessarar reglugerðar,

c) hvort brotið hafi verið gegn ákvæðum 25.–28. gr. og 34. gr., í tilviki einstaklinga sem teknir eru í umsjá skv. a-lið 1. mgr. 36. gr.

2. Aðildarríki skulu kveða á um a.m.k. einnar viku en eigi meira en þriggja vikna frest fyrir hlutaðeigandi einstakling til að nýta rétt sinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns skv. 1. mgr. eftir að tilkynnt er um ákvörðun um flutning.

3. Hlutaðeigandi einstaklingur skal hafa rétt til að fara fram á, innan hæfilegs frests frá því að honum er tilkynnt um ákvörðunina um flutning en þó aldrei lengur en sem nemur þeim fresti sem aðildarríki kveða á um skv. 2. mgr., að dómstóll fresti framkvæmd ákvörðunar um flutning meðan beiðni er niðurstöðu kærunnar eða endurskoðunarinnar. Aðildarríkin geta kveðið á um það í landslögum að beiðni um að fresta framkvæmd ákvörðunar um flutning verði að leggja fram ásamt kærunni skv. 1. mgr. Aðildarríkin skulu tryggja að raunhæft úrræði til að leita réttar síns sé fyrir hendi með því að fresta flutningi uns ákvörðun hefur verið tekin um fyrstu frestunardeiðina. Sérhver ákvörðun um hvort fresta beri framkvæmd ákvörðunar um flutning skal tekin innan eins mánaðar frá því að lögbærum dómstól barst beiðni þess efnis.

Hafi hlutaðeigandi einstaklingur ekki nýtt sér rétt sinn til að óska eftir áhrifum til frestunar skal áfrýjun eða endurskoðun ákvörðunar um flutning ekki fresta framkvæmd ákvörðunarinnar.

Rökstyðja skal ákvörðun um að fresta ekki framkvæmd ákvörðunar um flutning.

Ef áhrif til frestunar eru veitt skal dómstóllinn leitast við að taka efnislega ákvörðun um kæruna eða endurskoðunina innan eins mánaðar frá ákvörðuninni um áhrif til frestunar.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að hlutaðeigandi einstaklingur hafi aðgang að lögfræðiaðstoð og, ef nauðsyn krefur, tungumálaaðstoð.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að einstaklingum sé séð fyrir lögfræðiaðstoð og málsvara við kærumeðferð án endurgjalds, sé þess óskað, hafi hlutaðeigandi einstaklingur ekki efni á henni. Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að einstaklingar sem falla undir þessa reglugerð skuli ekki fá hagstæðari meðferð, að því er varðar gjöld og annan kostnað, en ríkisborgarar landsins fá almennt í málum er lúta að lögfræðiaðstoð og fyrirsvári.

Aðildarríkjunum er heimilt að kveða á um að ekki skuli veitt lögfræðiaðstoð eða séð fyrir málsvara endurgjaldslaust ef lögbæra yfirvaldið eða dómstóll telur engar raunhæfar líkur á að kærana eða endurskoðunin beri árangur, að því tilskildu að það hafi ekki í för með sér geðþóttabundnar takmarkanir á lögfræðiaðstoð og fyrirsvári.

Ef annað yfirvald en dómstóll tekur ákvörðun um að veita ekki lögfræðiaðstoð og sjá viðkomandi fyrir málsvara endurgjalds-laust samkvæmt annarri undirgrein, skulu aðildarríki sjá til þess að viðkomandi hafi raunhæft úrræði fyrir dómstóli til að vefengja þá ákvörðun. Ef ákvörðunin er vefengd skal úrræðið vera óaðskiljanlegur hluti af úrræðinu sem um getur í 1. mgr.

Aðildarríkin skulu tryggja að ekki séu geðþóttabundnar takmarkanir á lögfræðiaðstoð og málsvara og að ekki sé staðið í vegi fyrir skilvirkum aðgangi hlutaðeigandi einstaklings að réttarkerfinu.

Lögfræðiaðstoð skal a.m.k. taka til undirbúnings tilskilinna málskjála. Lagalegt fyrirsvár skal a.m.k. taka til fyrirsvars fyrir dómstóli og kann að vera takmarkað við lögfræðinga eða ráðgjafa sem sérstaklega eru tilnefndir samkvæmt landslögum til að veita lögfræðiaðstoð og fyrirsvár.

Í landslögum skal mæla fyrir um málsmeðferðarreglur um aðgang að lögfræðiaðstoð og fyrirsvári.

V. ÞÁTTUR

Varðhald vegna flutnings

44. gr.

Varðhald

1. Aðildarríki skulu ekki halda neinum í varðhaldi af þeirri ástæðu einni að hann sætir málsmeðferðinni sem komið er á með þessari reglugerð.

2. Ef hætta er talin á að viðkomandi hlaupist á brott eða ef þess gerist þörf til að vernda þjóðaröryggi eða allsherjarreglu geta aðildarríkin hneppt hlutaðeigandi einstakling í varðhald til að tryggja málsmeðferð um flutning hans í samræmi við þessa reglugerð, á grundvelli mats í hverju tilviki fyrir sig á persónulegum aðstæðum hans og einungis ef meðalhófs er gætt og beiting vægari þvingunarráðstafana dugir ekki.

3. Varðhald skal vara í eins skamman tíma og kostur er og ekki lengur en telja má nauðsynlegt til að ljúka megi tilskilinni stjórnsýslumeðferð af tilhlýðilegri kostgæfni þar til flutningur samkvæmt þessari reglugerð fer fram.

4. Að því er varðar varðhaldsskilyrði og ábyrgðir varðandi umsækjendur í varðhaldi samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skulu 11., 12. og 13. gr. tilskipunar (ESB) 2024/1346 gilda.

5. Varðhald samkvæmt þessari grein skal fyrirskipað skriflega af stjórnvöldum eða dómsyfyrvöldum. Í varðhaldsúrskurðinum skal tilgreina þau málsatvik og lagaatriði sem liggja honum til grundvallar. Þegar stjórnvald fyrirskipar varðhald skulu aðildarríki kveða á um skjótan úrskurð dómstóla um lögmæti varðhaldsins, án kröfu eða að beiðni umsækjanda, eða hvort tveggja.

45. gr.

Frestir fyrir umsækjendur í varðhaldi

1. Ef einstaklingur er hnepptur í varðhald skv. 44. gr. skal, þrátt fyrir ákvæði 39. og 41. gr., fresturinn til að leggja fram beiðni um að hann verði tekinn í umsjá eða tilkynningu um að taka beri aftur við honum ekki vera lengri en tvær vikur frá skráningu umsóknar um alþjóðlega vernd eða tvær vikur frá jákvæðri niðurstöðu úr evrópska fingrafaragrunninum ef engin ný umsókn hefur verið skráð í tilkynningaradildarríkinu.

Ef einstaklingur er hnepttur í varðhald eftir skráningu umsóknar, skal fresturinn til að leggja fram beiðni um að hann verði tekinn í umsjá eða tilkynningu um að taka beri aftur við honum ekki vera lengri en ein vika frá þeim degi sem hann var hnepttur í varðhald.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 40. gr. skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, svara eins fljótt og auðið er og í öllum tilvikum innan viku frá viðtöku beiðninnar. Sé beiðninni ekki svarað innan viku er það talið jafngilda því að beiðnin hafi verið samþykkt og hefur það í för með sér skyldu til að taka einstaklinginn í umsjá, þ.m.t. að gera viðeigandi ráðstafanir við komu.

3. Ef einstaklingur er hnepttur í varðhald skal, þrátt fyrir ákvæði 46. gr., flutningur einstaklings frá aðildarríkinu, sem annast flutninginn, til aðildarríkisins, sem ber ábyrgð, fara fram eins fljótt og við verður komið og innan fimm vikna frá:

- a) þeim degi sem beiðnin um að einstaklingurinn verði tekinn í umsjá var samþykkt eða tilkynningin um að taka beri aftur við einstaklingnum staðfest eða
- b) þeim degi þegar kæra eða endurskoðun hefur ekki lengur áhrif til frestunar í samræmi við 3. mgr. 43. gr.

4. Ef aðildarríkið, sem annast flutning, virðir ekki fresti til að leggja fram beiðni um að umsækjandi verði tekinn í umsjá eða tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi eða tekur ekki ákvörðun um flutning hans innan þess frests sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 42. gr., eða fari flutningur ekki fram innan fimm vikna frestsins sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, skal viðkomandi látinn laus úr varðhaldi. Ákvæði 39., 41. og 46. gr. gilda áfram til samræmis við það.

VI. ÞÁTTUR

Flutningur

46. gr.

Ítarlegar reglur og frestir

1. Flutningur umsækjanda eða annars einstaklings, eins og um getur í b- og c-lið 1. mgr. 36. gr., frá aðildarríki, sem annast flutninginn, til aðildarríkisins, sem ber ábyrgð, skal fara fram í samræmi við innlend lög aðildarríkisins, sem annast flutninginn, að undangengnu samráði milli viðkomandi ríkja, eins fljótt og við verður komið og innan sex mánaða frá því að annað aðildarríki samþykkir beiðni um að taka viðkomandi í umsjá eða staðfestir tilkynningu um að taka við honum aftur, eða frá því að lokaákvörðun er tekin um kæru eða endurskoðun ákvörðunar um flutning með áhrif til frestunar í samræmi við 3. mgr. 43. gr.

Aðildarríki skulu setja í forgang flutning umsækjanda í kjölfar samþykktar beiðna sem eru lagðar fram á grundvelli 25.–28. gr. og 34. gr.

Ef flutningur á sér stað í tengslum við tilflutning skal hann fara fram innan þess frests sem kveðið er á um í 11. mgr. 67. gr.

Ef flutningur einstaklings til aðildarríkis fer fram undir eftirliti með brottför eða með fylgd skulu aðildarríkin tryggja að það sé gert með mannúðlegum hætti og í samræmi við og með fullri virðingu fyrir mannlegri reisn og öðrum grundvallarréttindum.

Ef nauðsyn krefur skal aðildarríkið, sem annast flutninginn, útvega hlutaðeigandi einstaklingi ferðabréf. Framkvæmdastjórnin skal ákveða form ferðabréfanna með framkvæmdargerðum. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 77. gr.

Aðildarríkið, sem ber ábyrgð, skal tilkynna aðildarríkinu, sem annast flutninginn, eftir því sem við á, að hlutaðeigandi einstaklingur sé kominn heilu og höldnu eða að hann hafi ekki komið innan frestsins sem gefinn var.

2. Ef flutningurinn fer ekki fram innan frestsins, sem settur er fram í fyrstu undirgrein 1. mgr., fellur niður sú skylda aðildarríkisins, sem ber ábyrgð, að taka hlutaðeigandi einstakling í umsjá eða taka við honum aftur og færast ábyrgðin þá til aðildarríkisins sem annast flutninginn. Þennan frest má framlengja í eitt ár að hámarki ef ekki getur orðið af flutningnum vegna þess að hlutaðeigandi einstaklingur er í fangelsi eða í þrjú ár að hámarki frá því að aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, upplýsti aðildarríkið, sem ber ábyrgð, um að hlutaðeigandi einstaklingur, eða aðstandandi sem flytja á með hlutaðeigandi einstaklingi, hafi hlaupist á brott, veitt líkamlega mótsþyrnu við flutningi, gert sig af ásetningi óháfan til flutningsins eða uppfylli ekki heilbrigðiskröfur sem gerðar eru vegna flutningsins.

Ef hlutaðeigandi einstaklingur verður tiltækur yfirvöldum á nýjan leik og innan við þrjú mánuðir eru eftir af þeim tíma sem um getur í 1. mgr. skal aðildarríkið, sem annast flutninginn, hafa þrjú mánuði til að annast flutninginn.

3. Ef einstaklingur hefur verið fluttur fyrir mistök eða ef ákvörðun um flutning er snúið við sakir kæru eða endurskoðunar eftir að flutningur hefur farið fram skal aðildarríkið sem annaðist flutninginn tafarlaust taka við honum aftur.

4. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, koma á samræmdum aðferðum við samráð og skipti á upplýsingum milli aðildarríkja að því er varðar þessa grein, einkum þegar um er að ræða flutning sem er frestað eða seinkað, flutning í kjölfar sjálfgefins samþykkis, flutning ólöggráða barna eða einstaklinga á framfæri annarra og flutninga undir eftirliti. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 77. gr.

47. gr.

Kostnaður við flutning

1. Í samræmi við 20. gr. reglugerðar (ESB) 2021/1147 skal greiða framlag til aðildarríkisins sem annast flutning umsækjanda eða annars einstaklings eins og um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 36. gr. þessarar reglugerðar skv. 46. gr. þessarar reglugerðar.

2. Ef flytja þarf einstakling aftur til aðildarríkis, vegna þess að hann hefur verið fluttur fyrir mistök eða vegna þess að ákvörðun um flutning hefur verið snúið við sakir kæru eða endurskoðunar eftir að flutningur hefur farið fram, skal aðildarríkið sem upphaflega annaðist flutninginn taka á sig kostnað við flutning hlutaðeigandi einstaklings aftur á yfirráðasvæði þess.

3. Þess skal ekki krafist að einstaklingar, sem eru fluttir samkvæmt þessari reglugerð, beri sjálfir kostnað af slíkum flutningi.

48. gr.

Skipti á viðeigandi upplýsingum áður en flutningur fer fram

1. Aðildarríkið, sem annast flutning umsækjanda eða annars einstaklings eins og um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 36. gr., skal láta aðildarríkinu, sem ber ábyrgð, í té persónuupplýsingar um hann sem eru fullnægjandi, viðeigandi og takmarkast við það sem er nauðsynlegt í þeim tilgangi einum að lögbær yfirvöld, í samræmi við innlend lög aðildarríkisins sem ber ábyrgð, séu í aðstöðu til að veita einstaklingnum viðeigandi aðstoð, þ.m.t. brýna heilbrigðisþjónustu sem þörf er á til að gæta grundvallarhagsmuna viðkomandi, til að tryggja samfellu í vernd og réttindum sem hlutaðeigandi nýtur samkvæmt þessari reglugerð og öðrum viðeigandi lagagæringum um vernd. Þessi gögn skulu senda aðildarríkinu sem ber ábyrgð innan hæfilegs tíma áður en flutningur fer fram til að tryggja að lögbær yfirvöld hafi nægan tíma til að gera nauðsynlegar ráðstafanir.
2. Aðildarríkið sem annast flutninginn skal senda aðildarríkinu sem ber ábyrgð hverjar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að standa vörð um réttindi og allar brýnar sérþarfir einstaklingsins sem flytja á, einkum:
 - a) upplýsingar um tafarlausar aðgerðir sem aðildarríkið, sem ber ábyrgð, þarf að grípa til í því skyni að tryggja að sérþörfum einstaklingsins, sem flytja á, sé mætt á viðeigandi hátt, þ.m.t. með hvers konar brýnni heilbrigðisþjónustu sem kann að vera þörf á og, ef nauðsyn krefur, hvers konar nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda hagsmunum barnsins,
 - b) samskiptaupplýsingar aðstandenda, skyldmenna eða annarra sem eru tengdir hlutaðeigandi fjölskylduböndum í aðildarríkinu sem tekur við honum, eftir atvikum,
 - c) þegar um er að ræða ólöggráða börn, upplýsingar um mat á því hvað er barninu fyrir bestu og um menntun þeirra,
 - d) eftir atvikum, mat á aldri umsækjanda,
 - e) eftir atvikum, skimunareyðublaðið skv. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356, þ.m.t. öll sönnunargögn sem vísað er til á eyðublaðinu,
 - f) allar aðrar viðeigandi upplýsingar.
3. Upplýsingaskipti samkvæmt þessari grein skulu einungis fara fram milli þeirra yfirvalda sem framkvæmdastjórninni hefur verið tilkynnt um í samræmi við 52. gr. þessarar reglugerðar og þau skulu fara fram í gegnum rafræna fjarskiptanetið sem komið var á fót með 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1560/2003. Upplýsingar, sem skipst er á, skulu einungis notaðar í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar og skulu ekki unnar frekar.
4. Í því skyni að greiða fyrir upplýsingaskiptum milli aðildarríkjana skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerðum, útbúa staðlæð eyðublað til að flytja tilskilin gögn samkvæmt þessari reglugerð. Samþykkinga skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 77. gr.
5. Ákvæði 8. og 9. mgr. 51. gr. skulu gilda um skipti á upplýsingum í samræmi við þessa grein.

49. gr.

Skipti á upplýsingum sem varða öryggi áður en flutningur fer fram

Að því er varðar beitingu 41. gr., ef aðildarríkið, sem annast flutninginn, býr yfir upplýsingum sem gefa til kynna gilda ástæðu til að telja að umsækjandinn eða annar einstaklingur, eins og um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 36. gr., stofni þjóðaröryggi eða allsherjarreglu í aðildarríki í hættu, skulu lögbær yfirvöld í því aðildarríki láta aðildarríkið, sem ber ábyrgð, vita að slíkar upplýsingar séu fyrir hendi. Löggæsluyfirvöld eða önnur lögbær yfirvöld þessara aðildarríkja skulu miðla upplýsingunum sín á milli eftir viðeigandi leiðum fyrir slík upplýsingaskipti.

50. gr.

Skipti á heilbrigðisupplýsingum áður en flutningur fer fram

1. Aðildarríkið sem annast flutninginn skal, að því marki sem lögbært yfirvald þess hefur aðgengi að slíkum upplýsingum í samræmi við landslög, í þeim tilgangi einum að veita læknishjálpi eða -meðferð, einkum þegar um er að ræða einstaklinga í viðkvæmri stöðu, þ.m.t. fatlaða, aldraða, þungaðar konur, ólöggráða börn og þá sem sætt hafa pyntingum, nauðgunum eða öðru alvarlegu andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi, senda aðildarríkinu, sem ber ábyrgð, upplýsingar um hvers konar sérþarfir einstaklingsins sem á að flytja, sem í tilteknum tilvikum geta innihaldið upplýsingar um líkamlegt heilbrigði eða geðheilbrigði hans. Upplýsingarnar skulu sendar í sameiginlegu heilbrigðisvottorði og skulu nauðsynleg skjöl fylgja með. Aðildarríkið sem ber ábyrgð skal tryggja að þessum sérþörfum sé mætt á viðeigandi hátt, þ.m.t. einkum með hvers konar brýnni heilbrigðisþjónustu sem þörf er á.
- Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, semja sameiginlega heilbrigðisvottorðið sem um getur í fyrstu undirgrein. Samþykkinga skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 77. gr.
2. Aðildarríkið, sem annast flutninginn, skal einungis senda upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. til aðildarríkisins, sem ber ábyrgð, að fengnu ótvíræðu samþykki umsækjanda eða fulltrúa hans eða þegar slíkt er nauðsynlegt til að vernda lýðheilsu eða almannaoþryggi eða, ef hlutaðeigandi einstaklingur er líkamlega eða löglega ófær um að veita samþykki sitt, til að vernda grundvallarhagsmunum hlutaðeigandi einstaklings eða annars einstaklings. Það skal ekki standa í vegi fyrir flutningi þótt samþykki hafi ekki fengist, þ.m.t. ef samþykki er synjað.
3. Einungis heilbrigðisstarfsmaðni, sem er bundinn þagnarskyldu samkvæmt landslögum, eða öðrum einstaklingi, sem er bundinn sambærilegri þagnarskyldu, er heimilt að vinna persónulegar heilbrigðisupplýsingar eins og um getur í 1. mgr.

4. Upplýsingaskipti samkvæmt þessari grein skulu einungis fara fram milli þeirra heilbrigðisstarfsmanna eða annarra einstaklinga sem um getur í 3. mgr. Upplýsingar, sem skipst er á, skulu einungis notaðar í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 1. mgr. og skulu ekki unnar frekar.
5. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, koma á samræmdum aðferðum og fyrirkomulagi skipta á upplýsingum sem um getur í 1. mgr. Samþykkinga skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 77. gr.
6. Ákvæði 8. og 9. mgr. 51. gr. skulu gilda um upplýsingaskipti í samræmi við þessa grein.

VI. KAFLI

Samvinna á sviði stjórnýslu

51. gr.

Upplýsingamiðlun

1. Sérhvert aðildarríki skal láta hverju hinna aðildarríkjanna í té, að beiðni þeirra, persónuupplýsingar um einstakling sem fellur undir gildissvið þessarar reglugerðar, sem eru fullnægjandi, viðeigandi og takmarkast við það sem nauðsynlegt er í þeim tilgangi að:
 - a) ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð,
 - b) taka viðkomandi umsókn um alþjóðlega vernd til meðferðar,
 - c) efna aðrar skuldbindingar sem leiðir af þessari reglugerð,
 - d) framfylgja endursendingarákvörðun.
2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu eingöngu ná yfir:
 - a) persónuupplýsingar um hlutaðeigandi einstakling og, þar sem við á, aðstandendur hans, skyldmennir eða aðra sem eru tengdir honum fjölskylduböndum, þ.e. fullt nafn og, ef við á, fyrri nöfn, viðurnefni eða dulnefni, núverandi og fyrrverandi ríkisfang, fæðingardag og -ár og fæðingarstað,
 - b) upplýsingar um persónuskilríki og ferðaskilríki, þ.m.t. upplýsingar um númer, gildistíma, útgáfudag, yfirvald sem gaf út skilríkin og útgáfustað,
 - c) allar aðrar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að staðfesta deili á viðkomandi einstaklingi, þ.m.t. lífkenna-upplýsingar sem hlutaðeigandi aðildarríki tekur af umsækjandanum, einkum að því er varðar 8. mgr. 67. gr. þessarar reglugerðar, í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1358,
 - d) upplýsingar um dvalarstaði og ferðaleiðir,
 - e) upplýsingar um dvalarskjöl eða vegabréfsáritanir sem aðildarríki hefur gefið út,
 - f) upplýsingar um staðinn þar sem umsókn var skráð,
 - g) upplýsingar um skráningardag fyrri umsóknar um alþjóðlega vernd, ef við á, skráningardag núverandi umsóknar, upplýsingar um stöðu málsins og hvaða ákvörðun hefur verið tekin, ef við á.
3. Aðildarríkið sem ber ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd getur, að því tilskildu að það sé nauðsynlegt við meðferð umsóknarinnar, farið þess á leit við annað aðildarríki að það gefi upplýsingar um ástæðurnar, sem umsækjandi hefur lagt fram til stuðnings umsókn sinni, og, eftir atvikum, ástæður þeirra ákvarðana sem teknar hafa verið varðandi umsækjanda. Ef aðildarríkið sem ber ábyrgð beitir ákvæðum 55. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348 getur það einnig óskað eftir upplýsingum sem gera lögbærum yfirvöldum þess kleift að ákvarða hvort nýir þættir hafi komið fram eða verið lagðir fram af umsækjandanum. Aðildarríkið sem beiðni er beint til getur neitað að vernda við beiðninni ef slíkar upplýsingar geta skaðað mikilvæga hagsmuni aðildarríkisins eða haft áhrif á verndun frelsis og grundvallarréttinda viðkomandi einstaklings eða annarra. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal upplýsa umsækjandann fyrir fram um þær tilteknu upplýsingar sem beiðni er um og ástæðu beiðninnar.
4. Sérhver beiðni um upplýsingar skal einungis send með skírskotun til einstakrar umsóknar um alþjóðlega vernd eða flutnings vegna tilflutnings. Beiðnin skal rökstudd og, sé tilgangur hennar að kanna hvort fyrir hendi sé viðmiðun sem gæti haft í för með sér ábyrgð aðildarríkisins sem beiðni er beint til, skulu henni fylgja þær sannanir sem byggt er á, þ.m.t. viðeigandi upplýsingar frá áreiðanlegum heimildum um það hvernig umsækjendur komu inn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, eða þeir tilteknu og sannprófanlegu þættir í yfirlýsingum umsækjandans sem hún byggist á. Slíkar viðeigandi upplýsingar frá áreiðanlegum heimildum skulu ekki einar og sér nægja til að ákvarða ábyrgð og valdsvið aðildarríkis samkvæmt þessari reglugerð en þær geta komið að gagni við að meta aðrar vísbendingar sem varða einstaka umsækjendur.
5. Aðildarríkinu, sem beiðni er beint til, ber skylda til að svara henni innan þriggja vikna. Allar tafir á svári skulu tilhlýðilega rökstuddar. Þótt aðildarríkið, sem beiðni er beint til, svari ekki innan þriggja vikna ber því engu að síður skylda til að svara. Ef aðildarríkið, sem beiðni er beint til, heldur eftir upplýsingum sem sýna fram á að það sé ábyrgt, getur það aðildarríki ekki skírskotað til þess að fresturinn, sem kveðið er á um í 39. gr., sé útrunninn sem ástæðu til að neita að hlíta beiðni um að taka einstakling í umsjá. Í því tilviki skal fresturinn, sem kveðið er á um í 39. gr. til að leggja fram beiðni um að einstaklingur sé tekinn í umsjá, lengdur í samræmi við töfina á svári frá aðildarríkinu sem beiðni er beint til.
6. Upplýsingaskiptin skulu fara fram að beiðni aðildarríkis og mega einungis fara fram á milli þeirra yfirvalda sem hvert aðildarríki um sig hefur tilnefnt og tilkynnt framkvæmdastjórninni við í samræmi við 1. mgr. 52. gr.

7. Upplýsingarnar, sem sendar eru, má aðeins nota í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Í hverju aðildarríki má aðeins senda slíkar upplýsingar, eftir gerð þeirra og valdsviði yfirvaldsins sem tekur við þeim, til þeirra yfirvalda og dómstóla sem hafa það verkefni að:

- ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð,
- taka viðkomandi umsókn um alþjóðlega vernd til meðferðar,
- efna aðrar skuldbindingar sem leiðir af þessari reglugerð.

8. Aðildarríkið, sem sendir upplýsingarnar áfram, skal gæta þess að þær séu réttar og uppfærðar. Komi í ljós að aðildarríkið hafi látið í té rangar upplýsingar, eða upplýsingar sem ekki hefði átt að senda, skal tilkynna það tafarlaust þeim aðildarríkjum sem tóku við þeim upplýsingum. Þeim ber skylda til að leiðrétta eða eyða upplýsingunum.

9. Hverju hlutaðeigandi aðildarríki ber skylda til að halda skrá um þær upplýsingar sem það sendir eða fær frá öðrum í sérstakri gagnaskrá fyrir viðkomandi einstakling eða í almennri skrá.

52. gr.

Lögbær yfirvöld og úrræði

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar hvaða lögbær yfirvöld beri ábyrgð á að efna skuldbindingarnar samkvæmt þessari reglugerð og síðari breytingum á henni. Aðildarríki skulu sjá til þess að þessi yfirvöld hafi nauðsynlegan mannaúð, búnað og fjármagn til að sinna verkefnum sínum sem tengjast beitingu málsmeðferða til að ákvarða með skjótum og skilvirkum hætti hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd, og einkum til að standa vörð um réttindi varðandi málsmeðferð og grundvallarréttindi, tryggja skjóta málsmeðferð til að sameina á ný aðstandendur og skyldmenn sem eru stödd í mismunandi aðildarríkjum, svara beiðnum um upplýsingar, beiðnum um að einstaklingar séu teknir í umsjá og tilkynningum um að taka beri aftur við einstaklingi innan tilskilins frests og, þar sem það á við, uppfylla skyldur sínar skv. IV. hluta.

2. Framkvæmdastjórnin skal birta samsteypa skrá yfir yfirvöldin, sem um getur í 1. mgr., í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Þegar breytingar verða á skránni skal framkvæmdastjórnin birta einu sinni á ári uppfærða, samsteypa skrá.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að starfsfólk yfirvaldanna, sem um getur í 1. mgr., fái nauðsynlega þjálfun að því er varðar beitingu þessarar reglugerðar.

4. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, koma á öruggum, rafrænum samskiptaleiðum milli yfirvaldanna sem um getur í 1. mgr., og milli þeirra og Hælisstofnunarinnar, til að senda upplýsingar, lífkennaupplýsingar sem teknar eru í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1358, beiðnir, tilkynningar, svör og öll önnur skrifleg bréfaskipti og til að tryggja að sendendur fái sjálfvirkta rafræna staðfestingu á að það hafi komist til skila. Samþykkinga skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 77. gr.

53. gr.

Stjórnvaldsráðstafanir

1. Aðildarríkjunum er heimilt að gera stjórnvaldsráðstafanir sín á milli varðandi tilhögun við framkvæmd þessarar reglugerðar í því skyni að greiða fyrir beitingu hennar og auka skilvirki. Slíkar ráðstafanir geta falist í:

- gagnkvæmum skiptum á tengifulltrúum,
- einföldun málsmeðferðar og styttingu fresta til sendingar og meðferðar á beiðnum um að umsækjandi verði tekinn í umsjá eða tilkynningum um að taka beri aftur við einstaklingi,
- samstöðuframlögum skv. IV. hluta.

2. Aðildarríkin geta einnig viðhaldið þeim stjórnvaldsráðstöfunum sem gerðar eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 343/2003 ⁽⁴¹⁾ og reglugerð (ESB) nr. 604/2013. Ef slíkar ráðstafanir samrýmast ekki þessari reglugerð skulu hlutaðeigandi aðildarríki breyta þeim með því að eyða öllu ósamræmi.

3. Áður en gerð er ráðstöfun, sem um getur í b-lið 1. mgr., eða henni er breytt skulu hlutaðeigandi aðildarríki ráðfæra sig við framkvæmdastjórnina um það hvort ráðstöfunin samrýmist reglugerðinni.

4. Ef framkvæmdastjórnin telur að ráðstafanirnar, sem um getur í b-lið 1. mgr., séu ósamrýmanlegar þessari reglugerð skal hún tilkynna hlutaðeigandi aðildarríkjum það innan hæfilegs tíma. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að breyta hlutaðeigandi ráðstöfun innan hæfilegra tímamarka með því að eyða slíku ósamræmi.

5. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar ráðstafanir, sem um getur í 1. mgr., og um allar uppsagnir á slíkum ráðstöfunum eða breytingar á þeim.

54. gr.

Net ábyrga aðila

Hælisstofnunin skal koma á fót og greiða fyrir starfsemi eins eða fleiri neta lögbærra yfirvalda, sem um getur í 1. mgr. 52. gr., í því skyni að efla hagnýtt samstarf, þ.m.t. að því er varðar flutninga, og upplýsingaskipti um öll málefni sem tengjast fullri beitingu þessarar reglugerðar, þ.m.t. þróun hagnýtra verkfæra, bestu starfsvenja og leiðbeininga.

Landamæra- og strandgæslustofnunin og aðrar viðeigandi stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins geta átt fulltrúa í slíkum netum þegar nauðsyn krefur.

VII. KAFLI**Sáttameðferð**

55. gr.

Sáttameðferð

1. Til að greiða fyrir því að kerfin, sem sett eru upp með þessari reglugerð, starfi eðlilega og leysa erfiðleika við beitingu þeirra skulu tvö eða fleiri aðildarríki, sem lenda í erfiðleikum í samstarfi sínu samkvæmt þessari reglugerð eða við beitingu hennar sín á milli, að beiðni eins eða fleiri þeirra, tafarlaust efna til samráðs til að finna viðeigandi lausnir innan hæfilegs tíma, í samræmi við meginregluna um samstarf af heilindum sem er að finna í 3. mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

Deila má upplýsingum, eftir því sem við á, um erfiðleika sem upp hafa komið og lausnina sem fannst með framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum innan nefndarinnar sem um getur í 77. gr.

2. Ef engin lausn finnst skv. 1. mgr. eða ef erfiðleikarnir eru viðvarandi, getur eitt eða fleiri hlutaðeigandi aðildarríkja farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún efni til samráðs við hlutaðeigandi aðildarríki með það fyrir augum að finna viðeigandi lausnir. Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust efna til slíks samráðs. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu taka virkan þátt í samráðinu. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að leysa málið án tafar. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt tilmæli, sem beint er til hlutaðeigandi aðildarríkja, og tilgreint þær ráðstafanir sem gripa skal til og viðeigandi fresti.

Deila má upplýsingum, eftir því sem við á, um erfiðleika sem upp hafa komið, þau tilmæli sem gefin hafa verið út og lausnina sem fannst með framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum innan nefndarinnar sem um getur í 77. gr.

Málsmeðferðin, sem sett er fram í þessari grein, skal ekki hafa áhrif á fresti sem settir eru fram í þessari reglugerð í tilteknum málum.

3. Þessi grein hefur ekki áhrif á vald framkvæmdastjórnarinnar til að hafa umsjón með beitingu laga Sambandsins skv. 258. og 260. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Hún hefur heldur ekki áhrif á möguleika hlutaðeigandi aðildarríkja til að vísa ágreiningi til Dómstóls Evrópusambandsins í samræmi við 273. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða möguleika aðildarríkis til að fara með málið fyrir Dómstólinn í samræmi við 259. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

IV. HLUTI**SAMSTADA****I. KAFLI****Samstöðukerfi**

56. gr.

Árlega samstöðusamlagið

1. Árlega samstöðusamlagið, sem skal innihalda framlögin sem sett eru fram í framkvæmdargerð ráðsins sem um getur í 57. gr. og sem aðildarríkin gáfu skuldbundingarloforð um á fundi samstarfsvettvangs háttsettra embættismanna, skal vera helsta samstöðuviðbragðstæki aðildarríkja, sem eru undir álagi af völdum fólksflutninga, á grundvelli þeirra þarfa sem tilgreindar eru í tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í 12. gr.

2. Árlega samstöðusamlagið skal fela í sér eftirfarandi tegundir samstöðuráðstafana, sem skulu teljast jafngildar:

- a) tilflutning, í samræmi við 67. og 68. gr.:
 - i. umsækjenda um alþjóðlega vernd,
 - ii. hafi hlutaðeigandi framlagsaðildarríki og aðildarríki sem nýtur góðs af samstöðuframlögum gert tvíhliða samkomulag um það, einstaklinga sem njóta alþjóðlegrar verndar og sem hlutu alþjóðlega vernd innan við þremur árum áður en framkvæmdargerð ráðsins, sem um getur í 57. gr., var samþykkt,
- b) fjárframlög aðildarríkja sem miða fyrst og fremst að aðgerðum í aðildarríkjunum sem tengjast sviði fólksflutninga, móttöku, verndar, enduraðlögunar fyrir brottför, landamærastjórnunar og aðgerðatengds stuðnings, sem einnig geta stutt við aðgerðir í eða í tengslum við þriðju lönd sem gætu haft bein áhrif á straum innflytjenda við ytri landamæri aðildarríkjanna eða bætt verndar-, móttöku- og fólksflutningakerfi hlutaðeigandi þriðja lands, þ.m.t. áætlanir um aðstoð við sjálfviljuga heimför og enduraðlögun, í samræmi við 64. gr.,
- c) aðrar samstöðuráðstafanir á sviði fólksflutninga, móttöku, verndar, endursendingar og enduraðlögunar og landamærastjórnunar, með áherslu á aðgerðatengdan stuðning, uppbyggingu getu, þjónustu, stuðning við starfsfólk, aðstöðu og tæknibúnað í samræmi við 65. gr.

Aðgerðir í eða í tengslum við þriðju lönd, sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, skulu framkvæmdar af aðildarríkjum sem njóta góðs af samstöðuframlögum í samræmi við gildissvið og markmið þessarar reglugerðar og reglugerðar (ESB) 2021/1147.

3. Fjárframlög, sem um getur í b-lið 2. mgr., til verkefna í þriðju löndum skulu einkum beinast að því að:

- a) efla getu á sviði verndarmála og móttöku í þriðju löndum, þ.m.t. með því að efla sérfræðisþekkingu og getu mannaúts og stofnana,
- b) stuðla að löglegum fólksflutningum og hreyfanleika undir góðri stjórn, þ.m.t. með því að efla tvíhliða, svæðisbundið og alþjóðlegt samstarf varðandi fólksflutninga, nauðungarflutninga, löglegar leiðir og samstarf um hreyfanleika,

- c) styðja áætlanir um aðstoð við sjálfviljuga heimför og varanlega enduraðlögun farandfólks sem snýr aftur og fjölskyldna þeirra,
- d) draga úr þeirri viðkvæmu stöðu sem af smygli á farandfólki og mansali leiðir, auk áætlana gegn smygli og mansali,
- e) styðja við skilvirkar og mannréttindamiðaðar fólksflutningastefnur.

57. gr.

Framkvæmdargerð ráðsins um að koma á fót árlega samstöðusamlaginu

1. Á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í 12. gr., og í samræmi við framsetningu skuldbindingarloforða, sem fram fer á samstarfsvettvangi háttsettra embættismanna sem um getur í 13. gr., skal ráðið árlega samþykkja, fyrir lok hvers almanaksárs, framkvæmdargerð til að koma á fót árlega samstöðusamlaginu, þ.m.t. viðmiðunartölur fyrir nauðsynlega tilflutninga og fjárframlög til árlega samstöðusamlagsins á vettvangi Sambandsins og þau tilteknu skuldbindingarloforð sem hvert aðildarríki hefur gefið varðandi hverja tegund samstöðuframlaga, sem um getur í 2. mgr. 56. gr., á fundi samstarfsvettvangs háttsettra embættismanna sem um getur í 13. gr. Ráðið skal samþykkja framkvæmdargerðina, sem um getur í þessari málsgrein, með auknum meirihluta. Ráðið getur breytt tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í 12. gr. með auknum meirihluta.
2. Í framkvæmdargerð ráðsins sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skal einnig, ef nauðsyn krefur, setja fram leiðbeinandi hlutfall árlega samstöðusamlagsins sem gera má aðgengilegt aðildarríkjum, sem eru undir álagi af völdum fólksflutninga vegna mikils fjölda koma sem stafa af endurteknum flutningum frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerða, að teknu tilliti til landfræðilegra sérkenna hlutaðeigandi aðildarríkja. Í henni má einnig tilgreina annars konar samstöðu, eins og sett er fram í c-lið 2. mgr. 56. gr., allt eftir þörfum fyrir slíkar ráðstafanir vegna sérstakra áskorana á sviði fólksflutninga í hlutaðeigandi aðildarríkjum.
3. Á fundi samstarfsvettvangs háttsettra embættismanna, sem um getur í 13. gr., skulu aðildarríkin komast að niðurstöðu varðandi heildarviðmiðunartölur fyrir hverja samstöðuráðstöfun í árlega samstöðusamlaginu, á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í 12. gr. Á þeim fundi skulu aðildarríkin einnig leggja fram skuldbindingarloforð sín um framlög til árlega samstöðusamlagsins, í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar og skyldubundna sanngjarna hlutann sem reiknaður er samkvæmt viðmiðunarlyklinum sem settur er fram í 66. gr.
4. Við framkvæmd 3. mgr. þessarar greinar skulu aðildarríkin hafa fullan ákvörðunarrétt til að velja á milli þeirra tegunda samstöðuráðstafana sem eru taldar upp í 2. mgr. 56. gr. eða samsetningu af þeim. Aðildarríki sem gefa skuldbindingarloforð um annars konar samstöðuráðstafanir skulu tilgreina fjárhagslegt virði slíkra ráðstafana á grundvelli hlutlægra viðmiðana. Þó að aðrar samstöðuráðstafanir séu ekki tilgreindar í tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í 12. gr. geta aðildarríkin samt sem áður gefið skuldbindingarloforð um slíkar ráðstafanir. Hafi aðildarríki sem njóta góðs af samstöðuframlögum ekki óskað eftir slíkum ráðstöfunum á tilteknu ári skal umreikna þær í fjárframlög.

58. gr.

Upplýsingar um fyrirætlun aðildarríkis, sem tilgreint hefur verið í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar að sé undir álagi af völdum fólksflutninga, um að nota árlega samstöðusamlagið

1. Aðildarríki, sem tilgreint hefur verið að sé undir álagi af völdum fólksflutninga í ákvörðun sem um getur í 11. gr., skal, eftir samþykkt framkvæmdargerðar ráðsins sem um getur í 57. gr., tilkynna framkvæmdastjórninni og ráðinu ef það hyggst nýta sér árlega samstöðusamlagið. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu um það.
2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal láta í té upplýsingar um tegund og umfang þeirra samstöðuráðstafana, sem um getur í 2. mgr. 56. gr., sem þarf til að takast á við ástandið, þ.m.t., ef við á, hvers kyns notkun á þáttum varanlegrar verkfærakistu ESB fyrir stuðning vegna fólksflutninga. Hyggist aðildarríkið nýta sér fjárframlög skal það einnig tilgreina viðkomandi útgjaldaáætlanir Sambandsins.
3. Eftir móttöku upplýsinganna, sem um getur í 2. mgr., skal hlutaðeigandi aðildarríki hafa aðgang að árlega samstöðusamlaginu í samræmi við 60. gr. Samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu skal, án tafar og í öllu falli innan 10 daga frá móttöku upplýsinganna, kalla saman samstarfsvettvanginn á tæknistigi til að hrinda samstöðuráðstöfununum í framkvæmd.

59. gr.

Tilkynning um þörf aðildarríkis, sem telur sig vera undir álagi af völdum fólksflutninga, á að nýta árlega samstöðusamlagið

1. Ef aðildarríki, sem ekki hefur verið tilgreint að sé undir álagi af völdum fólksflutninga í ákvörðun sem um getur í 11. gr., telur sjálf að svo sé, skal það tilkynna framkvæmdastjórninni að það þurfi að nýta sér árlega samstöðusamlagið og upplýsa ráðið um það. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu um það.
2. Tilkynningin, sem um getur í 1. mgr., skal fela í sér:
 - a) tilhlýðilegan rökstuðning fyrir því að álag af völdum fólksflutninga sé til staðar og fyrir umfangi þess í tilkynningar- aðildarríkinu, þ.m.t. uppfærð gögn um vísana sem um getur í a-lið 3. mgr. 9. gr.,
 - b) upplýsingar um tegund og umfang þeirra samstöðuráðstafana, sem um getur í 56. gr., sem þarf til að takast á við ástandið, þ.m.t., ef við á, hvers kyns notkun á þáttum varanlegrar verkfærakistu ESB fyrir stuðning vegna fólksflutninga og, ef hlutaðeigandi aðildarríki hyggst nýta sér fjárframlög, upplýsingar um viðkomandi útgjaldaáætlanir Sambandsins,
 - c) lýsingu á því hvernig árlega samstöðusamlagið gæti komið stöðugleika á ástandið,

d) hvernig hlutaðeigandi aðildarríki hyggst bregðast við hvers konar hugsanlegum veikleikum sem greindir hafa verið á sviði ábyrgðar, viðbúnaðar eða viðnámsþróttar.

3. Hælisstofnunin, Landamæra- og strandgæslustofnunin og Evrópustofnun grundvallarmannréttinda auk hlutaðeigandi aðildarríkis skulu, ef framkvæmdastjórnin fer þess á leit, aðstoða framkvæmdastjórnina við að taka saman mat á álaginu af völdum fólksflutninga.

4. Framkvæmdastjórnin skal meta tilkynninguna eins fljótt og auðið er, með tilliti til upplýsinganna sem settar eru fram í 9. og 10. gr., þess hvort tilgreint hafi verið að tilkynningaraðildarríkið ætti á hættu á verða fyrir álagi af völdum fólksflutninga í ákvörðuninni sem um getur í 11. gr., stöðunnar í heild í Sambandinu, stöðunnar í tilkynningaraðildarríkinu á næstliðnum 12 mánuðum og þarfanna sem tilkynningaraðildarríkið lætur í ljós, og samþykkja ákvörðun um hvort það telji að aðildarríkið sé undir álagi af völdum fólksflutninga. Ákvarði framkvæmdastjórnin að aðildarríkið sé undir álagi af völdum fólksflutninga skal hlutaðeigandi aðildarríki sem nýtur góðs af samstöðuframlögum, nema því sé sýnjað um að njóta góðs af árlega samstöðusamlaginu í samræmi við 6. mgr. þessarar greinar.

5. Framkvæmdastjórnin skal án tafar senda hlutaðeigandi aðildarríki, Evrópuþinginu og ráðinu ákvörðun sína.

6. Ef staðfest er í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar að tilkynningaraðildarríkið sé undir álagi af völdum fólksflutninga skal samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu kalla saman samstarfsvettvanginn á tæknistigi án tafar og innan tveggja vikna frá því að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er send til hlutaðeigandi aðildarríkis, Evrópuþingsins og ráðsins, til að hrinda samstöðu-ráðstöfununum í framkvæmd. Samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu skal kalla saman samstarfsvettvanginn á tæknistigi nema framkvæmdastjórnin telji, eða ráðið ákveði með framkvæmdargerð sem er samþykkt innan tveggja vikna frá því að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er send til hlutaðeigandi aðildarríkis, Evrópuþingsins og ráðsins, að árlega samstöðusamlagið hafi ekki nægilega burði til að hægt sé að heimila hlutaðeigandi aðildarríki að njóta góðs af því eða að aðrar hlutlægar ástæður séu fyrir því að heimila aðildarríkinu ekki að njóta góðs af því.

7. Ákveði ráðið að árlega samstöðusamlagið búi ekki yfir nægilegri getu, gilda ákvæði 4. mgr. 13. gr. og skal samstarfsvettvangur háttsettra embættismanna kallaður saman eigi síðar en einni viku eftir ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

Ef framkvæmdastjórnin ákveður að hafna beiðni aðildarríkis um að teljast vera undir álagi af völdum fólksflutninga getur tilkynningaraðildarríkið lagt nýja tilkynningu fyrir framkvæmdastjórnina og ráðið með frekari viðeigandi upplýsingum.

60. gr.

Framkvæmd og samræming samstöðuframlaga

1. Innan samstarfsvettvangsins á tæknistigi skulu aðildarríkin starfa hvert með öðru og framkvæmdastjórninni að því að tryggja árangursríka og skilvirka framkvæmd samstöðuframlaga í árlega samstöðusamlaginu fyrir viðkomandi ár, tímanlega og þannig að jafnvægis sé gætt, í ljósi þeirra þarfa sem hafa verið greindar og metnar og þeirra samstöðuframlaga sem tiltæk eru.

2. Samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu skal, með hliðsjón af þróun stöðunnar í fólksflutningamálum, samræma framkvæmd samstöðuframlaga til að tryggja jafna dreifingu þeirra framlaga, sem tiltæk eru, milli aðildarríkjanna sem njóta góðs af þeim.

3. Að undanskilinni framkvæmd fjárframlaga skulu aðildarríkin, við framkvæmd tilgreindra samstöðuráðstafana, efna skuldbindingarloforð sín um samstöðuframlög, sem um getur í 56. gr., fyrir tiltekið ár fyrir lok þess árs, með fyrirvara um ákvæði 3. mgr. 65. gr. og 12. mgr. 67. gr.

Framlagsaðildarríki skulu efna skuldbindingarloforð sín í hlutfalli við heildarskuldbindingarloforð sitt til árlega samstöðusamlagsins fyrir tiltekið ár, fyrir árslok.

Aðildarríkjum, sem fengið hafa samstöðuframlög dregin frá að fullu í samræmi við 61. eða 62. gr. eða eru sjálf aðildarríki sem njóta góðs af samstöðuframlögum skv. 1. mgr. 58. gr. og 4. mgr. 59. gr., er ekki skylt að efna skuldbindingarloforð sín um samstöðuframlög, sem um getur í 2. mgr. 56. gr., fyrir tiltekið ár.

Framlagsaðildarríkjum skal ekki vera skylt að efna skuldbindingarloforð sín, sem eru lögð fram skv. 2. mgr. 56. gr., eða að beita ábyrgðarjöfnun, skv. 63. gr., gagnvart aðildarríki sem nýtur góðs af samstöðuframlögum ef framkvæmdastjórnin hefur, í ákvörðun eins og um getur í 11. gr. eða 4. mgr. 59. gr., greint kerfislæga annmarka hjá því aðildarríki, að því er varðar reglurnar sem settar eru fram í III. hluta þessarar reglugerðar, sem gætu haft alvarlegar neikvæðar afleiðingar fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar.

4. Á fyrsta fundi samstarfsvettvangsins á tæknistigi innan árlega hringrásarferlisins (e. *annual cycle*) geta framlagsaðildarríki og aðildarríki sem njóta góðs af samstöðuframlögum látið í ljósi raunhæfar óskir, í ljósi þeirra þarfa sem greindar hafa verið, varðandi eiginleika tiltækra einstaklinga sem til greina koma varðandi tilflutning og mögulega áætlun um framkvæmd samstöðuframlaga sinna, að teknu tilliti til þarfanna á brýnum aðgerðum fyrir aðildarríkin sem njóta góðs af samstöðuframlögum.

Samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu skal greiða fyrir samskiptum og samstarfi milli aðildarríkjanna að því er varðar þessa þætti.

Við tilflutninga skulu aðildarríki setja einstaklinga í viðkvæmri stöðu í forgang.

5. Lögbærar stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins á sviði verndarmála og stjórnunar landamæra og fólksflutninga skulu, þegar óskað er eftir því og innan umbóðs hvernar þeirra um sig, veita aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni stuðning í því skyni að tryggja rétta framkvæmd og starfsemi þessa hluta. Slíkur stuðningur getur verið í formi greininga, sérfræðibekkingar og aðgerðartengds stuðnings. Samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu skal samræma alla aðstoð sérfræðinga eða teyma, sem send eru á vettvang af hálfu Hælisstofnunarinnar, Landamæra- og strandgæslustofnunarinnar eða annarrar stofnunar, skrifstofu eða fagstofnunar Sambandsins, í tengslum við framkvæmd samstöðuframlaga.

6. Í janúar ár hvert, frá og með 2027, skulu aðildarríkin staðfesta við samræmingaraðila ESB á sviði samstöðu umfang hverrar samstöðuráðstöfunar sem þau framkvæmdu á undangengnu ári.

61. gr.

Samstöðuframlög dregin frá vegna álags af völdum fólksflutninga

1. Aðildarríki, sem tilgreint hefur verið að sé undir álagi af völdum fólksflutninga í ákvörðun sem um getur í 11. gr. eða sem telur sig vera undir álagi af völdum fólksflutninga og hefur ekki nýtt sér árlega samstöðusamlagið í samræmi við 58. gr. eða tilkynnt um þörf á að nota árlega samstöðusamlagið í samræmi við 59. gr., getur hvenær sem er farið fram á að framlögin, sem það gaf skuldbindingarloforð um og sett voru fram í framkvæmdargerð ráðsins, sem um getur í 57. gr., verði dregin frá að fullu eða að hluta.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal senda beiðni sína til framkvæmdastjórnarinnar. Í upplýsingaskyni skal það senda ráðinu beiðni sína.

2. Ef aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, er ekki tilgreint í ákvörðun sem um getur í 11. gr., sem aðildarríki sem er undir álagi af völdum fólksflutninga, en telur sig þó vera undir slíku álagi, skal það láta eftirfarandi fylgja beiðni sinni:

- lýsingu á því hvernig frádráttur frá framlögum sem gefið var skuldbindingarloforð um, að fullu eða að hluta, gæti stuðlað að því að koma stöðugleika á ástandið,
- hvort hægt væri að skipta framlaginu, sem gefið var skuldbindingarloforð um, út fyrir annars konar samstöðuframlag,
- hvernig viðkomandi aðildarríki muni bregðast við hvers konar hugsanlegum veikleikum sem greindir hafa verið á sviði ábyrgðar, viðbúnaðar eða viðnámsþröttar,
- tilhlýðilegan rökstuðning fyrir því að álag af völdum fólksflutninga sé til staðar og fyrir umfangi þess í aðildarríkinu sem leggur fram beiðni.

Við mat á slíkri beiðni skal framkvæmdastjórnin einnig taka tillit til upplýsinganna sem settar eru fram í 9. og 10. gr.

3. Innan fjögurra vikna frá móttöku beiðninnar, sem lögð var fram í samræmi við þessa grein, skal framkvæmdastjórnin tilkynna ráðinu um mat sitt á henni. Framkvæmdastjórnin skal einnig tilkynna Evrópuþinginu um það mat.

4. Eftir að ráðið hefur mótttekið mat framkvæmdastjórnarinnar skal það samþykkja framkvæmdargerð til að ákvarða hvort aðildarríkinu sé heimilt að víkja frá ákvæðum framkvæmdargerðar ráðsins sem um getur í 57. gr.

62. gr.

Samstöðuframlög dregin frá þegar staðið er frammi fyrir verulegum fólksflutningum

1. Aðildarríki sem tilgreint hefur verið að standi frammi fyrir verulegum fólksflutningum í ákvörðun sem um getur í 11. gr., eða sem telur sig standa frammi fyrir verulegum fólksflutningum, getur hvenær sem er farið fram á að framlögin, sem það gaf skuldbindingarloforð um og sett voru fram í framkvæmdargerð ráðsins, sem um getur í 57. gr., verði dregin frá að fullu eða að hluta.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal senda beiðni sína til framkvæmdastjórnarinnar. Í upplýsingaskyni skal það senda ráðinu beiðni sína.

2. Ef aðildarríkið sem leggur fram beiðni er tilgreint í ákvörðun sem um getur í 11. gr. sem aðildarríki sem stendur frammi fyrir verulegum fólksflutningum skal beiðnin innihalda:

- lýsingu á því hvernig frádráttur frá framlögum sem gefið var skuldbindingarloforð um, að fullu eða að hluta, gæti stuðlað að því að koma stöðugleika á ástandið,
- hvort hægt væri að skipta framlaginu, sem gefið var skuldbindingarloforð um, út fyrir annars konar samstöðuframlag,
- hvernig viðkomandi aðildarríki muni bregðast við hvers konar hugsanlegum veikleikum sem greindir hafa verið á sviði ábyrgðar, viðbúnaðar eða viðnámsþröttar,
- tilhlýðilegan rökstuðning fyrir því á hvaða sviði verndar-, móttöku- og fólksflutningakerfisins þörmörkum varðandi getu hefur verið náð og hvernig það hefur áhrif á getu viðkomandi aðildarríkis til að uppfylla skuldbindingarloforð sitt.

3. Ef aðildarríkið sem leggur fram beiðni er ekki tilgreint í ákvörðun sem um getur í 11. gr. sem aðildarríki sem stendur frammi fyrir verulegum fólksflutningum en telur sjálf að það standi frammi fyrir verulegum fólksflutningum skal beiðnin, til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, einnig innihalda tilhlýðilegan rökstuðning varðandi það hversu miklir fólksflutningarnir eru í aðildarríkinu sem leggur fram beiðnina. Við mat á slíkri beiðni skal framkvæmdastjórnin einnig taka tillit til upplýsinganna sem settar eru fram í 9. og 10. gr. og hvort tilgreint hafi verið að aðildarríkið eigi á hættu á verða fyrir álagi af völdum fólksflutninga í ákvörðun sem um getur í 11. gr.

4. Innan fjögurra vikna frá móttöku beiðninnar, sem lögð var fram í samræmi við þessa grein, skal framkvæmdastjórnin tilkynna ráðinu um mat sitt á henni. Framkvæmdastjórnin skal einnig tilkynna Evrópuþinginu um það mat.

5. Eftir að ráðið hefur mótttekið mat framkvæmdastjórnarinnar skal það samþykkja framkvæmdargerð til að ákvarða hvort aðildarríkinu sé heimilt að víkja frá ákvæðum framkvæmdargerðar ráðsins sem um getur í 57. gr.

63. gr.

Jöfnun ábyrgðar

1. Ef skuldbindingarloforð til árlega samstöðusamlagsins um tilflutninga, sem sett eru fram í framkvæmdargerð ráðsins sem um getur í 57. gr., nema 50% eða meira af þeirri tölu, sem tilgreind er í tillögu framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í 12. gr., getur aðildarríki sem nýtur góðs af samstöðuframlögum farið fram á að hin aðildarríkin taki að sér ábyrgð á meðferð umsókna um alþjóðlega vernd sem það sjálf ber ábyrgð á, í stað tilflutninga, í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 69. gr.

2. Framlagsaðildarríki getur tjáð aðildarríkjum sem njóta góðs af samstöðuframlögum vilja sinn til að taka yfir ábyrgð á meðferð umsókna um alþjóðlega vernd, sem ákvarðað hefur verið að aðildarríki sem nýtur góðs af samstöðuframlögum beri ábyrgð á, í stað tilflutninga:

- a) ef viðmiðunarmörkunum sem sett eru fram í 1. mgr. hefur verið náð eða
- b) ef framlagsaðildarríkið hefur gefið skuldbindingarloforð um að 50% eða meira af skyldubundnum sanngjörnum hluta þess til árlega samstöðusamlagsins, sem settur er fram í framkvæmdargerð ráðsins sem um getur í 57. gr., verði í formi tilflutninga.

Ef framlagsaðildarríki hefur látið í ljós slíkan vilja og aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum samþykkir skal það síðarnefnda beita málsmeðferðinni sem sett er fram í 69. gr.

3. Framlagsaðildarríki skulu taka að sér ábyrgð á umsóknum um alþjóðlega vernd, sem ákvarðað hefur verið að aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum beri ábyrgð á, að því marki sem nemur hærri tölunni af þeim tveimur sem um getur í a- og b-lið þessarar málsgreinar, ef, í kjölfar fundar samstarfsvettvangs háttsettra embættismanna sem kallaður er saman í samræmi við 4. mgr. 13. gr., skuldbindingarloforð um tilflutninga til árlega samstöðusamlagsins, sem sett eru fram í framkvæmdargerð ráðsins sem um getur í 57. gr. eru:

- a) undir tölunni sem um getur í a-lið 2. mgr. 12. gr. eða
- b) undir 60% af viðmiðunartölunni sem er notuð til að reikna út skyldubundinn sanngjarnan hluta hvers aðildarríkis í tilflutningum þegar komið er á fót árlega samstöðusamlaginu í samræmi við 57. gr.

4. Ákvæði 3. mgr. þessarar greinar gilda einnig þegar skuldbindingarloforð, sem koma skulu til framkvæmdar á tilteknu ári, eru lægri en hærri talan af þeim tveimur sem um getur í a- eða b-lið þeirrar málsgreinar vegna frádráttar að fullu eða að hluta sem er veittur í samræmi við 61. eða 62. gr. eða vegna þess að aðildarríkjum sem njóta góðs af samstöðuframlögum, eins og um getur í 1. mgr. 58. gr. og 4. mgr. 59. gr., er ekki skylt að efna skuldbindingarloforð sín um samstöðuframlög fyrir tiltekið ár.

5. Framlagsaðildarríki sem hefur ekki eftir skuldbindingarloforð sín eða samþykkt tilflutninga skv. 9. mgr. 67. gr., sem jafngilda skuldbindingarloforðum þess um tilflutninga, eins og um getur í 3. mgr. 57. gr., fyrir lok tiltekins árs, skal, að beiðni aðildarríkisins sem nýtur góðs af samstöðuframlögum, taka yfir ábyrgð á umsóknum um alþjóðlega vernd, sem ákvarðað hefur verið að aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum beri ábyrgð á, allt að þeim fjölda tilflutninga sem gefið hafði verið skuldbindingarloforð um, í samræmi við 3. mgr. 57. gr., eins fljótt og unnt er eftir lok tiltekins árs.

6. Framlagsaðildarríkið skal tilgreina hvaða umsóknum það tekur ábyrgð á skv. 3.–5. mgr. þessarar greinar og upplýsa aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum í gegnum rafræna fjarskiptanetið sem komið var á fót með 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1560/2003.

Framlagsaðildarríkið skal verða aðildarríkið sem ber ábyrgð á tilgreindum umsóknum og skal tilgreina ábyrgð sína skv. 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358.

7. Aðildarríkjum er ekki skylt að taka á sig ábyrgð, samkvæmt fyrstu undirgrein 6. mgr. þessarar greinar, umfram sinn sanngjarna hluta, sem reiknaður er út samkvæmt viðmiðunarlyklinum sem settur er fram í 66. gr.

8. Þessi grein gildir eingöngu ef:

- a) umsækjandinn er ekki fylgdarlaust, ólöggráða barn,
- b) ákvarðað var að aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum bæri ábyrgð á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í 29.–33. gr.,
- c) flutningsfresturinn, sem settur er fram í 1. mgr. 46. gr., er ekki útrunninn,
- d) umsækjandi hefur ekki hlaupist á brott frá framlagsaðildarríkinu,
- e) viðkomandi einstaklingur nýtur ekki alþjóðlegrar verndar,
- f) viðkomandi er ekki einstaklingur sem tekið hefur verið við.

9. Framlagsaðildarríkið getur beitt ákvæðum þessarar greinar gagnvart ríkisborgurum þriðju landa eða ríkisfangslausum einstaklingum sem hafa fengið endanlega synjun á umsókn sinni í aðildarríkinu sem nýtur góðs af samstöðuframlögum. Ákvæði 55. og 56. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2024/1348 skulu gilda.

64. gr.

Fjárframlög

1. Fjárframlög skulu samanstanda af millifærslum fjárhæða frá framlagsaðildarríkjum til fjárlaga Sambandsins og skulu teljast markaðar ytri tekjur í samræmi við 5. mgr. 21. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046⁽⁴²⁾. Fjárframlög skulu notuð til að framkvæma aðgerðir árlega samstöðusamlagsins, sem um getur í b-lið 2. mgr. 56. gr. þessarar reglugerðar.

- Aðildarríki sem njóta góðs af samstöðuframlögum skulu tilgreina aðgerðir sem unnt er að fjármagna með fjárframlögum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og leggja þær fyrir samstarfsvettvanginn á tæknistigi. Framkvæmdastjórnin skal hafa náð samráð við aðildarríki sem njóta góðs af samstöðuframlögum með það fyrir augum að tryggja að þessar aðgerðir séu í samræmi við markmiðin sem sett eru fram í b-lið 2. mgr. 56. gr. og 3. mgr. 56. gr. Samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu skal halda skrá yfir aðgerðir og gera hana aðgengilega í gegnum samstarfsvettvanginn á tæknistigi.
- Framkvæmdastjórnin skal samþykka framkvæmdargerð um reglur um meðferð fjárframlaga. Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 77. gr.
- Sé fjárhæðinni sem um getur í 1. mgr. 57. gr. þessarar reglugerðar ekki úthlutað að fullu er heimilt að bæta eftirstandandi fjárhæð við fjárhæðina sem um getur í b-lið 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (ESB) 2021/1147.
- Aðildarríkin skulu gefa framkvæmdastjórninni og samstarfsvettvangnum á tæknistigi skýrslu um framvindu við framkvæmd aðgerða sem fjármagnaðar eru með fjárframlögum samkvæmt þessari grein.
- Í skýrslu sinni, sem um getur í 9. gr., skal framkvæmdastjórnin láta koma fram upplýsingar um framkvæmd aðgerða sem fjármagnaðar eru með fjárframlögum samkvæmt þessari grein, þ.m.t. um málefni sem gætu haft áhrif á framkvæmdina og ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að bregðast við þeim.

65. gr.

Aðrar samstöðuráðstafanir

- Framlög í formi annarra samstöðuráðstafana skulu byggjast á sérstakri beiðni aðildarríkisins sem nýtur góðs af samstöðuframlögum. Telja skal slík framlög til fjárhagslegrar samstöðu og skulu hlutaðeigandi framlagsaðildarríki og aðildarríki sem njóta góðs af samstöðuframlögum fastsetja raunverulegt virði þeirra sameiginlega og á raunhæfan hátt og tilkynna það samræmingaraðila ESB á sviði samstöðu áður en framlögin koma til framkvæmda.
- Aðildarríki skulu bjóða aðrar samstöðuráðstafanir einungis sem viðbót við, og án þess að þær séu tvítekning á, þeim ráðstöfunum sem fylgja aðgerðum stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins eða fjármögnun Sambandsins á sviði stjórnunar verndarmála og fólksflutninga í þeim aðildarríkjum sem njóta góðs af samstöðuframlögum. Aðildarríkin skulu einungis láta í té aðrar samstöðuráðstafanir sem viðbót við þau framlög sem þeim ber að leggja til gegnum stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins.
- Aðildarríki sem njóta góðs af samstöðuframlögum og framlagsaðildarríki skulu ljúka framkvæmd annarra samþykkrta samstöðuráðstafana, jafnvel þótt viðkomandi framkvæmdargerðir séu fallnar úr gildi.

66. gr.

Viðmiðunarlykill

Sá hluti samstöðuframlaga, sem hvert aðildarríki skal leggja til og um getur í 3. mgr. 57. gr., skal reiknaður út í samræmi við formúluna sem sett er fram í I. viðauka og byggjast á eftirfarandi viðmiðunum fyrir hvert aðildarríki, samkvæmt nýjustu tiltæku gögnum Hagstofu Evrópubandalaganna:

- íbúafjöldi (50% vægi),
- vergri heildarlandsframleiðslu (50% vægi).

II. KAFLI

Kröfur um málsmeðferð

67. gr.

Málsmeðferð áður en tilflutnings kemur

- Málsmeðferðin, sem sett er fram í þessari grein, gildir um tilflutning einstaklinga sem um getur í a-lið 2. mgr. 56. gr.
- Áður en málsmeðferðinni, sem sett er fram í þessari grein, er beitt skal aðildarríkið, sem nýtur góðs af samstöðuframlögum, tryggja að ekki liggja fyrir neinargildar ástæður til að ætla að hlutaðeigandi einstaklingur ögni innra öryggi. Ef gildar ástæður eru til að ætla að einstaklingurinn ögni innra öryggi, fyrir eða við þá málsmeðferð sem sett er fram í þessari grein, þ.m.t. ef ögn við innra öryggi hefur verið ákvörðuð í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1356, skal aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum ekki beita málsmeðferðinni sem sett er fram í þessari grein eða hætta henni tafarlaust. Aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum skal útiloka viðkomandi einstakling frá síðari tilflutningi eða flutningi til hvaða aðildarríkis sem er. Ef hlutaðeigandi einstaklingur er umsækjandi um alþjóðlega vernd skal aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum vera aðildarríkið sem ber ábyrgð í samræmi við 4. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar.
- Ef tilflutningur stendur fyrir dyrum skal aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum tilgreina þá einstaklinga sem flytja mætti. Að fenginni beiðni frá aðildarríkinu sem nýtur góðs af samstöðuframlögum skal Hælisstofnunin styðja það aðildarríki við að bera kennsl á einstaklinga til tilflutnings og við að para þá við tilflutningsaðildarríki, í samræmi við k-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2303.

Aðildarríkið skal, eftir atvikum, taka tillit til þess ef fyrir hendi eru mikilvæg tengsl, s.s. á grundvelli fjölskyldu eða menningarlegra sjónarmiða, milli hlutaðeigandi einstaklings og tilflutningsaðildarríkisins. Í því skyni skal aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum gefa þeim einstaklingum, sem til stendur að flytja til, tækifæri til að veita upplýsingar um mikilvæg tengsl sem fyrir hendi eru við tiltekin aðildarríki og leggja fram viðeigandi upplýsingar og gögn til að ákvarða þessi tengsl. Þetta tækifæri skal ekki fela í sér rétt einstaklinga til að velja tiltekið tilflutningsaðildarríki samkvæmt þessari grein.

- Til að bera kennsl á einstaklinga til tilflutnings og para þá saman við tilflutningsaðildarríki geta aðildarríki sem njóta góðs af samstöðuframlögum notað verkfæri sem samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu hefur þróað.

Umsækjendum sem ekki hafa mikilvæg tengsl við neitt aðildarríki skal skipt niður á eftirstandandi tilflutningsaðildarríki með sannaðum hætti.

Hafi tilgreindur einstaklingur, sem til stendur að flytja til, fengið alþjóðlega vernd skal hann því aðeins fluttur að hann hafi veitt skriflegt samþykki sitt fyrir tilflutningnum.

5. Þegar tilflutningur stendur fyrir dyrum skal aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum upplýsa þá einstaklinga sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar um málsmeðferðina sem sett er fram í þessari grein og 68. gr. og einnig, eftir atvikum, um þær skyldur sem settar eru fram í 3., 4. og 5. mgr. 17. gr. og um afleiðingar þess að uppfylla ekki skyldur, sem settar eru fram í 18. gr.

Fyrsta undirgrein þessarar málsgreinar gildir ekki um umsækjendur ef hægt er að ákvarða að aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum teljist vera aðildarríkið sem ber ábyrgð samkvæmt þeim viðmiðunum sem settar eru fram í 25.–28. gr. og 34. gr., að undanskilinni 5. mgr. 25. gr. Slíkir umsækjendur skulu ekki teljast uppfylla skilyrði til tilflutnings.

6. Aðildarríkin skulu tryggja að aðstandendur sæti tilflutningi til yfirráðasvæðis sama aðildarríkis.

7. Í þeim tilvikum sem um getur í 2. og 3. mgr. skal aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum senda tilflutningsaðildarríkinu, eins fljótt og auðið er, allar viðeigandi upplýsingar og skjöl um viðkomandi einstakling og nota til þess staðlað eyðublað, m.a. til þess að gera yfirvöldum tilflutningsaðildarríkisins kleift að kanna hvort ástæða sé til að ætla að viðkomandi einstaklingur geti verið ógn við innra öryggi.

8. Tilflutningsaðildarríkið skal kanna upplýsingarnar, sem aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum sendi skv. 7. mgr., og sannprófa að ekki liggi fyrir neinar gildar ástæður til að ætla að viðkomandi einstaklingur geti verið ógn við innra öryggi. Tilflutningsaðildarríkið getur valið að sannprófa þær upplýsingar með einstaklingsviðtali við viðkomandi einstakling. Viðkomandi einstaklingur skal upplýstur með tilhlýðilegum hætti um eðli og tilgang slíks viðtals. Einstaklingsviðtalið skal fara fram innan þess frests sem kveðið er á um í 9. mgr.

9. Ef ekki eru fyrir hendi neinar gildar ástæður til að ætla að viðkomandi einstaklingur geti verið ógn við innra öryggi skal tilflutningsaðildarríkið staðfesta tilflutning viðkomandi einstaklings innan viku frá móttöku viðeigandi upplýsinga frá aðildarríkinu sem nýtur góðs af samstöðuframlögum.

Ef athuganir staðfesta að fyrir hendi séu gildar ástæður til að ætla að viðkomandi einstaklingur geti verið ógn við innra öryggi skal tilflutningsaðildarríkið tilkynna aðildarríkinu sem nýtur góðs af samstöðuframlögum innan viku frá móttöku viðeigandi upplýsinga frá því aðildarríki, um eðli og undirliggjandi þætti viðvörunar úr viðeigandi gagnagrunni. Í slíkum tilvikum skal viðkomandi einstaklingur ekki sæta tilflutningi.

Í undantekningartilvikum, þegar hægt er að sýna fram á að athugun á upplýsingunum sé sérlega flókin eða að athuga þurfi mikinn fjölda mála á sama tíma, getur tilflutningsaðildarríkið svarað eftir að vikufresturinn, sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein, rennur út en ætíð þó innan tveggja vikna. Við slíkar aðstæður skal tilflutningsaðildarríkið tilkynna aðildarríkinu sem nýtur góðs af samstöðuframlögum innan upprunalega vikufrestsins um þá ákvörðun sína um að fresta svari.

Ef ekki er aðhafst innan vikufrestsins sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein eða tveggja vikna frestsins sem um getur í þriðju undirgrein skal það talið jafngilda staðfestingu á móttöku upplýsinganna og fela í sér skyldu til að flytja til sín viðkomandi einstakling, þ.m.t. skyldu til að gera viðeigandi ráðstafanir við komu.

10. Aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum skal taka ákvörðun um flutning innan viku frá staðfestingu tilflutningsaðildarríkisins. Það skal tilkynna viðkomandi einstaklingi, skriflega og án tafar, um ákvörðun um flutning hans til þess aðildarríkis í það minnsta tveimur dögum fyrir flutninginn, ef um er að ræða umsækjendur, og einni viku fyrir flutninginn, ef um er að ræða einstaklinga sem njóta alþjóðlegrar verndar.

Ef einstaklingurinn, sem til stendur að flytja til, er umsækjandi skal hann hlíta ákvörðuninni um tilflutning.

11. Flutningur viðkomandi einstaklings frá aðildarríkinu sem nýtur góðs af samstöðuframlögum til tilflutningsaðildarríkisins skal fara fram í samræmi við landslög aðildarríkisins sem nýtur góðs af samstöðuframlögum, að höfðu samráði milli hlutaðeigandi aðildarríkja, eins fljótt og við verður komið og innan fjögurra vikna frá staðfestingu tilflutningsaðildarríkisins eða endanlegri ákvörðun um kæru eða endurskoðun ákvörðunar um flutning sem hefur áhrif til frestunar í samræmi við 3. mgr. 43. gr.

12. Aðildarríki sem njóta góðs af samstöðuframlögum og tilflutningsaðildarríki skulu halda tilflutningsferlinu áfram jafnvel eftir að tímarammi fyrir framkvæmd eða gildi framkvæmdargerða ráðsins, sem um getur í 57., 61. og 62. gr., rennur út.

13. Ákvæði 42. gr. (3., 4. og 5. mgr.), 43. gr., 44. gr., 46. gr. (1. og 3. mgr.), 47. gr. (2. og 3. mgr.), 48. gr. og 50. gr. gilda að breyttu breytanda um málsmeðferð við tilflutning.

Aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum og sem annast flutning einstaklings sem nýtur alþjóðlegrar verndar skal senda tilflutningsaðildarríkinu allar upplýsingar sem um getur í 2. mgr. 51. gr., upplýsingar um forsendur umsóknar einstaklingsins sem nýtur alþjóðlegrar verndar og forsendur ákvarðana sem teknar hafa verið varðandi þann einstakling.

14. Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, koma á samræmdum aðferðum við undirbúning og framlagningu upplýsinga og skjala vegna tilflutnings. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 77. gr. Þegar framkvæmdastjórnin undirbýr þessar framkvæmdargerðir getur hún haft samráð við Hælisstofnunina.

68. gr.

Málsmeðferð eftir tilflutning

1. Tilflutningsaðildarríkið skal tilkynna aðildarríkinu sem nýtur góðs af samstöðuframlögum, Hælisstofnuninni og samræmingaraðila ESB á sviði samstöðu um að hlutaðeigandi einstaklingur sé kominn heilu og höldnu eða að hann hafi ekki komið innan frestsins sem gefinn var.

2. Hafi tilflutningsaðildarríki tekið við umsækjanda áður en ákvarðað hefur verið hvaða aðildarríki beri ábyrgð skal það beita málsmeðferðarreglunum sem settar eru fram í III. hluta, að undanskilinni 16. gr. (2. mgr.), 17. gr. (1. og 2. mgr.), 25. gr. (5. mgr.), 29. gr., 30. gr. og 33. gr. (1. og 2. mgr.).

Ef ekki er unnt að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal tilflutningsaðildarríkið bera ábyrgð á meðferð umsóknarinnar um alþjóðlega vernd.

Tilflutningsaðildarríkið skal tilgreina ábyrgð sína í evrópska fingrafaragrunninum skv. 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358.

3. Hafi umsækjandi verið fluttur til, eftir fyrri ákvörðun um að aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum skuli bera ábyrgð á grundvelli annars en þeirra viðmiðana sem um getur í annarri málsgrein 5. mgr. 67. gr., skal ábyrgð á meðferð umsóknarinnar um alþjóðlega vernd færast til tilflutningsaðildarríkisins.

Ábyrgð á meðferð frekari framsetninga umsóknar (e. *further representations*) eða síðari umsókna hlutaðeigandi einstaklings í samræmi við 55. og 56. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348 skal einnig færast til tilflutningsaðildarríkisins.

Tilflutningsaðildarríkið skal tilgreina ábyrgð sína í evrópska fingrafaragrunninum skv. 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358.

4. Hafi einstaklingur sem nýtur alþjóðlegrar verndar verið fluttur til skal tilflutningsaðildarríkið sjálfkrafa veita honum alþjóðlega vernd í samræmi við þá stöðu sem aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum veitti.

69. gr.

Málsmeðferð vegna ábyrgðarjöfnunar skv. 1. og 2. mgr. 63. gr.

1. Fari aðildarríki sem nýtur góðs af samstöðuframlögum fram á að annað aðildarríki taki ábyrgð á meðferð tiltekins fjölda umsókna um alþjóðlega vernd skv. 1. og 2. mgr. 63. gr. skal það senda beiðni sína til framlagsaðildarríkisins og taka fram fjölda umsókna um alþjóðlega vernd sem taka þarf ábyrgð á í stað tilflutnings.

2. Framlagsaðildarríkið skal svara beiðninni innan 30 daga frá viðtöku hennar.

Framlagsaðildarríkinu er heimilt að ákveða að taka ábyrgð á meðferð færri umsókna um alþjóðlega vernd en aðildarríkið sem nýtur góðs af samstöðuframlögum fór fram á.

3. Aðildarríkið, sem hefur samþykkt beiðni skv. 2. mgr. þessarar greinar, skal tilgreina hvaða umsóknum um alþjóðlega vernd það tekur ábyrgð á og tilgreina ábyrgð sína skv. 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358.

70. gr.

Aðrar skyldur

Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina, einkum samræmingaraðila ESB á sviði samstöðu, um framkvæmd samstöðurráðstafana, þ.m.t. ráðstafana vegna samstarfs við þriðja land.

III. KAFLI

Fjárstuðningur frá Sambandinu

71. gr.

Fjárstuðningur

Í samræmi við meginregluna um samstöðu og sanngjarna skiptingu ábyrgðar skal fjárstuðningur í kjölfar tilflutnings skv. I. og II. kafla þessa hluta framkvæmdur í samræmi við 20. gr. reglugerðar (ESB) 2021/1147.

V. HLUTI

ALMENN ÁKVÆÐI

72. gr.

Gagnaöryggi og persónuvernd

1. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á lög Sambandsins um vernd persónuupplýsinga, einkum reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 og (ESB) 2018/1725⁽⁴³⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680⁽⁴⁴⁾.

2. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja öryggi persónuupplýsinga sem unnar eru samkvæmt þessari reglugerð, einkum til að forðast ólögmatan eða óheimilan aðgang að eða birtingu persónuupplýsinga sem unnar eru, að þeim sé breytt eða að þær glatist.

3. Lögbært eftirlitsyfirvald eða -yfirvöld hvers aðildarríkis skulu hafa sjálfstætt eftirlit með því hvort vinnsla persónuupplýsinga af hálfu yfirvaldanna, sem um getur í 52. gr., í hlutaðeigandi aðildarríki sé með lögmætum hætti, í samræmi við landslög.

73. gr.

Þagnarskylda

Aðildarríkin skulu tryggja að yfirvöldin, sem um getur í 52. gr., séu bundin reglum um þagnarskyldu, eins og kveðið er á um í landslögum, varðandi allar upplýsingar sem þau fá við störf sín.

74. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög, þ.m.t. stjórnsýslu- eða refsiviðurlög í samræmi við landslög, við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlög, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif.

75. gr.

Útreikningur á frestum

Eftirfarandi gildir við útreikninga allra fresta sem kveðið er á um í þessari reglugerð:

- frestur, mældur í dögum, vikum eða mánuðum, reiknast frá þeim tíma þegar atburður á sér stað eða aðgerð er framkvæmd; ekki skal telja sjálfan daginn þegar atburður á sér stað eða aðgerð er framkvæmd með í frestinum,
- frestur, mældur í vikum eða mánuðum, skal renna út í lok þess dags síðustu viku eða síðasta mánaðar frestsins, sem ber upp á sama vikudag eða sama mánaðardag og sá dagur þegar atburðurinn átti sér stað eða aðgerðin var framkvæmd sem reikna á frestinn frá.
- ef frestur, mældur í mánuðum, á að renna út á degi sem vantar í síðasta mánuð frestsins skal fresturinn renna út á miðnætti síðasta dags þessa síðasta mánaðar,
- laugar dagar, sunnudagar og opinberir frídagar í hlutaðeigandi aðildarríki reiknast inn í fresti; ef frestur rennur út á laugardegi, sunnudegi eða opinberum frídegi skal telja næsta virka dag sem síðasta dag frestsins.

76. gr.

Gildissvæði

Að því er varðar Franska lýðveldið gildir þessi reglugerð eingöngu á evrópsku yfirráðasvæði þess.

77. gr.

Nefndarmeðferð

- Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
- Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og skal þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 gilda.

78. gr.

Beiting framsals

- Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.
- Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 6. mgr. 25. gr. og 3. mgr. 34. gr., í fimm ár frá 11. júní 2024. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
- Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 6. mgr. 25. gr. og 3. mgr. 34. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
- Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.
- Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
- Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 6. mgr. 25. gr. eða 3. mgr. 34. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan fjögurra mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

79. gr.

Eftirlit og mat

Eigi síðar en 1. febrúar 2028 og árlega eftir það skal framkvæmdastjórnin endurskoða virkni ráðstafananna sem settar eru fram í IV. hluta þessarar reglugerðar og gefa skýrslu um framkvæmd ráðstafananna sem settar eru fram í þessari reglugerð. Senda skal skýrsluna til Evrópuþingsins og ráðsins.

Framkvæmdastjórnin skal, með reglulegu millibili og a.m.k. þriðja hvert ár, endurskoða gildi þeirra talna sem settar eru fram í a- og b-lið 2. mgr. 12. gr. og virkni III. hluta þessarar reglugerðar í heild, þ.m.t. hvort breyta ætti skilgreiningunni á aðstandendum og lengd frestanna sem settir eru fram í þeim hluta, í ljósi heildarstöðunnar í fólksflutningamálum.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. júlí 2031 og á fimm ára fresti eftir það, láta fara fram mat á þessari reglugerð, einkum með tilliti til meginreglunnar um samstöðu og sanngjarna skiptingu ábyrgðar sem er að finna í 80. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram skýrslur um helstu niðurstöður matsins fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins. Aðildarríkin skulu láta framkvæmdastjórninni í té allar nauðsynlegar upplýsingar til að semja skýrslurnar, eigi síðar en sex mánuðum áður en frestur framkvæmdastjórnarinnar til að leggja fram hverja skýrslu rennur út.

80. gr.

Tölfræðilegar upplýsingar

Í samræmi við 4. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 862/2007 ⁽⁴⁵⁾ skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) tölfræðilegar upplýsingar varðandi beitingu þessarar reglugerðar og reglugerðar (EB) nr. 1560/2003.

VI. HLUTI

BREYTINGAR Á ÖÐRUM GERÐUM SAMBANDSINS

81. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2021/1147

Reglugerð (ESB) 2021/1147 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 2. gr. er breytt sem hér segir:
 - a) Í stað 1. og 2. liðar kemur eftirfarandi:
 - „1. „umsækjandi um alþjóðlega vernd“: umsækjandi eins og skilgreint er í 4. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1351 ^(*),
 2. „einstaklingur sem nýtur alþjóðlegrar verndar“: einstaklingur sem nýtur alþjóðlegrar verndar eins og skilgreint er í 7. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351,
- 2) Eftirfarandi lið er bætt við:
 - „15. „samstöðuaðgerð“: aðgerð, en gildissvið hennar er sett fram í b-lið 2. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, sem er fjármögnuð með fjárfraðslum frá aðildarríkjunum, eins og um getur í 1. mgr. 64. gr. þeirrar reglugerðar.“
- 3) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 15. gr.:
 - „6a. Heimilt er að auka framlagið af fjárlögum Sambandsins í 100% af aðstoðarhæfum heildarútgjöldum vegna samstöðuaðgerða.“
- 3) Í stað 20. gr. kemur eftirfarandi:

„20. gr.

Fjármagn til flutnings á umsækjendum um alþjóðlega vernd eða einstaklingum sem njóta alþjóðlegrar verndar

1. Aðildarríki skal fá, til viðbótar við úthlutanir sínar skv. a-lið 1. mgr. 13. gr. þessarar reglugerðar, fjárhæð sem nemur:
 - a) 10 000 evrum fyrir hvern umsækjanda um alþjóðlega vernd sem það aðildarríki verður ábyrgt fyrir í kjölfar tilflutnings í samræmi við 67. og 68. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351,
 - b) 10 000 evrum fyrir hvern einstakling sem nýtur alþjóðlegrar verndar og er tilfluttur til þess aðildarríkis í samræmi við 67. og 68. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351.

Fjárhæðirnar sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar skulu hækkaðar í 12 000 evrum fyrir hvern umsækjanda um alþjóðlega vernd eða einstakling sem nýtur alþjóðlegrar verndar, eftir því sem við á, sem er fylgdarlaust, ólöggráða barn sem er tilflutt til viðkomandi aðildarríkis í samræmi við 67. og 68. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351.

2. Aðildarríkið, sem ber kostnaðinn af flutningi sem um getur í 1. mgr., skal fá framlag upp á 500 evrum fyrir hvern umsækjanda um alþjóðlega vernd eða einstakling sem nýtur alþjóðlegrar verndar sem fluttur er til annars aðildarríkis.

3. Aðildarríkið sem ber kostnaðinn af flutningi, sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 og er framkvæmdur í samræmi við 46. gr. þeirrar reglugerðar, skal fá framlag upp á 500 evrur fyrir hvern umsækjanda um alþjóðlega vernd sem fluttur er til annars aðildarríkis.
4. Úthluta skal fjárhæðunum, sem um getur í 1.–3. mgr. þessarar greinar, til áætlunar aðildarríkisins að því tilskildu að einstaklingurinn, sem fjárhæðinni er úthlutað fyrir, hafi í reynd verið fluttur til þess aðildarríkis eða verið skráður sem umsækjandi í aðildarríkinu sem ber ábyrgð í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1351, eftir því sem við á. Þær fjárhæðir skal ekki nota til annarra aðgerða í áætlun aðildarríkisins nema í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt með breytingu á áætluninni.
5. Fjárhæðirnar, sem um getur í þessari grein, skulu vera í formi fjármögnunar sem ekki tengist kostnaði í samræmi við 125. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.
6. Vegna eftirlits og úttekta skulu aðildarríki geyma þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hægt sé að bera kennsl á einstaklinga sem fluttir eru og hvaða dag það var gert.
7. Til að taka tillit til núverandi verðbólguþriggja, viðeigandi þróunar á sviði tilflutninga og annarra þátta sem kunna að hámarka nýtingu fjárhagslega hvatans sem fylgir þeim fjárhæðum sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar, er framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 37. gr. til að aðlaga þessar fjárhæðir, ef það er talið viðeigandi, innan marka tiltæks fjármagns.“
- 4) Eftirfarandi lið er bætt við í 2. mgr. 35. gr.:
- „ha) framkvæmd samstöðuaðgerða, þ.m.t. sundurliðun fjárframlaga eftir aðgerðum og lýsing á helsta árangri sem náðst hefur með fjármögnuninni.“
- 5) Eftirfarandi lið er bætt við í 4. lið II. viðauka:
- „c) stuðning við samstöðuaðgerðir, í samræmi við umfang stuðningsins sem sett er fram í III. viðauka.“
- 6) Eftirfarandi kóða er bætt við í IV. lið í töflu 1 í VI. viðauka:
- „007 Samstöðuaðgerðir“.
- 7) Eftirfarandi kóðum er bætt við í töflu 3 í VI. viðauka:
- „006 Endurbúseta og viðtaka af mannúðarástæðum
007 Alþjóðleg vernd (flutningur til)
008 Alþjóðleg vernd (flutningur frá)
009 Samstöðuaðgerðir“.

82. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2021/1060

Reglugerð (ESB) 2021/1060 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 36. gr.:
- „3a. Þrátt fyrir 3. mgr. þessarar greinar skal Sambandið ekki leggja til framlag vegna tækniástoðar til stuðnings samstöðuaðgerðum, eins og skilgreint er í 15. lið 2. gr. reglugerðarinnar um Sjóðinn vegna verndarmála, fólksflutninga og aðlögunar (e. *AMIF Regulation*) og 11. lið 2. gr. reglugerðarinnar um fjármögnunarleiðina fyrir landamærastjórnun og stefnu í vegabréfsáritunarmálum (e. *BMVI Regulation*).“
- 2) Ákvæðum 63. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 6. mgr.:
- „Fyrsta undirgrein þessarar málsgreinar gildir ekki um stuðning við samstöðuaðgerðir, eins og skilgreint er í 15. lið 2. gr. reglugerðarinnar um Sjóðinn vegna verndarmála, fólksflutninga og aðlögunar og 11. lið 2. gr. reglugerðarinnar um fjármögnunarleiðina fyrir landamærastjórnun og stefnu í vegabréfsáritunarmálum.“
- b) Eftirfarandi undirgrein er bætt við 7. mgr.:
- „Ef áætlun er breytt til að taka upp fjárstuðning við samstöðuaðgerðir, eins og skilgreint er í 15. lið 2. gr. reglugerðarinnar um Sjóðinn vegna verndarmála, fólksflutninga og aðlögunar og 11. lið 2. gr. reglugerðarinnar um fjármögnunarleiðina fyrir landamærastjórnun og stefnu í vegabréfsáritunarmálum, má kveða á um það í áætluninni að aðstoðarhæfi útgjalda í tengslum við slíka breytingu hefjist frá og með 11. júní 2024.“

VII. HLUTI

UMBREYTINGARÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI

83. gr.

Niðurfelling reglugerðar (ESB) nr. 604/2013

Reglugerð (ESB) nr. 604/2013 er felld úr gildi frá og með 12. júní 2026.

Líta skal á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

Reglugerð (EB) nr. 1560/2003 skal gilda áfram nema og þar til henni verður breytt með framkvæmdargerðum sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð.

84. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Hafi umsókn verið skráð eftir 12. júní 2026 skal taka tillit til hvers kyns atburða sem líklegt má telja að hefðu í för með sér ábyrgð aðildarríkis samkvæmt þessari reglugerð, jafnvel þótt þeir hafi átt sér stað fyrir þann dag.
2. Ákvarða skal hvaða aðildarríki ber ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd, sem skráð er fyrir 12. júní 2026, í samræmi við þær viðmiðanir sem settar eru fram í reglugerð (ESB) nr. 604/2013.
3. Eigi síðar en 12. september 2024 skal framkvæmdastjórnin, í nánu samstarfi við viðkomandi stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins og aðildarríkin, leggja sameiginlega framkvæmdaáætlun fyrir ráðið til að tryggja að aðildarríkin séu nægilega undir það búin að koma þessari reglugerð til framkvæmda eigi síðar en 12. júní 2026, meta eyður og nauðsynlegar hagnýtar ráðstafanir og tilkynna Evrópuþinginu um það.

Á grundvelli þeirrar sameiginlegu framkvæmdaáætlunar skal sérhvert aðildarríki, eigi síðar en 12. desember 2024, með stuðningi framkvæmdastjórnarinnar og viðkomandi stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins, koma á fót landsbundinni framkvæmdaáætlun þar sem aðgerðirnar og tímalínan vegna framkvæmdar þeirra eru settar fram. Sérhvert aðildarríki skal ljúka við að hrinda áætlun sinni í framkvæmd eigi síðar en 12. júní 2026.

Aðildarríkjunum er heimilt, að því er varðar framkvæmd þessarar greinar, að nýta sér stuðning viðeigandi stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins og heimilt er að nota sjóði Sambandsins til að veita aðildarríkjunum fjárstuðning í samræmi við þær réttargerðir sem gilda um þessar stofnanir, skrifstofur, fagstofnanir og sjóði.

Framkvæmdastjórnin skal fylgjast náið með framkvæmd landsbundnu framkvæmdaáætlananna sem um getur í annarri undirgrein.

Framkvæmdastjórnin skal, í fyrstu tveimur skýrslunum sem um getur í 9. gr., gera grein fyrir stöðunni varðandi framkvæmd sameiginlegu framkvæmdaáætlunarinnar og landsbundnu framkvæmdaáætlananna sem um getur í þessari málsgrein.

Þar til skýrslurnar sem um getur í fimmtu undirgrein þessarar málsgreinar liggja fyrir skal framkvæmdastjórnin upplýsa Evrópuþingið og ráðið á sex mánaða fresti um stöðuna varðandi framkvæmd sameiginlegu framkvæmdaáætlunarinnar og landsbundnu framkvæmdaáætlananna sem um getur í þessari málsgrein.

85. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 12. júní 2026.

Hins vegar koma 7.–15. gr., 22. gr. (fjórða undirgrein 1. mgr.), 23. gr. (7. mgr.), 25. gr. (6. og 7. mgr.), 34. gr. (3. og 4. mgr.), 39. gr. (önnur undirgrein 3. mgr.), 40. gr. (4. mgr.), 40. gr. (önnur undirgrein 8. mgr.), 41. gr. (5. mgr.), 46. gr. (fimmta undirgrein 1. mgr.), 46. gr. (4. mgr.), 48. gr. (4. mgr.), 50. gr. (önnur undirgrein 1. mgr.), 50. gr. (5. mgr.), 52. gr. (4. mgr.), 56. og 57. gr., 64. gr. (3. mgr.), 67. gr. (14. mgr.), 78. gr. og 84. gr. til framkvæmda frá 11. júní 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

Gjört í Brussel 14. maí 2024.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

R. METSOLA

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

H. LAHBIB

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 155, 30.4.2021, bls. 58.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 175, 7.5.2021, bls. 32.

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 10. apríl 2024 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. maí 2024.

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1346 frá 14. maí 2024 um kröfur varðandi móttöku umsækjenda um alþjóðlega vernd (Stjtið. ESB L, 2024/1346, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2024/1346/oj>).

⁽⁵⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 2022/922 frá 9. júní 2022 um að koma á fót og starfrækja úttektar- og eftirlitskerfi til að sannprófa beitingu Schengen-réttarreglnanna og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 1053/2013 (Stjtið. ESB L 160, 15.6.2022, bls. 1).

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1356 frá 14. maí 2024 um innleiðingu skimunar ríkisborgara þriðju landa á ytri landamærunum og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/817 (Stjtið. ESB L, 2024/1356, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1356/oj>).

⁽⁷⁾ Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1366 frá 23. september 2020 um viðbúnaðar- og neyðarstjórnunarkerfi ESB í tengslum við fólksflutninga (viðbúnaðar- og neyðaráætlun vegna fólksflutninga) (Stjtið. ESB L 317, 1.10.2020, bls. 26).

⁽⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2021/1147 frá 7. júlí 2021 um stofnun Sjóðs vegna verndarmála, fólksflutninga og aðlögunar (Stjtið. ESB L 251, 15.7.2021, bls. 1).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1060 frá 24. júní 2021 um almenn ákvæði um Byggðáprúnarsjóð Evrópu, Félagsmálasjóð Evrópu+, Samheldnisjóðinn, Sjóðinn fyrir sanngjörn umskipti og Sjávarútvegs- og fiskeldissjóð Evrópu og fjárhagsreglur fyrir þá og Sjóðinn vegna verndarmála, fólksflutninga og aðlögunar, Sjóðinn fyrir innra öryggi og fjármögnunarleiðina til fjárstuðnings við landamæra- stjórnun og stefnu í vegabréfsáritunarmálum (Stjtið. ESB L 231, 30.6.2021, bls. 159).

- (¹⁰) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1359 frá 14. maí 2024 um að taka á neyðarástandi og óviðráðanlegum atvikum á sviði fólksflutninga og verndarmála og um breytingu á reglugerð (ESB) 2021/1147 (Stjtið. ESB L, 2024/1359, 22.5.2024, ELI <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1359/oj>).
- (¹¹) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 604/2013 frá 26. júní 2013 um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd sem ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur leggur fram í einu aðildarríkjanna (Stjtið. ESB L 180, 29.6.2013, bls. 31).
- (¹²) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1347 frá 14. maí 2024 um kröfur, sem ríkisborgarar þriðju lands eða ríkisfangslausir einstaklingar þurfa að uppfylla til að njóta alþjóðlegrar verndar, um samræmda réttarstöðu flóttamanna eða fólks sem á rétt á viðbótarvernd og um efni þeirrar verndar sem veitt er, og um breytingu á tilskipun ráðsins 2003/109/EB og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/95/ESB (Stjtið. ESB L, 2024/1347, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1347/oj>).
- (¹³) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1350 frá 14. maí 2024 um koma á ramma Sambandsins um endurbúsetu og viðtöku af mannúðarástæðum og um breytingu á reglugerð (ESB) 2021/1147 (Stjtið. ESB L, 2024/1350, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1350/oj>).
- (¹⁴) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1348 frá 14. maí 2024 um að taka upp sameiginlega málsmeðferð um alþjóðlega vernd í Sambandinu og um niðurfellingu á tilskipun 2013/32/ESB (Stjtið. ESB L, 2024/1348, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1348/oj>).
- (¹⁵) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1560/2003 frá 2. september 2003 um nákvæmar reglur um beitingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 343/2003 um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um vernd sem ríkisborgari þriðja lands leggur fram í einu aðildarríkjanna (Stjtið. ESB L 222, 5.9.2003, bls. 3).
- (¹⁶) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1358 frá 14. maí 2024 um stofnun evrópska fingrafaragrunnsins „Eurodac“ til að bera saman lífkennaupplýsingar í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1351 og (ESB) 2024/1350 og tilskipunar ráðsins 2001/55/EB og til að staðfesta deili á ríkisborgurum þriðju lands og ríkisfangslausum einstaklingum sem dvelja þar ólöglega og um beiðnir löggæslufyrivalda aðildarríkjanna og Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins um samanburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/818 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 603/2013 (Stjtið. ESB L, 2024/1358, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1358/oj>).
- (¹⁷) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008 frá 9. júlí 2008 um upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (VIS) og skipti á gögnum milli aðildarríkjanna um vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar (VIS-reglugerð) (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 60).
- (¹⁸) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).
- (¹⁹) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).
- (²⁰) Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.
- (²¹) Stjtið. ESB L 66, 8.3.2006, bls. 38.
- (²²) Stjtið. EB L 93, 3.4.2001, bls. 40.
- (²³) Stjtið. ESB L 53, 27.2.2008, bls. 5.
- (²⁴) Stjtið. ESB L 160, 18.6.2011, bls. 39.
- (²⁵) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 frá 9. mars 2016 um setningu Sambandsreglna um för fólks yfir landamæri (Schengen-landamæraegrlurnar) (Stjtið. ESB L 77, 23.3.2016, bls. 1).
- (²⁶) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1896 frá 13. nóvember 2019 um Evrópsku landamæra- og strandgæsluna og um niðurfellingu á reglugerðum (ESB) nr. 1052/2013 og (ESB) 2016/1624 (Stjtið. ESB L 295, 14.11.2019, bls. 1).
- (²⁷) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/115/EB frá 16. desember 2008 um sameiginlega staðla og málsmeðferð í aðildarríkjunum varðandi endursendingu ríkisborgara þriðju lands sem dvelja þar ólöglega (Stjtið. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 98).
- (²⁸) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/52/EB frá 18. júní 2009 um lágmarksstaðla varðandi viðurlög og ráðstafanir gegn vinnuveitendum ríkisborgara þriðju lands sem dvelja ólöglega í aðildarríkjunum (Stjtið. ESB L 168, 30.6.2009, bls. 24).
- (²⁹) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2303 frá 15. desember 2021 um Hælisstofnun Evrópusambandsins og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 439/2010 (Stjtið. ESB L 468, 30.12.2021, bls. 1).
- (³⁰) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/794 frá 11. maí 2016 um Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Löggæslusamvinnustofnunina (Europol)) sem kemur í stað og fellir úr gildi ákvarðanir ráðsins 2009/371/DIM, 2009/934/DIM, 2009/935/DIM, 2009/936/DIM og 2009/968/DIM (Stjtið. ESB L 135, 24.5.2016, bls. 53).
- (³¹) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2021/1148 frá 7. júlí 2021 um að koma á fót, sem hluta af Sjóðnum fyrir samþætta landamærastjórnun, fjármögnunarleiðinni til fjárstuðnings við landamærastjórnun og stefnu í vegabréfsáritunarmálum (Stjtið. ESB L 251, 15.7.2021, bls. 48).
- (³²) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1349 frá 14. maí 2024 um koma á endursendingarmálsmeðferð við landamæri og um breytingu á reglugerð (ESB) 2021/1148 (Stjtið. ESB L, 2024/1349, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1349/oj>).
- (³³) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/836 frá 20. maí 2021 um breytingu á ákvörðun nr. 1313/2013/ESB um almannavarnakerfi Sambandsins (Stjtið. ESB L 185, 26.5.2021, bls. 1).
- (³⁴) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/2226 frá 30. nóvember 2017 um að koma á fót komu- og brottfararkerfi til að skrá upplýsingar um komu og brottfarir og upplýsingar um synjanir um komu ríkisborgara þriðju lands, sem fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna, og um að ákvarða skilyrði fyrir aðgangi að komu- og brottfararkerfinu í löggæslutilgangi og um breytingu á samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og á reglugerðum (EB) nr. 767/2008 og (ESB) nr. 1077/2011 (Stjtið ESB L 327, 9.12.2017, bls. 20).
- (³⁵) Tilskipun ráðsins 2001/55/EB frá 20. júlí 2001 um lágmarkskröfur til að veita tímabundna vernd ef til stórfellds innstreyms fólks, sem hefur neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga, kemur og um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi milli viðleitni aðildarríkjanna til að veita slíkum einstaklingum viðtöku og afleiðinga þess (Stjtið. EB L 212, 7.8.2001, bls. 12).
- (³⁶) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 frá 13. júlí 2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir (vegabréfsáritunarreglurnar) (Stjtið. ESB L 243, 15.9.2009, bls. 1).
- (³⁷) Framkvæmdarákvörðun ráðsins (ESB) 2018/1993 frá 11. desember 2018 um samþætt viðbragðskerfi ESB til að bregðast við pólitísku neyðarástandi (Stjtið. ESB L 320, 17.12.2018, bls. 28).
- (³⁸) Ákvörðun ráðsins 2013/488/ESB frá 23. september 2013 um öryggisreglur til að vernda trúnaðarflokkaðar upplýsingar Evrópusambandsins (Stjtið. ESB L 274, 15.10.2013, bls. 1).
- (³⁹) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/36/ESB frá 5. apríl 2011 um að koma í veg fyrir og berjast gegn mansali og vernda fórnarlömb þess, og um niðurfellingu á rammaákvörðun ráðsins 2002/629/DIM (Stjtið. ESB L 101, 15.4.2011, bls. 1).
- (⁴⁰) Tilskipun ráðsins 2003/109/EB frá 25. nóvember 2003 um ríkisborgara þriðju lands sem hafa stöðu einstaklinga með fasta búsetu (Stjtið. ESB L 16, 23.1.2004, bls. 44).

⁽⁴¹⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 343/2003 frá 18. febrúar 2003 um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um vernd sem ríkisborgari þriðja lands leggur fram í einu aðildarríkjanna (Stjtið. ESB L 50, 25.2.2003, bls. 1).

⁽⁴²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtið. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).

⁽⁴³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

⁽⁴⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum í tengslum við að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fullnægja refsiviðurlögum og frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu rammaákvörðunar ráðsins 2008/977/DIM (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 89).

⁽⁴⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 862/2007 frá 11. júlí 2007 um hagskýrslur Bandalagsins um fólksflutninga og alþjóðlega vernd og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 311/76 um tölfraeðilega skráningu erlends vinnuafis (Stjtið. ESB L 199, 31.7.2007, bls. 23).

I. VIÐAUKI

Formúla fyrir viðmiðunarlykilinn skv. 66. gr.:

$$\text{Áhrif af íbúafjölda}_{AR} = \frac{\text{íbúafjöldi}_{AR}}{\sum_{i=1}^n \text{íbúafjöldi}_{AR}}$$

$$\text{Áhrif af VLF}_{AR} = \frac{\text{VLF}_{AR}}{\sum_{i=1}^n \text{VLF}_{AR}}$$

$\text{Hluti}_{AR} = 50\% \text{ áhrif af íbúafjölda}_{AR} + 50\% \text{ áhrif af VLF}_{AR}$

n: heildarfjöldi aðildarríkja (e. MS)

II. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð (ESB) nr. 604/2013	Þessi reglugerð
1. gr.	1. gr.
a-liður 2. gr.	1. liður 2. gr.
b-liður 2. gr.	3. liður 2. gr.
c-liður 2. gr.	4. liður 2. gr.
d-liður 2. gr.	5. liður 2. gr.
e-liður 2. gr.	6. liður 2. gr.
f-liður 2. gr.	7. liður 2. gr.
g-liður 2. gr.	8. liður 2. gr.
h-liður 2. gr.	9. liður 2. gr.
i-liður 2. gr.	10. liður 2. gr.
j-liður 2. gr.	11. liður 2. gr.
k-liður 2. gr.	12. liður 2. gr.
l-liður 2. gr.	13. liður 2. gr.
m-liður 2. gr.	14. liður 2. gr.
n-liður 2. gr.	18. liður 2. gr.
3. gr.	16. gr.
4. gr.	19. gr.
5. gr.	22. gr.
6. gr.	23. gr.
7. gr.	24. gr.

8. gr.	25. gr.
9. gr.	26. gr.
10. gr.	27. gr.
11. gr.	28. gr.
12. gr.	29. gr.
14. gr.	31. gr.
15. gr.	32. gr.
13. gr.	33. gr.
16. gr.	34. gr.
17. gr.	35. gr.
18. gr.	36. gr.
19. gr.	37. gr.
20. gr.	38. gr.
21. gr.	39. gr.
22. gr.	40. gr.
23. gr.	41. gr.
24. gr.	41. gr.
25. gr.	41. gr.
26. gr.	42. gr.
27. gr.	43. gr.
28. gr.	44. gr.
29. gr.	46. gr.
30. gr.	47. gr.
31. gr.	48. gr.
32. gr.	50. gr.
34. gr.	51. gr.
35. gr.	52. gr.
36. gr.	53. gr.
37. gr.	55. gr.

Fylgiskjal 2.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2024/1358**

frá 14. maí 2024

um stofnun evrópska fingrafaragrunnsins „Eurodac“ til að bera saman lífkennaupplýsingar í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1351 og (ESB) 2024/1350 og tilskipunar ráðsins 2001/55/EB og til að staðfesta deili á ríkisborgurum þriðju lands og ríkisfangslausum einstaklingum sem dvelja þar ólöglega og um beðinir löggæslufirvalda aðildarríkjanna og Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins um samanburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutílgangi, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/818 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 603/2013

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 78. gr. (c-, d-, e- og g-lið 2. mgr.), 79. gr. (c-lið 2. mgr.), 87. gr. (a-lið 2. mgr.) og 88. gr. (a-lið 2. mgr.),

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Sameiginleg stefna um vernd, þ.m.t. samevrópskt verndarkerfi, er þáttur í því markmiði Sambandsins að koma smám saman á fót svæði frelsis, öryggis og réttlætis sem er opið þeim sem aðstæður neyða til að leita alþjóðlegrar verndar innan Sambandsins.
- 2) Við beitingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1351 ⁽⁴⁾ er nauðsynlegt að staðfesta deili á umsækjendum um alþjóðlega vernd og einstaklingum sem handteknir eru í tengslum við ólöglega för yfir landamæri aðildarríkja. Til að unnt sé að beita þeirri reglugerð með skilvirkum hætti er einnig æskilegt að heimila sérhverju aðildarríki að kanna hvort ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur, sem komið hefur í ljós að dvelst ólöglega á yfirráðasvæði þess, hafi sótt um alþjóðlega vernd í öðru aðildarríki.
- 3) Til að beita megi reglugerð (ESB) 2024/1351 með skilvirkum hætti er enn fremur nauðsynlegt að skrá með skýrum hætti í evrópska fingrafaragrunninum (Eurodac) þá staðreynd að ábyrgð hafi færst milli aðildarríkja, þ.m.t. ef um tilflutning (e. relocation) er að ræða.
- 4) Til að beita megi reglugerð (ESB) 2024/1351 á skilvirkan hátt og til að greina frekari flutninga innan Sambandsins er einnig nauðsynlegt að heimila hverju aðildarríki að kanna hvort ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi, sem komið hefur í ljós að dvelst ólöglega á yfirráðasvæði þess eða sem sækir um alþjóðlega vernd, hafi verið veitt alþjóðleg vernd eða réttarstaða á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum annars aðildarríkis í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1350 ⁽⁵⁾ eða í samræmi við landbundið endurbúsetukerfi. Í því skyni ætti að geyma lífkennaupplýsingar einstaklinga, sem skráðir hafa verið í viðtökuferli, í evrópska fingrafaragrunninum um leið og alþjóðleg vernd eða réttarstaða á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum hefur verið veitt og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir það.
- 5) Til að beita megi reglugerð (ESB) 2024/1350 á skilvirkan hátt er nauðsynlegt að heimila sérhverju aðildarríki að kanna hvort annað aðildarríki hafi veitt ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi alþjóðlega vernd eða réttarstöðu á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum í samræmi við þá reglugerð eða hvort tekið hafi verið við honum inn á yfirráðasvæði aðildarríkis í samræmi við landsbundið endurbúsetukerfi. Til að geta beitt viðeigandi ástæðum synjunar, sem kveðið er á um í þeirri reglugerð, í tengslum við nýtt viðtökuferli þurfa aðildarríki einnig upplýsingar um niðurstöður fyrri viðtökufarla og upplýsingar um hvers konar ákvörðun um veitingu alþjóðlegrar verndar eða réttarstöðu á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum. Þar að auki eru upplýsingar um ákvörðun um veitingu alþjóðlegrar verndar eða réttarstöðu á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum nauðsynlegar til að finna út hvaða aðildarríki hefur lokið ferlinu og gera þar með öðrum aðildarríkjum kleift að leita viðbótarupplýsinga hjá því aðildarríki.
- 6) Enn fremur, til að endurspegla nákvæmlega skuldbindingar aðildarríkjanna samkvæmt alþjóðalögum um að framkvæma leitar- og björgunaraðgerðir og til að gefa nákvæmari mynd af samsetningu innflytjendastraums í Sambandinu, er einnig nauðsynlegt að skrá í evrópska fingrafaragrunninum þá staðreynd að ríkisborgarar þriðju lands eða ríkisfangslausir einstaklingar hafi verið fluttir frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerðar, þ.m.t. í tölfræðilegum tilgangi. Með fyrirvara um beitingu reglugerðar (ESB) 2024/1351 ætti skráning þeirrar staðreyndar ekki að leiða til ólíkrar meðferðar á einstaklingum, sem skráðir eru í evrópska fingrafaragrunninum, við handtöku í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamæri. Það ætti ekki að hafa áhrif á reglur samkvæmt lögum Sambandsins sem gilda um ríkisborgara þriðju lands eða ríkisfangslausa einstaklinga sem fluttir hafa verið frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerða.
- 7) Enn fremur, í þeim tilgangi að styðja við verndarkerfið með beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1351, (ESB) 2024/1348 ⁽⁶⁾ og (ESB) 2024/1347 ⁽⁷⁾ og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1346 ⁽⁸⁾, er nauðsynlegt að skrá hvort í ljós kemur, í kjölfar öryggisathugana sem um getur í þessari reglugerð, að einstaklingur kunni að ógna innra öryggi. Upprunaaðildarríkið ætti að annast slíka skráningu. Það að slík skráning sé í evrópska fingrafaragrunninum hefur ekki áhrif á kröfuna um einstaklingsbundna athugun samkvæmt reglugerðum (ESB)

2024/1347 og (ESB) 2024/1348. Eyða ætti skráningunni ef rannsóknin leiðir í ljós að ekki séu nægar ástæður til að telja að viðkomandi einstaklingur ógni innra öryggi.

- 8) Í kjölfar öryggisathugananna sem um getur í þessari reglugerð ætti einungis að skrá í evrópska fingrafaragrunninn þá staðreynd að einstaklingur gæti verið ógn við innra öryggi („öryggismerking“) ef hann er ofbeldisfullur eða ólöglega vopnaður eða ef skýrar vísbendingar eru um að hann sé viðriðinn eitthvert af þeim brotum sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/541 ⁽⁹⁾ eða eitthvert af þeim brotum sem um getur í rammaákvörðun ráðsins 2002/584/DIM ⁽¹⁰⁾. Þegar metið er hvort einstaklingur sé ólöglega vopnaður þarf aðildarríki að ákvarða hvort viðkomandi beri skotvopn án gilds leyfis eða heimildar eða hvers kyns önnur bönnuð vopn samkvæmt skilgreiningu í landslögum. Þegar metið er hvort einstaklingur sé ofbeldisfullur þarf aðildarríki að ákvarða hvort viðkomandi hafi sýnt af sér hegðun sem leiðir til líkamstjóns annarra einstaklinga sem væri refsivert brot samkvæmt landslögum.
- 9) Í tilskipun ráðsins 2001/55/EB ⁽¹¹⁾ er kveðið á um kerfi tímabundinnar verndar sem var virkjað í fyrsta skipti með framkvæmdarákvörðun ráðsins (ESB) 2022/382 ⁽¹²⁾ vegna stríðsins í Úkraínu. Samkvæmt þessu kerfi tímabundinnar verndar skulu aðildarríki skrá einstaklinga sem njóta tímabundinnar verndar á yfirráðasvæði þeirra. Aðildarríkjunum er m.a. einnig skylt að sameina aðstandendur og hafa samstarf sín á milli að því að varðar flutning aðseturs einstaklinga, sem njóta tímabundinnar verndar, frá einu aðildarríki til annars. Rétt er að bæta við ákvæðin um gagnasöfnun í tilskipun 2001/55/EB með því að bæta einstaklingum sem njóta tímabundinnar verndar í evrópska fingrafaragrunninn. Í þessu samhengi eru lífkennaupplýsingar mikilvægur þáttur í því að sanna deili á slíkum einstaklingi eða fjölskyldutengsl hans og vernda þannig verulega almannahagsmuni í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽¹³⁾. Með því að setja lífkennaupplýsingar einstaklinga sem njóta tímabundinnar verndar í evrópska fingrafaragrunninn frekar en í jafningjakerfi (e. peer-to-peer system) milli aðildarríkjanna munu þessir einstaklingar enn fremur njóta góðs af þeim verndarráðstöfunum og vernd sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, einkum með tilliti til varðveislutímabíla gagna sem ættu vera eins stutt og mögulegt er.
- 10) Í ljósi þess að framkvæmdastjórnin hefur þegar komið á fót vettvangi fyrir nauðsynleg upplýsingaskipti samkvæmt tilskipun 2001/55/EB í samstarfi við Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis (Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa (eu-LISA)), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1726 ⁽¹⁴⁾, og aðildarríkin þykir þó rétt að undanskilja frá evrópska fingrafaragrunninum einstaklinga sem njóta tímabundinnar verndar samkvæmt framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/382 og annarrar sambærilegrar innlendrar verndar samkvæmt henni. Slík undanþága ætti einnig að gilda að því er varðar síðari breytingar á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/382 og allar framlengingar á þeirri tímabundnu vernd.
- 11) Rétt þykir að fresta söfnun og sendingu lífkennaupplýsinga ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga, sem skráðir eru sem einstaklingar sem njóta tímabundinnar verndar, þar til þremur árum eftir að önnur ákvæði þessarar reglugerðar hafa tekið gildi til að tryggja framkvæmdastjórninni nægan tíma til að meta virkni og rekstrarskilvirkni sérhvers upplýsingatæknikerfis sem notað verður til að skiptast á gögnum um einstaklinga sem njóta tímabundinnar verndar, og áætluð áhrif slíkrar söfnunar og sendingar ef ákvæði tilskipunar 2001/55/EB verða virkjuð.
- 12) Lífkenni eru mikilvægur þáttur í því að sanna deili á einstaklingum sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar af nákvæmni í ljósi þess að þau tryggja afar mikla nákvæmni við staðfestingu á deilum. Því er nauðsynlegt að koma á fót kerfi til að bera saman lífkennaupplýsingar slíkra einstaklinga.
- 13) Einnig er nauðsynlegt að tryggja að kerfið til að bera saman lífkennaupplýsingar virki innan þeirrar umgjörðar samvirkni sem komið var á fót með reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 ⁽¹⁵⁾ og (ESB) 2019/818 ⁽¹⁶⁾ í samræmi við þessa reglugerð og reglugerð (ESB) 2016/679, einkum meginreglurnar um nauðsyn og meðalhóf og meginregluna um takmörkun vegna tilgangs sem sett er fram í reglugerð (ESB) 2016/679.
- 14) Hvetja ætti aðildarríkin til að endurnota lífkennaupplýsingar ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga sem þegar hafa verið teknar samkvæmt þessari reglugerð til að senda þær til evrópska fingrafaragrunnsins í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í þessari reglugerð.
- 15) Enn fremur er nauðsynlegt að innleiða ákvæði sem setja ramma um aðgang landsskrifstofa evrópska ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfisins (ETIAS-ferðaheimildakerfið) og lögbærri yfirvalda sem gefa út vegabréfsáritanir að evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1240 ⁽¹⁷⁾ og (EB) nr. 767/2008 ⁽¹⁸⁾, eftir því sem við á.
- 16) Í þeim tilgangi að aðstoða við eftirlit með ólögætum fólksflutningum og til að veita tölfraðilegar upplýsingar til að styðja við gagnreynda stefnumótun ætti Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa að geta tekið saman tölfraðilegar upplýsingar þvert á kerfi með því að nota gögn úr evrópska fingrafaragrunninum, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (VIS), ETIAS-ferðaheimildakerfinu og komu- og brottfararkerfinu (EES) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2226 ⁽¹⁹⁾. Fela ætti framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að tilgreina innihald þessara tölfraðilegu upplýsinga þvert á kerfi. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽²⁰⁾.
- 17) Þess vegna er nauðsynlegt að koma á fót kerfi sem kallast „evrópski fingrafaragrunnurinn“ (Eurodac) sem samanstendur af miðlægu kerfi og sameiginlega auðkennasafninu (CIR), sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2019/818, þar sem starfræktur verður tölvuvæddur, miðlægur gagnagrunnur með lífkennaupplýsingum, alstafagögnum og skönnuðu afriti í lit af persónuskilríkjum eða ferðaskilríkjum, ef þau eru fyrir hendi, sem og búnaður til rafrænna sendinga milli evrópska fingrafaragrunnsins og aðildarríkjanna („fjarskiptavirkni“).
- 18) Í orðsendingu sinni frá 13. maí 2015 sem ber yfirskriftina „Evrópuáætlun um fólksflutninga“ vakti framkvæmdastjórnin athygli á því að aðildarríkin verða einnig að framkvæma að fullu reglurnar um fingrafaratöku farandfólks á

landamærunum og lagði enn fremur til að hún kannaði hvernig hægt væri að nota fleiri lífkenni innan ramma evrópska fingrafaragrunnsins, s.s. andlitsgreiningartækni með stafrænum myndum.

- 19) Til þess að ná fram sem mestri nákvæmni við staðfestingu á deilum ætti ávallt að nota fingraför frekar en andlitsmyndir. Í því skyni ættu aðildarríki að reyna til þrautar allar leiðir til að tryggja að hægt sé að taka fingraför af skráðum aðila áður en samamburður er gerður eingöngu á grundvelli andlitsmyndar. Til að aðstoða aðildarríki við að sigrast á áskorunum þar sem ómögulegt reynist að taka fingraför af ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi vegna þess að fingurgómar hans eru skaddaðir, hvort sem það er af ásetningi eða ekki, eða þá vantar, ætti aðildarríkjum að vera heimilt, samkvæmt þessari reglugerð, að gera samamburð með því að nota andlitsmynd án þess að taka fingraför.
- 20) Það að endursenda ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausa einstaklinga, sem ekki eiga rétt á að dvelja í Sambandinu, í samræmi við grundvallarréttindi sem eru meginreglur í lögum Sambandsins, sem og í alþjóðalögum, þ.m.t. flóttamanna- vernd, meginregluna um að vísa fólki ekki aftur þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu og mannréttinda- skuldbindingar, og í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/115/EB⁽²¹⁾, er mikilvægur hluti af alhliða viðleitni til að taka á fólksflutningum á sanngjarnan og skilvirkan hátt og einkum til að draga úr og koma í veg fyrir ólögmeta fólksflutninga. Aukin skilvirkni kerfis Sambandsins til að endursenda ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausa einstaklinga, sem dvelja þar ólöglega, er nauðsynleg til að viðhalda trausti almennings á kerfi Sambandsins á sviði fólksflutninga og verndarmála og ætti að haldast í hendur við viðleitni til að vernda þá sem þurfa á vernd að halda.
- 21) Í þeim tilgangi er einnig nauðsynlegt að skrá með skýrum hætti í evrópska fingrafaragrunninn þá staðreynd að umsókn um alþjóðlega vernd hafi verið synjað ef ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur hefur engan rétt til að dvelja um kyrrt og hefur ekki fengið leyfi til að dvelja áfram í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1348.
- 22) Landsyfirvöld í aðildarríkjunum eiga í erfiðleikum með að staðfesta deili á ríkisborgurum þriðju landa eða ríkisfangslausum einstaklingum, sem dvelja þar ólöglega, með endursendingu þeirra og endurvíðtöku í huga. Því er brýnt að tryggja að gögnum um ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausa einstaklinga sem dvelja ólöglega í aðildarríkjunum sé safnað og þau send til evrópska fingrafaragrunnsins og að þau séu einnig borin saman við gögn sem safnað er og send eru í því skyni að staðfesta deili á umsækjendum um alþjóðlega vernd og ríkisborgurum þriðju landa eða ríkisfangslausum einstaklingum sem eru handteknir í tengslum við ólögmeta för yfir ytri landamæri aðildarríkjana, til að auðveldara verði að staðfesta deili á þeim og útvega þeim ný skilríki, tryggja endursendingu þeirra og endurvíðtöku og til að draga úr auðkennasvikum. Þessi söfnun, sending og samamburður gagna ætti einnig að stuðla að því að stytta lengd þeirrar stjórnsýslu meðferðar sem nauðsynleg er til að tryggja endursendingu og endurvíðtöku ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga sem dvelja ólöglega í aðildarríkjunum, þ.m.t. þann tíma sem þeim kann að vera haldið í stjórnsýsluvarðhaldi (e. administrative detention) á meðan þeir bíða brottflutnings. Þetta ætti einnig að gera kleift að finna út hver þriðju gegnumferðarlönd eru, sem kunna að taka aftur við þeim ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi sem dvelur ólöglega í aðildarríkjunum.
- 23) Til að auðvelda ferli við að staðfesta deili á og gefa út ferðaskilríki vegna endursendingar ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga sem dvelja ólöglega í aðildarríkjunum ætti að skrá í evrópska fingrafaragrunninn skannað afrit í lit af persónu- eða ferðaskilríkjum, ef þau eru fyrir hendi, ásamt upplýsingum um ósvikni þeirra. Ef slík persónu- eða ferðaskilríki eru ekki tiltæk ætti aðeins að skrá í evrópska fingrafaragrunninn ein önnur tiltæk skilríki sem sýna fram á hver ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur er, ásamt upplýsingum um ósvikni þeirra. Til að auðvelda ferli við að staðfesta deili á og gefa út ferðaskilríki vegna endursendingar ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga sem dvelja ólöglega í aðildarríkjunum og til að koma í veg fyrir að fölsuð skilríki séu sett inn í kerfið ætti þar aðeins að geyma skilríki, sem staðfest hefur verið að séu ósvikin eða sem ekki er hægt að staðfesta sem ósvikin vegna skorts á öryggisþáttum.
- 24) Í niðurstöðum sínum um framtíð endursendingarstefnu frá 8. október 2015 samþykkti ráðið frumkvæði framkvæmda- stjórnarinnar um að kanna möguleikana á að rýmka gildissvið og tilgang evrópska fingrafaragrunnsins til að gera kleift að nota gögn í tengslum við endursendingu. Aðildarríkin ættu að hafa yfir að ráða nauðsynlegum tækjum til að geta haft eftirlit með ólöglegum fólksflutningum til Sambandsins og til að greina frekari flutninga innan Sambandsins og ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausa einstaklinga sem dvelja ólöglega í aðildarríkjunum. Því ættu tilnefnd yfirvöld aðildarríkjana að hafa aðgang að gögnunum í evrópska fingrafaragrunninum til samamburðar, með þeim skilyrðum sem sett eru fram í þessari reglugerð.
- 25) Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu (Landamæra- og strandgæslustofnunin (e. European Border and Coast Guard Agency)), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1896⁽²²⁾, styður aðildarríkin í viðleitni þeirra til að stjórna betur ytri landamærunum og hafa eftirlit með ólöglegum fólksflutningum. Verndarstofnun Evrópusambandsins (e. European Union Agency for Asylum), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2303⁽²³⁾, veitir aðildarríkjunum aðstoð við framkvæmd aðgerða og í tæknimálum. Því ætti að veita notendum innan þessara fagstofnana sem til þess hafa heimild, sem og annarra fagstofnana sem starfa á sviði dóms- og innanríkismála, aðgang að miðlæga safninu (e. central repository) ef slíkur aðgangur skiptir máli fyrir framkvæmd verkefna þeirra, í samræmi við viðeigandi persónuverndarráðstafanir.
- 26) Þar eð liðsmönnum evrópsku landamæra- og strandgæslusveitanna og sérfræðingum stuðningsteyma á sviði verndarmála sem um getur í reglugerðum (ESB) 2019/1896 og (ESB) 2021/2303, eftir því sem við á, er heimilt að taka og senda lífkennaupplýsingar, að beiðni gístiaðildarríkisins, ætti að þróa viðeigandi tæknilausnir til að tryggja að gístiaðildarríkinu sé veitt árangursrík og skilvirk aðstoð.
- 27) Enn fremur, til að evrópski fingrafaragrunnurinn geti nýst til að aðstoða við eftirlit með ólögmetum fólksflutningum til Sambandsins og við að greina frekari flutninga innan þess er nauðsynlegt að kerfið geti talið umsækjendur jafnt sem umsóknir, með því að tengja saman í eina röð (e. sequence) öll gagnamengi sem tilheyra sama einstaklingi, óháð því

hvaða flokki þau tilheyra. Ef gagnamengi sem skráð er í evrópska fingrafaragrunninn er eytt ættu allar tengingar í það gagnamengi að eyðast sjálfkrafa.

- 28) Í baráttunni gegn hryðjuverkum og öðrum alvarlegum, refsiverðum verknaði er grundvallaratriði að löggæsluyfirvöld hafi aðgang að eins ítarlegum og uppfærðum upplýsingum og mögulegt er til að geta sinnt verkefnum sínum. Upplýsingarnar sem bera evrópski fingrafaragrunnurinn geymir eru nauðsynlegar til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk, eins og um getur í tilskipun (ESB) 2017/541 eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað eins og um getur í rammaákvörðun 2002/584/DIM. Því ættu gögn í evrópska fingrafaragrunninum að vera tiltæk til samanburðar fyrir tilnefnd yfirvöld aðildarríkjanna og tilnefnt yfirvald Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins (Löggæslusamvinnustofnunin (Europol)), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/794 ⁽²⁴⁾, að uppfylltum þeim skilyrðum sem sett eru fram í þessari reglugerð.
- 29) Heimildir, sem löggæsluyfirvöldum eru veittar til aðgangs að evrópska fingrafaragrunninum, ættu ekki að hafa áhrif á rétt umsækjanda um alþjóðlega vernd til að fá umsókn sína tekna til meðferðar þegar þar að kemur í samræmi við viðeigandi lög. Hvers konar eftirfylgni í kjölfar þess að „jákvæð niðurstaða“ fæst í evrópska fingrafaragrunninum ætti ekki heldur að hafa áhrif á þann rétt.
- 30) Í orðsendingu sinni til ráðsins og Evrópuþingsins frá 24. nóvember 2005 um bættu skilvirkni, aukna samvirkni og samlegðaráhrif milli evrópskra gagnagrunna á sviði dóms- og innanríkismála tilgreindi framkvæmdastjórnin að yfirvöld sem bera ábyrgð á innra öryggi gætu haft aðgang að evrópska fingrafaragrunninum í vel skilgreindum tilvikum þar sem rökstuddur grunnur er fyrir því að einstaklingur, sem framið hefur hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað, hafi sótt um alþjóðlega vernd. Í orðsendingunni lýsti framkvæmdastjórnin því yfir að samkvæmt meðalhöfsreglunni ætti einungis að leita í evrópska fingrafaragrunninum í slíkum tilgangi ef fyrir hendi eru almannaöryggishagsmunir sem veða þyngra, þ.e. ef verknaður afbrotamanns eða hryðjuverkamanns, sem staðfesta á deili á, er svo vítaverður að það réttlæti leit í gagnagrunni sem í eru einstaklingar með hreina sakaskrá, og ályktaði hún að skilyrðin fyrir því að yfirvöld, sem bera ábyrgð á innra öryggi, fái að leita í evrópska fingrafaragrunninum verði því alltaf að vera töluvert strangari en skilyrðin fyrir leit í gagnagrunnum yfir afbrotamenn.
- 31) Enn fremur gegnir Löggæslusamvinnustofnunin lykilhlutverki í samstarfi yfirvalda aðildarríkjanna á sviði rannsókna á afbrotum, sem ná yfir landamæri, með því að styðja við forvarnir gegn, greiningu og rannsóknir á afbrotum innan Sambandsins. Þar afleiðandi ætti Löggæslusamvinnustofnunin einnig að hafa aðgang að evrópska fingrafaragrunninum innan ramma verkefna sinna og í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/794.
- 32) Beiðnir Löggæslusamvinnustofnunarinnar um samanburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum ætti aðeins að heimila í tilteknum tilvikum, við tiltekna aðstæður og samkvæmt ströngum skilyrðum, í samræmi við meginreglurnar um nauðsyn og meðalhóf sem finna má í 1. mgr. 52. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálinn um grundvallarréttindi“) og eins og Dómstóll Evrópusambandsins („Dómstóllinn“) hefur túlkað þær ⁽²⁵⁾.
- 33) Þar sem evrópski fingrafaragrunnurinn var upphaflega stofnaður til að auðvelda beitingu Dyflinnarsamningsins ⁽²⁶⁾ er það að leyfa aðgang að honum, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað, frekari þróun á upphaflegum tilgangi hans. Í samræmi við 1. mgr. 52. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi verður sérhver takmörkun á beitingu grundvallarréttarins til friðhelgi einkalífs einstaklinga sem eiga persónuupplýsingar í evrópska fingrafaragrunninum að byggjast á lagaákvæðum, sem verða að vera nægilega nákvæm til að einstaklingar geti lagað hegðun sína að þeim og þau verða að vernda einstaklinga gegn gerræðislegum ákvörðunum og í þeim verður að tilgreina með nægilega skýrum hætti umfang þess ákvörðunarfrelsis sem lögbærum yfirvöldum er falið og hvornig því skuli beitt. Með fyrirvara um meðalhöfsregluna verður hver slík takmörkun að vera nauðsynleg og uppfylla í raun og veru þá skilyrði á sviði almannahagsmuna sem Sambandið viðurkennir.
- 34) Þó að upprunalegur tilgangur með stofnun evrópska fingrafaragrunnsins hafi ekki gert ráð fyrir þeim möguleika að hægt væri að biðja um samanburð við gögn í gagnagrunninum á grundvelli vettvangsfars, sem eru fingrafaraummerki sem kunna að finnast á vettvangi afbrots, er slíkur þáttur grundvallaratriði á sviði lögreglusamvinnu. Sá möguleiki að geta borið vettvangsfar saman við fingrafaraupplýsingar sem geymdar eru í evrópska fingrafaragrunninum, í tilvikum þar sem gildir ástæður eru til að ætla að gerandinn eða fórnarlambið gætu fallið undir einn af þeim flokkum sem þessi reglugerð tekur til, mundi verða tilnefndum yfirvöldum aðildarríkjanna afar dýrmætt tæki til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað, t.d. þegar eina vísbendingin á vettvangi afbrots eru vettvangsför.
- 35) Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um skilyrði fyrir því að heimila megi beiðnir um samanburð lífkennaupplýsinga eða alstafagagna við gögn í evrópska fingrafaragrunninum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað og nauðsynlegar verndarráðstafanir til að tryggja vernd grundvallarréttinda þeirra, sem eiga persónuupplýsingar í evrópska fingrafaragrunninum, til friðhelgi einkalífs. Það hversu ströng þessi skilyrði eru endurspeglar þá staðreynd að í evrópska fingrafaragrunninum eru skráðar lífkennaupplýsingar og alstafagögn fólks sem ekki er talið að hafi framið hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað. Lítið er til þess að löggæsluyfirvöld og Löggæslusamvinnustofnunin hafa ekki alltaf lífkennaupplýsingar hins grunaða eða fórnarlambis í því máli sem þau eru að rannsaka, sem gæti hindrað þau í að kanna gagnagrunna til lífkennamátunar á borð við evrópska fingrafaragrunninn. Mikilvægt er að láta löggæsluyfirvöldum og Löggæslusamvinnustofnuninni í té nauðsynleg tæki til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað þar sem slíkt er nauðsynlegt. Til að efla frekar rannsóknir þessara yfirvalda og Löggæslusamvinnustofnunarinnar ætti að heimila leit á grundvelli alstafagagna í evrópska fingrafaragrunninum, einkum í tilfellum þar sem engin lífkennasönnunargögn er að finna en þessi yfirvöld og Löggæslusamvinnustofnunin hafa með höndum sönnunargögn í formi persónuupplýsinga eða persónuskilríkja hins grunaða eða fórnarlambisins.

- 36) Útvikkun á gildissviði evrópska fingrafaragrunnsins og einföldun á aðgangi að honum í löggæslutilgangi ætti að hjálpa aðildarríkjum að takast á við sífellt flóknari aðstæður og mál sem tengjast afbrotum sem ná yfir landamæri og hryðjuverkum og hafa bein áhrif á stöðu öryggismála í Sambandinu. Skilyrði fyrir aðgangi að evrópska fingrafaragrunninum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað ættu einnig að gera löggæsluyfirvöldum aðildarríkjanna kleift að ráðast í að taka á málum grunaðra sem ganga undir mörgum mismunandi nöfnum. Hvað þetta varðar ætti jákvæð niðurstaða sem fengist hefur við uppfléttingu í viðeigandi gagnagrunni áður en farið er inn í evrópska fingrafaragrunninn ekki að hindra slíkan aðgang. Slíkt getur einnig verið gagnlegt verkfæri til að bregðast við ógn af róttækum einstaklingum eða hryðjuverkamönnum sem kunna að hafa verið skráðir í evrópska fingrafaragrunninn. Viðtækari og einfaldari aðgangur löggæsluyfirvalda aðildarríkjanna að evrópska fingrafaragrunninum, jafnframt því að tryggja að grundvallarréttindi séu virt að fullu, ætti til að gera aðildarríkjum kleift að nýta sér öll tæki sem fyrir hendi eru til að tryggja svæði frelsis, öryggis og réttlætis.
- 37) Til þess að öllum umsækjendum og þeim sem njóta alþjóðlegrar verndar sé tryggð jöfn meðferð og einnig til að tryggja samræmi við gildandi réttarreglur Sambandsins um vernd, einkum reglugerðir (ESB) 2024/1347, (ESB) 2024/1350 og (ESB) 2024/1351, nær gildissvið þessarar reglugerðar til umsækjenda um viðbótarvernd og fólks sem á rétt á viðbótarvernd.
- 38) Einnig er nauðsynlegt að aðildarríki taki tafarlaust, og sendi inn, lífkennaupplýsingar hvers þess sem sækir um alþjóðlega vernd, sérhvers einstaklings sem aðildarríkin hafa í hyggju að láta taka þátt í viðtökuferli í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1350, sérhvers ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklings sem er handtekinn í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamæri aðildarríkis eða sem komið hefur í ljós að dvelst ólöglega í aðildarríki, og sérhvers einstaklings sem er fluttur frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerðar, að því tilskildu að þeir hafi náð sex ára aldri.
- 39) Sú skylda að taka lífkennaupplýsingar ríkisborgara þriðju lands eða ríkisfangslausra einstaklinga sem dvelja ólöglega í aðildarríkjum og náð hafa sex ára aldri, hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að framlengja dvöl ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklings á yfirráðasvæði þeirra skv. 2. mgr. 20. gr. samningsins um framkvæmd Schengen-samkomulagsins ⁽²⁷⁾.
- 40) Þótt umsókn um alþjóðlega vernd fylgi í kjölfar eða sé lögð fram samtímis handtöku ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklings í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamærin, veitir það aðildarríkjum ekki undanþágu frá því að skrá þessa einstaklinga sem einstaklinga sem eru handteknir í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamærin.
- 41) Þótt umsókn um alþjóðlega vernd fylgi í kjölfar eða sé lögð fram samtímis handtöku ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklings, sem dvelur ólöglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, veitir það aðildarríkjum ekki undanþágu frá því að skrá þessa einstaklinga sem einstaklinga sem komið hefur í ljós að dvelja ólöglega á yfirráðasvæði aðildarríkjanna.
- 42) Þótt umsókn um alþjóðlega vernd fylgi í kjölfar eða sé lögð fram samtímis því að ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur er fluttur frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerðar, veitir það aðildarríkjum ekki undanþágu frá því að skrá þessa einstaklinga sem einstaklinga sem eru fluttir frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerðar.
- 43) Þótt umsókn um alþjóðlega vernd fylgi í kjölfar eða sé lögð fram samtímis skráningu einstaklings sem nýtur tíma-bundinnar verndar, veitir það aðildarríkjum ekki undanþágu frá því að skrá slíka einstaklinga sem einstaklinga sem njóta tímabundinnar verndar.
- 44) Með það fyrir augum að efla vernd allra barna sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, þ.m.t. fylgdarlausra ólöggráða barna sem ekki hafa sótt um alþjóðlega vernd og barna sem kunna að verða viðskila við fjölskyldur sínar, er einnig nauðsynlegt að taka lífkennaupplýsingar og geyma í evrópska fingrafaragrunninum til að aðstoða við að staðfesta deili á börnum og aðstoða aðildarríkin við að leita uppi aðstandendur þeirra í öðru aðildarríki eða rekja tengsl sem þau kunna að hafa við annað aðildarríki, sem og til að leita uppi týnd börn, þ.m.t. í löggæslutilgangi, með því að bæta við fyrirbyggjandi verkfæri, einkum Schengen-upplýsingakerfið (SIS) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1862 ⁽²⁸⁾. Skilvirk ferli við að staðfesta deili á fólki munu auðvelda aðildarríkjum að tryggja fullnægjandi vernd barna. Að tengja saman fjölskyldur er lykilmáttur í að endurheimta einingu fjölskyldunnar og verður vera nátengt mati á því sem er barninu fyrir bestu og, að lokum, ákvörðun varanlegrar lausnar í samræmi við innlendar venjur þar sem lögbær innlend barnaverndaryfirvöld meta þarfir barnsins.
- 45) Starfsmaðurinn, sem ber ábyrgð á töku lífkennaupplýsinga ólöggráða barna, ætti að fá til þess þjálfun svo að þess sé gætt nægilega vel að tryggja að lífkennaupplýsingar ólöggráða barna séu af viðunandi gæðum og að ferlið sé barnvænt þannig að ólöggráða börn, einkum mjög ung börn, finni fyrir öryggi og geti auðveldlega verið samvinnufús þegar lífkennaupplýsingar þeirra eru teknar.
- 46) Fullorðinn aðstandandi, ef hann er til staðar, ætti að fylgja sérhverju ólöggráða barni á aldrinum sex ára og eldri meðan á töku lífkennaupplýsinga þess stendur. Talsmaður ætti að fylgja fylgdarlausu, ólöggráða barni á meðan lífkennaupplýsingar þess eru teknar eða, hafi talsmaður ekki verið tilnefndur, einstaklingur sem hefur verið þjálfður til að vernda hagsmuni barnsins og almenna velferð. Þessi þjálfaði einstaklingur ætti ekki vera starfsmaðurinn sem ber ábyrgð á töku lífkennaupplýsinganna, hann ætti að starfa sjálfstætt og ekki taka við skipunum, hvorki frá þeim starfsmanni né þjónustustofnuninni sem ber ábyrgð á töku lífkennaupplýsinganna. Þjálfaði einstaklingurinn ætti að vera sá sem tilnefndur er til að koma til bráðabirgða fram sem talsmaður samkvæmt tilskipun (ESB) 2024/1346, hafi slíkur einstaklingur verið tilnefndur.
- 47) Aðildarríkin ættu fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er börnum fyrir bestu við beitingu þessarar reglugerðar. Komist aðildarríki, sem leggur fram beiðni, að því að gögn í evrópska fingrafaragrunninum varða barn má það einungis nota þessi gögn í löggæslutilgangi, einkum í tengslum við að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka mánal á börnum

og önnur alvarleg brot gegn börnum, í samræmi við lög þess ríkis sem gilda um ólöggráða börn og í samræmi við þá skyldu að hafa bestu hagsmuni barnsins í fyrirrími.

- 48) Nauðsynlegt er að mæla fyrir um nákvæmar reglur um sendingu slíkra lífkennaupplýsinga og annarra viðkomandi persónuupplýsinga í evrópska fingrafaragrunninn, geymslu þeirra, samanburð við aðrar lífkennaupplýsingar, sendingu niðurstaðna þess samanburðar og auðkenningu og eyðingu skráðra upplýsinga. Þessar reglur geta verið mismunandi eftir stöðu mismunandi hópa ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga og ættu að vera lagaðar sérstaklega að henni.
- 49) Aðildarríkin ættu að sjá til þess að gæði lífkennaupplýsinga, sem sendar eru til samanburðar í tölvuvædda fingrafara- og andlitsgreiningarkerfinu, séu fullnægjandi. Öll yfirvöld sem hafa rétt til aðgangs að evrópska fingrafaragrunninum ættu að leggja fé til viðeigandi þjálfunar og nauðsynlegs tæknibúnaðar. Yfirvöld með rétt til aðgangs að evrópska fingrafaragrunninum ættu að upplýsa Stofnunina um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa um sértæk vandamál sem upp koma varðandi gæði gagna svo að hægt sé að leysa þau.
- 50) Þótt ekki sé hægt að taka eða senda lífkennaupplýsingar einstaklings, tímabundið eða til frambúðar, af ástæðum á borð við þær að gögnin séu ekki af nægilegum gæðum til að hægt sé að gera viðeigandi samanburð, vegna tæknilegra vandamála, af ástæðum sem tengjast heilsuvernd eða vegna þess að skráður einstaklingur er óhæfur eða ófær um að láta taka lífkennaupplýsingar sínar vegna aðstæðna sem hann fær ekki ráðið við, ætti það ekki að hafa neikvæð áhrif á meðferð umsóknar hans um alþjóðlega vernd eða ákvörðun um hana.
- 51) Aðildarríkin ættu, að því er varðar þá skyldu að taka fingraför, að taka tillit til vinnuskjals framkvæmdastjórnarinnar fyrir starfsfólk um framkvæmd reglugerðarinnar um evrópska fingrafaragrunninn sem ráðið hvatti aðildarríkin til að fylgja 20. júlí 2015. Þar eru settar fram bestu starfsvenjur við að taka fingraför. Þar sem við á ættu aðildarríkin einnig að taka tillit til gátlistans fyrir töku fingrafara fyrir evrópska fingrafaragrunninn í samræmi við grundvallarréttindi, sem Evrópustofnun grundvallarmannréttinda (e. European Union Agency for Fundamental Rights) gaf út og miðar að því að aðstoða þau við að uppfylla skyldur sínar varðandi grundvallarréttindi við töku fingrafara.
- 52) Aðildarríkin ættu að upplýsa alla einstaklinga, sem skylt er að láta í té lífkennaupplýsingar samkvæmt þessari reglugerð, um þá skyldu sína. Aðildarríkin ættu einnig að útskýra fyrir þessum einstaklingum að það sé þeirra hagar að sýna fullan samstarfsvilja í ferlinu og láta lífkennaupplýsingar sínar tafarlaust í té. Ef mælt er fyrir um stjórnáráðstafanir í landslögum aðildarríkis sem kveða á um þann möguleika að beita þvingunum við töku lífkennaupplýsinga, sem síðasta úrræði, skulu þær ráðstafanir vera í fullu samræmi við sáttmálann um grundvallarréttindi. Aðeins í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum og sem síðasta úrræði, þegar aðrir möguleikar hafa verið fullreindir, má beita hóflegum þvingunum til að tryggja að ríkisborgarar þriðju landa eða ríkisfangslausir einstaklingar sem teljast vera einstaklingar í viðkvæmri stöðu, og ólöggráða börn, uppfylli þá skyldu að láta í té lífkennaupplýsingar.
- 53) Þar sem varðhaldi er beitt við ákvörðun eða sannpröfun á deilum ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausa einstaklings ættu viðkomandi aðildarríki einungis að nota það sem síðasta úrræði og í fullu samræmi við Evrópusáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis og í samræmi við viðeigandi lög Sambandsins, þ.m.t. sáttmálann um grundvallarréttindi.
- 54) Ef nauðsyn krefur ætti þjálfaður fingrafarasérfræðingur að fara yfir jákvæðar niðurstöður til að tryggja að ákvarðað sé með réttum hætti hver beri ábyrgð samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1351, að staðfest séu rétt deili á ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi og að staðfest séu rétt deili á hinum grunaða um saknæmt athæfi eða fórnarlambi afbrots, sem gögn kunna að vera til um í evrópska fingrafaragrunninum. Yfirferð þjálfaðs sérfræðings ætti að teljast nauðsynleg ef vafi leikur á um hvort niðurstaða samanburðar fingrafaraupplýsinga tengist sama einstaklingi, einkum ef gögnin sem svara til jákvæðrar niðurstöðu fingrafars tilheyrja einstaklingi af öðru kyni eða ef andlitsmyndgögn samsvara ekki andlitsdráttum einstaklingsins sem lífkennaupplýsingarnar, sem teknar voru, tilheyrja. Sé samanburður gerður með andlitsmyndgögnum eingöngu ætti sérfræðingur með þjálfun í samræmi við venju í hverju ríki einnig að fara yfir jákvæðar niðurstöður á grundvelli andlitsmynda sem fást úr evrópska fingrafaragrunninum. Ef samanburður er gerður samtímis á fingraförum og andlitsmyndgögnum og bæði lífkennagagnamenningin skila jákvæðum niðurstöðum ættu aðildarríkin að geta farið yfir niðurstöður samanburðarinnar á andlitsmyndgögnunum.
- 55) Ríkisborgarar þriðja lands eða ríkisfangslausir einstaklingar, sem hafa beðið um alþjóðlega vernd í einu aðildarríki, gætu í mörg ár reynt að biðja um alþjóðlega vernd í öðru aðildarríki. Hámarkstímabilið, sem geyma má lífkennaupplýsingar ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga sem hafa farið fram á alþjóðlega vernd í evrópska fingrafaragrunninum, ætti að takmarka stranglega við það sem nauðsynlegt er og það ætti að vera hóflegt, í samræmi við meðalhöfsregluna í 1. mgr. 52. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi og í samræmi við túlkun Dómstólsins. Þar eð flestir ríkisborgarar þriðju landa eða ríkisfangslausir einstaklingar, sem hafa dvalist í Sambandinu í allmörg ár, munu hafa fengið búsetuheimild eða jafnvel ríkisborgararétt í aðildarríki að loknu því tímabili ættu tíu ár að teljast hæfilegur tími fyrir geymslu lífkennaupplýsinga og alstafagagna.
- 56) Í ályktunum sínum um ríkisfangsleysi frá 4. desember 2015 minntu ráðið og fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna á skuldbindingarloforð Sambandsins frá september 2012 um að öll aðildarríkin skyldu gerast aðilar að samningnum um réttarstöðu ríkisfangslausra manna sem gerður var í New York 28. september 1954 og ihuga að gerast aðilar að samningnum um að draga úr ríkisfangsleysi, sem gerður var í New York 30. ágúst 1961.
- 57) Til að beita megi synjunarástæðunum samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1350 ætti að taka lífkennaupplýsingar ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga, sem skráðir hafa verið í viðtökufæri samkvæmt þeirri reglugerð, senda til evrópska fingrafaragrunnsins og bera þær saman við gögn í honum um einstaklinga sem njóta alþjóðlegrar verndar, um einstaklinga sem hafa hlotið alþjóðlega vernd eða réttarstöðu á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum í samræmi við þá reglugerð, um einstaklinga sem hefur verið synjað um viðtöku í aðildarríki á grundvelli einhverra þeirra

ástæðna sem um getur í þeirri reglugerð, þ.e. að gild ástæða hafi verið fyrir því að telja viðkomandi ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausan einstakling hættulegan samfélaginu, allsherjarreglu, öryggi eða lýðheilsu í hlutaðeigandi aðildarríki, eða vegna þess að viðkomandi er á skrá í Schengen-upplýsingakerfinu eða í landsbundnum gagnagrunni aðildarríkis yfir óæskilega einstaklinga sem synja á um komu, eða um einstaklinga þar sem hætt hefur verið við viðtökufjerli vegna þess að þeir hafa ekki gefið samþykki sitt eða hafa dregið það til baka, og um einstaklinga sem tekið hefur verið við í samræmi við landsbundið endurbúsetukerfi. Því ætti að geyma þessa gagnaflokka í evrópska fingrafaragrunninum og hafa þá aðgengilega til samanburðar.

- 58) Vegna beitingar reglugerða (ESB) 2024/1350 og (ESB) 2024/1351 ætti að geyma lífkennaupplýsingar ríkisborgara þriðju lands eða ríkisfangslausra einstaklinga, sem veitt hefur verið alþjóðleg vernd eða réttarstaða á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1350, í evrópska fingrafaragrunninum í fimm ár frá þeim degi sem þær voru teknar. Sá tími ætti að nægja þar eð meirihluti slíkra einstaklinga mun þá hafa dvalist í Sambandinu í allmörg ár og hafa öðlast stöðu einstaklings með fasta búsetu eða jafnvel ríkisborgararétt í aðildarríki.
- 59) Hafi ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi verið synjað um viðtöku í aðildarríki á grundvelli einnar af þeim ástæðum sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2024/1350, þ.e. að gild ástæða hafi verið fyrir því að telja viðkomandi ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausan einstakling hættulegan samfélaginu, allsherjarreglu, öryggi eða lýðheilsu í hlutaðeigandi aðildarríki eða vegna þess að viðkomandi er á skrá í Schengen-upplýsingakerfinu eða í landsbundnum gagnagrunni aðildarríkis yfir óæskilega einstaklinga sem synja á um komu, ætti að geyma tengd gögn í þrjú ár frá þeim degi þegar komist var að neikvæðri niðurstöðu varðandi viðtöku. Nauðsynlegt er að geyma slík gögn í svo langan tíma til að önnur aðildarríki, sem framkvæma viðtökufjerli, geti fengið upplýsingar úr evrópska fingrafaragrunninum meðan á viðtökufjerlinu stendur, þ.m.t. um auðkenningu upplýsinga af hálfu annarra aðildarríkja, ef nauðsyn krefur með því að beita synjunarástæðunum sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2024/1350. Að auki ætti að geyma gögn um viðtökufjerli, sem áður hefur verið hætt við vegna þess að ríkisborgarar þriðju lands eða ríkisfangslausir einstaklingar hafa ekki gefið samþykki sitt eða hafa dregið það til baka, í þrjú ár í evrópska fingrafaragrunninum til að gera hinum aðildarríkjunum kleift, þegar þau framkvæma viðtökufjerli, að komast að neikvæðri niðurstöðu eins og heimilað er með þeirri reglugerð.
- 60) Sending upplýsinga um einstaklinga sem skráðir hafa verið í viðtökufjerli í evrópska fingrafaragrunninum ætti að stuðla að því að takmarka fjölda aðildarríkja sem skiptast á persónuupplýsingum þessara einstaklinga í síðara viðtökufjerli og þannig stuðla að því að tryggja að farið sé að meginreglunni um lágmarkun gagna.
- 61) Fáí aðildarríki jákvæða niðurstöðu úr evrópska fingrafaragrunninum sem getur gert því kleift að framkvæma þær skyldur sínar sem eru nauðsynlegar til að beita ástæðum fyrir synjun um viðtöku samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1350, ætti upprunaaðildarríkið, sem áður hafði neitað ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi um viðtöku, tafarlaust að skiptast á viðbótarupplýsingum við aðildarríkið sem fékk jákvæðu niðurstöðuna í samræmi við meginregluna um samstarf af heilindum og með fyrirvara um meginreglurnar um persónuvernd. Slík gagnaskipti ættu að gera aðildarríkinu sem fékk jákvæðu niðurstöðuna kleift að komast að niðurstöðu varðandi viðtöku innan þess frests sem settur er í fyrrnefndri reglugerð til að ljúka viðtökufjerlinu.
- 62) Sú skylda að taka lífkennaupplýsingar einstaklinga sem skráðir hafa verið í viðtökufjerli og senda þær ætti ekki að gilda ef viðkomandi aðildarríki hættir við ferlið áður en lífkennaupplýsingarnar eru teknar.
- 63) Með það í huga að koma á árangursríkan hátt í veg fyrir og fylgjast með óleyfilegri för ríkisborgara þriðju lands eða ríkisfangslausra einstaklinga sem ekki hafa rétt til að dvelja í Sambandinu og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að framfylgja á fullnægjandi hátt skilvirkri endursendingu til og endurvíðtöku þriðju lands í samræmi við tilskipun 2008/115/EB, og með hliðsjón af réttinum til verndar persónuupplýsingum, ætti að líta svo að á nauðsynlegt sé að geyma lífkennaupplýsingar og alstafagögn í fimm ár.
- 64) Til að styðja aðildarríkin í samvinnu þeirra á sviði stjórnsýslu við framkvæmd tilskipunar 2001/55/EB ætti að geyma gögn einstaklinga sem njóta tímabundinnar verndar í evrópska fingrafaragrunninum í eitt ár frá gildistökudegi víðeigandi framkvæmdarákvörðunar ráðsins. Framlengja ætti varðveislutímabilið árlega á meðan tímabundna verndin varir.
- 65) Geymslutíminn ætti að vera styttri við tilteknar sérstakar aðstæður ef engin þörf er á því að geyma lífkennaupplýsingar eða aðrar persónuupplýsingar í svo langan tíma. Eyða ætti lífkennaupplýsingum og öllum öðrum persónuupplýsingum ríkisborgara þriðju lands eða ríkisfangslausra einstaklinga án tafar og endanlega um leið og þeir fá ríkisborgararétt í aðildarríki.
- 66) Rétt þykir að geyma upplýsingar um skráða aðila, sem eiga lífkennaupplýsingar í evrópska fingrafaragrunninum sem skráðar voru þegar þeir lögðu fram eða létu skrá umsóknir sínar um alþjóðlega vernd og sem hafa hlotið alþjóðlega vernd í aðildarríki, til þess að hægt sé að bera upplýsingar, sem skráðar eru þegar önnur umsókn um alþjóðlega vernd er skráð eða lögð fram, saman við áður skráðar upplýsingar.
- 67) Stofnuninni um rekstur stórra upplýsingatækniherfa hafa verið falin verkefni framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við rekstrarstjórn evrópska fingrafaragrunnsins í samræmi við þessa reglugerð og einnig tiltekin verkefni í tengslum við fjarskiptavirkið frá og með 1. desember 2012, sem er sá dagur sem stofnunin hóf störf. Auk þess ætti Löggæslusamvinnustofnunin að hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum Stofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækniherfa, þegar á dagskrá fundarins er mál er tengist beitingu þessarar reglugerðar varðandi uppflettiágang tilnefndra yfirvalda aðildarríkjanna og tilnefnds yfirvalds Löggæslusamvinnustofnunarinnar að evrópska fingrafaragrunninum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknad. Löggæslusamvinnustofnunin ætti að geta skipað fulltrúa í ráðgjafarhóp Stofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækniherfa um evrópska fingrafaragrunnin.

- 68) Nauðsynlegt er að mæla nákvæmlega fyrir um þá ábyrgð sem framkvæmdastjórnin annars vegar og Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa hins vegar bera að því er varðar evrópska fingrafaragrunnin og fjarskiptavirkið og ábyrgð aðildarríkjanna að því er varðar gagnavinnslu, gagnaöryggi, aðgang að og leiðréttingu skráðra upplýsinga.
- 69) Nauðsynlegt er að tilnefna lögbær yfirvöld aðildarríkjanna og einnig innlendir aðgangsstöðvar, þar sem beiðnir um samanburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum eru lagðar fram, og að haldnar séu skrár yfir starfseiningar tilnefndra yfirvalda sem hafa heimild til að fara fram á slíkan samanburð í þeim sérstaka tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað.
- 70) Nauðsynlegt er að tilnefna og halda skrá yfir starfseiningar Löggæslusamvinnustofnunarinnar sem hafa heimild til að fara fram á samanburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum í gegnum aðgangsstöð Löggæslusamvinnustofnunarinnar. Slíkar einingar, þ.m.t. einingar sem fást við mansal, kynferðislega misnotkun og kynferðislega misneytingu, einkum þegar fórnarlömbin eru ólöggráða börn, ættu að hafa heimild til að fara fram á samanburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum í gegnum aðgangsstöð Löggæslusamvinnustofnunarinnar til að styðja við og styrkja aðgerðir aðildarríkjanna við að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað sem fellur undir umboð Löggæslusamvinnustofnunarinnar.
- 71) Starfseiningar tilnefndra yfirvalda ættu að senda beiðnir um samanburð við gögn sem geymd eru í evrópska fingrafaragrunninum til innlendra aðgangsstöðva í gegnum sannprófunaryfirvaldið og ættu þær að vera rökstuddar. Starfseiningar tilnefndra yfirvalda, sem hafa heimild til að fara fram á samanburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum, ættu ekki að gegna hlutverki sannprófunaryfirvalds. Sannprófunaryfirvöld ættu að starfa óháð tilnefndum yfirvöldum og bera ábyrgð á að tryggja, með óháðum hætti, að aðgangsskilyrðin, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, séu uppfyllt í einu og öllu. Sannprófunaryfirvöldin ættu því næst að áframsenda beiðnina um samanburð, án rökstuðningsins fyrir henni, í gegnum innlendu aðgangsstöðina til evrópska fingrafaragrunnsins eftir að gengið hefur verið úr skugga um að öll aðgangsskilyrði séu uppfyllt. Í brýnum undantekningartilvikum, þar sem skjótur aðgangur er nauðsynlegur til að bregðast við sérstakri og raunverulegri ógn í tengslum við hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað, ætti að vera mögulegt fyrir sannprófunaryfirvaldið að framsenda beiðnina tafarlaust og framkvæma sannprófun síðar.
- 72) Tilnefnda yfirvaldið og sannprófunaryfirvaldið ættu að geta verið hluti af sömu stofnun ef það er heimilt að landslögum en sannprófunaryfirvaldið ætti að starfa óháð að framkvæmd verkefna sinna samkvæmt þessari reglugerð.
- 73) Vegna verndar persónuupplýsinga og til að koma í veg fyrir kerfisbundinn samanburð, sem ætti að vera óheimill, ætti vinnsla gagna í evrópska fingrafaragrunninum aðeins eiga sér stað í tilteknum tilvikum og þegar nauðsyn ber til í því skyni að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað. Um tiltekið tilvik telst einkum vera að ræða þegar beiðni um samanburð tengist tilteknum, ákveðnum aðstæðum eða tiltekinni, ákveðinni hættu í tengslum við hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað eða tilteknum einstaklingum sem alvarlegar ástæður eru til að ætla að muni fremja eða hafi framið slíkan verknað. Einnig telst vera um tiltekið tilvik að ræða þegar beiðni um samanburð tengist einstaklingi sem er fórnarlamb hryðjuverks eða annars alvarlegs, refsiverðs verknaðar. Tilnefnd yfirvöld aðildarríkjanna og tilnefnt yfirvald Löggæslusamvinnustofnunarinnar ættu því einungis að fara fram á samanburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum að þau hafi gildar ástæður til að ætla að slíkur samanburður muni gefa upplýsingar er muni aðstoða þau verulega við að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað.
- 74) Að auki ætti að heimila aðgang með því skilyrði að leit hafi þegar farið fram í landsbundnum lífkennuupplýsingagrunni aðildarríkisins og í sjálfvirkum fingrafaragreiningerkerfum allra hinna aðildarríkjanna samkvæmt ákvörðun ráðsins 2008/615/DIM⁽²⁹⁾, nema uppfletting í sameiginlega auðkennasafninu, í samræmi við 2. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818, bendi til þess að gögn um viðkomandi einstakling séu geymd í evrópska fingrafaragrunninum. Með þessu skilyrði er þess krafist að aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, láti fara fram samanburð við sjálfvirk fingrafaragreiningerkerfi allra hinna aðildarríkjanna samkvæmt ákvörðun 2008/615/DIM, þar sem það er tæknilega mögulegt, nema aðildarríkið geti fært rök fyrir því að gildar ástæður séu til að ætla að það muni ekki leiða til þess að staðfest verði deili á skráðum aðila. Slíkar gildar ástæður teljast einkum vera fyrir hendi þegar ekki virðist vera um að ræða nein rekstrarleg eða rannsóknartengd tengsl við tiltekið aðildarríki í þessu tiltekna tilviki. Það skilyrði krefst undanfarandi lagalegrar og tæknilegrar framkvæmdar ákvörðunar 2008/615/DIM af hálfu aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina á sviði fingrafaraupplýsinga, þar eð því ætti ekki að vera heimilt að láta fara fram leit í evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi nema kröfur varðandi þetta skilyrði hafi verið uppfylltar. Til viðbótar við fyrri leit í gagnagrunnunum ættu tilnefnd yfirvöld einnig að geta flett upp á sama tíma í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, að því tilskildu að skilyrði fyrir samanburði við gögnin sem þar eru geymd, sem mælt er fyrir um í ákvörðun ráðsins 2008/633/DIM⁽³⁰⁾, hafi verið uppfyllt.
- 75) Til þess að samanburður og skipti á persónuupplýsingum séu skilvirk ættu aðildarríkin að framkvæma að fullu og nýta sér fyrirbyggjandi alþjóðasamninga og gildandi lög Sambandsins varðandi skipti á persónuupplýsingum, einkum ákvörðun 2008/615/DIM.
- 76) Um skaðabótaábyrgð Sambandsins utan samninga í tengslum við rekstur evrópska fingrafaragrunnsins fer samkvæmt viðeigandi ákvæðum sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins en nauðsynlegt er að mæla fyrir um sértækar reglur varðandi skaðabótaábyrgð aðildarríkjanna utan samninga í tengslum við rekstur hans.
- 77) Reglugerð (ESB) 2016/679 gildir um vinnslu aðildarríkjanna á persónuupplýsingum sem fram fer við beitingu þessarar reglugerðar nema lögbær tilnefnd yfirvöld eða sannprófunaryfirvöld aðildarríkjanna framkvæmi slíka vinnslu í því skyni að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða sækja til saka fyrir hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað, þ.m.t. að standa vörð um og koma í veg fyrir ógnir við almannaöryggi.

- 78) Innlendar reglur, sem samþykktar eru samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 ⁽³¹⁾ gilda um vinnslu lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna á persónuupplýsingum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða sækja til saka fyrir hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað samkvæmt þessari reglugerð.
- 79) Reglugerð (ESB) 2016/794 gildir um vinnslu Löggæslusamvinnustofnunarinnar á persónuupplýsingum í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, rannsaka eða koma upp um hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað samkvæmt þessari reglugerð.
- 80) Reglurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2016/679 um vernd réttinda og frelsis einstaklinga, einkum réttar þeirra til verndar persónuupplýsingum er þá varðar, ættu að vera tilgreindar í þessari reglugerð að því er varðar ábyrgð á vinnslu upplýsinganna, vernd réttinda skráðra einstaklinga og eftirlit með persónuvernd, einkum með tilliti til tiltekinna geira.
- 81) Réttur einstaklings til friðhelgi einkalífs og til persónuverndar ætti ávallt að vera tryggður í samræmi við þessa reglugerð, bæði að því er varðar aðgang yfirvalda aðildarríkjanna og þeirra fagstofnana Sambandsins sem til þess hafa heimild að evrópska fingrafaragrunninum.
- 82) Skráðir einstaklingar ættu að hafa rétt til aðgangs að persónuupplýsingum um sig, til leiðréttingar á þeim og eyðingar þeirra og rétt til að takmarka vinnslu þeirra. Að teknu tilliti til tilgangssins með vinnslunni ættu hinir skráðu eiga rétt á að láta fullgera ófullkomnar persónuupplýsingar, þ.m.t. með því að leggja fram yfirlýsingu til viðbótar. Neyta ætti þessara réttinda samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679 og í samræmi við verklagsreglur sem settar eru fram í þessari reglugerð, tilskipun (ESB) 2016/680 og reglugerð (ESB) 2016/794 að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi samkvæmt þessari reglugerð. Að því er varðar vinnslu landsyfirvalda á persónuupplýsingum í evrópska fingrafaragrunninum ætti hvert aðildarríki, í þágu réttarvissu og gagnsæis, að tilnefna yfirvald sem telst vera ábyrgðaraðili í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679 og tilskipun (ESB) 2016/680 og ætti að bera meginábyrgð á gagnavinnslu þess aðildarríkis. Sérhvert aðildarríki ætti að senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um þetta yfirvald.
- 83) Einnig er mikilvægt að gögn í evrópska fingrafaragrunninum, sem eru í raun röng, séu leiðrétt til að tryggja að tölfraeðilegar upplýsingar, sem teknar eru saman í samræmi við þessa reglugerð, séu réttar.
- 84) Í því skyni að tryggja réttinn til verndar og til að vernda einstaklinga sem unnar eru upplýsingar um samkvæmt þessari reglugerð gegn því að upplýsingar um þá séu afhentar þriðja landi ætti að vera óheimilt að miðla persónuupplýsingum, sem aðildarríki eða Löggæslusamvinnustofnunin fær úr evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við þessa reglugerð, til þriðja lands eða alþjóðastofnunar eða einkaaðila sem stofnaður er innan eða utan Sambandsins. Það felur í sér að aðildarríki ættu ekki að miðla upplýsingum sem fengnar eru úr evrópska fingrafaragrunninum varðandi: nafn/nöfn, fæðingardag og -ár, ríkisfang, upprunaaðildarríki(ð), tilflutningsaðildarríkið eða endurbúsetuaðildarríkið, upplýsingum varðandi persónu- eða ferðaskilríki, stað og dagsetningu endurbúsetu eða umsóknar um alþjóðlega vernd, tilvísunarnúmer sem upprunaaðildarríkið notar, hvaða dag lífkennuupplýsingar voru teknar og einnig hvaða dag aðildarríki(ð) sendi upplýsingarnar til evrópska fingrafaragrunnsins, kenni kerfisnotanda (e. operator user ID) og hvers konar upplýsingum sem tengjast flutningi skráðs aðila samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 2024/1351. Þetta bann ætti ekki að hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna til að miðla til þriðju landa, sem reglugerð (ESB) nr. 2024/1351 gildir um, slíkum upplýsingum, í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679 og innlendar reglur sem samþykktar eru samkvæmt tilskipun (ESB) 2016/680, til að tryggja að aðildarríkin hafi möguleika á samstarfi við slík þriðju lönd að því er varðar þessa reglugerð.
- 85) Þrátt fyrir regluna um að ekki megi miðla persónuupplýsingum, sem aðildarríki fær í hendur samkvæmt þessari reglugerð, til eða gera þær aðgengilegar þriðja landi ætti að vera mögulegt að miðla slíkum persónuupplýsingum til þriðja lands ef slíkt er nauðsynlegt í einstökum tilvikum til að aðstoða við að staðfesta deili á ríkisborgara þriðja lands í tengslum við endursendingu hans og að uppfylltum ströngum skilyrðum. Miðlun hvers kyns persónuupplýsinga ætti að vera háð ströngum skilyrðum. Við miðlun slíkra persónuupplýsinga ætti ekki að veita þriðja landi upplýsingar um að viðkomandi ríkisborgari þriðja lands hafi lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd. Miðlun hvers konar persónuupplýsinga til þriðju landa ætti að fara fram í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679 og með samþykki upprunaaðildarríkisins. Þriðju lönd, sem endursent er til, heyrar oft ekki undir ákvarðanir um að vernd sé fullnægjandi (e. adequacy decisions), sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/679. Enn fremur hefur víðtæk viðleitni Sambandsins til að eiga samstarf við helstu upprunarlönd ríkisborgara þriðju landa, sem dvelja ólöglega í aðildarríkjunum og er skylt að snúa aftur, ekki tryggt að slík þriðju lönd uppfylli kerfisbundið þá skyldu sína, samkvæmt alþjóðalögum, að taka aftur við eigin ríkisborgurum. Samningar um endurviðtöku, sem gerðir hafa verið eða sem verið er að semja um af hálfu Sambandsins eða aðildarríkjanna og kveða á um viðeigandi verndarráðstafanir varðandi miðlun upplýsinga til þriðju landa skv. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, ná aðeins til takmarkaðs fjölda slíkra þriðju landa og óvíst er um gerð frekari endurviðtökusamninga. Við slíkar aðstæður, og á grundvelli undanþágu frá kröfunni um að fyrir liggja ákvörðun um að vernd sé fullnægjandi eða viðeigandi verndarráðstafanir, ætti að heimila miðlun persónuupplýsinga til yfirvalda þriðju landa samkvæmt þessari reglugerð í þeim tilgangi að framkvæma stefnu Sambandsins um endursendingar og hægt ætti að vera að nota undanþáguna sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2016/679, að því tilskildu að skilyrðin sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð séu uppfyllt. Framkvæmd reglugerðar (ESB) 2016/679, þ.m.t. að því er varðar miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt þessari reglugerð, er háð eftirliti óháðs landsbundins eftirlitsyfirvalds. Reglugerð (ESB) 2016/679 gildir um ábyrgð yfirvalda aðildarríkjanna sem ábyrgðaraðila í skilningi þeirrar reglugerðar.
- 86) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ⁽³²⁾, einkum 33. gr. hennar um trúnaðarkvöð og öryggi við vinnslu, gildir um vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum sem fram fer við beitingu þessarar reglugerðar, sbr. þó reglugerð (ESB) 2016/794 sem ætti að gilda um vinnslu Löggæslusamvinnustofnunarinnar á persónuupplýsingum. Þó er rétt að skýra tiltekin atriði í tengslum við ábyrgð á gagnavinnslunni og eftirlit með persónuvernd, með tilliti til þess að persónuvernd er lykilmáttur í farsælli starfsemi evrópska fingrafaragrunnsins og að gagnaöryggi, mikil tæknileg gæði og lögmæti uppflettinga skipta sköpum til að tryggja eðlilega starfsemi evrópska fingrafaragrunnsins og til að greiða fyrir beitingu reglugerðar (ESB) 2024/1351 og (ESB) 2024/1350.

- 87) Einkum ætti að upplýsa skráðan aðila um tilganginn með vinnslu upplýsinga um hann í evrópska fingrafaragrunninum, þ.m.t. lýsing á markmiðum reglugerða (ESB) nr. 2024/1351 og (ESB) 2024/1350, og um það hvernig löggæslufirvöld gætu notað upplýsingar um hann.
- 88) Rétt er að landsbundin eftirlitsfirvöld, sem komið er á fót í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679, fylgist með því að vinnsla aðildarríkjanna á persónuupplýsingum sé með lögmætum hætti en að Evrópska persónuverndarstofnunin, sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2018/1725, hafi eftirlit með starfsemi meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer við beitingu þessarar reglugerðar. Þessi eftirlitsfirvöld og Evrópska persónuverndarstofnunin ættu að hafa með sér samstarf um eftirlit með vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. innan ramma samræmdu eftirlitsnefndarinnar sem komið var á fót innan ramma Evrópska persónuverndarráðsins.
- 89) Aðildarríkin, Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin ættu að tryggja að landsbundin eftirlitsfirvöld og Evrópska persónuverndarstofnunin hafi burði til að hafa viðeigandi eftirlit með notkun og aðgangi að gögnum í evrópska fingrafaragrunninum.
- 90) Rétt er að fylgjast með og meta frammistöðu evrópska fingrafaragrunnsins með reglulegu millibili, þ.m.t. hvort aðgangur í löggæslutilgangi hafi leitt til óbeinnar mismununar gagnvart umsækjendum um alþjóðlega vernd, eins og hafið var máls á í mati framkvæmdastjórnarinnar á því hvernig þessi reglugerð samrýmist sáttmálanum um grundvallarréttindi. Stofnunin um rekstur stórra upplýsingateknikerfa ætti að leggja árskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um starfsemi evrópska fingrafaragrunnsins.
- 91) Aðildarríkin ættu að koma á kerfi viðurlaga sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif til að refsa fyrir vinnslu upplýsinga sem færðar eru inn í evrópska fingrafaragrunninn í andstöðu við tilgang hans.
- 92) Nauðsynlegt er að aðildarríkin séu upplýst um stöðu tiltekinna meðferða umsókna um vernd til að greiða fyrir viðeigandi beitingu reglugerðar (ESB) 2024/1351.
- 93) Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB⁽³³⁾.
- 94) Með reglugerð þessari eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmálanum um grundvallarréttindi. Einkum er með þessari reglugerð leitast við að tryggja að rétturinn til verndar persónuupplýsingum og rétturinn til að leita alþjóðlegrar verndar sé virtur að fullu og að stuðla að beitingu 8. og 18. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi. Því ætti að beita þessari reglugerð til samræmis við það.
- 95) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 42. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 og skilaði hún álit 21. september 2016 og 30. nóvember 2020.
- 96) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á fót kerfi fyrir samanburð á lífkennaupplýsingum til að aðstoða við framkvæmd stefnu Sambandsins á sviði verndarmála og fólksflutninga, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðar-regluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði.
- 97) Rétt þykir að takmarka gildissvæði þessarar reglugerðar til að aðlaga það gildissvæði reglugerðar (ESB) 2024/1351, að undanskildum ákvæðunum sem varða gögn sem safnað er til að stuðla að beitingu reglugerðar (ESB) 2024/1350 samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í þessari reglugerð.
- 98) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunar 22 um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar.
- 99) Í samræmi við 1. og 2. gr. og 4. gr. a (1. mgr.) bókunar 21 um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands að því er varðar svæði frelsis, öryggis og réttlætis, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, og án þess að það hafi áhrif á 4. gr. þeirrar bókunar, tekur Írland ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

Almenn ákvæði

1. gr.

Tilgangurinn með evrópska fingrafaragrunninum

- Hér með er komið á fót kerfi, sem nefnist evrópski fingrafaragrunnurinn (Eurodac). Tilgangur þess er að:
 - styðja við verndarkerfið, m.a. með því að aðstoða við að ákvarða hvaða ríki beri ábyrgð, samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1351, á meðferð beiðni um alþjóðlega vernd sem ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur hefur látið skrá í aðildarríki og að auðvelda beitingu þeirrar reglugerðar samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í þessari reglugerð,
 - stuðla að beitingu reglugerðar (ESB) 2024/1350 samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í þessari reglugerð,
 - aðstoða við eftirlit með ólögmætum fólksflutningum til Sambandsins, greina frekari flutninga innan þess og staðfesta deili á ríkisborgurum þriðju landa og ríkisfangslausum einstaklingum, sem dvelja þar ólöglega, í því skyni að ákvarða viðeigandi ráðstafanir fyrir aðildarríkin að grípa til,
 - aðstoða við að vernda börn, þ.m.t. í tengslum við löggæslu,

- e) setja skilyrði fyrir því að tilnefnd yfirvöld aðildarríkjanna og tilnefnt yfirvald Löggæslusamvinnustofnunarinnar geti beðið um samanburð lífkennaupplýsinga eða alstafagagna við gögn sem eru geymd í evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað,
- f) aðstoða við rétta staðfestingu deila á einstaklingum sem skráðir eru í evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við 20. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818 með því að geyma auðkennisupplýsingar, ferðaskilríkjaupplýsingar og lífkennaupplýsingar í sameiginlega auðkennasafninu (CIR),
- g) styðja við markmið ETIAS-ferðaheimildakerfisins sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2018/1240,
- h) styðja við markmið upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir sem um getur í reglugerð (EB) nr. 767/2008,
- i) styðja við gagnreynda stefnumótun með samantekt tölfæðilegra upplýsinga,
- j) stuðla að framkvæmd tilskipunar 2001/55/EB.

2. Með fyrirvara um vinnslu upprunaaðildarríkisins á gögnum, sem eiga að fara í evrópska fingrafaragrunninum, í gagna-grunnum sem komið er á fót samkvæmt landslögum þess aðildarríkis, er einungis heimilt að vinna með lífkennaupplýsingar og aðrar persónuupplýsingar í evrópska fingrafaragrunninum í þeim tilgangi sem fram kemur í þessari reglugerð, í reglugerðum (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2018/1240, (ESB) 2019/818, (ESB) 2024/1351 og (ESB) 2024/1350 og í tilskipun 2001/55/EB.

Í þessari reglugerð eru að fullu þau grundvallarréttindi virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálinn um grundvallarréttindi“), þ.m.t. rétturinn til friðhelgi einkalífs, rétturinn til verndar persónuupplýsingum, rétturinn til verndar og bann við pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Í þessu tilliti skal vinnsla persónuupplýsinga í samræmi við þessa reglugerð ekki leiða til þess að einstaklingum, sem falla undir þessa reglugerð, sé mismunað á neinn hátt s.s. á grundvelli kyns, kynþáttar, hörundslitar, þjóðernis eða félagslegs uppruna, erfðaeinkenna, tungumáls, trúarbragða eða sannfæringar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, aðildar að þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar.

Réttur einstaklings til friðhelgi einkalífs og til persónuverndar skal ávallt vera tryggður í samræmi við þessa reglugerð, bæði að því er varðar aðgang yfirvalda aðildarríkjanna og þeirra fagstofnana Sambandsins sem til þess hafa heimild að evrópska fingrafaragrunninum.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „umsækjandi um alþjóðlega vernd“: ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur sem hefur lagt fram umsókn um alþjóðlega vernd, eins og hún er skilgreind í 7. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1347, sem endanleg ákvörðun hefur enn ekki verið tekin um,
- b) „einstaklingur sem skráður hefur verið í viðtökuferli“: einstaklingur sem hefur verið skráður til þátttöku í ferli sem miðar að endurbúsetu eða viðtöku af mannúðarástæðum í samræmi við 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1350,
- c) „einstaklingur sem tekið er við í samræmi við landsbundið endurbúsetukerfi“: einstaklingur sem fær endurbúsetu í aðildarríki utan ramma reglugerðar (ESB) 2024/1350, þegar honum er veitt alþjóðleg vernd eins og skilgreint er í 3. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1347 eða réttarstaða á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum í skilningi c-liðar 3. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1350 í samræmi við reglur sem gilda um landsbundna endurbúsetukerfið,
- d) „réttarstaða á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum“: réttarstaða á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum sem veitir réttindi og skyldur sem eru jafngild þeim sem sett eru fram í 20.–26. gr. og 28.–35. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1347,
- e) „upprunaaðildarríki“:
 - i. að því er varðar einstakling sem 1. mgr. 15. gr. tekur til, aðildarríkið sem sendir persónuupplýsingarnar til evrópska fingrafaragrunnsins og fær niðurstöðu samanburðarins,
 - ii. að því er varðar einstakling sem 1. mgr. 18. gr. tekur til, aðildarríkið sem sendir persónuupplýsingarnar til evrópska fingrafaragrunnsins og fær niðurstöðu samanburðarins,
 - iii. að því er varðar einstakling sem 2. mgr. 18. gr. tekur til, aðildarríkið sem sendir persónuupplýsingarnar til evrópska fingrafaragrunnsins,
 - iv. að því er varðar einstakling sem 1. mgr. 20. gr. tekur til, aðildarríkið sem sendir persónuupplýsingarnar til evrópska fingrafaragrunnsins,
 - v. að því er varðar einstakling sem 1. mgr. 22. gr. tekur til, aðildarríkið sem sendir persónuupplýsingarnar til evrópska fingrafaragrunnsins og fær niðurstöðu samanburðarins,
 - vi. að því er varðar einstakling sem 1. mgr. 23. gr. tekur til, aðildarríkið sem sendir persónuupplýsingarnar til evrópska fingrafaragrunnsins og fær niðurstöðu samanburðarins,
 - vii. að því er varðar einstakling sem 1. mgr. 24. gr. tekur til, aðildarríkið sem sendir persónuupplýsingarnar til evrópska fingrafaragrunnsins og fær niðurstöðu samanburðarins,
 - viii. að því er varðar einstakling sem 1. mgr. 26. gr. tekur til, aðildarríkið sem sendir persónuupplýsingarnar til evrópska fingrafaragrunnsins og fær niðurstöðu samanburðarins,

- f) „ríkisborgari þriðja lands“: hver sá einstaklingur sem er ekki borgari Sambandsins í skilningi 1. mgr. 20. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og ekki ríkisborgari ríkis sem tekur þátt í beitingu þessarar reglugerðar samkvæmt samningi við Sambandið,
- g) „ólögleg dvöl“: þegar ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur, sem uppfyllir ekki eða uppfyllir ekki lengur komuskilyrðin sem sett eru fram í 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 ⁽³⁴⁾ eða önnur skilyrði fyrir komu, dvöl eða búsetu í því aðildarríki, er á yfirráðasvæði aðildarríkis,
- h) „einstaklingur sem nýtur alþjóðlegrar verndar“: einstaklingur sem hefur fengið réttarstöðu flóttamanns, eins og hún er skilgreind í 1. lið 3. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1347, eða réttarstöðu vegna viðbótarverndar eins og hún er skilgreind í 2. lið 3. gr. þeirrar reglugerðar,
- i) „einstaklingur sem nýtur tímabundinnar verndar“: einstaklingur sem nýtur tímabundinnar verndar, eins og hún er skilgreind í a-lið 2. gr. tilskipunar 2001/55/EB og í framkvæmdarákvörðun ráðsins sem innleiðir tímabundna vernd eða aðra sambærilega innlenda vernd vegna sama atburðar og umrædd framkvæmdarákvörðun ráðsins,
- j) „jákvæð niðurstaða“: samsvörun eða samsvaranir sem koma fram í evrópska fingrafaragrunninum milli lífkennaupplýsinga, sem eru skráðar í tölvuvædda miðlæga gagnagrunninn, og þeirra sem aðildarríki sendir að því er varðar tiltekinn einstakling, sbr. þó þá kröfu að aðildarríkin skuli tafarlaust kanna niðurstöðu samanburðar skv. 4. mgr. 38. gr.,
- k) „innlend aðgangsstöð“: hið tilnefnda kerfi í hverju landi sem hefur samskipti við evrópska fingrafaragrunninn,
- l) „aðgangsstöð Löggæslusamvinnustofnunarinnar“: hið tilnefnda kerfi Löggæslusamvinnustofnunarinnar sem hefur samskipti við evrópska fingrafaragrunninn,
- m) „gögn í evrópska fingrafaragrunninum“: öll gögn sem geymd eru í evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við 17. gr. (1. og 2. mgr.), 19. gr. (1. mgr.), 21. gr. (1. mgr.), 22. gr. (2. og 3. mgr.), 23. gr. (2. og 3. mgr.), 24. gr. (2. og 3. mgr.) og 26. gr. (2. mgr.),
- n) „löggæsla“: að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknæð,
- o) „hryðjuverk“: afbrot samkvæmt landslögum sem samsvarar eða er jafngilt einu af þeim brotum sem um getur í tilskipun (ESB) 2017/541,
- p) „alvarlegur refsiverður verknæður“: afbrot sem samsvarar eða er jafngilt þeim sem um getur í 2. mgr. 2. gr. rammaákvörðunar 2002/584/DIM, ef það varðar að hámarki a.m.k. þriggja ára refsivist eða öryggisráðstöfun samkvæmt landslögum,
- q) „fingrafaraupplýsingar“: upplýsingar sem varða samanburðarfingraför og rúlluð fingraför allra tíu fingra, ef þeir eru til staðar, eða vettvangsfar,
- r) „andlitsmyndgögn“: stafrænar myndir af andliti sem eru í upplausn og af gæðum sem eru fullnægjandi til að hana megi nota til sjálfvirkra lífkennamátunar,
- s) „lífkennaupplýsingar“: fingrafaraupplýsingar eða andlitsmyndgögn,
- t) „alstafagögn“: gögn sem sett eru fram með bókstöfum, tölustöfum, sérstökum táknum, bilum og greinarmerkjum,
- u) „dvalarskjal“: hvers konar leyfi sem yfirvöld aðildarríkis gefa út og heimilar ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi að dvelja á yfirráðasvæði þess, þ.m.t. skjöl sem færa sönnur á að viðkomandi hafi leyfi til að dvelja áfram á yfirráðasvæðinu samkvæmt fyrirkomulagi um tímabundna vernd eða uns aðstæður, sem koma í veg fyrir að skipun um brottvísun sé framfylgt, eru ekki lengur fyrir hendi, að undanskildum vegabréfsáritunum og dvalarleyfum, gefnum út á meðan beðið er ákvörðunar um það hvaða aðildarríki skuli bera ábyrgð, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2024/1351, eða meðan á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd eða umsóknar um dvalarleyfi stendur,
- v) „stýriskjal fyrir skilflöt“: tækniskjal þar sem tilgreindar eru nauðsynlegar kröfur sem innlendar aðgangsstöðvar eða aðgangsstöð Löggæslusamvinnustofnunarinnar skulu uppfylla til að geta átt rafræn samskipti við evrópska fingrafaragrunninn og einkum gerð nákvæm grein fyrir sniði og mögulegu innihaldi upplýsinganna sem skipst verður á milli evrópska fingrafaragrunnsins og innlendra aðgangsstöðva eða aðgangsstöðvar Löggæslusamvinnustofnunarinnar,
- w) „sameiginlega auðkennasafnið (CIR)“: sameiginlega auðkennasafnið sem komið var á fót með 1. og 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818,
- x) „auðkennisupplýsingar“: upplýsingarnar sem um getur í 17. gr. (c- til f-lið og h-lið 1. mgr.), 19. gr. (c- til f-lið og h-lið 1. mgr.), 21. gr. (c- til f-lið og h-lið 1. mgr.), 22. gr. (c- til f-lið og h-lið 2. mgr.), 23. gr. (c- til f-lið og h-lið 2. mgr.), 24. gr. (c- til f-lið og h-lið 2. mgr.) og 26. gr. (c- til f-lið og h-lið 2. mgr.),
- y) „gagnamengi“: mengi upplýsinga, sem skráð er í evrópska fingrafaragrunninn á grundvelli 17., 19., 21., 22., 23., 24. eða 26. gr. og svarar til einna fingrafara skráðs einstaklings og samanstandur af lífkennaupplýsingum, alstafagögnum og skönnuðu afriti í lit af persónu- eða ferðaskilríkjum, ef þau eru fyrir hendi,
- z) „barn“ eða „ólögráða barn“: ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur undir 18 ára aldri.
2. Skilgreiningarnar í 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 skulu gilda um þessa reglugerð að því marki sem persónuupplýsingar eru unnar af yfirvöldum aðildarríkja í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í a-, b-, c- og j-lið 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar.
3. Skilgreiningarnar í 2. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 skulu gilda um þessa reglugerð nema annað sé tekið fram.

4. Skilgreiningarnar í 3. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680 skulu gilda um þessa reglugerð að því marki sem persónuupplýsingar eru unnar af lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna í löggæslutilgangi.

3. gr.

Kerfishögun og grundvallarreglur

1. Evrópski fingrafaragrunnurinn skal samanstanda af:
 - a) miðlægu kerfi sem samanstendur af:
 - i. miðlægri einingu,
 - ii. áætlun og kerfi um rekstrarsamfellu,
 - b) fjarskiptavirki milli miðlæga kerfisins og aðildarríkjanna sem skapar örugga og dulkóðaða samskiptaleið fyrir gögn í evrópska fingrafaragrunninum („fjarskiptavirki“),
 - c) sameiginlega auðkennasafninu (CIR),
 - d) öruggu fjarskiptavirki milli miðlæga kerfisins og miðlægra grunnvirkja evrópsku leitargáttarinnar og milli miðlæga kerfisins og sameiginlega auðkennasafnsins.
2. Sameiginlega auðkennasafnið skal innihalda þau gögn sem um getur í 17. gr. (a- til f-lið, h-lið og i-lið 1. mgr.), 19. gr. (a- til f-lið, h-lið og i-lið 1. mgr.), 21. gr. (a- til f-lið, h-lið og i-lið 1. mgr.), 22. gr. (a- til f-lið, h-lið og i-lið 2. mgr.), 23. gr. (a- til f-lið, h-lið og i-lið 2. mgr.), 24. gr. (a- til f-lið og h-lið 2. mgr. og a-lið 3. mgr.) og 26. gr. (a- til f-lið, h-lið og i-lið 2. mgr.). Önnur gögn evrópska fingrafaragrunnsins skulu geymd í miðlæga kerfinu.
3. Fjarskiptavirkið skal nota fyrirbyggjandi netkerfi „Örugg, samevrópsk fjarskiptavirki milli stjórnsýslustofnana“ (TESTA). Til að tryggja trúnað skulu persónuupplýsingar, sem sendar eru til eða frá evrópska fingrafaragrunninum, dulkóðaðar.
4. Í hverju aðildarríki skal vera ein innlend aðgangsstöð. Löggæslusamvinnustofnunin skal hafa eina aðgangsstöð (aðgangsstöð Löggæslusamvinnustofnunarinnar).
5. Gögn sem varða einstaklinga sem falla undir 15. gr. (1. mgr.), 18. gr. (2. mgr.), 20. gr. (1. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (1. mgr.) og 26. gr. (1. mgr.), sem unnin eru í evrópska fingrafaragrunninum, skulu unnin fyrir hönd upprunaaðildarríkisins með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari reglugerð og haldið aðskildum með viðeigandi tæknilegum aðferðum.
6. Öll gagnamengi, sem skráð eru í evrópska fingrafaragrunninum og svara til sama ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklings, skulu tengd saman í röð. Ef gerður er sjálfvirkur samanburður í samræmi við 27. og 28. gr. sem gefur jákvæða niðurstöðu við a.m.k. ein önnur fingraför, eða, séu þessi fingraför ekki af fullnægjandi gæðum til að hægt sé að tryggja viðeigandi samanburð eða ekki tiltæk, andlitsmyndgögn, úr öðru gagnamengi sem svara til sama ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklings, skal evrópski fingrafaragrunnurinn tengja þessi gagnamengi sjálfkrafa saman á grundvelli samanburðarins. Ef nauðsyn krefur skal sérfræðingur, í samræmi við 4. og 5. mgr. 38. gr., kanna niðurstöður úr sjálfvirkum samanburði sem fer fram í samræmi við 27. og 28. gr. Ef móttökuaðildarríkið staðfestir jákvæðu niðurstöðuna skal það senda Stofnuninni um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa tilkynningu um staðfestingu á tengingu milli þessara gagnamengja.
7. Reglurnar um evrópska fingrafaragrunnin skulu einnig gilda um aðgerðir sem aðildarríkin framkvæma frá því að upplýsingar eru sendar til evrópska fingrafaragrunnsins þar til niðurstöður samanburðarins eru nýttar.

4. gr.

Rekstrarstjórn

1. Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal bera ábyrgð á rekstrarstjórn evrópska fingrafaragrunnsins. Rekstrarstjórn evrópska fingrafaragrunnsins skal taka til allra nauðsynlegra verkefna til þess að halda honum starfandi allan sólarhringinn, alla daga vikunnar í samræmi við þessa reglugerð, einkum þeirrar viðhaldsvinnu og tækniþróunar sem nauðsynleg er til að tryggja að starfsemi kerfisins sé á viðunandi gæðastigi, einkum að því er varðar þann tíma sem það tekur að leita í evrópska fingrafaragrunninum. Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal þróa áætlun og kerfi um rekstrarsamfellu með hliðsjón af viðhaldsþörf og ófyrirséðum niðritíma evrópska fingrafaragrunnsins, þ.m.t. áhrifum ráðstafana um rekstrarsamfellu á persónuvernd og gagnaöryggi. Stofnunin skal tryggja, í samstarfi við aðildarríkin, að besta fánalega og öruggasta tækni og aðferðir séu notuð fyrir evrópska fingrafaragrunnin, með fyrirvara um kostnaðar- og ábatagreiningu.
2. Stofnuninni um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa er heimilt að nota raunverulegar persónuupplýsingar úr virku kerfi evrópska fingrafaragrunnsins til prófana, í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679, í eftirfarandi tilvikum:
 - a) við greiningu og viðgerðir þegar bilanir uppgötvast í evrópska fingrafaragrunninum eða
 - b) við prófanir á nýrri tækni og aðferðum til að bæta frammistöðu evrópska fingrafaragrunnsins eða sendingu gagna til hans.Í þeim tilvikum sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar skulu öryggisráðstafanir, aðgangsstýring og aðgerðaskráningar í prófunarumhverfinu vera þær sömu og gilda um virkt kerfi evrópska fingrafaragrunnsins. Vinnsla raunverulegra persónuupplýsinga, sem aðlagðar eru fyrir prófanir, skal háð ströngum skilyrðum og þær aftengdar persónuauðkennum þannig að ekki sé lengur unnt að persónugreina skráða aðilann. Þegar tilganginum með framkvæmd prófunarinnar er náð eða prófunum er lokið skal raunverulegum persónuupplýsingum umsvifalaust og varanlega eytt út úr prófunarumhverfinu.
3. Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal bera ábyrgð á eftirfarandi verkefnum sem tengjast fjarskiptavirkinu:

- a) eftirliti,
 - b) öryggi,
 - c) samræmingu samskipta milli aðildarríkjanna og veitandans.
4. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á öllum öðrum verkefnum í tengslum við fjarskiptavirkið en þeim sem um getur í 3. mgr., einkum:
- a) framkvæmd fjárhagsáætlunar,
 - b) kaupum og endurnýjun,
 - c) samningamálum.
5. Með fyrirvara um 17. gr. starfsmannareglna embættismanna Evrópusambandsins og ráðningarskilmála annarra starfsmanna Sambandsins, sem mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EBE, KBE, KSE) nr. 259/68⁽³⁵⁾, skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingateknikerfa láta viðeigandi reglur um þagnarskyldu eða aðra sambærilega trúnaðarskyldu gilda um allt starfsfólk sitt sem vinnur með gögn í evrópska fingrafaragrunninum. Þessi málsgrein gildir áfram eftir að þessir einstaklingar láta af embætti eða hætta störfum eða eftir að skyldustörfum þeirra lýkur.

5. gr.

Tilnefnd yfirvöld aðildarríkjanna í löggæslutilgangi

1. Aðildarríkin skulu, í löggæslutilgangi, tilnefna þau yfirvöld sem hafa heimild til að fara fram á samanburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum samkvæmt þessari reglugerð. Tilnefnd yfirvöld skulu vera þau yfirvöld aðildarríkjanna sem bera ábyrgð á því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknæð.
2. Hvert aðildarríki skal halda skrá yfir tilnefnd yfirvöld sín.
3. Hvert aðildarríki skal halda skrá yfir þær starfseiningar tilnefndra yfirvalda sinna sem hafa heimild til að fara fram á samanburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum í gegnum innlenda aðgangsstöð.

6. gr.

Sannpröfunaryfirvöld aðildarríkjanna í löggæslutilgangi

1. Hvert aðildarríki skal, í löggæslutilgangi, tilnefna eitt innlent yfirvald eða einingu slíks yfirvalds til að gegna hlutverki sannpröfunaryfirvalds. Sannpröfunaryfirvaldið skal vera yfirvald aðildarríkisins sem ber ábyrgð á því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknæð.

Tilnefnda yfirvaldið og sannpröfunaryfirvaldið geta verið hluti af sömu stofnun ef það er heimilt að landslögum en sannpröfunaryfirvaldið skal vera óháð við framkvæmd verkefna sinna samkvæmt þessari reglugerð. Sannpröfunaryfirvaldið skal vera aðskilið frá starfseiningunum sem um getur í 3. mgr. 5. gr. og ekki taka við fyrirmælum frá þeim að því er varðar niðurstöðu sannpröfunarinnar.

Aðildarríkin geta tilnefnt fleiri en eitt sannpröfunaryfirvald til að endurspegla stjórnskipulag sitt, í samræmi við stjórnskipuleg eða lagaleg skilyrði sín.

2. Sannpröfunaryfirvaldið skal tryggja að skilyrði fyrir beiðni um að lífkennaupplýsingar eða alstafagögn verði borin saman við gögn í evrópska fingrafaragrunninum séu uppfyllt.

Aðeins starfsmenn sannpröfunaryfirvaldsins með tilskilið umboð skulu hafa heimild til að taka á móti og framsenda beiðnir um aðgang að evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við 32. gr.

Aðeins sannpröfunaryfirvaldið skal hafa heimild til að framsenda beiðnir um samanburð á lífkennaupplýsingum eða alstafagögnum til innlendu aðgangsstöðvarinnar.

7. gr.

Tilnefnt yfirvald og sannpröfunaryfirvald Löggæslusamvinnustofnunarinnar í löggæslutilgangi

1. Löggæslusamvinnustofnunin skal, í löggæslutilgangi, tilnefna eina eða fleiri af starfseiningum sínum sem „tilnefnt yfirvald Löggæslusamvinnustofnunarinnar“. Tilnefnt yfirvald Löggæslusamvinnustofnunarinnar skal hafa heimild til að fara fram á samanburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum í gegnum aðgangsstöð Löggæslusamvinnustofnunarinnar til að styðja við og styrkja aðgerðir aðildarríkjanna við að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknæð sem fellur undir umboð Löggæslusamvinnustofnunarinnar.

2. Löggæslusamvinnustofnunin skal, í löggæslutilgangi, tilnefna eina sérdeild með starfsmönnum sínum með tilskilið umboð, til að gegna hlutverki sannpröfunaryfirvalds síns. Sannpröfunaryfirvald Löggæslusamvinnustofnunarinnar skal hafa heimild til að framsenda beiðnir tilnefnds yfirvalds stofnunarinnar um samanburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum í gegnum aðgangsstöð Evrópulögreglunnar. Sannpröfunaryfirvald Löggæslusamvinnustofnunarinnar skal vera algerlega óháð tilnefndu yfirvaldi hennar við framkvæmd verkefna sinna samkvæmt þessari reglugerð. Sannpröfunaryfirvald Löggæslusamvinnustofnunarinnar skal vera aðskilið frá tilnefndu yfirvaldi stofnunarinnar og ekki taka við fyrirmælum frá því að því er varðar niðurstöðu sannpröfunarinnar. Sannpröfunaryfirvald Löggæslusamvinnustofnunarinnar skal tryggja að skilyrði fyrir beiðni um að lífkennaupplýsingar eða alstafagögn verði borin saman við gögn í evrópska fingrafaragrunninum séu uppfyllt.

8. gr.

Samvirkni við ETIAS-ferðaheimildakerfið

1. Frá og með 12. júní 2026 skal evrópski fingrafaragrunnurinn vera tengdur við evrópsku leitargáttina, sem um getur í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818, til að hægt verði að beita 11. og 20. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240.

2. Sjálfvirka vinnslan, sem um getur í 20. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240, skal gera kleift að framkvæma þær sannprófanir, sem kveðið er á um í þeirri grein, og síðari sannprófanir sem kveðið er á um í 22. og 26. gr. þeirrar reglugerðar.

Til að framkvæma sannprófanirnar, sem um getur í k-lið 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240, skal miðlæga ETIAS-ferðaheimildakerfið nota evrópsku leitargáttina til að bera gögn í ETIAS-ferðaheimildakerfinu saman við gögn í evrópska fingrafaragrunninum sem safnað er á grundvelli 17. gr., 19. gr., 21. gr., 22. gr., 23. gr., 24. gr. og 26. gr. þessarar reglugerðar, á lesaðgangssniði með því að nota gagnaflokkana sem taldir eru upp í samanburðartöflunni í I. viðauka þessarar reglugerðar og sem svara til einstaklinga sem hafa yfirgefið eða verið fluttir brott af yfirráðasvæði aðildarríkjanna samkvæmt endursendingarákvörðun eða brottflutningsskipun. Þessar sannprófanir skulu ekki hafa áhrif á sértæku reglurnar sem kveðið er á um í 3. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240.

9. gr.

Skilyrði fyrir aðgangi landsskrifstofa ETIAS-ferðaheimildakerfisins að evrópska fingrafaragrunninum til handvirkar vinnslu

1. Landsskrifstofur ETIAS-ferðaheimildakerfisins skulu fletta upp í evrópska fingrafaragrunninum með sömu alstafagögnum og notuð eru við sjálfvirku vinnsluna sem um getur í 8. gr.

2. Í þeim tilgangi sem um getur í g-lið 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar skulu landsskrifstofur ETIAS-ferðaheimildakerfisins hafa aðgang að evrópska fingrafaragrunninum, í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1240, til að fletta upp í gögnum á lesaðgangssniði við meðferð umsókna um ferðaheimild. Einkum er þeim heimilt að skoða þau gögn sem um getur í 17., 19., 21., 22., 23., 24. og 26. gr. þessarar reglugerðar.

3. Í kjölfar uppflettingar og aðgangs skv. 1. og 2. mgr. skal niðurstaða matsins eingöngu skráð í umsóknarskrár ETIAS-ferðaheimildakerfisins.

10. gr.

Aðgangur lögbærra yfirvalda sem gefa út vegabréfsáritanir að evrópska fingrafaragrunninum

Í þeim tilgangi að sannprófa handvirkt jákvæðar niðurstöður sem framkallaðar eru með sjálfvirkum leitarfyrirspurnum sem upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir framkvæmir í samræmi við 9. gr. a og 9. gr. c í reglugerð (EB) nr. 767/2008, og við meðferð umsókna um vegabréfsáritun og ákvarðanatöku um þær í samræmi við 21. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009⁽³⁶⁾, skulu lögbær yfirvöld sem gefa út vegabréfsáritanir, í samræmi við þessar reglugerðir, hafa aðgang að evrópska fingrafaragrunninum til að fletta upp í gögnum á lesaðgangssniði.

11. gr.

Samvirkni við upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir

Eins og kveðið er á um í d-lið 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar skal evrópski fingrafaragrunnurinn vera tengdur við evrópsku leitargáttina, sem um getur í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2019/817, til að gera mögulega sjálfvirku vinnsluna, sem um getur í 9. gr. a í reglugerð (EB) nr. 767/2008, og þar af leiðandi að leita í evrópska fingrafaragrunninum og bera viðeigandi gögn í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir saman við viðeigandi gögn í honum. Sannprófanirnar skulu ekki hafa áhrif á sértæku reglurnar sem kveðið er á um í 9. gr. b í reglugerð (EB) nr. 767/2008.

12. gr.

Tölfræðilegar upplýsingar

1. Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal taka saman tölfræðilegar upplýsingar mánaðarlega um starfsemi evrópska fingrafaragrunnsins, þar sem fram kemur einkum:

- fjöldi umsækjenda og fjöldi umsækjenda sem sækja um í fyrsta sinn, á grundvelli tengingarferlisins sem um getur í 6. mgr. 3. gr.,
- fjöldi umsækjenda sem synjað er, á grundvelli tengingarferlisins sem um getur í 6. mgr. 3. gr. og skv. j-lið 2. mgr. 17. gr.,
- fjöldi einstaklinga sem hafa verið fluttir frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerða,
- fjöldi einstaklinga sem skráðir hafa verið sem einstaklingar sem njóta tímabundinnar verndar,
- fjöldi umsækjenda sem hafa hlotið alþjóðlega vernd í aðildarríki,
- fjöldi einstaklinga sem hafa verið skráðir sem ólöggráða börn,
- fjöldi einstaklinga sem um getur í a-lið 2. mgr. 18. gr. þessarar reglugerðar og tekið hefur verið við samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1350,
- fjöldi einstaklinga sem um getur í 1. mgr. 20. gr. og tekið hefur verið við í samræmi við landsbundið endurbúsetukerfi,
- fjöldi gagnamengja sem hafa verið send um einstaklinga eins og um getur í 15. gr. (1. mgr.), 18. gr. (b- og c-lið 2. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (1. mgr.) og 26. gr. (1. mgr.),
- fjöldi gagnasendinga sem varða einstaklinga eins og um getur í 1. mgr. 18. gr.,
- fjöldi jákvæðra niðurstaðna vegna einstaklinga eins og um getur í 1. mgr. 15. gr. þessarar reglugerðar,
 - sem hafa fengið umsókn um alþjóðlega vernd skráða í aðildarríki,
 - sem hafa verið handteknir í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamæri,
 - sem hafa dvalið ólöglega í aðildarríki,

- iv. sem hafa verið fluttir frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerðar,
- v. sem hafa hlotið alþjóðlega vernd í aðildarríki,
- vi. sem hafa verið skráðir sem einstaklingar sem njóta tímabundinnar verndar í aðildarríki,
- vii. sem hafa verið skráðir í viðtökuferli í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1350 og:
 - sem hafa hlotið alþjóðlega vernd eða réttarstöðu á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum,
 - sem hefur verið synjað um viðtöku af einhverri þeirra ástæðna sem um getur í f-lið 1. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar eða
 - sem hætt hefur verið við viðtökuferli fyrir vegna þess að viðkomandi einstaklingur gaf ekki samþykki sitt eða dró það til baka í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar,
- viii. sem tekið hefur verið við í samræmi við landsbundið endurbúsetukerfi,
- l) fjöldi jákvæðra niðurstaðna vegna einstaklinga eins og um getur í 1. mgr. 18. gr. þessarar reglugerðar,
 - i. sem hafa áður hlotið alþjóðlega vernd í aðildarríki,
 - ii. sem hafa verið skráðir í viðtökuferli í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1350 og:
 - sem hafa hlotið alþjóðlega vernd eða réttarstöðu á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum,
 - sem hefur verið synjað um viðtöku af einhverri þeirra ástæðna sem um getur í f-lið 1. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar eða
 - sem hætt var við viðtökuferli fyrir vegna þess að viðkomandi einstaklingur gaf ekki samþykki sitt eða dró það til baka í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar,
 - iii. sem tekið hefur verið við í samræmi við landsbundið endurbúsetukerfi,
- m) fjöldi jákvæðra niðurstaðna vegna einstaklinga eins og um getur í 1. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar,
 - i. sem hafa fengið umsókn um alþjóðlega vernd skráða í aðildarríki,
 - ii. sem hafa verið handteknir í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamæri,
 - iii. sem hafa dvalið ólöglega í aðildarríki,
 - iv. sem hafa verið fluttir frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerðar,
 - v. sem hafa hlotið alþjóðlega vernd í aðildarríki,
 - vi. sem hafa verið skráðir í viðtökuferli í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1350 og:
 - sem hafa hlotið alþjóðlega vernd eða réttarstöðu á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum,
 - sem hefur verið synjað um viðtöku af einhverri þeirra ástæðna sem um getur í f-lið 1. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar eða
 - sem hætt hefur verið við viðtökuferli fyrir vegna þess að viðkomandi einstaklingur gaf ekki samþykki sitt eða dró það til baka í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar,
 - vii. sem tekið hefur verið við í samræmi við landsbundið endurbúsetukerfi,
 - viii. sem hafa verið skráðir sem einstaklingar sem njóta tímabundinnar verndar í aðildarríki,
- n) fjöldi jákvæðra niðurstaðna vegna einstaklinga eins og um getur í 1. mgr. 23. gr. þessarar reglugerðar,
 - i. sem hafa fengið umsókn um alþjóðlega vernd skráða í aðildarríki,
 - ii. sem hafa verið handteknir í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamæri,
 - iii. sem hafa dvalið ólöglega í aðildarríki,
 - iv. sem hafa verið fluttir frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerðar,
 - v. sem hafa hlotið alþjóðlega vernd í aðildarríki,
 - vi. sem hafa verið skráðir í viðtökuferli í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1350 og:
 - sem hafa hlotið alþjóðlega vernd eða réttarstöðu á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum,
 - sem hefur verið synjað um viðtöku af einhverri þeirra ástæðna sem um getur í f-lið 1. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar eða
 - sem hætt hefur verið við viðtökuferli fyrir vegna þess að viðkomandi einstaklingur gaf ekki samþykki sitt eða dró það til baka í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar,
 - vii. sem tekið hefur verið við í samræmi við landsbundið endurbúsetukerfi,
 - viii. sem hafa verið skráðir sem einstaklingar sem njóta tímabundinnar verndar í aðildarríki,
- o) fjöldi jákvæðra niðurstaðna vegna einstaklinga eins og um getur í 1. mgr. 24. gr. þessarar reglugerðar,
 - i. sem hafa fengið umsókn um alþjóðlega vernd skráða í aðildarríki,
 - ii. sem hafa verið handteknir í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamæri,
 - iii. sem hafa dvalið ólöglega í aðildarríki,

- iv. sem hafa verið fluttir frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerðar,
 - v. sem hafa hlotið alþjóðlega vernd í aðildarríki,
 - vi. sem hafa verið skráðir í viðtökuferli í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1350 og:
 - sem hafa hlotið alþjóðlega vernd eða réttarstöðu á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum,
 - sem hefur verið synjað um viðtöku af einhverri þeirra ástæðna sem um getur í f-lið 1. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar eða
 - sem hætt hefur verið við viðtökuferli fyrir vegna þess að viðkomandi einstaklingur gaf ekki samþykki sitt eða dró það til baka í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar,
 - vii. sem tekið hefur verið við í samræmi við landsbundið endurbúsetukerfi,
 - viii. sem hafa verið skráðir sem einstaklingar sem njóta tímabundinnar verndar í aðildarríki,
- p) fjöldi jákvæðra niðurstaðna vegna einstaklinga eins og um getur í 1. mgr. 26. gr. þessarar reglugerðar,
- i. sem hafa fengið umsókn um alþjóðlega vernd skráða í aðildarríki,
 - ii. sem hafa verið handteknir í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamæri,
 - iii. sem hafa dvalið ólöglega í aðildarríki,
 - iv. sem hafa verið fluttir frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerðar,
 - v. sem hafa hlotið alþjóðlega vernd í aðildarríki,
 - vi. sem hafa verið skráðir í viðtökuferli í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1350 og:
 - sem hafa hlotið alþjóðlega vernd eða réttarstöðu á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum,
 - sem hefur verið synjað um viðtöku af einhverri þeirra ástæðna sem um getur í f-lið 1. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar eða
 - sem hætt hefur verið við viðtökuferli fyrir vegna þess að viðkomandi einstaklingur gaf ekki samþykki sitt eða dró það til baka í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar,
 - vii. sem tekið hefur verið við í samræmi við landsbundið endurbúsetukerfi,
 - viii. sem hafa verið skráðir sem einstaklingar sem njóta tímabundinnar verndar í aðildarríki,
- q) fjöldi lífkennaupplýsinga sem evrópski fingrafaragrunnurinn þurfti að biðja upprunaaðildarríkin um að senda oftar en einu sinni vegna þess að upprunalegu lífkennaupplýsingarnar, sem sendar voru, hentuðu ekki til samanburðar í tölvuvæddu fingrafara- og andlitsgreiningarkerfunum,
- r) fjöldi gagnamengja sem eru auðkennd (e. marked) og án auðkenna (e. unmarked) í samræmi við 1., 3. og 4. mgr. 31. gr.,
- s) fjöldi jákvæðra niðurstaðna vegna einstaklinga eins og um getur í 1. og 4. mgr. 31. gr. sem jákvæðar niðurstöður hafa verið skráðar um skv. k- til p-lið 1. mgr. þessarar greinar,
- t) fjöldi beiðna og jákvæðra niðurstaðna eins og um getur í 1. mgr. 33. gr.,
- u) fjöldi beiðna og jákvæðra niðurstaðna eins og um getur í 1. mgr. 34. gr.,
- v) fjöldi beiðna sem lagðar eru fram í samræmi við 43. gr.,
- w) fjöldi jákvæðra niðurstaðna sem fást frá evrópska fingrafaragrunninum eins og um getur í 6. mgr. 38. gr.
2. Mánaðarlegu tölfraðilegu gögnin um einstaklinga eins og um getur í 1. mgr., skulu birt í hverjum mánuði. Í lok hvers árs skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa birta árleg tölfraðileg gögn um þá einstaklinga sem um getur í 1. mgr. Tölfraðilegu gögnin skulu sundurliðuð eftir aðildarríkjum. Tölfraðilegu gögnin um einstaklinga eins og um getur í i-lið 1. mgr., skulu sundurliðuð eftir fæðingarári og kyni, ef kostur er.
- Ekkert í þessari málsgrein skal hafa áhrif á nafnleysi tölfraðilegu gagnanna.
3. Til að styðja við markmiðin sem um getur í c- og i-lið 1. gr. skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa mánaðarlega taka saman tölfraðilegar upplýsingar þvert á kerfi. Ekki skal vera hægt að staðfesta deili á einstaklingum í þessum tölfraðilegu upplýsingum og nota skal gögn úr evrópska fingrafaragrunninum, upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, ETIAS- ferðaheimildakerfinu og komu- og brottfararkerfinu.
- Tölfraðilegu upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu gerðar aðgengilegar aðildarríkjunum, Evrópuþinginu, framkvæmdastjórninni, Verndarstofnun Evrópusambandsins, Landamæra- og strandgæslustofnuninni og Löggæslusamvinnu-stofnuninni.
- Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, tilgreina innihald mánaðarlegu tölfraðilegu upplýsinganna þvert á kerfi sem um getur í fyrstu undirgrein. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 56. gr.
- Ekki skal synja um aðgang inn á yfirráðasvæði Sambandsins á grundvelli tölfraðilegra upplýsinga þvert á kerfi einna saman.
4. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa láta henni í té tölfraðilegar upplýsingar um tiltekna þætti sem tengjast beitingu þessarar reglugerðar og tölfraðilegu upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr.

og skal, að fenginni beiðni, gera þær aðgengilegar aðildarríkjunum, Evrópuþinginu, Verndarstofnun Evrópusambandsins, Landamæra- og strandgæslustofnuninni og Löggæslusamvinnustofnuninni.

5. Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal geyma gögnin sem um getur í 1.–4. mgr. þessarar greinar í rannsóknar- og greiningartilgangi og gera þannig yfirvöldunum sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar kleift að fá sérsníðnar skýrslur og tölfraðilegar upplýsingar í miðlæga skýrslu- og tölfraðisafninu sem um getur í 39. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818. Ekki skal vera hægt að staðfesta deili á einstaklingum í þessum gögnum.

6. Veita skal Stofnuninni um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, framkvæmdastjórninni, þeim yfirvöldum sem hvert aðildarríki tilnefnir í samræmi við 2. mgr. 40. gr. þessarar reglugerðar og notendum sem til þess hafa heimild hjá Verndarstofnun Evrópusambandsins, Landamæra- og strandgæslustofnuninni og Löggæslusamvinnustofnuninni aðgang að miðlæga skýrslu- og tölfraðisafninu, sem um getur í 39. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818, ef slíkur aðgangur skiptir máli fyrir framkvæmd verkefna þeirra.

13. gr.

Skylda til töku lífkennaupplýsinga

- Aðildarríkin skulu taka lífkennaupplýsingar þeirra einstaklinga sem um getur í 15. gr. (1. mgr.), 18. gr. (1. og 2. mgr.), 20. gr. (1. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (1. mgr.) og 26. gr. (1. mgr.) í þeim tilgangi sem um getur í 1. gr. (a-, b-, c- og j-lið 1. mgr.) og skulu krefjast þess að þessir einstaklingar láti í té lífkennaupplýsingar sínar og upplýsa þá í samræmi við 42. gr.
- Aðildarríkin skulu virða reisn og líkamlega friðhelgi einstaklingsins við fingrafara- og andlitsmyndatöku.
- Mæla skal fyrir um stjórnsluráðstafanir í landslögum til að tryggja að skyldan til að láta í té lífkennaupplýsingar, sem sett er fram í 1. mgr., sé virt. Þessar ráðstafanir skulu vera skilvirkar, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif og geta falið í sér möguleikann á að beita þvingunum sem síðasta úrræði.
- Ef engin þeirra ráðstafana sem mælt er fyrir um í landslögum eins og um getur í 3. mgr. dugur til að tryggja að umsækjandi virði skylduna um að láta í té lífkennaupplýsingar gilda viðeigandi ákvæði laga Sambandsins um vernd sem varða það þegar sú skylda er ekki virt.
- Ef ómögulegt reynist að taka lífkennaupplýsingar ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslauss einstaklings sem telst vera einstaklingur í viðkvæmri stöðu vegna ástands fingurgóma eða andlits viðkomandi eða viðkomandi hefur ekki vísitandi valdið því sjálfur, skulu yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkis, með fyrirvara um 3. og 4. mgr., ekki grípa til stjórnsluráðstafana til að tryggja að skyldan til að láta í té lífkennaupplýsingar sé virt.
- Málsmeðferð við töku lífkennaupplýsinga skal ákveðin og henni beitt í samræmi við innlenda venju hlutaðeigandi aðildarríkis og í samræmi við þær öryggisráðstafanir sem mælt er fyrir um í sáttmálanum um grundvallarréttindi og í Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

14. gr.

Sérákvæði varðandi ólöggráða börn

1. Lífkennaupplýsingar ólöggráða barna sem náð hafa sex ára aldri skulu teknar af starfsfólki sem fengið hefur sérstaka þjálfun í töku lífkennaupplýsinga ólöggráða barna, á barnvænan hátt og af nærgætni og með fullri virðingu fyrir því sem er barninu fyrir bestu og verndarráðstöfunum sem mælt er fyrir um í samningnum um réttindi barnsins.

Við beitingu þessarar reglugerðar skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er börnum fyrir bestu. Ef óvissa ríkir um hvort barn sé yngra en sex ára eða ekki og engin sönnun er fyrir aldri barnsins skulu lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum líta svo á að það sé yngra en sex ára að því er þessa reglugerð varðar.

Fullorðinn aðstandandi, ef hann er til staðar, skal fylgja ólöggráða barni meðan á töku lífkennaupplýsinga þess stendur. Talsmaður skal fylgja fylgdarlausu, ólöggráða barni á meðan lífkennaupplýsingar þess eru teknar eða, ef talsmaður hefur ekki verið tilnefndur, einstaklingur sem hlotið þjálfun til að vernda hagsmuni og almenna velferð barnsins. Sá þjálfaði einstaklingur skal ekki vera starfsmaðurinn sem ber ábyrgð á töku lífkennaupplýsinganna, hann skal starfa sjálfstætt og ekki taka við skipunum, hvorki frá þeim starfsmanni né þjónustustofnuninni sem ber ábyrgð á töku lífkennaupplýsinganna. Þjálfaði einstaklingurinn skal vera sá sem tilnefndur er til að koma til bráðabirgða fram sem talsmaður samkvæmt tilskipun (ESB) 2024/1346, hafi slíkur einstaklingur verið tilnefndur.

Ekki skal beita ólöggráða börn valdi á neinn hátt til að tryggja að þau uppfylli þá skyldu að láta í té lífkennaupplýsingar. Þar sem heimild er fyrir því í viðkomandi lögum Sambandsins eða landslögum má þó, sem síðasta úrræði, beita ólöggráða börn hóflegum þvingunum til að tryggja að þau uppfylli þessa skyldu. Þegar aðildarríki beita slíkum hóflegum þvingunum skulu þau virða reisn og líkamlega friðhelgi barnsins.

Ef ólöggráða barn, einkum fylgdarlaust barn eða barn sem orðið hefur viðskila við fjölskyldu sína, neitar að láta í té lífkennaupplýsingar sínar og gildir ástæður eru til að ætla að hætta sé á að öryggi þess eða vernd sé stefnt í hættu að mati starfsmanns sem hefur hlotið sérstaka þjálfun í töku lífkennaupplýsinga ólöggráða barna, skal barninu vísað til lögbærra innlendra barnaverndaryfirvalda, innlends fyrirkomulags þangað sem vísa má fólki eða hvoru tveggja.

2. Ef ekki er hægt að taka fingraför eða andlitsmynd af ólöggráða barni vegna ástands fingurgóma eða andlits gilda ákvæði 1. mgr. 13. gr. Ef fingraför eða andlitsmynd af ólöggráða barni eru tekin aftur gilda ákvæði 1. mgr. þessarar greinar.

3. Gögn í evrópska fingrafaragrunninum er varða barn undir 14 ára aldri skal einungis nota í löggæslutilgangi gegn því ef ástæður til viðbótar þeim, sem um getur í d-lið 1. mgr. 33. gr., eru fyrir því að telja að þessi gögn séu nauðsynleg til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknáð sem barnið er grunað um að hafa framið.

4. Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á beitingu skilyrðanna sem sett eru fram í 13. gr. tilskipunar (ESB) 2024/1346.

II. KAFLI

Umsækjendur um alþjóðlega vernd

15. gr.

Söfnun og sending lífkennaupplýsinga

1. Hvert aðildarríki skal, í samræmi við 2. mgr. 13 gr., taka lífkennaupplýsingar sérhvers umsækjanda um alþjóðlega vernd sem hefur náð sex ára aldri:

- við skráningu umsóknar um alþjóðlega vernd sem um getur í 27. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348 og senda þær, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum frá skráningunni, ásamt öðrum gögnum sem um getur í 1. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar, til evrópska fingrafaragrunnsins í samræmi við 2. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar eða
- þegar sótt er um alþjóðlega vernd, þegar umsóknin er lögð fram á landamærastöð á ytri landamærunum eða á gegnumferðarsvæði af einstaklingi sem uppfyllir ekki komuskilyrðin í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/399, og senda þær, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum frá töku lífkennaupplýsinganna, ásamt þeim gögnum sem um getur í 1. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar, til evrópska fingrafaragrunnsins í samræmi við 2. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar.

Það léttir ekki þeirri skyldu af aðildarríkjnum að taka lífkennaupplýsingar og senda til evrópska fingrafaragrunnsins þó að 72 klukkustunda fresturinn, sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, sé ekki virtur. Ef ástand fingurgóma leyfir ekki að hægt sé að taka fingraför af fullnægjandi gæðum til að tryggja viðeigandi samanburð skv. 38. gr. skal uppruna-aðildarríkið taka aftur fingraför af umsækjandanum og senda þau aftur eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 48 klukkustundum eftir að þau hafa verið tekin aftur með fullnægjandi hætti.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skulu aðildarríkin, þegar ekki er hægt að taka lífkennaupplýsingar umsækjanda um alþjóðlega vernd vegna ráðstafana sem gerðar eru til að tryggja heilsu hans eða lýðheilsuvernd, taka og senda slíkar lífkennaupplýsingar eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 48 klukkustundum eftir að þessi heilbrigðissjónarmið eiga ekki lengur við.

Ef alvarleg tæknileg vandamál koma upp er aðildarríkjum heimilt að lengja 72 klukkustunda frestinn, sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr., að hámarki um 48 stundir til viðbótar til að framkvæma landsbundnar áætlanir sínar um samfellu.

3. Ef viðkomandi aðildarríki óskar þess er liðsmönnum evrópsku landamæra- og strandgæsluveitanna eða sérfræðingum stuðningsteyma á sviði verndarmála, sem til þess hafa hlotið sérstaka þjálfun, einnig heimilt að taka og senda lífkennaupplýsingar, alstafagögn og skannað afrit í lit af persónu- eða ferðaskilríkjum, ef þau eru fyrir hendi, fyrir hönd þess aðildarríkis þegar þeir beita heimildum og sinna verkefnum sínum í samræmi við reglugerðir (ESB) 2019/1896 og (ESB) 2021/2303.

4. Sérhvert gagnamengi sem safnað er og sent í samræmi við þessa grein skal tengt við önnur gagnamengi sem svara til sama ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslauss einstaklings, í röð, eins og sett er fram í 6. mgr. 3. gr.

16. gr.

Upplýsingar um stöðu skráðs aðila

1. Um leið og ákvarðað hefur verið hvaða aðildarríki beri ábyrgð, í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1351, skal aðildarríkið sem annast ferlið við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð uppfæra gagnamengi sitt um viðkomandi einstakling, sem skráð er í samræmi við 17. gr. þessarar reglugerðar, og bæta við aðildarríkinu sem ber ábyrgð.

Verði aðildarríki ábyrgt vegna þess að gildar ástæður eru til að ætla að umsækjandi sé ógn við innra öryggi í samræmi við 4. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 skal það uppfæra gagnamengi sitt um viðkomandi einstakling, sem skráð er í samræmi við 17. gr. þessarar reglugerðar, og bæta við aðildarríkinu sem ber ábyrgð.

2. Eftirfarandi upplýsingar skulu sendar evrópska fingrafaragrunninum til geymslu, í samræmi við 1. mgr. 29. gr., svo hægt sé að senda þær skv. 27. og 28. gr.:

- þegar umsækjandi um alþjóðlega vernd kemur til aðildarríkis, sem ber ábyrgð, eftir flutning í samræmi við ákvörðun um að verða við beiðni um að einstaklingur sé tekinn í umsjá, skv. 40. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2024/1351, skal aðildarríkið, sem ber ábyrgð, senda gagnamengi um viðkomandi einstakling, sem skráð er í samræmi við 17. gr. þessarar reglugerðar, ásamt komudegi hans,
- þegar umsækjandi um alþjóðlega vernd eða annar einstaklingur, eins og um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2024/1351, kemur til aðildarríkisins sem ber ábyrgð, eftir flutning í samræmi við tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi (e. take back notification), eins og um getur í 41. gr. hennar, skal aðildarríkið, sem ber ábyrgð, uppfæra gagnamengi sitt um viðkomandi einstakling, sem skráð er í samræmi við 17. gr. þessarar reglugerðar, og bæta við komudegi hans,
- um leið og upprunaaðildarríkið staðfestir að viðkomandi einstaklingur, sem skráð voru gögn um í evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við 17. gr. þessarar reglugerðar, hafi yfirgefið yfirráðasvæði aðildarríkjanna skal það uppfæra gagnamengi sitt um viðkomandi einstakling, sem skráð er í samræmi við 17. gr. þessarar reglugerðar, og bæta við dagsetningunni þegar einstaklingurinn yfirgef yfirráðasvæðið, til að greiða fyrir beitingu 4. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2024/1351,
- um leið og upprunaaðildarríkið hefur tryggt að viðkomandi einstaklingur, sem skráð voru gögn um í evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við 17. gr. þessarar reglugerðar, hafi yfirgefið yfirráðasvæði aðildarríkjanna í samræmi við endursendingarákvörðun eða skipun um brottvísun sem gefin var út í kjölfar þess að umsókn um alþjóðlega vernd var dregin til baka eða henni synjað, eins og kveðið er á um í 5. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2024/1351, skal

það uppfæra gagnamengi sitt um viðkomandi einstakling, sem skráð er í samræmi við 17. gr. þessarar reglugerðar, og bæta við dagsetningunni þegar einstaklingurinn var fluttur brott eða þegar hann yfirgaf yfirráðasvæðið.

3. Ef ábyrgð færist til annars aðildarríkis, skv. 1. mgr. 37. gr. og 3. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, skal aðildarríkið sem ákveður að ábyrgðin hafi færst annað, eða tilflutningsaðildarríkið, tilgreina hvaða aðildarríki beri ábyrgð.

4. Þar sem 1. eða 3. mgr. þessarar greinar eða 6. mgr. 31. gr. eiga við skal Evrópski fingrafaragrunnurinn, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að honum berast viðkomandi upplýsingar, upplýsa öll upprunaaðildarríki um að slíkar upplýsingar hafi verið sendar af hálfu annars upprunaaðildarríkis sem fékk jákvæða niðurstöðu með gögnum sem þau sendu í tengslum við einstaklinga sem um getur í 15. gr. (1. mgr.), 18. gr. (2. mgr.), 20. gr. (1. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (1. mgr.) eða 26. gr. (1. mgr.). Þessi upprunaaðildarríki skulu einnig uppfæra aðildarríkið sem ber ábyrgð í gagnamengjum sem svara til einstaklinga sem um getur í 1. mgr. 15. gr.

17. gr.

Skráning upplýsinga

1. Einungis skal skrá eftirfarandi upplýsingar í evrópska fingrafaragrunninn, í samræmi við 2. mgr. 3. gr.:
 - a) fingrafaraupplýsingar,
 - b) andlitsmynd,
 - c) kenninafn (-nöfn) og eiginnafn (-nöfn), nafn (nöfn) við fæðingu, fyrri nöfn og tökuheiti, sem skrá má sérstaklega,
 - d) ríkisfang/-föng,
 - e) fæðingardag og -ár,
 - f) fæðingarstað,
 - g) upprunaaðildarríki, stað og dagsetningu umsóknar um alþjóðlega vernd; í þeim tilvikum sem um getur í a-lið 2. mgr. 16. gr. skal dagsetning umsóknar vera sú sem aðildarríkið, sem sá um flutning umsækjandans, setti inn,
 - h) kyn,
 - i) tegund og númer persónu- eða ferðaskilríkja, ef þau eru fyrir hendi, þriggja stafa kóða útgáfulands og lokadagsetningu gildistíma þeirra skilríkja,
 - j) skannað afrit í lit af persónu- eða ferðaskilríkjum, ef þau eru fyrir hendi, ásamt upplýsingum um ósvikni þeirra eða, ef þau eru ekki fyrir hendi, af öðru skjali sem auðveldar að staðfesta deili á ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi, ásamt upplýsingum um ósvikni þess,
 - k) tilvísunarnúmerið sem upprunaaðildarríkið notar,
 - l) hvaða dag lífkennaupplýsingar voru teknar,
 - m) hvaða dag upplýsingarnar voru sendar til evrópska fingrafaragrunnsins,
 - n) kenni kerfisnotanda.
2. Að auki skal, í samræmi við 2. mgr. 3. gr., tafarlaust skrá upplýsingar um eftirfarandi í evrópska fingrafaragrunninn, eftir atvikum og ef þær eru fyrir hendi:
 - a) aðildarríkið sem ber ábyrgð í þeim tilvikum sem um getur í 1., 2. eða 3. mgr. 16. gr.,
 - b) tilflutningsaðildarríkið í samræmi við 1. mgr. 25. gr.,
 - c) í þeim tilvikum sem um getur í a-lið 2. mgr. 16. gr., komudag viðkomandi einstaklings eftir farsælan flutning,
 - d) í þeim tilvikum sem um getur í b-lið 2. mgr. 16. gr., komudag viðkomandi einstaklings eftir farsælan flutning,
 - e) í þeim tilvikum sem um getur í c-lið 2. mgr. 16. gr., hvaða dag viðkomandi einstaklingur yfirgaf yfirráðasvæði aðildarríkjanna,
 - f) í þeim tilvikum sem um getur í d-lið 2. mgr. 16. gr., hvaða dag viðkomandi einstaklingur var fluttur brott af eða yfirgaf yfirráðasvæði aðildarríkjanna,
 - g) í þeim tilvikum sem um getur í 2. mgr. 25. gr., komudag viðkomandi einstaklings eftir farsælan flutning,
 - h) þá staðreynd að vegabréfsáritun hafi verið gefin út til handa umsækjanda, hvaða aðildarríki gaf út eða framlengdi vegabréfsáritunina eða fyrir hönd hvaða aðildarríkis hún var gefin út og númer vegabréfsáritunarinnar,
 - i) þá staðreynd að einstaklingurinn gæti verið ógn við innra öryggi samkvæmt öryggisathuguninni sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1356 ⁽³⁷⁾ eða athuguninni skv. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 eða 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348, ef einhverjar af eftirfarandi aðstæðum eiga við:
 - i. viðkomandi einstaklingur er vopnaður,
 - ii. viðkomandi einstaklingur er ofbeldishneigður,
 - iii. vísbendingar eru fyrir hendi um að viðkomandi einstaklingur sé viðriðinn eitthvert af þeim brotum sem um getur í tilskipun (ESB) 2017/541,
 - iv. vísbendingar eru fyrir hendi um að viðkomandi einstaklingur sé viðriðinn eitthvert af þeim brotum sem um getur í 2. mgr. 2. gr. rammaákvörðunar 2002/584/DIM,

- j) þá staðreynd að umsókn um alþjóðlega vernd hafi verið synjað ef umsækjandinn hefur ekki rétt til að dvelja um kyrrt og hefur ekki fengið leyfi til að dvelja áfram í aðildarríki samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1348,
- k) þá staðreynd að í kjölfar meðferðar á umsókn í málsmeðferð við landamæri samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1348 sé ákvörðun um að synja umsókn um alþjóðlega vernd sem ótækri, tilhæfalausri eða bersýnilega tilhæfalausri eða ákvörðun um að telja að umsókn hafi verið dregin til baka með beinum eða óbeinum hætti orðin endanleg,
- l) þá staðreynd að aðstoð við sjálfviljuga heimför og enduraðlögun hafi verið veitt.
3. Þegar öll gögn, sem um getur í a- til f-lið og h-lið 1. mgr. þessarar greinar og tengjast einstaklingi eins og um getur í 15. gr. þessarar reglugerðar, eru skráð í evrópska fingrafaragrunninn skal líta á þau sem gagnamengi sem sent er í evrópska fingrafaragrunninn í þeim tilgangi sem um getur í c-lið 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818.
4. Upprunaaðildarríkið, sem komist hefur að þeirri niðurstöðu að ógn við innra öryggi, sem greinist í kjölfar skimunarinnar sem um getur í reglugerð (ESB) 2024/1356 eða í kjölfar athugunar skv. 4. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 eða 5. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348, eigi ekki lengur við, skal eyða skráningu öryggismerkingarinnar úr gagnamenginu að höfðu samráði við önnur aðildarríki sem skráð hafa gagnamengi um sama einstakling. Evrópski fingrafaragrunnurinn skal, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að öryggismerkingu hefur verið eytt af öðru upprunaaðildarríki, sem fékk jákvæða niðurstöðu með gögnum sem önnur upprunaaðildarríki sendu í tengslum við einstaklinga sem um getur í 15. gr. (1. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 23. gr. (1. mgr.) og 24. gr. (1. mgr.) þessarar reglugerðar, upplýsa þessi upprunaaðildarríki um eyðinguna. Þessi upprunaaðildarríki skulu einnig eyða öryggismerkingunni í samsvarandi gagnamengi.

III. KAFLI

Einstaklingar sem skráðir hafa verið í viðtökuferli og einstaklingar sem tekið hefur verið við í samræmi við landsbundið endurbúsetukerfi

1. ÞÁTTUR

Einstaklingar sem hafa verið skráðir í viðtökuferli innan ramma Sambandsins um endurbúsetu og viðtöku af mannúðarástæðum

18. gr.

Söfnun og sending lífkennaupplýsinga

1. Hvert aðildarríki skal taka lífkennaupplýsingar sérhvers einstaklings, sem náð hefur sex ára aldri og skráður hefur verið í viðtökuferli innan ramma Sambandsins um endurbúsetu og viðtöku af mannúðarástæðum, og senda til evrópska fingrafaragrunnsins eins fljótt og unnt er í kjölfar skráningarinnar sem um getur í 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1350, og í síðasta lagi áður en komist er að niðurstöðu varðandi viðtöku sem um getur í 9. mgr. 9. gr. þeirrar reglugerðar. Þessi skylda gildir ekki ef aðildarríki getur komist að slíkri niðurstöðu án samanburðar á lífkennaupplýsingum og niðurstaðan er neikvæð.
2. Hvert aðildarríki skal taka lífkennaupplýsingar sérhvers einstaklings, sem náð hefur sex ára aldri og skráður hefur verið í viðtökuferli innan ramma Sambandsins um endurbúsetu og viðtöku af mannúðarástæðum og:
- sem viðkomandi aðildarríki veitir alþjóðlega vernd eða réttarstöðu á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1350,
 - sem viðkomandi aðildarríki synjar um viðtöku af einhverri þeirra ástæðna sem um getur í f-lið 1. mgr. 6. gr. þeirrar reglugerðar eða
 - sem viðkomandi aðildarríki hættir við viðtökuferli fyrir vegna þess að viðkomandi einstaklingur gefur ekki samþykki sitt eða dregur það til baka í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar.

Aðildarríki skulu senda lífkennaupplýsingar þeirra einstaklinga, sem um getur í fyrstu undirgrein, ásamt þeim gögnum sem um getur í c- til q-lið 1. mgr. 19. gr. þessarar reglugerðar, til evrópska fingrafaragrunnsins eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að ákvörðun hefur verið tekin um að veita alþjóðlega vernd eða réttarstöðu á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum, synja um viðtöku eða hætta við viðtökuferli.

3. Það léttir ekki þeirri skyldu af aðildarríkjunum að taka lífkennaupplýsingar og senda til evrópska fingrafaragrunnsins þó að fresturinn, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, sé ekki virtur. Ef ástand fingurgóma leyfir ekki að hægt sé að taka fingraför af fullnægjandi gæðum til að tryggja viðeigandi samanburð skv. 38. gr. skal upprunaaðildarríkið taka fingraförin aftur og senda þau aftur eins fljótt og auðið er eftir að þau hafa verið tekin aftur með fullnægjandi hætti.

Þegar ekki er hægt að taka lífkennaupplýsingar vegna ráðstafana sem gerðar eru til að tryggja heilsu einstaklings eða lýðheilsuvernd skulu aðildarríkin taka og senda slíkar lífkennaupplýsingar eins fljótt og auðið er eftir að þessi heilbrigðissjónarmið eiga ekki lengur við.

4. Ef viðkomandi aðildarríki óskar þess er öðru aðildarríki, Verndarstofnun Evrópusambandsins eða viðeigandi alþjóðastofnun heimilt, að því er varðar reglugerð (ESB) 2024/1350, að taka lífkennaupplýsingarnar og senda þær til aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina.

5. Verndarstofnun Evrópusambandsins og alþjóðastofnanir, sem um getur í 4. mgr., skulu ekki hafa aðgang að evrópska fingrafaragrunninum að því er varðar þessa grein.

19. gr.

Skráning upplýsinga

1. Einungis skal skrá eftirfarandi upplýsingar í evrópska fingrafaragrunninn, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar:
- fingrafaraupplýsingar,

- b) andlitsmynd,
 - c) kenninafn (-nöfn) og eiginnafrn (-nöfn), nafn (nöfn) við fæðingu, fyrri nöfn og tökuheiti, sem skrá má sérstaklega,
 - d) ríkisfang/-föng,
 - e) fæðingardag og -ár,
 - f) fæðingarstað,
 - g) upprunaaðildarríki, stað og dagsetningu skráningar í samræmi við 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1350,
 - h) kyn,
 - i) tegund og númer persónu- eða ferðaskilríkja, ef þau eru fyrir hendi, þriggja stafa kóða útgáfulands og lokadagsetningu gildistíma þeirra skilríkja,
 - j) skannað afrit í lit af persónu- eða ferðaskilríkjum, ef þau eru fyrir hendi, ásamt upplýsingum um ósvikni þeirra og, ef þau eru ekki fyrir hendi, af öðru skjali sem auðveldar að staðfesta deili á ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi, ásamt upplýsingum um ósvikni þess,
 - k) tilvísunarnúmerið sem upprunaaðildarríkið notar,
 - l) hvaða dag lífkennaupplýsingar voru teknar,
 - m) hvaða dag upplýsingarnar voru sendar til evrópska fingrafaragrunnsins,
 - n) kenni kerfisnotanda,
 - o) eftir atvikum, dagsetningu ákvörðunar viðkomandi aðildarríkis um að veita alþjóðlega vernd eða réttarstöðu á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum, í samræmi við 14. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1350,
 - p) eftir atvikum, dagsetningu synjunar um viðtöku í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1350 og ástæðurnar fyrir því að synja um viðtöku,
 - q) eftir atvikum, dagsetningu þegar hætt er við viðtökufarli eins og um getur í reglugerð (ESB) 2024/1350.
2. Þegar öll gögn, sem um getur í a- til f-lið og h-lið 1. mgr. þessarar greinar og tengjast einstaklingi eins og um getur í 2. mgr. 18. gr. þessarar reglugerðar, eru skráð í evrópska fingrafaragrunninn skal líta á þau sem gagnamengi sem sent er í evrópska fingrafaragrunninn í þeim tilgangi sem um getur í c-lið 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818.

2. ÞÁTTUR

Einstaklingar sem tekið er við í samræmi við landsbundið endurbúsetukerfi

20. gr.

Söfnun og sending lífkennaupplýsinga

1. Hvert aðildarríki skal taka lífkennaupplýsingar sérhvers einstaklings, sem náð hefur sex ára aldri og sem tekið hefur verið við í samræmi við landsbundið endurbúsetukerfi og senda þær til evrópska fingrafaragrunnsins ásamt gögnunum sem um getur í c- til o-lið 1. mgr. 21. gr., um leið og það veitir viðkomandi alþjóðlega vernd eða réttarstöðu á grundvelli mannúðar samkvæmt landslögum og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir það.
2. Það léttir ekki þeirri skyldu af aðildarríkjnum að taka lífkennaupplýsingar og senda til evrópska fingrafaragrunnsins þó að fresturinn, sem um getur í 1. mgr., sé ekki virtur. Ef ástand fingurgóma leyfir ekki að hægt sé að taka fingraför af fullnægjandi gæðum til að tryggja viðeigandi samanburð skv. 38. gr. skal upprunaaðildarríkið taka fingraförin aftur og senda þau aftur eins fljótt og auðið er eftir að þau hafa verið tekin aftur með fullnægjandi hætti.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. skulu aðildarríkin, þegar ekki er hægt að taka lífkennaupplýsingar einstaklings sem tekið er við í samræmi við landsbundið endurbúsetukerfi vegna ráðstafana sem gerðar eru til að tryggja heilsu hans eða lýðheilsuvernd, taka og senda slíkar lífkennaupplýsingar eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 48 klukkustundum eftir að þessi heilbrigðissjónarmið eiga ekki lengur við.

21. gr.

Skráning upplýsinga

1. Einungis skal skrá eftirfarandi upplýsingar í evrópska fingrafaragrunninn, í samræmi við 2. mgr. 3. gr.:
 - a) fingrafaraupplýsingar,
 - b) andlitsmynd,
 - c) kenninafn (-nöfn) og eiginnafrn (-nöfn), nafn (nöfn) við fæðingu, fyrri nöfn og tökuheiti, sem skrá má sérstaklega,
 - d) ríkisfang/-föng,
 - e) fæðingardag og -ár,
 - f) fæðingarstað,
 - g) upprunaaðildarríki, stað og dagsetningu skráningar,
 - h) kyn,
 - i) tegund og númer persónu- eða ferðaskilríkja, ef þau eru fyrir hendi, þriggja stafa kóða útgáfulands og lokadagsetningu gildistíma þeirra skilríkja,

- j) skannað afrit í lit af persónu- eða ferðaskilríkjum, ef þau eru fyrir hendi, ásamt upplýsingum um ósvikni þeirra og, ef þau eru ekki fyrir hendi, af öðru skjali sem auðveldar að staðfesta deili á ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi, ásamt upplýsingum um ósvikni þess,
 - k) tilvísunarnúmerið sem upprunaaðildarríkið notar,
 - l) hvaða dag lífkennaupplýsingar voru teknar,
 - m) hvaða dag upplýsingarnar voru sendar til evrópska fingrafaragrunnsins,
 - n) kenni kerfisnotanda,
 - o) hvaða dag alþjóðleg vernd eða réttarstaða á grundvelli mannúðaraðstoðar samkvæmt landslögum var veitt.
2. Þegar öll gögn, sem um getur í a- til f-lið og h-lið 1. mgr. þessarar greinar og tengjast einstaklingi sem um getur í 1. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar, eru skráð í evrópska fingrafaragrunninn skal líta á þau sem gagnamengi sem sent er í evrópska fingrafaragrunninn í þeim tilgangi sem um getur í c-lið 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818.

IV. KAFLI

Ríkisborgarar þriðju lands eða ríkisfangslausir einstaklingar sem eru handteknir í tengslum við ólöglega för yfir ytri landamæri

22. gr.

Söfnun og sending lífkennaupplýsinga

1. Hvert aðildarríki skal, í samræmi við 2. mgr. 13 gr., tafarlaust taka lífkennaupplýsingar sérhvers ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklings sem náð hefur sex ára aldri og sem lögbær eftirlitsyfirvöld handtaka í tengslum við ólöglega för á landi, sjó eða í lofti yfir landamæri þess aðildarríkis, sem kemur frá þriðja landi, sem er ekki vísað til baka eða sem dvelst á yfirráðasvæði aðildarríkjanna og er ekki hafður í varðhaldi, lokaður inni eða á annan hátt sviptur frelsi allan tímann frá því að hann er handtekinn og þangað til hann er fluttur á brott á grundvelli ákvörðunar um að vísa honum til baka.
2. Viðkomandi aðildarríki skal, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir þann dag sem hann er handtekinn, senda eftirfarandi gögn til evrópska fingrafaragrunnsins, í samræmi við 2. mgr. 3. gr., í tengslum við sérhvern ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslaus einstakling, sem um getur í 1. mgr., sem ekki er vísað til baka:
- a) fingrafaraupplýsingar,
 - b) andlitsmynd,
 - c) kenninafn (-nöfn) og eiginnafrn (-nöfn), nafn (nöfn) við fæðingu, fyrri nöfn og tökuheiti, sem skrá má sérstaklega,
 - d) ríkisfang/-föng,
 - e) fæðingardag og -ár,
 - f) fæðingarstað,
 - g) upprunaaðildarríki, hvar og hvenær viðkomandi var handtekinn,
 - h) kyn,
 - i) tegund og númer persónu- eða ferðaskilríkja, ef þau eru fyrir hendi, þriggja stafa kóða útgáfulands og lokadagsetningu gildistíma þeirra skilríkja,
 - j) skannað afrit í lit af persónu- eða ferðaskilríkjum, ef þau eru fyrir hendi, ásamt upplýsingum um ósvikni þeirra eða, ef þau eru ekki fyrir hendi, af öðru skjali sem auðveldar að staðfesta deili á ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi, ásamt upplýsingum um ósvikni þess,
 - k) tilvísunarnúmerið sem upprunaaðildarríkið notar,
 - l) hvaða dag lífkennaupplýsingar voru teknar,
 - m) hvaða dag upplýsingarnar voru sendar til evrópska fingrafaragrunnsins,
 - n) kenni kerfisnotanda.
3. Að auki skal, í samræmi við 2. mgr. 3. gr., tafarlaust senda upplýsingar um eftirfarandi til evrópska fingrafaragrunnsins, eftir atvikum og ef þær eru fyrir hendi:
- a) í samræmi við 7. mgr. þessarar greinar, hvaða dag viðkomandi einstaklingur yfirgaf eða var fluttur brott af yfirráðasvæði aðildarríkjanna,
 - b) tilflutningsaðildarríkið í samræmi við 1. mgr. 25. gr.,
 - c) þá staðreynd að aðstoð við sjálfviljuga heimför og enduraðlögun hafi verið veitt,
 - d) þá staðreynd að einstaklingurinn gæti verið ógn við innra öryggi, í kjölfar skimunarinnar sem um getur í reglugerð (ESB) 2024/1356, ef einhverjar af eftirfarandi aðstæðum eiga við:
 - i. viðkomandi einstaklingur er vopnaður,
 - ii. viðkomandi einstaklingur er ofbeldishneigður,
 - iii. vísbendingar eru fyrir hendi um að viðkomandi einstaklingur sé viðriðinn eitthvert af þeim brotum sem um getur í tilskipun (ESB) 2017/541,

- iv. vísbendingar eru fyrir hendi um að viðkomandi einstaklingur sé viðriðinn eitthvert af þeim brotum sem um getur í 2. mgr. 2. gr. rammaákvörðunar 2002/584/DIM.
4. Þrátt fyrir 2. mgr. skulu gögnin sem um getur í 2. mgr. og tengjast einstaklingum sem handteknir hafa verið eins og um getur í 1. mgr. og dveljast á yfirráðsvæði aðildarríkjanna en eru hafðir í varðhaldi, lokaðir inni eða á annan hátt sviptir frelsi frá handtökunni í lengri tíma en 72 klukkustundir, send áður en þeir eru látnir lausir.
5. Það léttir ekki þeirri skyldu af aðildarríkjunum að taka lífkennaupplýsingar og senda til evrópska fingrafaragrunnsins þó að 72 klukkustunda fresturinn, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, sé ekki virtur. Ef ástand fingurgóma leyfir ekki að hægt sé að taka fingraför af fullnægjandi gæðum til að tryggja viðeigandi samanburð skv. 38. gr. skal upprunaaðildarríkið taka aftur fingraför af einstaklingum, sem handteknir hafa verið eins og lýst er í 1. mgr. þessarar greinar, og senda þau aftur eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 48 klukkustundum eftir að þau hafa verið tekin aftur með fullnægjandi hætti.
6. Þrátt fyrir 1. mgr. skal viðkomandi aðildarríki, þegar ekki er hægt að taka lífkennaupplýsingar hins handtekna vegna ráðstafana sem gerðar eru til að tryggja heilsu hans eða lýðheilsuvernd, taka og senda slíkar lífkennaupplýsingar eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 48 klukkustundum eftir að þessi heilbrigðissjónarmið eiga ekki lengur við.
- Ef alvarleg tæknileg vandamál koma upp er aðildarríkjum heimilt að lengja 72 klukkustunda frestinn, sem um getur í 2. mgr., að hámarki um 48 stundir til viðbótar til að framkvæma landsbundnar áætlanir sínar um samfellu.
7. Um leið og upprunaaðildarríkið hefur tryggt að viðkomandi einstaklingur, sem skráð voru gögn um í evrópska fingrafaragrunninn í samræmi við 1. mgr., hafi yfirgefið yfirráðsvæði aðildarríkjanna í samræmi við endursendingarákvörðun eða skipun um brottvisun skal það uppfæra skráð gagnamengi sitt um viðkomandi einstakling og bæta við þeim degi þegar einstaklingurinn var fluttur brott eða þegar hann yfirgaf yfirráðsvæðið.
8. Ef viðkomandi aðildarríki óskar þess er liðsmönnum evrópsku landamæra- og strandgæslusveitanna eða sérfræðingum stuðningsteyma á sviði verndarmála, sem til þess hafa hlotið sérstaka þjálfun, einnig heimilt að taka og senda lífkennaupplýsingar, alstafagögn og skannað afrit í lit af persónu- eða ferðaskilríkjum, ef þau eru fyrir hendi, fyrir hönd þess aðildarríkis þegar þeir beita heimildum og sinna verkefnum sínum í samræmi við reglugerðir (ESB) 2019/1896 og (ESB) 2021/2303.
9. Sérhvert gagnamengi sem safnað er og sent í samræmi við þessa grein skal tengt við önnur gagnamengi sem svara til sama ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklings, í röð, eins og sett er fram í 6. mgr. 3. gr.
10. Þegar öll gögn, sem um getur í a- til f-lið og h-lið 2. mgr. þessarar greinar og tengjast einstaklingi, eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eru skráð í evrópska fingrafaragrunninn skal líta á þau sem gagnamengi sem sent er í evrópska fingrafaragrunninn í þeim tilgangi sem um getur í c-lið 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818.

V. KAFLI

Ríkisborgarar þriðju lands eða ríkisfangslausir einstaklingar sem dvelja ólöglega í aðildarríki

23. gr.

Söfnun og sending lífkennaupplýsinga

- Hvert aðildarríki skal, í samræmi við 2. mgr. 13 gr., tafarlaust taka lífkennaupplýsingar sérhvers ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklings sem náð hefur sex ára aldri og dvelur ólöglega á yfirráðsvæði þess.
- Viðkomandi aðildarríki skal, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir þann dag sem komið hefur í ljós að ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur dvelst þar ólöglega, senda eftirfarandi upplýsingar til evrópska fingrafaragrunnsins, í samræmi við 2. mgr. 3. gr., í tengslum við sérhvern ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausan einstakling, sem um getur í 1. mgr.:
 - fingrafaraupplýsingar,
 - andlitsmynd,
 - kenninafn (-nöfn) og eiginnafn (-nöfn), nafn (nöfn) við fæðingu, fyrri nöfn og tökuheiti, sem skrá má sérstaklega,
 - ríkisfang/-föng,
 - fæðingardag og -ár,
 - fæðingarstað,
 - upprunaaðildarríki, hvar og hvenær viðkomandi var handtekinn,
 - kyn,
 - tegund og númer persónu- eða ferðaskilríkja, ef þau eru fyrir hendi, þriggja stafa kóða útgáfulands og lokadagsetningu gildistíma þeirra skilríkja,
 - skannað afrit í lit af persónu- eða ferðaskilríkjum, ef þau eru fyrir hendi, ásamt upplýsingum um ósvikni þeirra eða, ef þau eru ekki fyrir hendi, af öðru skjali sem auðveldar að staðfesta deili á ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi, ásamt upplýsingum um ósvikni þess,
 - tilvísunarnúmerið sem upprunaaðildarríkið notar,
 - hvaða dag lífkennaupplýsingar voru teknar,
 - hvaða dag upplýsingarnar voru sendar til evrópska fingrafaragrunnsins,
 - kenni kerfisnotanda.

3. Að auki skal, í samræmi við 2. mgr. 3. gr., tafarlaust senda upplýsingar um eftirfarandi til evrópska fingrafaragrunnsins, eftir atvikum og ef þær eru fyrir hendi:

- í samræmi við 6. mgr. þessarar greinar, hvaða dag viðkomandi einstaklingur yfirgaf eða var fluttur brott af yfirráðasvæði aðildarríkjanna,
- tilflutningsaðildarríkið í samræmi við 1. mgr. 25. gr.,
- eftir atvikum, í þeim tilvikum sem um getur í 2. mgr. 25. gr., komudag viðkomandi einstaklings eftir farsælan flutning,
- þá staðreynd að aðstoð við sjálfviljuga heimför og enduraðlögun hafi verið veitt,
- þá staðreynd að einstaklingurinn gæti verið ógn við innra öryggi, í kjölfar skimunarinnar sem um getur í reglugerð (ESB) 2024/1356 eða öryggisathugunar sem fram fer þegar lífkennaupplýsingarnar eru teknar eins og kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, ef einhverjar af eftirfarandi aðstæðum eiga við:
 - viðkomandi einstaklingur er vopnaður,
 - viðkomandi einstaklingur er ofbeldishneigður,
 - vísbandingar eru fyrir hendi um að viðkomandi einstaklingur sé viðriðinn eitthvert af þeim brotum sem um getur í tilskipun (ESB) 2017/541,
 - vísbandingar eru fyrir hendi um að viðkomandi einstaklingur sé viðriðinn eitthvert af þeim brotum sem um getur í 2. mgr. 2. gr. rammaákvörðunar 2002/584/DIM.

4. Það léttir ekki þeirri skyldu af aðildarríkjunum að taka lífkennaupplýsingar og senda til evrópska fingrafaragrunnsins þó að 72 klukkustunda fresturinn, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, sé ekki virtur. Ef ástand fingurgóma leyfir ekki að hægt sé að taka fingraför af fullnægjandi gæðum til að tryggja viðeigandi samanburð skv. 38. gr. skal upprunaaðildarríkið taka aftur fingraför af einstaklingum, sem handteknir hafa verið eins og lýst er í 1. mgr. þessarar greinar, og senda þau aftur eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 48 klukkustundum eftir að þau hafa verið tekin aftur með fullnægjandi hætti.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. skal viðkomandi aðildarríki, þegar ekki er hægt að taka lífkennaupplýsingar hins handtekna vegna ráðstafana sem gerðar eru til að tryggja heilsu hans eða lýðheilsuvernd, taka og senda slíkar lífkennaupplýsingar eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 48 klukkustundum eftir að þessi heilbrigðissjónarmið eiga ekki lengur við.

Ef alvarleg tæknileg vandamál koma upp er aðildarríkjum heimilt að lengja 72 klukkustunda frestinn, sem um getur í 2. mgr., að hámarki um 48 stundir til viðbótar til að framkvæma landsbundnar áætlanir sínar um samfellu.

6. Um leið og upprunaaðildarríkið hefur tryggt að viðkomandi einstaklingur, sem skráð voru gögn um í evrópska fingrafaragrunninn í samræmi við 1. mgr., hafi yfirgefið yfirráðasvæði aðildarríkjanna í samræmi við endursendingarákvörðun eða skipun um brottvisun skal það uppfæra skráð gagnamengi sitt um viðkomandi einstakling og bæta við þeim degi þegar einstaklingurinn var fluttur brott eða þegar hann yfirgaf yfirráðasvæðið.

7. Sérhvert gagnamengi sem safnað er og sent í samræmi við þessa grein skal tengt við önnur gagnamengi sem svara til sama ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklings, í röð, eins og sett er fram í 6. mgr. 3. gr.

8. Þegar öll gögn, sem um getur í a- til f-lið og h-lið 2. mgr. þessarar greinar og tengjast einstaklingi, eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eru skráð í evrópska fingrafaragrunninn skal líta á þau sem gagnamengi sem sent er í evrópska fingrafaragrunninn í þeim tilgangi sem um getur í c-lið 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818.

VI. KAFLI

Ríkisborgarar þriðju lands eða ríkisfangslausir einstaklingar sem fluttir hafa verið frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerðar

24. gr.

Söfnun og sending lífkennaupplýsinga

1. Hvert aðildarríki skal tafarlaust taka lífkennaupplýsingar sérhvers ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklings sem náð hefur sex ára aldri og fluttur er frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerðar, eins og skilgreint er í reglugerð (ESB) 2024/1351.

2. Viðkomandi aðildarríki skal, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir þann dag sem viðkomandi var fluttur frá borði, senda eftirfarandi upplýsingar til evrópska fingrafaragrunnsins, í samræmi við 2. mgr. 3. gr., í tengslum við sérhvern ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslaus einstakling, sem um getur í 1. mgr.:

- fingrafaraupplýsingar,
- andlitsmynd,
- kenninafn (-nöfn) og eiginnafn (-nöfn), nafn (nöfn) við fæðingu, fyrri nöfn og tökuheiti, sem skrá má sérstaklega,
- ríkisfang/-föng,
- fæðingardag og -ár,
- fæðingarstað,
- upprunaaðildarríki, hvar og hvenær viðkomandi var fluttur frá borði,
- kyn,
- tilvísunarnúmerið sem upprunaaðildarríkið notar,

- j) hvaða dag lífkennaupplýsingar voru teknar,
 - k) hvaða dag upplýsingarnar voru sendar til evrópska fingrafaragrunnsins,
 - l) kenni kerfisnotanda.
3. Að auki skal, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. og eins fljótt og unnt er til, senda upplýsingar um eftirfarandi til evrópska fingrafaragrunnsins, eftir atvikum og ef þær eru fyrir hendi:
- a) tegund og númer persónu- eða ferðaskilríkja, þriggja stafa kóða útgáfulands og lokadagsetningu gildistíma þeirra skilríkja,
 - b) skannað afrit í lit af persónuskilríkjum eða ferðaskilríkjum, ef þau eru fyrir hendi, ásamt upplýsingum um ósvikni þeirra eða ef þau eru ekki fyrir hendi, af öðru skjali sem auðveldar að staðfesta deili á ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslaussum einstaklingi, ásamt upplýsingum um ósvikni þess,
 - c) í samræmi við 7. mgr. þessarar greinar, hvaða dag viðkomandi einstaklingur yfirgaf eða var fluttur brott af yfirráðasvæði aðildarríkjanna,
 - d) tilflutningsaðildarríkið í samræmi við 1. mgr. 25. gr.,
 - e) þá staðreynd að aðstoð við sjálfviljuga heimför og enduraðlögun hafi verið veitt,
 - f) þá staðreynd að einstaklingurinn gæti verið ógn við innra öryggi, í kjölfar skimunarinnar sem um getur í reglugerð (ESB) 2024/1356, ef einhverjar af eftirfarandi aðstæðum eiga við:
 - i. viðkomandi einstaklingur er vopnaður,
 - ii. viðkomandi einstaklingur er ofbeldishneigður,
 - iii. vísbendingar eru fyrir hendi um að viðkomandi einstaklingur sé viðriðinn eitthvert af þeim brotum sem um getur í tilskipun (ESB) 2017/541,
 - iv. vísbendingar eru fyrir hendi um að viðkomandi einstaklingur sé viðriðinn eitthvert af þeim brotum sem um getur í 2. mgr. 2. gr. rammaákvörðunar 2002/584/DIM.
4. Það léttir ekki þeirri skyldu af aðildarríkjunum að taka lífkennaupplýsingar og senda til evrópska fingrafaragrunnsins þó að fresturinn, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, sé ekki virtur. Ef ástand fingurgóma leyfir ekki að hægt sé að taka fingraför af fullnægjandi gæðum til að tryggja viðeigandi samanburð skv. 38. gr. skal upprunaaðildarríkið taka aftur fingraför af einstaklingum, sem hafa verið fluttir frá borði eins og lýst er í 1. mgr. þessarar greinar, og senda þau aftur eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 48 klukkustundum eftir að þau hafa verið tekin aftur með fullnægjandi hætti.
5. Þrátt fyrir 1. mgr. skal viðkomandi aðildarríki, þegar ekki er hægt að taka lífkennaupplýsingar einstaklingsins sem fluttur var frá borði vegna ráðstafana sem gerðar eru til að tryggja heilsu hans eða lýðheilsuvernd, taka og senda slíkar lífkennaupplýsingar eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 48 klukkustundum eftir að þessi heilbrigðissjónarmið eiga ekki lengur við.
- Ef alvarleg tæknileg vandamál koma upp er aðildarríkjum heimilt að lengja 72 klukkustunda frestinn, sem um getur í 2. mgr., að hámarki um 48 stundir til viðbótar til að framkvæma landsbundnar áætlanir sínar um samfellu.
6. Ef til skyndilegs innstreymis fólks kemur er aðildarríkjum heimilt að lengja 72 klukkustunda frestinn, sem um getur í 2. mgr., að hámarki um 48 stundir til viðbótar. Þessi undanþága öðlast gildi á þeim degi sem framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum er tilkynnt um hana og skal hún gilda þann tíma sem tilgreindur er í tilkynningunni. Tímabilið sem tilgreint er í tilkynningunni skal ekki vera lengra en einn mánuður.
7. Um leið og upprunaaðildarríkið hefur tryggt að viðkomandi einstaklingur, sem skráð voru gögn um í evrópska fingrafaragrunninn í samræmi við 1. mgr., hafi yfirgefið yfirráðasvæði aðildarríkjanna í samræmi við endursendingarákvörðun eða skipun um brottvísun skal það uppfæra skráð gagnamengi sitt um viðkomandi einstakling og bæta við þeim degi þegar einstaklingurinn var fluttur brott eða þegar hann yfirgaf yfirráðasvæðið.
8. Ef viðkomandi aðildarríki óskar þess er liðsmönnum evrópsku landamæra- og strandgæslusveitanna eða sérfræðingum stuðningsteyma á sviði verndarmála, sem til þess hafa hlotið sérstaka þjálfun, einnig heimilt að taka og senda lífkennaupplýsingar, alstafagögn og skannað afrit í lit af persónu- eða ferðaskilríkjum, ef þau eru fyrir hendi, fyrir hönd þess aðildarríkis þegar þeir beita heimildum og sinna verkefnum sínum í samræmi við reglugerðir (ESB) 2019/1896 og (ESB) 2021/2303.
9. Sérhvert gagnamengi sem safnað er og sent í samræmi við þessa grein skal tengt við önnur gagnamengi sem svara til sama ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslauss einstaklings, í röð, eins og sett er fram í 6. mgr. 3. gr.
10. Með fyrirvara um beitingu reglugerðar (ESB) 2024/1351 skal sú staðreynd að upplýsingar um einstakling séu sendar til evrópska fingrafaragrunnsins í samræmi við þessa grein, ekki leiða til mismununar eða ólíkrar meðferðar einstaklings sem fellur undir 1. mgr. 22. gr. þessarar reglugerðar.
11. Þegar öll gögn, sem um getur í a- til f-lið og h-lið 2. mgr. þessarar greinar og tengjast einstaklingi, eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eru skráð í evrópska fingrafaragrunninn skal líta á þau sem gagnamengi sem sent er í evrópska fingrafaragrunninn í þeim tilgangi sem um getur í c-lið 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818.

VII. KAFLI**Upplýsingar um tilflutning**

25. gr.

Upplýsingar um stöðu skráðs aðila að því er varðar tilflutning

1. Um leið og tilflutningsaðildarríkinu verður skylt að flytja til viðkomandi einstakling skv. 9. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 skal aðildarríkið sem nýtur góðs af uppfæra gagnamengi sitt um viðkomandi einstakling, sem skráð er í samræmi við 17., 22., 23. eða 24. gr. þessarar reglugerðar, og bæta við tilflutningsaðildarríkinu.

2. Þegar einstaklingur kemur til tilflutningsaðildarríkisins, í kjölfar þess að það aðildarríki hefur staðfest tilflutning viðkomandi einstaklings skv. 9. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, skal það aðildarríki senda gagnamengi um viðkomandi einstakling, sem skráð er í samræmi við 17. eða 23. gr. þessarar reglugerðar, og bæta við það komudegi hans. Gagnamengið skal geymt í samræmi við 1. eða 7. mgr. 29. gr., eftir því sem við á, svo hægt sé að senda það skv. 27. og 28. gr.

VIII. KAFLI**Einstaklingar sem njóta tímabundinnar verndar**

26. gr.

Söfnun og sending lífkennaupplýsinga

1. Hvert aðildarríki skal tafarlaust taka lífkennaupplýsingar sérhvers ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklings sem náð hefur sex ára aldri og skráður er sem einstaklingur sem nýtur tímabundinnar verndar á yfirráðasvæði viðkomandi aðildarríkis samkvæmt tilskipun 2001/55/EB.

2. Viðkomandi aðildarríki skal, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en tíu dögum eftir skráningu viðkomandi sem einstaklingur sem nýtur tímabundinnar verndar, senda eftirfarandi upplýsingar til evrópska fingrafaragrunnsins, í samræmi við 2. mgr. 3. gr., í tengslum við sérhvern ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausan einstakling, sem um getur í 1. mgr.:

- fingrafaraupplýsingar,
- andlitsmynd,
- kenninafn (-nöfn) og eiginnafn (-nöfn), nafn (nöfn) við fæðingu, fyrri nöfn og tökuheiti, sem skrá má sérstaklega,
- ríkisfang/-föng,
- fæðingardag og -ár,
- fæðingarstað,
- upprunaaðildarríki, skráningarstað og dagsetningu skráningar sem einstaklingur sem nýtur tímabundinnar verndar,
- kyn,
- tegund og númer persónu- eða ferðaskilríkja, ef þau eru fyrir hendi, þriggja stafa kóða útgáfulands og lokadagsetningu gildistíma þeirra skilríkja,
- skannað afrit í lit af persónu- eða ferðaskilríkjum, ef þau eru fyrir hendi, ásamt upplýsingum um ósvikni þeirra eða ef þau eru ekki fyrir hendi, af öðru skjali,
- tilvísunarnúmerið sem upprunaaðildarríkið notar,
- hvaða dag lífkennaupplýsingar voru teknar,
- hvaða dag upplýsingarnar voru sendar til evrópska fingrafaragrunnsins,
- kenni kerfisnotanda,
- ef við á, upplýsingar um þá staðreynd að einstaklingur, sem áður var skráður sem einstaklingur sem nýtur tímabundinnar verndar, falli undir eina af útilokunarástæðunum sem settar eru fram í 28. gr. tilskipunar 2001/55/EB,
- tilvísun í viðeigandi framkvæmdarákvörðun ráðsins.

3. Það léttir ekki þeirri skyldu af aðildarríkjnum að taka lífkennaupplýsingar og senda til evrópska fingrafaragrunnsins þó að tíu daga fresturinn, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, sé ekki virtur. Ef ástand fingurgóma leyfir ekki að hægt sé að taka fingraför af fullnægjandi gæðum til að tryggja viðeigandi samanburð skv. 38. gr. skal upprunaaðildarríkið taka aftur fingraför af einstaklingnum sem nýtur tímabundinnar verndar eins og lýst er í 1. mgr. þessarar greinar, og senda þau aftur eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 48 klukkustundum eftir að þau hafa verið tekin aftur með fullnægjandi hætti.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. skal viðkomandi aðildarríki, þegar ekki er hægt að taka lífkennaupplýsingar einstaklingsins sem nýtur tímabundinnar verndar vegna ráðstafana sem gerðar eru til að tryggja heilsu hans eða lýðheilsuvernd, taka og senda slíkar lífkennaupplýsingar eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 48 klukkustundum eftir að þessi heilbrigðissjónarmið eiga ekki lengur við.

Ef alvarleg tæknileg vandamál koma upp er aðildarríkjum heimilt að lengja tíu daga frestinn, sem um getur í 2. mgr., að hámarki um 48 stundir til viðbótar til að framkvæma landsbundnar áætlanir sínar um samfelli.

5. Ef viðkomandi aðildarríki óskar þess er liðsmönnum evrópsku landamæra- og strandgæslusveitanna eða sérfræðingum stuðningsteyma á sviði verndarmála, sem til þess hafa hlotið sérstaka þjálfun, einnig heimilt að taka og senda lífkennaupplýsingar, alstafagögn og skannað afrit í lit af persónu- eða ferðaskilríkjum, ef þau eru fyrir hendi, fyrir hönd þess aðildarríkis þegar þeir beita heimildum og sinna verkefnum sínum í samræmi við reglugerðir (ESB) 2019/1896 og (ESB) 2021/2303.

6. Sérhvert gagnamengi sem safnað er og sent í samræmi við þessa grein skal tengt við önnur gagnamengi sem svara til sama ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklings, í röð, eins og sett er fram í 6. mgr. 3. gr.

7. Þegar öll gögn, sem um getur í a- til f-lið og h-lið 2. mgr. þessarar greinar og tengjast einstaklingi, eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar, eru skráð í evrópska fingrafaragrunninn skal líta á þau sem gagnamengi sem sent er í evrópska fingrafaragrunninn í þeim tilgangi sem um getur í c-lið 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818.

IX. KAFLI

Málsmeðferð við samanburð gagna um umsækjendur um alþjóðlega vernd, ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslaus einstaklinga sem eru handteknir í tengslum við ólögsmæta för yfir landamæri aðildarríkis eða sem dvelja ólöglega á yfirráðasvæði aðildarríkis, ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslaus einstaklinga sem skráðir hafa verið í viðtökuferli og tekið hefur verið við í samræmi við landsbundið endurbúsetukerfi, ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslaus einstaklinga sem fluttir hafa verið frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerðar og einstaklinga sem njóta tímabundinnar verndar

27. gr.

Samanburður lífkennaupplýsinga

1. Lífkennaupplýsingar sem aðildarríki sendir, að undanskildum þeim sem sendar eru í samræmi við 16. gr. (a- og c-lið 2. mgr.), 18. gr. og 20. gr., skal bera sjálfvirkt saman við lífkennaupplýsingar sem önnur aðildarríki hafa sent og eru þegar geymdar í evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við 15. gr., 18. gr. (2. mgr.) og 20., 22., 23., 24. og 26. gr.

2. Lífkennaupplýsingar sem aðildarríki sendir í samræmi við 1. mgr. 18. gr. skal bera sjálfvirkt saman við lífkennaupplýsingar sem önnur aðildarríki hafa sent og eru þegar geymdar í evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við 15. gr. og auðkenndar í samræmi við 31. gr., og í samræmi við 18. gr. (2. mgr.) og 20. gr.

3. Evrópski fingrafaragrunnurinn skal tryggja að samanburður, sem um getur í 1. mgr., nái yfir lífkennaupplýsingar sem aðildarríki hefur áður sent eins og um getur í þeirri málsgrein, auk lífkennaupplýsinga frá öðrum aðildarríkjum.

4. Evrópski fingrafaragrunnurinn skal senda upprunaaðildarríkinu sjálfvirkt jákvæðar eða neikvæðar niðurstöður samanburðarins í kjölfar málsmeðferðarinnar sem sett er fram í 4. mgr. 38. gr. Ef niðurstaðan er jákvæð skal hann, að því er varðar öll gagnamengi sem samsvara jákvæðu niðurstöðunni, senda upplýsingarnar, sem um getur í 17. gr. (1. og 2. mgr.), 19. gr. (1. mgr.), 21. gr. (1. mgr.), 22. gr. (2. og 3. mgr.), 23. gr. (2. og 3. mgr.), 24. gr. (2. og 3. mgr.) og 26. gr. (2. mgr.), ásamt, eftir því sem við á, auðkenninu sem um getur í 1. og 4. mgr. 31. gr. Ef niðurstaðan er neikvæð skulu gögnin sem um getur í 17. gr. (1. og 2. mgr.), 19. gr. (1. mgr.), 21. gr. (1. mgr.), 22. gr. (2. og 3. mgr.), 23. gr. (2. og 3. mgr.), 24. gr. (2. og 3. mgr.) og 26. gr. (2. mgr.) ekki send.

5. Fáí aðildarríki jákvæða niðurstöðu úr evrópska fingrafaragrunninum sem getur gert því kleift að framkvæma skyldur sínar skv. a-lið 1. mgr. 1. gr. skal sú jákvæða niðurstaða ganga framar öðrum jákvæðum niðurstöðum sem borist hafa.

28. gr.

Samanburður andlitsmyndgagna

1. Ef ástand fingurgóma leyfir ekki að hægt sé að taka fingraför af fullnægjandi gæðum til að tryggja viðeigandi samanburð skv. 38. gr. eða ef engin fingraför eru tiltæk til samanburðar skal aðildarríki gera samanburð á andlitsmyndgögnum.

2. Andlitsmyndgögn og upplýsingar um kyn skráðs einstaklings má, að undanskildum þeim sem send eru í samræmi við 16. gr. (a- og c-lið 2. mgr.), 18. gr. og 20. gr., bera sjálfvirkt saman við andlitsmyndgögn og upplýsingar um kyn skráðs einstaklings sem önnur aðildarríki hafa sent og eru þegar geymd í evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við 15. gr., 18. gr. (2. mgr.) og 20., 22., 23., 24. og 26. gr.

Evrópski fingrafaragrunnurinn skal tryggja að samanburður, sem um getur í 1. mgr., nái yfir andlitsmyndgögn sem aðildarríki hefur áður sent eins og um getur í þeirri málsgrein, auk andlitsmyndgagna frá öðrum aðildarríkjum.

3. Andlitsmyndgögn og upplýsingar um kyn skráðs einstaklings, sem aðildarríki sendir í samræmi við 1. mgr. 18. gr., má bera sjálfvirkt saman við þau andlitsmyndgögn og upplýsingar um kyn skráðs einstaklings sem önnur aðildarríki hafa sent og eru þegar geymd í evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við 15. gr. og auðkennd í samræmi við 31. gr., og í samræmi við 18. gr. (2. mgr.) og 20. gr.

4. Evrópski fingrafaragrunnurinn skal senda upprunaaðildarríkinu sjálfvirkt jákvæðar eða neikvæðar niðurstöður samanburðarins í kjölfar málsmeðferðarinnar sem sett er fram í 5. mgr. 38. gr. Ef niðurstaðan er jákvæð skal hann, að því er varðar öll gagnamengi sem samsvara jákvæðu niðurstöðunni, senda upplýsingarnar, sem um getur í 17. gr. (1. og 2. mgr.), 19. gr. (1. mgr.), 21. gr. (1. mgr.), 22. gr. (2. og 3. mgr.), 23. gr. (2. og 3. mgr.), 24. gr. (2. og 3. mgr.) og 26. gr. (2. mgr.), ásamt, eftir því sem við á, auðkenninu sem um getur í 1. og 4. mgr. 31. gr. Ef niðurstaðan er neikvæð skulu gögnin sem um getur í 17. gr. (1. og 2. mgr.), 19. gr. (1. mgr.), 21. gr. (1. mgr.), 22. gr. (2. og 3. mgr.), 23. gr. (2. og 3. mgr.), 24. gr. (2. og 3. mgr.) og 26. gr. (2. mgr.) ekki send.

5. Fáí aðildarríki jákvæða niðurstöðu úr evrópska fingrafaragrunninum sem getur gert því kleift að framkvæma skyldur sínar skv. a-lið 1. mgr. 1. gr. skal sú jákvæða niðurstaða ganga framar öðrum jákvæðum niðurstöðum sem borist hafa.

X. KAFLI**Geymsla upplýsinga, eyðing upplýsinga fyrir tímann og auðkenning upplýsinga***29. gr.***Geymsla upplýsinga**

1. Að því er varðar 1. mgr. 15. gr. skal hvert gagnamengi, sem tengist umsækjanda um alþjóðlega vernd og skráð er í samræmi við 17. gr., geymt í evrópska fingrafaragrunninum í tíu ár frá þeim degi sem lífkennaupplýsingarnar voru sendar.
2. Ekki skal skrá lífkennaupplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 18. gr. í evrópska fingrafaragrunninum.
3. Að því er varðar 2. mgr. 18. gr. skal hvert gagnamengi, sem skráð er í samræmi við 19. gr. og tengist ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi eins og um getur í a-lið 2. mgr. 18. gr., geymt í evrópska fingrafaragrunninum í fimm ár frá þeim degi sem lífkennaupplýsingarnar voru sendar.
4. Að því er varðar 2. mgr. 18. gr. skal hvert gagnamengi, sem skráð er í samræmi við 19. gr. og tengist ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi, eins og um getur í b- eða c-lið 2. mgr. 18. gr., geymt í evrópska fingrafaragrunninum í þrjú ár frá þeim degi sem lífkennaupplýsingarnar voru sendar.
5. Að því er varðar 20. gr. skal hvert gagnamengi, sem tengist ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi og skráð er í samræmi við 21. gr., geymt í evrópska fingrafaragrunninum í fimm ár frá þeim degi sem lífkennaupplýsingarnar voru sendar.
6. Að því er varðar 1. mgr. 22. gr. skal hvert gagnamengi, sem tengist ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi og skráð er í samræmi við 22. gr., geymt í evrópska fingrafaragrunninum í fimm ár frá þeim degi sem lífkennaupplýsingarnar voru sendar.
7. Að því er varðar 1. mgr. 23. gr. skal hvert gagnamengi, sem tengist ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi og skráð er í samræmi við 23. gr., geymt í evrópska fingrafaragrunninum í fimm ár frá þeim degi sem lífkennaupplýsingarnar voru sendar.
8. Að því er varðar 1. mgr. 24. gr. skal hvert gagnamengi, sem tengist ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi og skráð er í samræmi við 24. gr., geymt í evrópska fingrafaragrunninum í fimm ár frá þeim degi sem lífkennaupplýsingarnar voru sendar.
9. Að því er varðar 1. mgr. 26. gr. skal hvert gagnamengi, sem tengist ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi og skráð er í samræmi við 26. gr., geymt í evrópska fingrafaragrunninum í eitt ár frá gildistökudegi viðkomandi framkvæmdarákvörðunar ráðsins. Framlengja skal varðveislutímabilið árlega á meðan tímabundna verndin varir.
10. Þegar geymslutímabil gagna, sem um getur í 1.–9. mgr. þessarar greinar, renna út skal upplýsingum um skráða einstaklinga sjálfkrafa eytt úr evrópska fingrafaragrunninum.

*30. gr.***Eyðing upplýsinga fyrir tímann**

1. Upprunaaðildarríki skal tafarlaust eyða upplýsingum um einstakling, sem hefur fengið ríkisborgararétt þar áður en tíminn, sem um getur í 1., 3., 5., 6., 7., 8. eða 9. mgr. 29. gr., er liðinn, úr evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við 3. mgr. 40. gr. Upprunaaðildarríki skal tafarlaust eyða upplýsingum um einstakling, sem hefur fengið ríkisborgararétt í öðru aðildarríki áður en tíminn, sem um getur í 1., 3., 5., 6., 7., 8. eða 9. mgr. 29. gr., er liðinn, úr evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við 3. mgr. 40. gr. um leið og það fær vitneskju um að viðkomandi einstaklingur hafi fengið slíkan ríkisborgararétt.
2. Evrópski fingrafaragrunnurinn skal, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir eyðinguna, upplýsa öll upprunaaðildarríki um að upplýsingum hafi verið eytt í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar af hálfu annars upprunaaðildarríkis sem fékk jákvæða niðurstöðu með gögnum sem þau sendu í tengslum við einstaklinga sem um getur í 15. gr. (1. mgr.), 18. gr. (2. mgr.), 20. gr. (1. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (1. mgr.) eða 26. gr. (1. mgr.).

*31. gr.***Auðkenning upplýsinga**

1. Í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 1. gr. skal upprunaaðildarríki, sem veitt hefur alþjóðlega vernd til handa einstaklingi, sem upplýsingar voru áður skráðar um í evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við 17. gr., auðkenna viðkomandi upplýsingar í samræmi við kröfur um rafræn samskipti við evrópska fingrafaragrunninum sem Stofnunin um rekstur stórra upplýsingateknikerfa ákveður. Auðkennið skal geymt í evrópska fingrafaragrunninum, í samræmi við 1. mgr. 29. gr., að því er varðar sendingar skv. 27. og 28. gr. Evrópski fingrafaragrunnurinn skal, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir auðkenningu upplýsinganna, upplýsa öll upprunaaðildarríki um að upplýsingar hafi verið auðkenndar af hálfu annars upprunaaðildarríkis sem fékk jákvæða niðurstöðu með gögnum sem þau sendu í tengslum við einstaklinga sem um getur í 15. gr. (1. mgr.), 18. gr. (2. mgr.), 20. gr. (1. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (1. mgr.) eða 26. gr. (1. mgr.). Þessi upprunaaðildarríki skulu einnig auðkenna samsvarandi gagnamengi.
2. Upplýsingar um einstaklinga sem njóta alþjóðlegrar verndar, sem geymdar eru í evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við 2. mgr. 3. gr. og auðkenndar skv. 1. mgr. þessarar greinar, skulu hafðar aðgengilegar til samanburðar í löggæslutilgangi þar til slíkur gögnum er eytt sjálfkrafa úr evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við 10. mgr. 29. gr.
3. Upprunaaðildarríkið skal fjarlægja auðkenni af upplýsingum um ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausan einstakling, sem áður höfðu verið auðkenndar í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar, ef réttarstaða hans er afturkölluð skv. 14. eða 19. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1347.

4. Í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í a- og c-lið 1. mgr. 1. gr. skal upprunaaðildarríki, sem gaf út dvalarskjal til ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslauss einstaklings sem dvelur þar ólöglega og sem upplýsingar voru áður skráðar um í evrópska fingrafaragrunninn, eins og við á, skv. 2. mgr. 22. gr. eða 2. mgr. 23. gr., eða til ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslauss einstaklings sem fluttur var frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerðar og sem upplýsingar voru áður skráðar um í evrópska fingrafaragrunninn skv. 2. mgr. 24. gr., auðkenna viðkomandi upplýsingar í samræmi við kröfur um rafræn samskipti við evrópska fingrafaragrunninn sem Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa ákveður. Auðkennið skal geymt í evrópska fingrafaragrunninum, í samræmi við 6., 7. og 8. mgr. 29. gr., að því er varðar sendingar skv. 27. og 28. gr. Evrópski fingrafaragrunnurinn skal, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir auðkenningu upplýsinganna, upplýsa öll upprunaaðildarríki um að upplýsingar hafi verið auðkenndar af hálfu annars upprunaaðildarríkis sem fékk jákvæða niðurstöðu með gögnum sem þau sendu í tengslum við einstaklinga sem um getur í 15. gr. (1. mgr.), 18. gr. (2. mgr.), 20. gr. (1. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (1. mgr.) eða 26. gr. (1. mgr.). Þessi upprunaaðildarríki skulu einnig auðkenna samsvarandi gagnamengi.

5. Upplýsingar um ríkisborgara þriðju lands eða ríkisfangslausa einstaklinga sem dvelja ólöglega í aðildarríkjunum, sem geymdar eru í evrópska fingrafaragrunninum og auðkenndar skv. 4. mgr. þessarar greinar, skulu hafðar aðgengilegar til samanburðar í löggæslutilgangi þar til slíkum gögnum er eytt sjálfkrafa úr evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við 10. mgr. 29. gr.

6. Að því er varðar 4. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 skal tilflutningsaðildarríkið, eftir skráningu gagnanna skv. 2. mgr. 25. gr. þessarar reglugerðar, skrá sig sem aðildarríkið sem ber ábyrgð og auðkenna gögnin með þeirri auðkenningu sem aðildarríkið, sem veitti verndina, kom á.

XI. KAFLI

Málsmeðferð við samanburð og sendingu gagna í löggæslutilgangi

32. gr.

Málsmeðferð þegar lífkennaupplýsingar eða alstafagögn eru borin saman við gögn í evrópska fingrafaragrunninum

1. Tilnefnd yfirvöld aðildarríkjanna og tilnefnt yfirvald Löggæslusamvinnustofnunarinnar geta, í löggæslutilgangi, lagt fram rökstudda rafræna beiðni, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 33. gr. og 1. mgr. 34. gr., ásamt tilvísunarnúmeri sem þau nota, til sannprófunaryfirvaldsins sem skal senda hana áfram til samanburðar á lífkennaupplýsingum eða alstafagögnum til evrópska fingrafaragrunnsins um innlenda aðgangsstöð eða aðgangsstöð Löggæslusamvinnustofnunarinnar. Þegar sannprófunaryfirvaldinu berst slík beiðni skal það sannprófa hvort öll skilyrði fyrir beiðni um samanburð, sem um getur í 33 eða 34. gr., eftir því sem við á, séu uppfyllt.

2. Ef öll skilyrði fyrir beiðni um samanburð, sem um getur í 33. eða 34. gr., eru uppfyllt skal sannprófunaryfirvaldið framsenda beiðni um samanburð til innlendu aðgangsstöðvarinnar eða aðgangsstöðvar Löggæslusamvinnustofnunarinnar sem skal framsenda hana til evrópska fingrafaragrunnsins í samræmi við 27. og 28. gr. í þeim tilgangi að bera saman við lífkennaupplýsingar eða alstafagögn sem send hafa verið til evrópska fingrafaragrunnsins skv. 15. gr. 18. gr. (2. mgr.), 20., 22., 23., 24. og 26. gr.

3. Gera má samanburð á andlitsmynd og öðrum andlitsmyndgögnum í evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 28. gr., ef slík gögn liggja fyrir þegar tilnefnd yfirvöld aðildarríkjanna eða tilnefnt yfirvald Löggæslusamvinnustofnunarinnar leggja fram rökstuddu rafrænu beiðnina.

4. Í brýnum undantekningartilvikum, þar sem koma þarf í veg fyrir yfirvofandi hættu í tengslum við hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað, er sannprófunaryfirvaldinu heimilt að senda lífkennaupplýsingarnar eða alstafagögnin til innlendu aðgangsstöðvarinnar eða aðgangsstöðvar Löggæslusamvinnustofnunarinnar til samanburðar um leið og því berst beiðni frá tilnefnda yfirvaldinu og ganga úr skugga um það eftir á hvort öll skilyrði fyrir beiðni um samanburð, sem um getur í 33. eða 34. gr., voru uppfyllt, þ.m.t. hvort í raun hafi verið um brýnt undantekningartilvik að ræða. Sannprófunin sem fer fram eftir á skal framkvæmd tafarlaust eftir að beiðnin hefur verið afgreidd.

5. Leiði sannprófun eftir á í ljós að aðgangur að gögnum í evrópska fingrafaragrunninum var ekki réttlætunlegur skulu öll yfirvöld, sem fengu aðgang að slíkum gögnum, eyða upplýsingunum sem sendar voru frá evrópska fingrafaragrunninum og tilkynna sannprófunaryfirvaldinu um slíka eyðingu.

33. gr.

Skilyrði fyrir aðgangi tilnefndra yfirvalda að evrópska fingrafaragrunninum

1. Tilnefnd yfirvöld geta, í löggæslutilgangi, lagt fram rökstudda rafræna beiðni um samanburð á lífkennaupplýsingum eða alstafagögnum við gögn sem eru geymd í evrópska fingrafaragrunninum, innan heimilda sinna, eingöngu ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) að þegar hafi verið leitað:

i. í landsbundnum gagnagrunnum og

ii. í sjálfvirkum fingrafaragreiningarkerfum allra hinna aðildarríkjanna, samkvæmt ákvörðun 2008/615/DIM, þar sem samanburður er tæknilega mögulegur, nema gildar ástæður séu til að ætla að samanburður við slík kerfi muni ekki leiða til þess að staðfest verði deili á skráða einstaklingnum, tilgreina skal slíkar gildar ástæður í rökstuddu, rafrænu beiðninni um samanburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum sem tilnefnda yfirvaldið sendir sannprófunaryfirvaldinu,

- b) samanburðurinn er nauðsynlegur til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað, sem merkir að fyrir hendi eru almannaoöryggishagsmunir sem veða þyngra og gera það að verkum að leit í gagnagrunninum er í samræmi við þau markmið sem stefnt er að,
- c) samanburður er nauðsynlegur í tilteknu tilviki sem snýr að tilteknum einstaklingum og
- d) gildar ástæður eru til þess að ætla að samanburðurinn muni að verulegu leyti stuðla að því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka einhver þeirra hryðjuverka eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað sem um er að ræða; slíkar gildar ástæður teljast einkum vera fyrir hendi þegar rökstuddur grunur er fyrir því að hinn grunaði, gerandi eða fórnarlamb hryðjuverks eða annars alvarlegs, refsiverðs verknaðar falli undir flokk sem þessi reglugerð tekur til.

Til viðbótar við fyrri leit í gagnagrunnunum sem um getur í fyrstu undirgrein mega tilnefnd yfirvöld einnig leita í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir, að því tilskildu að skilyrðin fyrir samanburði við gögnin sem þar eru geymd, eins og mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/633/DIM, hafi verið uppfyllt. Tilnefnd yfirvöld geta lagt fram rökstuddu rafrænu beiðnina, sem um getur í fyrstu undirgrein, á sama tíma og beiðni um samanburð við gögn sem eru geymd í upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir.

2. Ef tilnefnd yfirvöld hafa flett upp í sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818 og sameiginlega auðkennasafnið hefur, í samræmi við 2. mgr. þeirrar greinar, gefið til kynna að gögn sem varða viðkomandi einstakling séu geymd í evrópska fingrafaragrunninum, geta tilnefnd yfirvöld haft uppflettið aðgang að evrópska fingrafaragrunninum án þess að leita fyrst í landsbundnum gagnagrunnum eða í sjálfvirkum fingrafaragreiningerfum allra annarra aðildarríkja.

3. Beiðnir um samanburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi skal framkvæma á grundvelli lífkennaupplýsinga eða alstafagagna.

34. gr.

Skilyrði fyrir aðgangi Löggæslusamvinnustofnunarinnar að evrópska fingrafaragrunninum

1. Tilnefndu yfirvaldi Löggæslusamvinnustofnunarinnar er, í löggæslutilgangi, einungis heimilt að leggja fram rökstudda rafræna beiðni um að lífkennaupplýsingar eða alstafagögn verði borin saman við gögn sem eru geymd í evrópska fingrafaragrunninum innan umboðs Löggæslusamvinnustofnunarinnar og þar sem það er nauðsynlegt til að framkvæma verkefni hennar ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) samanburður við lífkennaupplýsingar eða alstafagögn, sem geymd eru í upplýsingavinnslukerfum sem Löggæslusamvinnustofnunin hefur tæknilegan og lagalegan aðgang að, leiddi ekki til þess að hægt væri að staðfesta deili á skráðum einstaklingi,
- b) samanburður er nauðsynlegur til að styðja við og styrkja aðgerðir aðildarríkjanna til að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka hryðjuverk eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað sem fellur undir umboð Löggæslusamvinnustofnunarinnar, sem merkir að fyrir hendi eru almannaoöryggishagsmunir sem veða þyngra og gera það að verkum að leit í gagnagrunninum er í samræmi við þau markmið sem stefnt er að,
- c) samanburður er nauðsynlegur í tilteknu tilviki sem snýr að tilteknum einstaklingum og
- d) gildar ástæður eru til þess að ætla að samanburðurinn muni að verulegu leyti stuðla að því að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka einhver þeirra hryðjuverka eða annan alvarlegan, refsiverðan verknað sem um er að ræða; slíkar gildar ástæður teljast einkum vera fyrir hendi þegar rökstuddur grunur er fyrir því að hinn grunaði, gerandi eða fórnarlamb hryðjuverks eða annars alvarlegs, refsiverðs verknaðar falli undir flokk sem þessi reglugerð tekur til.

2. Ef Löggæslusamvinnustofnunin hefur flett upp í sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818 og sameiginlega auðkennasafnið hefur, í samræmi við 2. mgr. þeirrar greinar, gefið til kynna að gögn sem varða viðkomandi einstakling séu geymd í evrópska fingrafaragrunninum, getur Löggæslusamvinnustofnunin haft uppflettið aðgang að evrópska fingrafaragrunninum að uppfylltum þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari grein.

3. Beiðnir um samanburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi skal framkvæma á grundvelli lífkennaupplýsinga eða alstafagagna.

4. Vinnsla upplýsinga sem Löggæslusamvinnustofnunin fær með samanburði við gögn í evrópska fingrafaragrunninum skal háð leyfi upprunaaðildarríkisins. Afla skal slíks leyfis í gegnum landsdeild Löggæslusamvinnustofnunarinnar í því aðildarríki.

35. gr.

Samskipti milli tilnefndra yfirvalda, sannprófunaryfirvalda, innlendra aðgangsstöðva og aðgangsstöðvar Löggæslusamvinnustofnunarinnar

1. Með fyrirvara um 39. gr. skulu öll samskipti milli tilnefndra yfirvalda, sannprófunaryfirvalda, innlendra aðgangsstöðva og aðgangsstöðvar Löggæslusamvinnustofnunarinnar vera örugg og fara fram með rafrænum hætti.

2. Aðildarríkin og Löggæslusamvinnustofnunin skulu, í löggæslutilgangi, vinna stafrænt úr leit með lífkennaupplýsingum eða alstafagögnum og senda þau á gagnasíðinu sem sett er fram í umsömdu stýriskjali fyrir skilflöt til að tryggja að hægt sé að gera samanburð við önnur gögn sem geymd eru í evrópska fingrafaragrunninum.

XII. KAFLI

Vinnsla upplýsinga, persónuvernd og bótaábyrgð

36. gr.

Ábyrgð á vinnslu upplýsinga

1. Upprunaaðildarríki skal bera ábyrgð á að tryggja að:

- a) lífkennaupplýsingar og aðrar upplýsingar sem um getur í 17. gr. (1. og 2. mgr.), 19. gr. (1. mgr.), 21. gr. (1. mgr.), 22. gr. (2. og 3. mgr.), 23. gr. (2. og 3. mgr.), 24. gr. (2. og 3. mgr.) og 26. gr. (2. mgr.) séu teknar með lögmætum hætti og sendar til evrópska fingrafaragrunnsins með lögmætum hætti,
 - b) upplýsingar séu réttar og uppfærðar þegar þær eru sendar til evrópska fingrafaragrunnsins,
 - c) upplýsingar í evrópska fingrafaragrunninum séu skráðar, geymdar, leiðréttar og þeim eytt með lögmætum hætti, sbr. þó ábyrgð Stofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækniherfa,
 - d) meðferð á niðurstöðum samanburðar lífkennaupplýsinga, sem evrópski fingrafaragrunnurinn sendir, sé með lögmætum hætti.
2. Upprunaaðildarríkið skal tryggja öryggi upplýsinganna sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar áður en og á meðan þær eru sendar til evrópska fingrafaragrunnsins, eins og kveðið er á um í 48. gr., sem og öryggi þeirra upplýsinga sem það tekur við frá evrópska fingrafaragrunninum.
3. Upprunaaðildarríkið skal bera ábyrgð á lokasanngreiningu upplýsinganna skv. 4. mgr. 38. gr.
4. Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa skal tryggja að evrópski fingrafaragrunnurinn sé starfræktur í samræmi við þessa reglugerð og viðeigandi reglur Sambandsins um persónuvernd, þ.m.t. í tengslum við prófanir. Einkum skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa:
- a) samþykkja ráðstafanir sem tryggja að allir, þ.m.t. verktakar, sem vinna með evrópska fingrafaragrunnin vinni þær upplýsingar sem þar eru skráðar eingöngu í samræmi við tilgang evrópska fingrafaragrunnsins, eins og mælt er fyrir um í 1. gr.,
 - b) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi evrópska fingrafaragrunnsins í samræmi við 48. gr.,
 - c) tryggja að eingöngu þeir sem hafa heimild til að vinna í evrópska fingrafaragrunninum hafi aðgang að honum, sbr. þó heimildir Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar.

Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa skal tilkynna Evrópuþinginu, ráðinu og Evrópsku persónuverndarstofnuninni um þær ráðstafanir sem hún gerir samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

37. gr.

Sending

1. Vinnsla lífkennaupplýsinga og annarra persónuupplýsinga skal vera stafræn og þær sendar með gagnasniðinu sem sett er fram í umsamda stýriskjalinu fyrir skilfleti. Að því marki sem nauðsynlegt er til að evrópski fingrafaragrunnurinn geti starfað á skilvirkan hátt skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa setja tæknilegar kröfur um gagnasniðið sem aðildarríkin skulu nota til að senda gögn í evrópska fingrafaragrunnin og öfugt. Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa skal sjá til þess að bera megi saman lífkennaupplýsingar, sem aðildarríkin senda, í tölvuvædda fingrafara- og andlitsgreiningarkerfinu.
2. Aðildarríki skulu senda rafrænt þau gögn sem um getur í 17. gr. (1. og 2. mgr.), 19. gr. (1. mgr.), 21. gr. (1. mgr.), 22. gr. (2. og 3. mgr.), 23. gr. (2. og 3. mgr.), 24. gr. (2. og 3. mgr.) og 26. gr. (2. mgr.). Upplýsingarnar sem um getur í 17. gr. (1. og 2. mgr.), 19. gr. (1. mgr.), 21. gr. (1. mgr.), 22. gr. (2. og 3. mgr.), 23. gr. (2. og 3. mgr.), 24. gr. (2. og 3. mgr.) og 26. gr. (2. mgr.) skulu skráðar sjálfkrafa í evrópska fingrafaragrunnin. Að því marki sem nauðsynlegt er til að evrópski fingrafaragrunnurinn geti starfað á skilvirkan hátt skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa setja tæknilegar kröfur til að tryggja að senda megi rafrænt gögn frá aðildarríkjunum til evrópska fingrafaragrunnsins og öfugt á réttan hátt.
3. Aðildarríki skulu sjá til þess að með tilvísunarnúmerinu, sem um getur í 17. gr. (k-lið 1. mgr.), 19. gr. (k-lið 1. mgr.), 21. gr. (k-lið 1. mgr.), 22. gr. (k-lið 2. mgr.), 23. gr. (k-lið 2. mgr.), 24. gr. (k-lið 2. mgr.), 26. gr. (k-lið 2. mgr.) og 32. gr. (1. mgr.), sé hægt að tengja gögn á ótvíræðan hátt við tiltekinn einstakling og við aðildarríkið sem sendir gögnin og einnig að segja til um hvort slík gögn tengjast einstaklingi eins og um getur í 15. gr. (1. mgr.), 18. gr. (2. mgr.), 20. gr. (1. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (1. mgr.) eða 26. gr. (1. mgr.).
4. Tilvísunarnúmerið, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, skal hefjast á auðkennisstaf eða -stöfum sem notaðir eru til að auðkenna aðildarríkið sem sendir gögnin. Á eftir auðkennisstafnum eða -stöfunum skal koma auðkenni þess flokks sem einstaklingurinn eða beiðnin tilheyrir. „1“ vísar til einstaklinga sem um getur í 1. mgr. 15. gr., „2“ til einstaklinga sem um getur í 1. mgr. 22. gr., „3“ til einstaklinga sem um getur í 1. mgr. 23. gr., „4“ til beiðna sem um getur í 33. gr., „5“ til beiðna sem um getur í 34. gr., „6“ til beiðna sem um getur í 43. gr., „7“ til beiðna sem um getur í 18. gr., „8“ til einstaklinga sem um getur í 20. gr., „9“ til einstaklinga sem um getur í 1. mgr. 24. gr. og „0“ til einstaklinga sem um getur í 1. mgr. 26. gr.
5. Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa skal setja tæknilegar verklagsreglur fyrir aðildarríkin sem nauðsynlegar eru til að tryggja að gögn sem evrópski fingrafaragrunnurinn móttækur séu ótvíræð.
6. Evrópski fingrafaragrunnurinn skal staðfesta móttöku sendra gagna eins fljótt og unnt er. Í því skyni skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa setja nauðsynlegar tæknikröfur til að tryggja að aðildarríkin fái kvittun fyrir staðfestingunni ef farið er fram á það.

38. gr.

Samanburður og sending niðurstaðna

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að gæði lífkennaupplýsinga, sem sendar eru til samanburðar í tölvuvædda fingrafara- og andlitsgreiningarkerfinu, séu fullnægjandi. Að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja að niðurstöður samanburðar evrópska fingrafaragrunnsins séu hárnákvæmar skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa skilgreina fullnægjandi gæði lífkennaupplýsinga sem sendar eru. Gæði lífkennaupplýsinganna, sem sendar eru, skulu könnuð eins fljótt og unnt er hjá evrópska fingrafaragrunninum. Dugi lífkennaupplýsingar ekki til samanburðar í tölvuvædda fingrafara- og andlitsgreiningar-

kerfinu skal evrópski fingrafaragrunnurinn tilkynna viðkomandi aðildarríki um það. Aðildarríkið skal þá senda lífkennaupplýsingar af fullnægjandi gæðum og nota sama tilvísunarnúmer og var á fyrra mengi lífkennaupplýsinga.

2. Hjá evrópska fingrafaragrunninum skulu beiðnir um samanburð afgreiddar í þeirri röð sem þær berast. Hver beiðni skal afgreidd innan 24 klukkustunda frá því hún berst. Aðildarríki getur, af ástæðum er tengjast innlendum lögum, farið fram á að áriðandi samanburður sé gerður innan klukkustundar. Ef ekki er unnt að virða þessi tímamörk sakir aðstæðna sem ekki eru á valdi Stofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni kerfa skal meðferð beiðninnar veittur forgangur hjá evrópska fingrafaragrunninum og hún tekin fyrir eins fljótt og aðstæður leyfa. Í slíkum tilvikum, að því marki sem nauðsynlegt er til að evrópski fingrafaragrunnurinn geti starfað á skilvirkan hátt, skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni kerfa setja viðmiðanir til að tryggja að beiðnir fái forgangsmeðferð.

3. Að því marki sem nauðsynlegt er til að evrópski fingrafaragrunnurinn geti starfað á skilvirkan hátt skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni kerfa setja verklagsreglur um vinnslu gagna sem móttækin eru og um sendingu á niðurstöðum samanburðarins.

4. Ef nauðsyn krefur skal fingrafarasérfræðingur í viðtökuaðildarríkinu, eins og skilgreint er í samræmi við innlendar reglur þess og sem er sérstaklega þjálfaður í þeim tegundum samanburðar fingrafara sem kveðið er á um í þessari reglugerð, þegar í stað kanna niðurstöður samanburðar fingrafaraupplýsinga sem gerður er skv. 27. gr.

Ef evrópski fingrafaragrunnurinn skilar jákvæðri niðurstöðu varðandi fingrafar og varðandi andlitsmynd eftir að bæði fingrafaraupplýsingar og andlitsmyndgögn hafa verið borin saman við gögn sem skráð eru í tölvuvædda miðlæga gagnagrunninum, geta aðildarríkin farið yfir niðurstöður samanburðarins á andlitsmyndgögnum.

Í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í a-, b-, c- og j-lið 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar skal upprunaaðildarríkið annast lokasanngreiningu í samvinnu við önnur hlutaðeigandi aðildarríki.

5. Niðurstöður samanburðar á andlitsmyndgögnum, sem gerður er skv. 27. gr., þegar jákvæð niðurstaða fæst einungis á grundvelli andlitsmyndar, og 28. gr., skulu tafarlaust kannaðar og sannprófaðar í viðtökuaðildarríkinu af sérfræðingi sem hefur hlotið þjálfun í samræmi við venju í hverju ríki.

Í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í a-, b-, c- og j-lið 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar skal upprunaaðildarríkið annast lokasanngreiningu í samvinnu við önnur hlutaðeigandi aðildarríki.

Upplýsingum frá evrópska fingrafaragrunninum, sem varða aðrar upplýsingar sem reynast óáreiðanlegar, skal eytt um leið og staðfest er að síðarnefndu upplýsingarnar eru óáreiðanlegar.

6. Ef lokasanngreining í samræmi við 4. og 5. mgr. leiðir í ljós að niðurstöður samanburðarins, sem fengin er úr evrópska fingrafaragrunninum, samsvara ekki þeim lífkennaupplýsingum sem sendar voru til samanburðar skulu aðildarríkin tafarlaust eyða niðurstöðu samanburðarins og tilkynna það Stofnuninni um rekstur stórra upplýsingatækni kerfa eins fljótt og auðið er og eigi síðar en innan þriggja virkra daga frá því að þeim barst niðurstaðan, og upplýsa hana um tilvísunarnúmer upprunaaðildarríkisins og tilvísunarnúmer aðildarríkisins sem fékk niðurstöðuna.

39. gr.

Samskipti milli aðildarríkjanna og evrópska fingrafaragrunnsins

Við sendingu gagna frá aðildarríkjunum til evrópska fingrafaragrunnsins og öfugt skal nota fjarskiptavirkið. Að því marki sem nauðsynlegt er til að evrópski fingrafaragrunnurinn geti starfað á skilvirkan hátt skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni kerfa setja tæknilegar verklagsreglur sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að nota fjarskiptavirkið.

40. gr.

Aðgangur að upplýsingum sem eru skráðar í evrópska fingrafaragrunninum, leiðrétting þeirra og eyðing

1. Upprunaaðildarríki skal hafa aðgang að upplýsingum sem það hefur sent og sem eru skráðar í evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við þessa reglugerð.

Aðildarríki skulu ekki leita í upplýsingum sem annað aðildarríki hefur sent né heldur taka við slíkum upplýsingum, að undanskildum upplýsingum sem eru niðurstaða samanburðarins sem um getur í 27. og 28. gr.

2. Þau yfirvöld aðildarríkjanna sem hafa aðgang að upplýsingum sem eru skráðar í evrópska fingrafaragrunninum, skv. 1. mgr. þessarar greinar, skulu vera þau yfirvöld sem hvert aðildarríki tilnefnir í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í a-, b-, c- og j-lið 1. mgr. 1. gr. Í tilnefningunni skal tilgreina nákvæmlega hvaða eining ber ábyrgð á þeim verkefnum sem tengjast beitingu þessarar reglugerðar. Hvert aðildarríki skal tafarlaust senda framkvæmdastjórninni og Stofnuninni um rekstur stórra upplýsingatækni kerfa skrá yfir þessar einingar og hvers konar breytingar sem verða á henni. Stofnunin skal birta samsteypta skrá í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Þegar breytingar verða á skránni skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni kerfa birta árlega uppfærða, samsteypta skrá á netinu.

3. Eingöngu upprunaaðildarríkið skal eiga rétt á að breyta upplýsingum sem það hefur sent til evrópska fingrafaragrunnsins með því að leiðrétta eða bæta við slíkar upplýsingar eða eyða þeim, sbr. þó þegar upplýsingum er eytt skv. 29. gr.

4. Aðgangur til að fletta upp í gögnum evrópska fingrafaragrunnsins sem geymd eru í sameiginlega auðkennasafninu skal veittur starfsfólki með tilskilda heimild hjá landsyfirvöldum sérhvers aðildarríkis og starfsfólki með tilskilda heimild hjá þeim aðilum Sambandsins sem eru lögbærir í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í 20. og 21. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818. Aðgangurinn skal takmarkast við það sem nauðsynlegt er til að þessi landsyfirvöld og aðilar Sambandsins geti leyst verkefni sín af hendi og til að ná þessum tilgangi og skal vera í samræmi við þau markmið sem stefnt er að.

5. Ef aðildarríki eða Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækni kerfa hefur ástæðu til að ætla að upplýsingar, sem skráðar eru í evrópska fingrafaragrunninum, séu í raun rangar skal það, án þess að það hafi áhrif á tilkynninguna um öryggisbrest við

meðferð persónuupplýsinga skv. 33. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, upplýsa upprunaaðildarríkið um það eins fljótt og auðið er.

Ef aðildarríki hefur ástæðu til að ætla að upplýsingar hafi verið skráðar í evrópska fingrafaragrunninn í andstöðu við þessa reglugerð skal það tilkynna það Stofnuninni um rekstur stórra upplýsingatækniherfa, framkvæmdastjórninni og upprunaaðildarríkinu eins fljótt og unnt er. Upprunaaðildarríkið skal athuga viðkomandi upplýsingar og breyta þeim eða eyða án tafar ef það er nauðsynlegt.

6. Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa skal ekki miðla gögnum, sem eru skráð í evrópska fingrafaragrunninn, eða gera þau aðgengileg yfirvöldum þriðja lands. Þetta bann skal ekki eiga við um miðlun slíkra upplýsinga til þriðju landa sem reglugerð (ESB) 2024/1351 gildir um.

41. gr.

Skráahald

1. Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa skal halda skrár yfir allar gagnavinnsluaðgerðir í evrópska fingrafaragrunninum. Í þessum skráum skal koma fram tilgangur, dagsetning og tími aðgangs, upplýsingar sem voru sendar, upplýsingar sem voru notaðar við leitina, heiti þeirrar starfseiningar sem færir inn eða sækir gögn og nöfn þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á því.

2. Að því er varðar 8. gr. þessarar reglugerðar skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa halda skrár yfir sérhverja gagnavinnsluaðgerð sem framkvæmd er innan evrópska fingrafaragrunnsins. Skrár yfir slíkar tegundir aðgerða skulu innihalda þættina sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar og jákvæðar niðurstöður sem sjálfvirka vinnslan, sem mælt er fyrir um í 20. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1240, framkallar.

3. Að því er varðar 10. gr. þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin og Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa halda skrár um sérhverja gagnavinnsluaðgerð sem framkvæmd er innan evrópska fingrafaragrunnsins og upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir í samræmi við þessa grein og 34. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008.

4. Skrárnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, má eingöngu nota til að hafa eftirlit með lögmæti gagnavinnslnnar með hliðsjón af persónuvernd, og til að tryggja öryggi upplýsinga skv. 46. gr. Gerðar skulu víðeigandi ráðstafanir til að verjast óheimilum aðgangi að skránum og skal þeim eytt ári eftir að geymslutíminn, sem um getur í 29. gr., rennur út, ef þeirra er ekki þörf vegna eftirlits sem þegar er hafið.

5. Í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í a-, b-, c-, g-, h- og j-lið 1. mgr. 1. gr. skal sérhvert aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ná þeim markmiðum sem mælt er fyrir um í 1.–4. mgr. þessarar greinar í tengslum við innlent kerfi sitt. Þar að auki skal hvert aðildarríki halda skrá yfir það starfsfólk sem hefur tilskilda heimild til að færa inn eða sækja gögn í kerfið.

42. gr.

Réttur til upplýsinga

1. Upprunaaðildarríkið skal tilkynna einstaklingi, sem heyrir undir 15. gr. (1. mgr.), 18. gr. (1. og 2. mgr.), 20. gr. (1. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (1. mgr.) eða 26. gr. (1. mgr.) þessarar reglugerðar, skriflega og, ef nauðsyn krefur, munnlega, á tungumáli sem viðkomandi skilur eða sem raunhæft er að ætla að hann skilji, á gagnorðu, gagnsæju, skiljanlegu og aðgengilegu formi og á skýru og einföldu máli, um eftirfarandi:

- heiti og samskiptaupplýsingar ábyrgðaraðila í skilningi 7. liðar 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og fulltrúa hans, ef við á, og samskiptaupplýsingar persónuverndarfulltrúans,
- gögn sem vinna á í evrópska fingrafaragrunninum og lagagrundvöll vinnslunnar, þ.m.t. lýsing á markmiðum reglugerðar (ESB) 2024/1351, í samræmi við 19. gr. þeirrar reglugerðar og, eftir atvikum, markmið reglugerðar (ESB) 2024/1350, og útskýring á skiljanlegu formi á því að aðildarríkin og Löggæslusamvinnustofnunin gætu haft aðgang að evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi,
- að því er varðar einstakling sem heyrir undir 15. gr. (1. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 23. gr. (1. mgr.) eða 24. gr. (1. mgr.), þá staðreynd að ef öryggisathugun, sem um getur í 17. gr. (i-lið 2. mgr.), 22. gr. (d-lið 3. mgr.), 23. gr. (e-lið 3. mgr.) og 24. gr. (f-lið 3. mgr.), sýnir að viðkomandi gæti verið ógn við innra öryggi er upprunaaðildarríkinu skylt að skrá þá staðreynd í evrópska fingrafaragrunninn,
- viðtakendur eða flokka viðtakenda upplýsinganna, ef einhverjir eru,
- að því er varðar einstakling sem fellur undir 15. gr. (1. mgr.), 18. gr. (1. og 2. mgr.), 20. gr. (1. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (1. mgr.) eða 26. gr. (1. mgr.), þá skyldu hans að láta taka lífkennaupplýsingar sínar og víðeigandi málsmeðferð, þ.m.t. hugsanlegar afleiðingar þess að uppfylla ekki þessa skyldu,
- hversu lengi gögnin verða geymd skv. 29. gr.,
- að fyrir liggi réttur til að fara fram á það við ábyrgðaraðila að fá aðgang að gögnum um sig og réttur til að fara fram á að rangar persónuupplýsingar verði leiðréttar, til að ófullnægjandi persónuupplýsingar verði fullgerðar eða að persónuupplýsingum sem unnar hafa verið með ólögætum hætti um skráða einstaklinginn verði eytt eða vinnsla þeirra takmörkuð, auk réttar til að fá upplýsingar um það hvornig eigi að nýta sér þennan rétt, þ.m.t. samskiptaupplýsingar ábyrgðaraðila og eftirlitsyfirvalda sem um getur í 1. mgr. 44. gr.,
- réttinn til að leggja fram kvörtun hjá eftirlitsyfirvaldinu.

2. Að því er varðar einstakling sem fellur undir 15. gr. (1. mgr.), 18. gr. (1. og 2. mgr.), 20. gr. (1. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (1. mgr.) og 26. gr. (1. mgr.) skulu upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, veittar þegar lífkennaupplýsingar eru teknar.

Ef einstaklingur, sem fellur undir 15. gr. (1. mgr.), 18. gr. (1. og 2. mgr.), 20. gr. (1. mgr.), 22. gr. (1. mgr.), 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (1. mgr.) og 26. gr. (1. mgr.) er ólöggráða barn skulu aðildarríkin veita upplýsingarnar með þeim hætti sem hæfir aldri þess.

Málsmeðferð við töku lífkennaupplýsinga skal útskýrð fyrir ólöggráða börnum með því að nota bæklinga, upplýsingamyndir eða sýnidæmi, eða samsetningu einhverra þessara þriggja, eftir því sem við á, sem eru sérstaklega hönnuð þannig að tryggt sé að ólöggráða börn skilji upplýsingarnar.

3. Semja skal sameiginlegan bækling, sem inniheldur a.m.k. þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og þær upplýsingar sem um getur í 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 77. gr. þeirrar reglugerðar.

Bæklingurinn skal vera skýr og einfaldur og saminn á gagnorðu, gagnsæju, skiljanlegu og aðgengilegu formi og á tungumáli sem viðkomandi einstaklingur skilur eða sem raunhæft er að ætla að hann skilji.

Bæklingurinn skal vera með þeim hætti að hvert aðildarríki getur bætt við viðbótarupplýsingum sem eiga sérstaklega við um það ríki. Í slíkum viðbótarupplýsingum skulu a.m.k. vera upplýsingar um stjórnsluráðstafanir til að tryggja að skyldan til að láta í té lífkennaupplýsingar sé virt, réttindi skráðs einstaklings, möguleika hans á að fá upplýsingar og aðstoð frá landsbundnum eftirlitsyfirvöldum, samskiptaupplýsingar skrifstofu ábyrgðaraðila og persónuverndarfulltrúa og samskiptaupplýsingar landsbundinna eftirlitsyfirvalda.

43. gr.

Réttur til að hafa aðgang að persónuupplýsingum, leiðréttu þær, fullgera þær, eyða þeim og takmarka vinnslu þeirra

1. Í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í a-, b-, c- og j-lið 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar skal skráður einstaklingur neyta réttar síns til að hafa aðgang að persónuupplýsingum, leiðréttu þær, fullgera þær, eyða þeim og takmarka vinnslu þeirra í samræmi við III. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679 og beita honum eins og sett er fram í þessari grein.

2. Réttur skráðs einstaklings til aðgangs í hverju aðildarríki skal fela í sér rétt til að fá sendar persónuupplýsingar um sig sem skráðar eru í evrópska fingrafaragrunninn, þ.m.t. hvers konar skráningu sem bendir til þess að einstaklingurinn gæti verið ógn við innra öryggi, og upplýsingar um hvaða aðildarríki sendi þær til evrópska fingrafaragrunnsins, með þeim skilyrðum sem sett eru fram í reglugerð (ESB) 2016/679 og í landslögum sem samþykkt voru samkvæmt henni. Einungis aðildarríki getur veitt slíkan aðgang að persónuupplýsingum.

Þegar rétturinn til leiðréttingar og eyðingar á persónuupplýsingum er nýttur í öðru aðildarríki en því eða þeim aðildarríkjum sem sendu upplýsingarnar, skulu yfirvöld þess aðildarríkis hafa samband við yfirvöld aðildarríkisins eða aðildarríkjanna sem sendu upplýsingarnar svo að þau síðarnefndu geti kannað hvort upplýsingarnar séu réttar og hvort þær hafi verið sendar og skráðar í evrópska fingrafaragrunninn með lögmætum hætti.

3. Að því er varðar skráningu sem gefur til kynna að einstaklingurinn gæti verið ógn við innra öryggi, geta aðildarríkin takmarkað réttindi skráða einstaklingsins sem um getur í þessari grein í samræmi við 23. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679.

4. Komi í ljós að upplýsingar, sem skráðar eru í evrópska fingrafaragrunninn, séu í raun rangar eða hafi verið skráðar með ólögmætum hætti skal aðildarríkið sem sendi þær, leiðréttu eða eyða þeim í samræmi við 3. mgr. 40. gr. Það aðildarríki skal staðfesta skriflega við skráða einstaklinginn að það hafi gripið til aðgerða til að leiðréttu eða fullgera persónuupplýsingar um hann, eyða þeim eða takmarka vinnslu þeirra.

5. Samþykki aðildarríkið, sem sendi upplýsingarnar, ekki að upplýsingar, sem skráðar eru í evrópska fingrafaragrunninn, séu í raun rangar eða hafi verið skráðar með ólögmætum hætti, skal það skýra skriflega fyrir skráða einstaklingnum hvers vegna það hyggst ekki leiðréttu eða eyða upplýsingunum.

Aðildarríkið skal einnig veita skráða einstaklingnum upplýsingar um hvaða leiða hann geti leitað ef hann sættir sig ekki við þær skýringar sem gefnar eru. Þar með skulu fylgja upplýsingar um hvernig á að höfða mál eða, ef við á, leggja fram kæru til lögbærra yfirvalda eða dómstóla í því aðildarríki og um fjárhagsaðstoð eða aðra aðstoð sem tiltæk er í samræmi við lög, reglur og málsmeðferð í því aðildarríki.

6. Sérhver beiðni, skv. 1. og 2. mgr., um að fá aðgang að, leiðréttu, fullgera, eyða eða takmarka vinnslu persónuupplýsinga, skal innihalda allar nauðsynlegar upplýsingar til að staðfesta deili á skráðum einstaklingi, þ.m.t. lífkennaupplýsingar. Þessar upplýsingar skal eingöngu nota til að heimila nýtingu réttar skráða einstaklingsins sem um getur í 1. og 2. mgr. og þeim skal eytt umsvifalaust eftir á.

7. Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu hafa með sér virkt samstarf um að framfylgja sem fyrst rétti skráðs einstaklings til að hafa aðgang að persónuupplýsingum, leiðréttu þær, fullgera þær, eyða þeim og til að takmarka vinnslu þeirra.

8. Hvenær sem einstaklingur fer fram á að fá aðgang að upplýsingum um sig skal lögbært yfirvald halda skrá, í formi skriflegs skjals, um að slík beiðni hafi verið lögð fram og hvernig fjallað var um hana og senda það landsbundnu eftirlitsyfirvöldunum án tafar.

9. Landsbundna eftirlitsyfirvaldið í aðildarríkinu sem sendi upplýsingarnar og landsbundið eftirlitsyfirvald þess aðildarríkis þar sem skráður einstaklingur er staddur, skulu, þegar þess er óskað, veita skráða einstaklingnum upplýsingar um það hvernig hann getur neytt réttar síns til að fara fram á það við ábyrgðaraðila gagna að fá aðgang að persónuupplýsingum um sig, að þær verði leiðréttar, fullgerðar, þeim eytt þeim eða vinnsla þeirra takmörkuð. Eftirlitsyfirvöldin skulu starfa saman í samræmi við VII. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679.

44. gr.

Eftirlit landsbundinna eftirlitsfirvalda

1. Hvert aðildarríki skal kveða á um að eftirlitsfirvald eða -yfirvöld þess, eins og um getur í 1. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679, skuli hafa eftirlit með því að vinnsla viðkomandi aðildarríkis á persónuupplýsingum í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í a-, b-, c- og j-lið 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar sé með lögætum hætti, þ.m.t. sending þeirra til evrópska fingrafaragrunnsins.
2. Hvert aðildarríki skal tryggja að eftirlitsfirvald þess hafi aðgang að ráðgjöf manna sem búa yfir nægilegri þekkingu á lífkennaupplýsingum.

45. gr.

Eftirlit Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar

1. Evrópska persónuverndarstofnunin skal tryggja að öll vinnsla á persónuupplýsingum að því er varðar evrópska fingrafaragrunnin, einkum af hálfu Stofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa, fari fram í samræmi við reglugerð (ESB) 2018/1725 og þessa reglugerð.
2. Evrópska persónuverndarstofnunin skal sjá til þess að úttekt á vinnslu Stofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa á persónuupplýsingum fari fram í samræmi við alþjóðlega úttektarstaðla á a.m.k. þriggja ára fresti. Senda skal skýrslu um slíka úttekt til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar, Stofnunarinnar um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa og til landsbundnu eftirlitsfirvaldanna. Stofnuninni um rekstur stórra upplýsingatækni-kerfa skal gefinn kostur á að gera athugasemdir áður en skýrslan er skýrslan er samþykkt.

46. gr.

Samstarf landsbundinna eftirlitsfirvalda og Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar

1. Í samræmi við 62. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725 skulu landsbundin eftirlitsyfirvöld og Evrópska persónuverndarstofnunin, hvert um sig innan sinna heimilda, hafa með sér virkt samstarf innan ramma skyldustarfa sinna og tryggja samræmt eftirlit með evrópska fingrafaragrunninum.
2. Aðildarríki skulu tryggja að á hverju ári fari fram úttekt óháðs aðila, í samræmi við 1. mgr. 47. gr., á vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi, þ.m.t. greining á úrtaki rökstuddra rafrænna beiðna. Úttektin skal fylgja ársskýrslu aðildarríkjanna sem um getur í 8. mgr. 57. gr.
3. Landsbundin eftirlitsyfirvöld og Evrópska persónuverndarstofnunin skulu, hvert um sig innan sinna heimilda, skiptast á upplýsingum sem máli skipta, aðstoða hvert annað við að framkvæma úttektir og eftirlit, rannsaka erfiðleika við túlkun eða beitingu þessarar reglugerðar, skoða vandamál sem kunna að koma upp að því er varðar framkvæmd óháðs eftirlits eða hjá skráðum aðilum við að nýta sér réttindi sín, semja samhæfðar tillögur að sameiginlegum lausnum á hvers konar vandamálum og stuðla að vitundarvakningu um réttindi sem tengjast persónuvernd, eftir því sem þörf er á.
4. Að því er varðar 3. mgr. skulu landsbundnu eftirlitsyfirvöldin og Evrópska persónuverndarstofnunin koma saman tvisvar á ári hið minnsta innan ramma Evrópska persónuverndarráðsins. Evrópska persónuverndarráðið skal standa straum af kostnaði og þjónustu við fundina. Samþykkja skal starfsreglur fyrir fundina á fyrsta fundi. Þróa skal aðrar starfsaðferðir sameiginlega eftir þörfum. Evrópska persónuverndarráðið skal senda sameiginlega skýrslu um starfseminna til Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar á tveggja ára fresti. Þessi skýrsla skal hafa að geyma kafla varðandi hvert aðildarríki sem landsbundið eftirlitsfirvald þess tekur saman.

47. gr.

Vernd persónuupplýsinga í löggæslutilgangi

1. Eftirlitsfirvald eða -yfirvöld í hverju aðildarríki, eins og um getur í 1. mgr. 41. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680, skulu fylgjast með því hvort vinnsla aðildarríkjanna á persónuupplýsingum samkvæmt þessari reglugerð í löggæslutilgangi, þ.m.t. sending þeirra til og frá evrópska fingrafaragrunninum, sé með lögætum hætti.
2. Vinnsla Löggæslusamvinnustofnunarinnar á persónuupplýsingum samkvæmt þessari reglugerð skal vera í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/794 og vera undir eftirliti Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar.
3. Vinnsla persónuupplýsinga, sem fengnar eru úr evrópska fingrafaragrunninum samkvæmt þessari reglugerð í löggæslutilgangi, skal einungis fara fram í þeim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um eða rannsaka það tiltekna mál sem aðildarríki eða Löggæslusamvinnustofnunin báðu um upplýsingarnar fyrir.
4. Með fyrirvara um 24. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680 skulu evrópski fingrafaragrunnurinn, tilnefnd yfirvöld, sannprófunar-yfirvöld og Löggæslusamvinnustofnunin halda skrár yfir leitir til að gera landsbundnu eftirlitsyfirvöldunum og Evrópsku persónuverndarstofnuninni kleift að hafa eftirlit með því að gagnavinnsla samrýmist persónuverndarreglum Sambandsins, þ.m.t. í þeim tilgangi að geyma skrárnar til að taka saman ársskýrslurnar sem um getur í 8. mgr. 57. gr. þessarar reglugerðar. Persónuupplýsingum í öðrum tilgangi, ásamt skrám yfir leitir, skal eytt úr öllum landsbundnum skrám og skrám Löggæslusamvinnustofnunarinnar að einum mánuði liðnum nema gagnanna sé þörf við hina tilteknu yfirstandandi rannsókn sakamáls sem aðildarríki eða Löggæslusamvinnustofnunin báðu um þær fyrir.

48. gr.

Gagnaöryggi

1. Upprunaaðildarríkið skal tryggja öryggi gagna áður en þau eru send og meðan á sendingu þeirra stendur til evrópska fingrafaragrunnsins.

2. Hvert aðildarríki skal gera nauðsynlegar ráðstafanir í tengslum við öll gögn sem lögbær yfirvöld þess vinna samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. gagnaöryggisáætlun, í því skyni:

- a) að vernda búnað sem gögn eru geymd á, m.a. með gerð viðbragðsáætlana til verndar mikilvægum grunnvirkjum,
- b) að neita þeim sem hafa ekki til þess heimild um aðgang að gagnavinnslubúnaði og innlendum mannvirkjum þar sem aðildarríki rekur starfsemi sína í samræmi við markmið evrópska fingrafaragrunnsins (búnaður, aðgangsstýring og eftirlit við inngang að mannvirkjum),
- c) að koma í veg fyrir að þeir sem ekki hafa til þess heimild geti lesið eða afritað af gagnamiðlum, breytt þeim eða eytt (eftirlit með gagnamiðlum),
- d) að koma í veg fyrir að hægt sé, án heimildar, að færa inn, skoða, breyta eða eyða geymdum persónuupplýsingum (eftirlit með geymslu gagna),
- e) að koma í veg fyrir að þeir sem hafa ekki til þess heimild geti notað sjálfvirk gagnavinnslukerfi með hjálp gagnasamskiptabúnaðar (notendaeftirlit),
- f) að koma í veg fyrir að hægt sé, án heimildar, að vinna gögn í evrópska fingrafaragrunninum og að hægt sé að breyta eða eyða án heimildar gögnum sem eru unnin í evrópska fingrafaragrunninum (eftirlit með færslu upplýsinga),
- g) að tryggja, með notkun persónubundinna og einkvæmra notandakenna og leynilegs aðgangshams að þeir, sem er heimill aðgangur að evrópska fingrafaragrunninum, hafi aðeins aðgang að gögnum sem falla undir aðgangsheimild þeirra (eftirlit með aðgangi að gögnum),
- h) að tryggja að öll yfirvöld, sem hafa rétt til aðgangs að evrópska fingrafaragrunninum, útbúi lýsingar á hlutverki og skyldum einstaklinga sem hafa heimild til aðgangs að gögnum og til að færa inn, uppfæra, eyða og leita í gögnum og gera þessar lýsingar, og aðrar viðeigandi upplýsingar sem þessi yfirvöld kynnu að þurfa á að halda vegna eftirlits, þegar í stað aðgengilegar þeim eftirlitsyfirvöldum sem um getur í 51. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og í 41. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680, að beiðni þeirra (starfsmannalýsingar),
- i) að tryggja að hægt sé að sannprófa og fastsetja til hvaða aðila unnt er að senda persónuupplýsingar með gagnasamskiptabúnaði (eftirlit með samskiptum),
- j) að tryggja að hægt sé að sannprófa og staðfesta hvaða gögn hafi verið unnin í evrópska fingrafaragrunninum, hvenær, af hverjum og í hvaða tilgangi (eftirlit með gagnaskráningu),
- k) að hindra, einkum með viðeigandi dulkóðunaraðferðum, að hægt sé án heimildar að lesa, afrita, breyta eða eyða persónuupplýsingum meðan verið er að senda þær til eða frá evrópska fingrafaragrunninum eða við flutning gagnamiðla (eftirlit með flutningi),
- l) að tryggja að uppsett kerfi sé hægt að setja upp að nýju eftir rof (endurrétting),
- m) að tryggja virkni evrópska fingrafaragrunnsins, að villuboð birtist þegar fram koma truflanir á virkni (áreiðanleiki) og að ekki sé unnt að spilla varðveittum persónuupplýsingum þegar virkni kerfisins er ekki rétt (heilleiki) og
- n) að hafa eftirlit með skilvirkni öryggisráðstafananna sem um getur í þessari málsgrein og gera nauðsynlegar skipulagsráðstafanir í tengslum við innra eftirlit til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar (eigin úttekt) og greina sjálfkrafa innan 24 klukkustunda hvers konar atburði sem máli skipta og upp koma vegna beitingar ráðstafananna, sem taldar eru upp í b- til k-lið, og gætu gefið til kynna öryggisatvik.

3. Aðildarríkin og Löggæslusamvinnustofnunin skulu tilkynna Stofnuninni um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa um öryggisatvik tengd evrópska fingrafaragrunninum sem greinast í kerfum þeirra, með fyrirvara um tilkynningu og að gert sé viðvart um öryggisbrest við meðferð persónuupplýsinga skv. 33. og 34. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og 30. og 31. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680 sem og 34. og 35. gr. reglugerðar (ESB) 2016/794, eftir því sem við á. Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal án ástæðulausrar tafar tilkynna aðildarríkjunum, Löggæslusamvinnustofnuninni og Evrópsku persónuverndarstofnunni um öryggisatvik í tengslum við evrópska fingrafaragrunnin sem greinast í kerfum þeirra, með fyrirvara um 34. og 35. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725. Hlutaðeigandi aðildarríki, Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa og Löggæslusamvinnustofnunin skulu vinna saman þegar til öryggisatviks kemur.

4. Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ná þeim markmiðum sem eru sett fram í 2. mgr. þessarar greinar að því er varðar starfsemi evrópska fingrafaragrunnsins, þ.m.t. samþykkt gagnaöryggisáætlunar.

Áður en evrópski fingrafaragrunnurinn er tekinn í notkun skal uppfæra öryggisrammann fyrir viðskipta- og tækniumhverfi evrópska fingrafaragrunnsins í samræmi við 33. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725.

5. Verndarstofnun Evrópusambandsins skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma 4. mgr. 18. gr. í framkvæmd, þ.m.t. samþykkja gagnaöryggisáætlun eins og um getur í 2. mgr. þessarar greinar.

49. gr.

Bann við miðlun gagna til þriðju landa, alþjóðastofnana eða einkaaðila

1. Persónuupplýsingum sem aðildarríki eða Löggæslusamvinnustofnunin fær úr evrópska fingrafaragrunninum samkvæmt þessari reglugerð skal ekki að miðla til eða gera aðgengilegar þriðju landi, alþjóðastofnun eða einkaaðila með staðfestu innan eða utan Sambandsins. Þetta bann gildir einnig ef þessi gögn eru unnin frekar í skilningi 2. liðar 4. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og 2. liðar 3. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680, á landsvísu eða milli aðildarríkja.

2. Persónuupplýsingum, sem eru upprunnar í aðildarríki og aðildarríki skiptast á í kjölfar jákvæðrar niðurstöðu sem fékkst í löggæslutilgangi, skal ekki miðla til þriðju landa ef raunveruleg hættu er á að það muni leiða til þess að skráði einstaklingurinn

verði látinn sæta pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu eða öðrum brotum á grundvallarréttindum sínum.

3. Persónuupplýsingum, sem eru upprunnar í aðildarríki og aðildarríki og Löggæslusamvinnustofnunin skiptast á í kjölfar jákvæðrar niðurstöðu sem fékkst í löggæslutilgangi, skal ekki miðla til þriðju landa ef raunveruleg hættu er á að það muni leiða til þess að skráði einstaklingurinn verði látinn sæta pyndingum, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu eða öðrum brotum á grundvallarréttindum sínum. Þar að auki skal miðlun aðeins fara fram þegar hún er nauðsynleg og hófleg í tilvikum sem falla undir umboð Löggæslusamvinnustofnunarinnar, í samræmi við V. kafla reglugerðar (ESB) 2016/794 og með fyrirvara um samþykki upprunaaðildarríkisins.

4. Þegar um er að ræða einstaklinga sem um getur í 15. gr. (1. mgr.), 18. gr. (1. og 2. mgr.) eða 20. gr. (1. mgr.) skal ekki veita þriðja landi upplýsingar um að umsókn um alþjóðlega vernd hafi verið lögð fram eða að einstaklingur hafi verið í viðtökuferli í aðildarríki.

5. Bönnin, sem sett eru fram í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skulu ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkja til að miðla slíkum gögnum í samræmi við V. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679 eða landsreglur sem samþykktar eru skv. V. kafla tilskipunar (ESB) 2016/680, eftir því sem við á, til þriðju landa sem reglugerð (ESB) 2024/1351 gildir um.

50. gr.

Miðlun upplýsinga til þriðju landa vegna endursendingar

1. Þrátt fyrir 49. gr. er heimilt að miðla persónuupplýsingum sem varða einstaklinga eins og um getur í 15. gr. (1. mgr.), 18. gr. (a-lið 2. mgr.), 20. gr. (1. mgr.), 22. gr. (2. mgr.), 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (1. mgr.) og 26. gr. (1. mgr.), sem aðildarríki fær í kjölfar jákvæðrar niðurstöðu í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í a-, b-, c- eða j-lið 1. mgr. 1. gr., eða gera þær aðgengilegar þriðja landi með samþykki upprunaaðildarríkisins.

2. Miðlun upplýsinga til þriðja lands í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar skal fara fram í samræmi við viðeigandi ákvæði laga Sambandsins, einkum ákvæði um persónuvernd, þ.m.t. V. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679, og þar sem við á, endurviðtökusamninga og landslög aðildarríkisins sem miðlar upplýsingunum.

3. Miðlun upplýsinga til þriðja lands samkvæmt 1. mgr. skal einungis fara fram að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- upplýsingunum er miðlað eða þau gerð aðgengileg í þeim eina tilgangi að staðfesta deili á, og gefa út persónuskilríki eða ferðaskilríki fyrir, ríkisborgara þriðja lands sem dvelur ólöglega í aðildarríkjunum í tengslum við endursendingu og
- viðkomandi ríkisborgari þriðja lands hefur verið upplýstur um að persónuupplýsingum hans kunni að vera deilt með yfirvöldum þriðja lands.

4. Framkvæmd reglugerðar (ESB) 2016/679, þ.m.t. að því er varðar miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt þessari grein, og einkum notkun, meðalhóf og nauðsyn miðlunar á grundvelli d-liðar 1. mgr. 49. gr. þeirrar reglugerðar, skal vera háð eftirliti sjálfstæðu eftirlitsyfirvaldanna, sem komið var á fót með VI. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679.

5. Miðlun persónuupplýsinga til þriðju landa samkvæmt þessari grein skal ekki hafa áhrif á réttindi einstaklinga sem um getur í 15. gr. (1. mgr.), 18. gr. (a-lið 2. mgr.), 20. gr. (1. mgr.), 22. gr. (2. mgr.), 23. gr. (1. mgr.), 24. gr. (1. mgr.) og 26. gr. (1. mgr.) þessarar reglugerðar, einkum réttindi til að vera ekki vísað brott þangað sem líf þeirra eða frelsi kann að vera í hættu, eða á bannið við því að láta af hendi eða fá upplýsingar í samræmi við 7. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348.

6. Þriðja land skal ekki hafa beinan aðgang að evrópska fingrafaragrunninum til að bera saman eða senda lífkennaupplýsingar eða aðrar persónuupplýsingar ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslauss einstaklings og skal ekki veittur aðgangur að evrópska fingrafaragrunninum gegnum innlenda aðgangsstöð aðildarríkis.

51. gr.

Aðgerðaskráning og skjalfesting

1. Aðildarríkin og Löggæslusamvinnustofnunin skulu tryggja að öll gagnavinnsla, sem leiðir af beiðnum um samanburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi, sé skráð í aðgerðaskrá eða skjalfest í því skyni að ganga megi úr skugga um lögmæti beiðninnar, fylgjast með lögmæti gagnavinnsunnar og heilleika gagna og öryggi þeirra, og vegna eigin eftirlits.

2. Aðgerðaskráningin eða skjalfestingin skal í öllum tilvikum sýna:

- hver tilgangurinn með beiðni um samanburð er nákvæmlega, þ.m.t. um hvaða tegund hryðjuverks eða annars alvarlegs, refsiverðs verknaðar er að ræða og, að því er varðar Löggæslusamvinnustofnunina, hver tilgangurinn með beiðni um samanburð er nákvæmlega,
- hvaða gildu ástæður eru gefnar upp, í samræmi við a-lið 1. mgr. 33. gr. þessarar reglugerðar, fyrir því að framkvæma ekki samanburð við önnur aðildarríki samkvæmt ákvörðun 2008/615/DIM,
- landsbundið skránúmer,
- dagsetningu og nákvæma tímasetningu beiðni innlendu aðgangsstöðvarinnar til evrópska fingrafaragrunnsins um samanburð,
- heiti yfirvaldsins sem bað um aðgang til samanburðar og þess einstaklings sem bar ábyrgð á að leggja fram beiðnina og vinna gögnin,
- ef við á, að flýtimeðferðinni, sem um getur í 4. mgr. 32. gr., hafi verið beitt og hvaða ákvörðun var tekin varðandi sannprófunina sem fram fór eftir á,

- g) hvaða gögn voru notuð við samanburðinn,
- h) auðkenni þess starfsmanns sem framkvæmdi leitina og þess starfsmanns sem fyrirskipaði leitina eða afhendingu gagnanna, í samræmi við reglur landsins eða reglugerð (ESB) 2016/794,
- i) eftir atvikum, tilvisun til þess að evrópska leitargáttin hafi verið notuð til að leita í evrópska fingrafaragrunninum eins og um getur í 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2019/818.
3. Aðgerðaskráning og skjalfesting skal einungis notuð til að hafa eftirlit með lögmæti gagnavinnslu og til að tryggja heilleika gagna og öryggi. Aðgerðaskrár sem innihalda persónuupplýsingar skal ekki nota við eftirlitið og matið sem um getur í 57. gr. Landsbundin eftirlitsfyrvöld, sem bera ábyrgð á því að kanna lögmæti beiðni og fylgjast með lögmæti gagnavinnslu og heilleika og öryggi gagna, skulu hafa aðgang að þessum skráningum, að eigin beiðni, í þeim tilgangi að sinna verkefnum sínum.

52. gr.

Bótaábyrgð

1. Hver einstaklingur eða aðildarríki, sem hefur beiðið eignatjón eða óefnislegt tjón af völdum ólögmætrar vinnsluáðgerðar eða annars verknaðar sem er ekki í samræmi við þessa reglugerð, skal eiga rétt á skaðabótum frá aðildarríkinu sem ber ábyrgð á tjóninu eða frá Stofnuninni um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa ef hún ber ábyrgð á tjóninu og að svo miklu leyti sem hún hefur ekki uppfyllt þær skyldur sem þessi reglugerð leggur henni sérstaklega á herðar eða ef hún hefur ekki fylgt lögmætum fyrirmælum þess aðildarríkis eða farið gegn þeim. Aðildarríkið sem ber ábyrgð eða Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa skulu undanþegin bótaábyrgð, að fullu eða að hluta, ef þau geta fært sönnur á að þau beri á engan hátt ábyrgð á atburðinum sem olli tjóninu.
2. Ef aðildarríki stendur ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt þessari reglugerð og slíkt veldur tjóni á evrópska fingrafaragrunninum skal aðildarríkið bera ábyrgð á tjóninu nema og að svo miklu leyti sem Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa eða annað aðildarríki hafi vanrækt að gera þær ráðstafanir sem sanngjarnt er að ætlast til að það hafi gert til að koma í veg fyrir tjónið eða takmarka afleiðingar þess.
3. Um bótakröfur á hendur aðildarríki vegna tjóns, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal fara samkvæmt ákvæðum landslaga þess aðildarríkis sem er varnaraðili í samræmi við 79. og 80. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 og 54. og 55. gr. tilskipunar (ESB) 2016/680. Um bótakröfur á hendur Stofnuninni um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa vegna tjóns, sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal fara samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í sáttmálanum.

XIII. KAFLI

Breytingar á reglugerðum (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/818

53. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2018/1240

- 1) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 11. gr.:
- „6a. Til að framkvæma þær sannprófanir sem um getur í k-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. 20. gr. skulu sjálfvirkar sannprófanir skv. 1. mgr. þessarar greinar gera miðlæga ETIAS-ferðaheimildakerfinu kleift að leita í evrópska fingrafaragrunninum, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1358^(*), með eftirfarandi upplýsingum sem umsækjendur hafa veitt skv. a- til d-lið 2. mgr. 17. gr. þessarar reglugerðar:
- kenninafni, eiginnafni/-nöfnum, kenninafni við fæðingu, fæðingardeg og -ári, fæðingarstað, kyni, núverandi ríkisfangi,
 - öðrum nöfnum (tökuheitum, einu eða fleiri, listamannsnafn eða -nöfnum, almennu heiti, einu eða fleiri), ef einhver eru,
 - öðrum ríkisföngum, ef einhver eru,
 - tegund, númeri, útgáfulandi ferðaskilríkja.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1358 frá 14. maí 2024 um stofnun evrópska fingrafaragrunnsins „Eurodac“ til að bera saman lífkennaupplýsingar í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1351 og (ESB) 2024/1350 og tilskipunar ráðsins 2001/55/EB og til að staðfesta deili á ríkisborgurum þriðju landa og ríkisfangslausum einstaklingum sem dvelja þar ólöglega og um beiðnir löggæslufyrivalda aðildarríkjanna og Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins um samanburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/818 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 603/2013 (Stjtið. ESB L 2024/1358, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1358/oj>).“

- 2) Eftirfarandi lið er bætt við í 1. mgr. 25. gr. a:
- „f) gögnunum sem um getur í 17., 19., 21., 22., 23., 24. og 26. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358.“
- 3) Í stað 6. mgr. 88. gr. kemur eftirfarandi:
- „6. ETIAS-ferðaheimildakerfið skal hefja starfsemi án tillits til þess hvort samvirkni við evrópska fingrafaragrunninn eða ECRIS-TCN-sakaskráakerfið hefur verið komið á.“

54. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2019/818

Reglugerð (ESB) 2019/818 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 20. liðar 4. gr. kemur eftirfarandi:

„20. „tilnefnd yfirvöld“: tilnefnd yfirvöld aðildarríkjanna í skilningi 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1358 ^(*), 26. liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2226 ^(*), 3. liðar a í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008 og 21. liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1240 ^(*),

^(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1358 frá 14. maí 2024 um stofnun evrópska fingrafaragrunnsins „Eurodac“ til að bera saman lífkennaupplýsingar í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1351 og (ESB) 2024/1350 og tilskipunar ráðsins 2001/55/EB og til að staðfesta deili á ríkisborgurum þriðju landa og ríkisfangslausum einstaklingum sem dvelja þar ólöglega og um beiðnir löggæsluvalda aðildarríkjanna og Löggæslusamvinnustofnunar Evrópu-sambandsins um samannburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/818 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 603/2013 (Stjtið. ESB L 2024/1358, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1358/oj>).

^(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/2226 frá 30. nóvember 2017 um að koma á fót komu- og brottfararkerfi til að skrá upplýsingar um komur og brottfarir og upplýsingar um sýnjanir um komu ríkisborgara þriðju landa, sem fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna, og um að ákvarða skilyrði fyrir aðgangi að komu- og brottfararkerfinu í löggæslutilgangi og um breytingu á samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og á reglugerðum (EB) nr. 767/2008 og (ESB) nr. 1077/2011 (Stjtið ESB L 327, 9.12.2017, bls. 20).

^(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1240 frá 12. september 2018 um að koma á fót evrópsku ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfi (ETIAS-ferðaheimildakerfinu) og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1077/2011, (ESB) nr. 515/2014, (ESB) 2016/399, (ESB) 2016/1624 og (ESB) 2017/2226 (Stjtið. ESB L 236, 19.9.2018, bls. 1).“

- 2) Í stað inngangsorða 1. mgr. 10. gr. kemur eftirfarandi:

„Með fyrirvara um 51. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358, 12. og 18. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862, 31. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816 og 40. gr. reglugerðar (ESB) 2016/794 skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingateknikerfa halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluáðgerðir í evrópsku leitargáttinni. Aðgerðaskrárnar skulu einkum innihalda eftirfarandi:“

- 3) Ákvæðum fyrstu undirgreinar 1. mgr. 13. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað b-liðar kemur eftirfarandi:

„b) gögnunum sem um getur í b-lið 1. mgr. og í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816.“

- b) Eftirfarandi lið er bætt við:

„c) gögnunum sem um getur í 17. gr. (a- og b-lið 1. mgr.), 19. gr. (a- og b-lið 1. mgr.), 21. gr. (a- og b-lið 1. mgr.), 22. gr. (a- og b-lið 2. mgr.), 23. gr. (a- og b-lið 2. mgr.), 24. gr. (a- og b-lið 2. mgr.) og 26. gr. (a- og b-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2024/1358.“

- 4) Í stað 14. gr. kemur eftirfarandi:

„14. gr.

Leit í lífkennaupplýsingum með sameiginlega lífkennamatunarkerfinu

Til að leita í lífkennaupplýsingum sem geymdar eru í sameiginlega auðkennasafninu og Schengen-upplýsingakerfinu skulu sameiginlega auðkennasafnið og Schengen-upplýsingakerfið notast við lífkennasniðmátin sem geymd eru í sameiginlega lífkennamatunarkerfinu. Leitarfyrirspurnir á grundvelli lífkennaupplýsinga skulu gerðar í samræmi við þann tilgang sem kveðið er á um í þessari reglugerð og í reglugerðum (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1860, (ESB) 2018/1861, (ESB) 2018/1862, (EU) 2019/816 og (ESB) 2024/1358.“

- 5) Í stað fyrsta málsliðar 1. mgr. 16. gr. kemur eftirfarandi:

„Með fyrirvara um 51. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358, 12. og 18. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862 og 31. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816 skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingateknikerfa halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluáðgerðir innan sameiginlega lífkennamatunarkerfisins.“

- 6) Í stað 1. mgr. 18. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Sameiginlega auðkennasafnið skal geyma eftirfarandi gögn, aðskilin á rökrænan hátt eftir því frá hvaða upplýsingakerfi gögnin komu:

- a) gögnin sem um getur í 17. gr. (a- til f-lið, h-lið og i-lið 1. mgr.), 19. gr. (a- til f-lið, h-lið og i-lið 1. mgr.), 21. gr. (a- til f-lið, h-lið og i-lið 1. mgr.), 22. gr. (a- til f-lið, h-lið og i-lið 2. mgr.), 23. gr. (a- til f-lið, h-lið og i-lið 2. mgr.), 24. gr. (a- til f-lið og h-lið 2. mgr. og a-lið 3. mgr.) og 26. gr. (a- til f-lið, h-lið og i-lið 2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2024/1358,

- b) gögnin sem um getur í b-lið 1. mgr. og í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816 og eftirfarandi gögn sem talin eru upp í a-lið 1. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar: kenninafn, eiginnöfn, fæðingardag og -ár, fæðingarstað (borg og land), ríkisfang eða ríkisföng, kyn, fyrri nöfn ef við á, gervinöfn eða tökuheiti þar sem það á við, sem og upplýsingar um ferðaskilríki, þar sem þær liggja fyrir.“

- 7) Í stað 1. mgr. 23. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Gögnunum sem um getur í 1., 2. og 4. mgr. 18. gr. skal eytt úr sameiginlega auðkennasafninu með sjálfvirkum hætti í samræmi við ákvæði reglugerðar (ESB) 2024/1358 og reglugerðar (ESB) 2019/816 um varðveislu gagna.“

- 8) Í stað 1. mgr. 24. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Með fyrirvara um 51. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358 og 29. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816 skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingateknikerfa halda aðgerðaskrár yfir allar gagnavinnsluáðgerðir í sameiginlega auðkennasafninu í samræmi við 2., 3. og 4 mgr. þessarar greinar.“

9) Eftirfarandi liðum er bætt við í 1. mgr. 26. gr.:

- „c) yfirvöldum sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í II. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins,
- d) yfirvöldum sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í III. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins,
- e) yfirvöldum sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í IV. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins,
- f) yfirvöldum sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í V. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins,
- g) yfirvöldum sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í VI. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins,
- h) yfirvöldum sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í VIII. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins.“

10) Ákvæðum 27. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi lið er bætt við í 1. mgr.:

„c) gagnamengi er sent til evrópska fingrafaragrunnsins í samræmi við 17., 19., 21., 22., 23., 24. eða 26. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358.“

b) Eftirfarandi lið er bætt við í 3. mgr.:

„c) kenninafns (-nafna), eiginnaframs (-nafna), nafns (nafna) við fæðingu, fyrri nafna og tökuheita, fæðingardags og -árs, fæðingarstaðar, ríkisfangs (-fanga) og kyns, eins og um getur í 17., 19., 21., 22., 23., 24. og 26. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358.“

11) Eftirfarandi liðum er bætt við í 1. mgr. 29. gr.:

- „c) yfirvöld sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í II. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins vegna samsvarana sem komu fram við sendingu slíkra gagna,
- d) yfirvöld sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í III. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins vegna samsvarana sem komu fram við sendingu slíkra gagna,
- e) yfirvöld sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í IV. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 vegna samsvarana sem komu fram við sendingu slíkra gagna,
- f) yfirvöld sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í V. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 vegna samsvarana sem komu fram við sendingu slíkra gagna,
- g) yfirvöld sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í VI. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins vegna samsvarana sem komu fram við sendingu slíkra gagna,
- h) yfirvöld sem eru til þess bær að safna gögnunum sem kveðið er á um í VIII. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1358 þegar gögn eru send til evrópska fingrafaragrunnsins vegna samsvarana sem komu fram við sendingu slíkra gagna.“

12) Í stað 2. mgr. 39. gr. kemur eftirfarandi:

„2. Stofnunin um rekstur stórra upplýsingateknikerfa skal koma miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafninu á fót, hrinda því í framkvæmd og hýsa það á tæknisvæðum sínum en safnið inniheldur þau gögn og þær tölfraeðilegu upplýsingar sem um getur í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358, 74. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862 og 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816 aðskilin á rökrænan hátt eftir upplýsingakerfi ESB. Aðgang að miðlæga skýrslu- og tölfraeðisafninu skal veita með stýrðum, öruggum aðgangi og sértækum notendalýsingum, eingöngu vegna skýrslugjafar og tölfraeðilegra upplýsinga, þeim yfirvöldum sem um getur í 12. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358, 74. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1862 og 32. gr. reglugerðar (ESB) 2019/816.“

13) Eftirfarandi undirgrein er bætt við í 3. mgr. 47. gr.:

„Upplýsa skal einstaklinga, sem upplýsingar eru skráðar um í evrópska fingrafaragrunninn, um vinnslu persónu-upplýsinga að því er þessa reglugerð varðar í samræmi við 1. mgr. þegar nýtt gagnamengi er sent í evrópska fingrafaragrunninn í samræmi við 15., 18., 20., 22., 23., 24. og 26. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358.“

14) Í stað 50. gr. kemur eftirfarandi:

„50. gr.

Persónuupplýsingar sendar þriðju löndum, alþjóðastofnunum og einkaaðilum

Með fyrirvara um 31. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2008, 25. og 26. gr. reglugerðar (ESB) 2016/794, 41. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2226, 65. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2018/1240, 49. og 50. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358 og leitarfyrirspurnir í gagnagrunnum Interpol í gegnum evrópsku leitargáttina í samræmi við 5. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar sem uppfylla ákvæði V. kafla reglugerðar (ESB) 2018/1725 og V. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679, skal persónu-

upplýsingum, sem eru geymdar eru í eða unnar af samvirknieiningunum eða sem þær hafa aðgang að, ekki miðlað til eða þær gerðar aðgengilegar neinu þriðja landi, alþjóðastofnun eða einkaaðila.“

XIV. KAFLI

Lokaákvæði

55. gr.

Kostnaður

1. Kostnaður í tengslum við stofnun og rekstur evrópska fingrafaragrunnsins og fjarskiptavirkisins skal greiddur af fjárlögum Sambandsins.
2. Kostnaður vegna innlendu aðgangsstöðvanna og aðgangsstöðvar Löggæslusamvinnustofnunar og kostnaður vegna tengingar þeirra við evrópska fingrafaragrunninn skal greiddur af hverju aðildarríki og Löggæslusamvinnustofnuninni, eftir því sem við á.
3. Hvert aðildarríki og Löggæslusamvinnustofnunin skulu koma upp og viðhalda, á eigin kostnað, tæknilegum grunnvirkjum sem nauðsynleg eru til framkvæmdar þessari reglugerð og skulu bera ábyrgð á kostnaði við beiðnir um samiburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi.

56. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
3. Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og skal þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 gilda.

57. gr.

Skýrslur, eftirlit og mat

1. Stofnunin um rekstur stórra upplýsingateknikerfa skal leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið, framkvæmdastjórnina og Evrópsku persónuverndarstofnunina ársskýrslu um starfsemi evrópska fingrafaragrunnsins þ.m.t. um tæknilega virkni og öryggi kerfisins. Í ársskýrslunni skulu vera upplýsingar um stjórnun og frammistöðu evrópska fingrafaragrunnsins miðað við fyrirfram-skilgreinda meginlega vísa fyrir þau markmið sem lúta að afköstum, kostnaðarhagkvæmni og gæðum þjónustunnar.
2. Stofnunin um rekstur stórra upplýsingateknikerfa skal sjá til þess að verklagsreglur séu fyrir hendi til að hafa eftirlit með starfsemi evrópska fingrafaragrunnsins með tilliti til markmiðanna sem um getur í 1. mgr.
3. Vegna tæknilegs viðhalds, skýrslugjafar og tölfraðilegra upplýsinga skal Stofnunin um rekstur stórra upplýsingateknikerfa hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um vinnsluáðgerðir sem fram fara í evrópska fingrafaragrunninum.
4. Stofnunin um rekstur stórra upplýsingateknikerfa skal, eigi síðar en 12. júní 2027, gera rannsókn á því hvort það sé framkvæmanlegt í tæknilegu tilliti að bæta andlitsgreiningarhugbúnaði við evrópska fingrafaragrunninn í því skyni að bera saman andlitsmyndir, þ.m.t. af ólöggráða börnum. Í rannsókninni skal meta áreiðanleika og nákvæmni niðurstaðna sem fást úr andlitsgreiningarhugbúnaði að því er varðar evrópska fingrafaragrunninn og veita nauðsynlegar ráðleggingar áður en andlitsgreiningartæknin er tekin upp í evrópska fingrafaragrunninn.
5. Eigi síðar en 12. júní 2029 og á fjögurra ára fresti þaðan í frá skal framkvæmdastjórnin leggja fram heildarmat á evrópska fingrafaragrunninum með athugun á þeim árangri sem náðst hefur með hliðsjón af markmiðum og áhrifum á grundvallarréttindi, einkum persónuvernd og friðhelgi einkalífs, þ.m.t. hvort aðgangur í löggæslutilgangi hafi leitt til óbeinnar mismununar gegn fólki sem þessi reglugerð tekur til, og mati á því hvort þær meginreglur sem lagðar eru til grundvallar eigi áfram við, þ.m.t. notkun andlitsgreiningarhugbúnaðar, og áhrifum á starfseminu í framtíðinni, og leggja fram nauðsynleg tilmæli. Matið skal einnig fela í sér mat á samlegðaráhrifum milli þessarar reglugerðar og reglugerðar (ESB) 2018/1862. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu matið.
6. Aðildarríkin skulu láta Stofnuninni um rekstur stórra upplýsingateknikerfa og framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar upplýsingar til að semja ársskýrsluna sem um getur í 1. mgr.
7. Stofnunin um rekstur stórra upplýsingateknikerfa, aðildarríkin og Löggæslusamvinnustofnunin skulu láta framkvæmdastjórninni í té nauðsynlegar upplýsingar til að semja heildarmatið sem kveðið er á um í 5. mgr. Þessar upplýsingar skulu hvorki stofna vinnuáðferðum í hættu né innihalda upplýsingar sem ljóstra upp um heimildarmenn, starfsfólk eða rannsóknir tilnefndra yfirvalda.
8. Sérhvert aðildarríki og Löggæslusamvinnustofnunin skulu, með hliðsjón af ákvæðum landslaga um birtingu viðkvæmra upplýsinga, taka saman skýrslur á tveggja ára fresti um skilvirkni þess að bera lífkennaupplýsingar saman við gögn í evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi, sem innihalda upplýsingar og tölulegar upplýsingar um:
 - a) hver tilgangurinn með samiburðinum er nákvæmlega, þ.m.t. tegund hryðjuverks eða annars alvarlegs refsiverðs verksnaðar,
 - b) ástæður sem gefnar eru fyrir rökstuddum grun,
 - c) hvaða gildu ástæður eru gefnar upp í samræmi við a-lið 1. mgr. 33. gr. þessarar reglugerðar fyrir því að framkvæma ekki samiburð við önnur aðildarríki samkvæmt ákvörðun 2008/615/DIM,
 - d) fjölda beiðna um samiburð,

- e) fjölda og tegund mála sem hafa endað með því að farsælega hefur tekist að staðfesta deili á viðkomandi einstaklingi og
- f) þörfina á og beitingu flýtimeðferðar í undantekningartilvikum, að meðtöldum þeim tilvikum þar sem ekki var samþykkt að um brýnt tilvik væri að ræða í sannprófuninni sem sannprófunaryfirvald framkvæmdi eftir á.

Skýrslur aðildarríkjanna og Löggæslusamvinnustofnunarinnar sem um getur í fyrstu undirgrein skulu sendar framkvæmdastjórninni eigi síðar en 30. júní næsta árs á eftir.

9. Á grundvelli skýrslna aðildarríkjanna og Löggæslusamvinnustofnunarinnar, sem um getur í 8. mgr., og til viðbótar við heildarmatið, sem kveðið er á um í 5. mgr., skal framkvæmdastjórnin taka saman skýrslu á tveggja ára fresti um aðgang að evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi og senda hana til Evrópuþingsins, ráðsins og Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar.

58. gr.

Mat

1. Eigi síðar en 12. júní 2028 skal framkvæmdastjórnin meta virkni og rekstrarskilvirkni sérhvers upplýsingatæknikerfis sem notað er til að skiptast á gögnum um einstaklinga sem njóta tímabundinnar verndar vegna samvinnu á sviði stjórnsýslu sem um getur í 27. gr. tilskipunar 2001/55/EB.
2. Framkvæmdastjórnin skal einnig meta áætluð áhrif af beitingu 26. gr. þessarar reglugerðar ef til þess kemur að tilskipun 2001/55/EB verði virkjuð, að teknu tilliti til:
 - a) eðlis þeirra gagna sem unnin eru,
 - b) áætlaðra áhrifa þess að veita tilnefndum yfirvöldum, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 9. gr., aðgang að gögnum sem talin eru upp í 2. mgr. 26. gr. og
 - c) verndarráðstafananna sem kveðið er á um í þessari reglugerð.
3. Með hliðsjón af niðurstöðu matsins sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögu að nýrri löggjöf um breytingu á 26. gr. eða niðurfellingu hennar, eftir því sem við á.

59. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hvers konar vinnsla upplýsinga, sem skráðar eru í evrópska fingrafaragrunninum í andstöðu við tilgang hans, sem mælt er fyrir um í 1. gr., varði viðurlögum, þ.m.t. stjórnsýslu- og refsiviðurlögum, eða hvoru tveggja, í samræmi við landslög, sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif.

60. gr.

Gildissvæði

Ákvæði þessarar reglugerðar taka ekki til yfirráðasvæða þar sem reglugerð (ESB) 2024/1351 gildir ekki, að undanskildum ákvæðunum sem varða gögn sem safnað er til að stuðla að beitingu reglugerðar (ESB) 2024/1350 samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í þessari reglugerð.

61. gr.

Tilkynning um tilnefnd yfirvöld og sannprófunaryfirvöld

1. Eigi síðar en 12. september 2024 skal hvert aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um tilnefnd yfirvöld sín, starfs-einingarnar sem um getur í 3. mgr. 5. gr. og sannprófunaryfirvald sitt og jafnframt tilkynna tafarlaust um það ef einhverjar breytingar verða þar á.
2. Eigi síðar en 12. september 2024 skal Löggæslusamvinnustofnunin tilkynna framkvæmdastjórninni um tilnefnt yfirvald sitt og sannprófunaryfirvald sitt og jafnframt tilkynna tafarlaust um það ef einhverjar breytingar verða þar á.
3. Framkvæmdastjórnin skal birta upplýsingarnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins árlega og með rafrænni birtingu á netinu sem er uppfærð tafarlaust.

62. gr.

Niðurfelling

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 603/2013 ⁽³⁸⁾ er felld úr gildi frá og með 12. júní 2026.

Líta skal á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunar-töflunni í II. viðauka.

63. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.
 2. Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 12. júní 2026.
- Ákvæði 26. gr. koma hins vegar til framkvæmda frá og með 12. júní 2029.
3. Þessi reglugerð gildir ekki um einstaklinga sem njóta tímabundinnar verndar samkvæmt framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/382 og annarrar sambærilegrar innlendar verndar samkvæmt henni, síðari breytingar á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2022/382 og hvers konar framlengingar á þeirri tímabundnu vernd.

4. Aðildarríkin og Stofnunin um rekstur stórra upplýsingatækniherfa skulu komast að samkomulagi um stýrskjalið fyrir skilflöt eigi síðar en 12. desember 2024.

5. Samanburður á andlitsmyndum með notkun andlitsgreiningarhugbúnaðar, eins og fram kemur í 27. og 28. gr. þessarar reglugerðar, skal koma til framkvæmda frá og með þeim degi þegar andlitsgreiningartæknin hefur verið innleidd í evrópska fingrafaragrunninn. Innleiða skal andlitsgreiningarhugbúnað í evrópska fingrafaragrunninn innan árs frá því að rannsókninni um innleiðingu andlitsgreiningarhugbúnaðar, sem um getur í 4. mgr. 57. gr., lýkur. Fram að þeim degi skal geyma andlitsmynd í evrópska fingrafaragrunninum, sem hluta af gagnamengjum skráðs einstaklings, og senda hana til aðildarríkis í kjölfar samanburðar á fingraförum ef jákvæð niðurstaða fæst.

6. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Stofnuninni um rekstur stórra upplýsingatækniherfa um leið og þau hafa gert tæknilegar ráðstafanir til að senda gögn til evrópska fingrafaragrunnsins og eigi síðar en 12. júní 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

Gjört í Brussel 14. maí 2024.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

forseti.

R. METSOLA

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

H. LAHBIB

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 34, 2.2.2017, bls. 144 og Stjtið. ESB C 155, 30.4.2021, bls. 64.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 185, 9.6.2017, bls. 91 og Stjtið. ESB C 175, 7.5.2021, bls. 32.

⁽³⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 10. apríl 2024 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. maí 2024.

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1351 frá 14. maí 2024 um stjórnun verndarmála og fólksflutninga, um breytingu á reglugerðum (ESB) 2021/1147 og (ESB) 2021/1060 og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 604/2013 (Stjtið. ESB L, 2024/1351, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1351/oj>).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1350 frá 14. maí 2024 um koma á ramma Sambandsins um endurbúsetu og viðtöku af mannúðarástæðum og um breytingu á reglugerð (ESB) 2021/1147 (Stjtið. ESB L, 2024/1350, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1350/oj>).

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1348 frá 14. maí 2024 um að taka upp sameiginlega málsmeðferð um alþjóðlega vernd í Sambandinu og um niðurfellingu á tilskipun 2013/32/ESB (Stjtið. ESB L, 2024/1348, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1348/oj>).

⁽⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1347 frá 14. maí 2024 um kröfur, sem ríkisborgarar þriðju landa eða ríkisfangslausir einstaklingar þurfa að uppfylla til að njóta alþjóðlegrar verndar, um samræmda réttarstöðu flóttamanna eða fólks sem á rétt á viðbótarvernd og um efni þeirrar verndar sem veitt er, og um breytingu á tilskipun ráðsins 2003/109/EB og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/95/ESB (Stjtið. ESB L, 2024/1347, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1347/oj>).

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1346 frá 14. maí 2024 um kröfur varðandi móttöku umsækjenda um alþjóðlega vernd (Stjtið. ESB L, 2024/1346, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2024/1346/oj>).

⁽⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/541 frá 15. mars 2017 um baráttu gegn hryðjuverkum og að skipta út rammaákvörðun ráðsins 2002/475/DIM og breyta ákvörðun ráðsins 2005/671/DIM (Stjtið. ESB L 88, 31.3.2017, bls. 6).

⁽¹⁰⁾ Rammaákvörðun ráðsins 2002/584/DIM frá 13. júní 2002 um evrópsku handtökuskipunina og málsmeðferð við afhendingu milli aðildarríkjanna (Stjtið. EB L 190, 18.7.2002, bls. 1).

⁽¹¹⁾ Tilskipun ráðsins 2001/55/EB frá 20. júlí 2001 um lágmarkskröfur til að veita tímabundna vernd ef til stórfellds innstreymis fólks, sem hefur neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga, kemur og um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi milli viðleitni aðildarríkjanna til að veita slíkum einstaklingum viðtöku og afleiðinga þess (Stjtið. EB L 212, 7.8.2001, bls. 12).

⁽¹²⁾ Framkvæmdarákvörðun ráðsins (ESB) 2022/382 frá 4. mars 2022 um staðfestingu á stórfelldu innstreymi fólks, sem hefur neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga, frá Úkraínu í skilningi 5. gr. tilskipunar 2001/55/EB, og sem hefur þau áhrif að koma á tímabundinni vernd (Stjtið. ESB L 71, 4.3.2022, bls. 1).

⁽¹³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

⁽¹⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1726 frá 14. nóvember 2018 um Stofnun Evrópusambandsins um rekstur stórra upplýsingatækniherfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis (eu-LISA) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1987/2006 og ákvörðun ráðsins 2007/533/DIM og niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 1077/2011 (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 99).

⁽¹⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/817 frá 20. maí 2019 um að koma á umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði landamæra og vegabréfsáritana og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2016/399, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240, (ESB) 2018/1726 og (ESB) 2018/1861 og ákvörðunum ráðsins 2004/512/EB og 2008/633/DIM (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 27).

⁽¹⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/818 frá 20. maí 2019 um að koma á umgjörð samvirkni milli upplýsingakerfa ESB á sviði lögreglu- og dómsmálasamstarfs, verndarmála og fólksflutninga og um breytingu á reglugerðum (ESB) 2018/1726, (ESB) 2018/1862 og (ESB) 2019/816 (Stjtið. ESB L 135, 22.5.2019, bls. 85).

⁽¹⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1240 frá 12. september 2018 um að koma á fót evrópsku ferðaupplýsinga- og ferðaheimildakerfi (ETIAS-ferðaheimildakerfinu) og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1077/2011, (ESB) nr. 515/2014, (ESB) 2016/399, (ESB) 2016/1624 og (ESB) 2017/2226 (Stjtið. ESB L 236, 19.9.2018, bls. 1).

⁽¹⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008 frá 9. júlí 2008 um upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir (VIS) og skipti á gögnum milli aðildarríkjanna um vegabréfsáritanir til stuttrar dvalar (VIS-reglugerð) (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 60).

⁽¹⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2017/2226 frá 30. nóvember 2017 um að koma á fót komu- og brottfararkerfi til að skrá upplýsingar um komur og brottfarir og upplýsingar um synjanir um komu ríkisborgara þriðju landa, sem fara yfir ytri landamæri aðildarríkjanna,

og um að ákvarða skilyrði fyrir aðgangi að komu- og brottfararkerfinu í löggæslutilgangi og um breytingu á samningnum um framkvæmd Schengen-samkomulagsins og á reglugerðum (EB) nr. 767/2008 og (ESB) nr. 1077/2011 (Stjtið ESB L 327, 9.12.2017, bls. 20).

⁽²⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

⁽²¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/115/EB frá 16. desember 2008 um sameiginlega staðla og málsmeðferð í aðildarríkjunum varðandi endursendingu ríkisborgara þriðju landa sem dvelja þar ólöglega (Stjtið. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 98).

⁽²²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1896 frá 13. nóvember 2019 um Evrópsku landamæra- og strandgæsluna og um niðurfellingu á reglugerðum (ESB) nr. 1052/2013 og (ESB) 2016/1624 (Stjtið. ESB L 295, 14.11.2019, bls. 1).

⁽²³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2303 frá 15. desember 2021 um Verndarstofnun Evrópusambandsins og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 439/2010 (Stjtið. ESB L 468, 30.12.2021, bls. 1).

⁽²⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/794 frá 11. maí 2016 um Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Löggæslusamvinnustofnunina (Europol)) sem kemur í stað og fellir úr gildi ákvarðanir ráðsins 2009/371/DIM, 2009/934/DIM, 2009/935/DIM, 2009/936/DIM og 2009/968/DIM (Stjtið. ESB L 135, 24.5.2016, bls. 53).

⁽²⁵⁾ Dómur Dómstólsins frá 8. apríl 2014, *Digital Rights Ireland Ltd* gegn *Minister for Communications, Marine and Natural Resources o.fl.* og *Kärntner Landesregierung o.fl.*, sameinuð mál C-293/12 og C-594/12, ECLI:EU:C:2014:238; Dómur Dómstólsins frá 21. desember 2016 *Tele2 Sverige AB* gegn *Post- och telestyrelsen* og *Secretary of State for the Home Department* gegn *Tom Watson o.fl.*, sameinuð mál C-203/15 og C-698/15, ECLI:EU:C:2016:970.

⁽²⁶⁾ Samningur um það hvaða ríki beri ábyrgð á meðferð beiðna um vernd sem lagðar eru fram í einu aðildarríkja Evrópubandalaganna — Dyflinnarsamningurinn (Stjtið. EB C 254, 19.8.1997, bls. 1).

⁽²⁷⁾ Samningur um framkvæmd Schengen-samkomulagsins frá 14. júní 1985 milli ríkisstjórna ríkja Benelúx-efnahagssambandsins, Lýðveldisins Þýskalands og Lýðveldisins Frakklands um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum (Stjtið. EB L 239, 22.9.2000, bls. 19).

⁽²⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1862 frá 28. nóvember 2018 um stofnsetningu, rekstur og notkun Schengen-kerfisins (SIS) á sviði lögreglusamvinnu og dómsmálasamstarfs í sakamálum, um breytingu og niðurfellingu ákvörðunar ráðsins 2007/533/DIM og um niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1986/2006 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/261/ESB (Stjtið. ESB L 312, 7.12.2018, bls. 56).

⁽²⁹⁾ Ákvörðun ráðsins 2008/615/DIM frá 23. júní 2008 um eflingu samstarfs yfir landamæri, einkum í baráttunni gegn hryðjuverkum og afbrotastarfsemi yfir landamæri (Stjtið. ESB L 210, 6.8.2008, bls. 1).

⁽³⁰⁾ Ákvörðun ráðsins 2008/633/DIM frá 23. júní 2008 um upplættaðgang tilnefndra yfirvalda aðildarríkjanna og Evrópulögreglunnar að upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir (VIS) í heim tilgangi að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka hryðjuverk og aðra alvarlega, refsiverða verkanði (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 129).

⁽³¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/680 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga að því er varðar vinnslu lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum í tengslum við að koma í veg fyrir, rannsaka, koma upp um eða saksækja fyrir refsiverð brot eða fullnægja viðurlögum og frjálsta miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu rammaákvörðunar ráðsins 2008/977/DIM (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 89).

⁽³²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsta miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39).

⁽³³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/38/EB frá 29. apríl 2004 um rétt borgara Sambandsins og aðstandenda þeirra til frjálstrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1612/68 og niðurfellingu tilskipana 64/221/EBE, 68/360/EBE, 72/194/EBE, 73/148/EBE, 75/34/EBE, 75/35/EBE, 90/364/EBE, 90/365/EBE og 93/96/EBE (Stjtið. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 77).

⁽³⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/399 frá 9. mars 2016 um setningu Sambandsreglna um för fólks yfir landamæri (Schengen-landamæraegluglurnar) (Stjtið. ESB L 77, 23.3.2016, bls. 1).

⁽³⁵⁾ Reglugerð ráðsins (EBE, KBE, KSE) nr. 259/68 frá 29. febrúar 1968 um starfsmannareglur embættismanna og reglur um ráðningarkjör annarra starfsmanna Evrópubandalaganna og sérstakar ráðstafanir sem eiga tímabundið við um embættismenn framkvæmdastjórnarinnar (Stjtið. EB L 56, 4.3.1968, bls. 1).

⁽³⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 810/2009 frá 13. júlí 2009 um Bandalagsreglur um vegabréfsáritanir (regluglurnar) (Stjtið. ESB L 243, 15.9.2009, bls. 1).

⁽³⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1356 frá 14. maí 2024 um innleiðingu skimunar ríkisborgara þriðju landa á ytri landamærunum og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/817 (Stjtið. ESB L, 2024/1356, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1356/oj>).

⁽³⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 603/2013 frá 26. júní 2013 um stofnun evrópska fingrafaragrunnsins „Eurodac“ til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu reglugerðar (ESB) nr. 604/2013 um að koma á viðmiðunum og fyrirkomulagi við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd sem ríkisborgari þriðja lands eða ríkisfangslaus einstaklingur leggur fram í einu aðildarríkjanna og um beiðnir löggæsluyfirvalda aðildarríkjanna og Evrópulögreglunnar um samanburð á gögnum í evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1077/2011 um að koma á fót Evrópustofnun um rekstur stórra upplýsingatæknikerfa á svæði frelsis, öryggis og réttlætis (Stjtið. ESB L 180, 29.6.2013, bls. 1).

I. VIDAUKI

Samanburðartafla sem um getur í 8. gr.

Upplýsingar sem gefnar eru upp skv. 2. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1240 og skráðar og geymdar í miðlæga ETIAS-ferðaheimildakerfinu	Samsvarandi upplýsingar í evrópska fingrafaragrunninum samkvæmt 17., 19., 21., 22., 23., 24. og 26. gr. þessarar reglugerðar sem gögn ETIAS-ferðaheimildakerfisins skulu borin saman við
kenninafn	kenninafn (-nöfn)
kenninafn við fæðingu	nafn (nöfn) við fæðingu
eiginnafn/-nöfn	eiginnafn (-nöfn)
önnur nöfn (tökuheiti, eitt eða fleiri, listamannsnafn eða -nöfn, almenn heiti, eitt eða fleiri)	fyrri nöfn og tökuheiti

fæðingardagur og -ár	fæðingardagur og -ár
fæðingarstaður	fæðingarstaður
kyn	kyn
núverandi ríkisfang	ríkisfang/-föng
önnur ríkisföng (ef einhver eru)	ríkisfang/-föng
tegund ferðaskilríkja	tegund ferðaskilríkja
númer ferðaskilríkja	númer ferðaskilríkja
útgáfuland ferðaskilríkja	þriggja stafa kóði útgáfulands

II. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð (ESB) nr. 603/2013	Þessi reglugerð
1. mgr. 1. gr.	a- og c-liður 1. mgr. 1. gr.
—	b- og d-liður 1. mgr. 1. gr.
2. mgr. 1. gr.	e-liður 1. mgr. 1. gr.
—	f- til j-liður 1. mgr. 1. gr.
3. mgr. 1. gr.	2. mgr. 1. gr.
inngangsorð 1. mgr. 2. gr.	inngangsorð 1. mgr. 2. gr.
a- og b-liður 1. mgr. 2. gr.	a- og e-liður 1. mgr. 2. gr.
—	b-, c- og d-liður 1. mgr. 2. gr.
—	f- og g-liður 1. mgr. 2. gr.
c-liður 1. mgr. 2. gr.	h-liður 1. mgr. 2. gr.
—	i-liður 1. mgr. 2. gr.
d-liður 1. mgr. 2. gr.	j-liður 1. mgr. 2. gr.
e-liður 1. mgr. 2. gr.	k-liður 1. mgr. 2. gr.
—	l-liður 1. mgr. 2. gr.
f-liður 1. mgr. 2. gr.	—
g-liður 1. mgr. 2. gr.	—
h-liður 1. mgr. 2. gr.	m-liður 1. mgr. 2. gr.
i-liður 1. mgr. 2. gr.	n-liður 1. mgr. 2. gr.
j-liður 1. mgr. 2. gr.	o-liður 1. mgr. 2. gr.
k-liður 1. mgr. 2. gr.	p-liður 1. mgr. 2. gr.
l-liður 1. mgr. 2. gr.	q-liður 1. mgr. 2. gr.
—	r- til z-liður 1. mgr. 2. gr.
2., 3. og 4. mgr. 2. gr.	2., 3. og 4. mgr. 2. gr.
inngangsorð og a- og b-liður 1. mgr. 3. gr.	inngangsorð og a- og b-liður 1. mgr. 3. gr.
—	c- og d-liður 1. mgr. 3. gr.
—	2. mgr. 3. gr.
—	3. mgr. 3. gr.
2. mgr. 3. gr.	4. mgr. 3. gr.
3. mgr. 3. gr.	5. mgr. 3. gr.
—	6. mgr. 3. gr.
4. mgr. 3. gr.	7. mgr. 3. gr.
5. mgr. 3. gr.	6. mgr. 13. gr.
1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 4. gr.

2. mgr. 4. gr.	3. mgr. 4. gr.
3. mgr. 4. gr.	4. mgr. 4. gr.
—	2. mgr. 4. gr.
4. mgr. 4. gr.	5. mgr. 4. gr.
5. gr.	5. gr.
6. gr.	6. gr.
7. gr.	7. gr.
—	8. gr.
—	9. gr.
—	10. gr.
—	11. gr.
inngangsorð 1. mgr. 8. gr.	inngangsorð 1. mgr. 12. gr.
—	a- til h-liður 1. mgr. 12. gr.
a-liður 1. mgr. 8. gr.	i-liður 1. mgr. 12. gr.
—	j-liður 1. mgr. 12. gr.
b-liður 1. mgr. 8. gr.	i. liður k-liðar 1. mgr. 12. gr.
—	l-liður 1. mgr. 12. gr.
c-liður 1. mgr. 8. gr.	i. liður m-liðar 1. mgr. 12. gr.
d-liður 1. mgr. 8. gr.	i. liður n-liðar 1. mgr. 12. gr.
—	o- og p-liður 1. mgr. 12. gr.
e-liður 1. mgr. 8. gr.	q-liður 1. mgr. 12. gr.
f-liður 1. mgr. 8. gr.	r-liður 1. mgr. 12. gr.
g-liður 1. mgr. 8. gr.	s-liður 1. mgr. 12. gr.
h-liður 1. mgr. 8. gr.	t-liður 1. mgr. 12. gr.
i-liður 1. mgr. 8. gr.	—
—	u-liður 1. mgr. 12. gr.
—	v- og w-liður 1. mgr. 12. gr.
2. mgr. 8. gr.	2. mgr. 12. gr.
—	3.–6. mgr. 12. gr.
—	13. gr.
—	14. gr.
1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 15. gr.
2. mgr. 9. gr.	2. mgr. 15. gr.
3. mgr. 9. gr.	—
4. mgr. 9. gr.	—
5. mgr. 9. gr.	—
—	3. mgr. 15. gr.
—	1. mgr. 16. gr.
inngangsorð og a- til d-liður 10. gr.	inngangsorð og a- til d-liður 2. mgr. 16. gr.
e-liður 10. gr.	3. mgr. 16. gr.
—	2. og 4. mgr. 16. gr.
inngangsorð 11. gr.	inngangsorð 1. mgr. 17. gr. og inngangsorð 2. mgr. 17. gr.
a-liður 11. gr.	a-liður 1. mgr. 17. gr.
b-liður 11. gr.	g-liður 1. mgr. 17. gr.
c-liður 11. gr.	h-liður 1. mgr. 17. gr.
d-liður 11. gr.	k-liður 1. mgr. 17. gr.

e-liður 11. gr.	l-liður 1. mgr. 17. gr.
f-liður 11. gr.	m-liður 1. mgr. 17. gr.
g-liður 11. gr.	n-liður 1. mgr. 17. gr.
—	b- til f-liður, i- og j- liður 1. mgr. 17. gr.
h-liður 11. gr.	c- og d-liður 2. mgr. 17. gr.
i-liður 11. gr.	e-liður 2. mgr. 17. gr.
j-liður 11. gr.	f-liður 2. mgr. 17. gr.
k-liður 11. gr.	a-liður 2. mgr. 17. gr.
—	b-liður og g- til l-liður 2. mgr. 17. gr.
—	3. og 4. mgr. 17. gr.
12. gr.	—
13. gr.	—
—	18. gr.
—	19. gr.
—	20. gr.
—	21. gr.
1. mgr. 14. gr.	1. mgr. 22. gr.
inngangsorð 2. mgr. 14. gr.	inngangsorð 2. mgr. 22. gr.
a-liður 2. mgr. 14. gr.	a-liður 2. mgr. 22. gr.
b-liður 2. mgr. 14. gr.	g-liður 2. mgr. 22. gr.
c-liður 2. mgr. 14. gr.	h-liður 2. mgr. 22. gr.
d-liður 2. mgr. 14. gr.	k-liður 2. mgr. 22. gr.
e-liður 2. mgr. 14. gr.	l-liður 2. mgr. 22. gr.
f-liður 2. mgr. 14. gr.	m-liður 2. mgr. 22. gr.
g-liður 2. mgr. 14. gr.	n-liður 2. mgr. 22. gr.
—	b- til f-liður, i- og j- liður 2. mgr. 22. gr.
—	3. mgr. 22. gr.
3. mgr. 14. gr.	4. mgr. 22. gr.
4. mgr. 14. gr.	5. mgr. 22. gr.
5. mgr. 14. gr.	6. mgr. 22. gr.
—	7.–10. mgr. 22. gr.
15. gr.	—
16. gr.	—
17. gr.	—
—	23. gr.
—	24. gr.
—	25. gr.
—	26. gr.
—	27. gr.
—	28. gr.
—	29. gr.
—	30. gr.
1. mgr. 18. gr.	1. mgr. 31. gr.
2. mgr. 18. gr.	2. mgr. 31. gr.
3. mgr. 18. gr.	3. mgr. 31. gr.
—	4., 5. og 6. mgr. 31. gr.

1. mgr. 19. gr.	1. mgr. 32. gr.
2. mgr. 19. gr.	2. mgr. 32. gr.
—	3. mgr. 32. gr.
3. mgr. 19. gr.	4. mgr. 32. gr.
4. mgr. 19. gr.	5. mgr. 32. gr.
inngangsorð 1. mgr. 20. gr.	inngangsorð og a-liður fyrstu undirgreinar og önnur undirgrein 1. mgr. 33. gr.
a-, b- og c-liður 1. mgr. 20. gr.	a-, b- og c-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr. 33. gr.
—	2. mgr. 33. gr.
2. mgr. 20. gr.	3. mgr. 33. gr.
inngangsorð 1. mgr. 21. gr.	inngangsorð og a-liður 1. mgr. 34. gr.
a-, b- og c-liður 1. mgr. 21. gr.	b-, c- og d-liður 1. mgr. 34. gr.
—	2. mgr. 34. gr.
2. mgr. 21. gr.	3. mgr. 34. gr.
3. mgr. 21. gr.	4. mgr. 34. gr.
1. mgr. 22. gr.	1. mgr. 35. gr.
2. mgr. 22. gr.	2. mgr. 35. gr.
inngangsorð 1. mgr. 23. gr.	inngangsorð 1. mgr. 36. gr.
a- og b-liður 1. mgr. 23. gr.	a-liður 1. mgr. 36. gr.
c-, d- og e-liður 1. mgr. 23. gr.	b-, c- og d-liður 1. mgr. 36. gr.
2. mgr. 23. gr.	2. mgr. 36. gr.
3. mgr. 23. gr.	3. mgr. 36. gr.
a-, b- og c-liður 4. mgr. 23. gr.	a-, b- og c-liður 4. mgr. 36. gr.
24. gr.	37. gr.
1.–5. mgr. 25. gr.	1.–4. mgr. og 6. mgr. 38. gr.
—	5. mgr. 38. gr.
26. gr.	39. gr.
1.–5. mgr. 27. gr.	1., 2., 3., 5. og 6. mgr. 40. gr.
—	4. mgr. 40. gr.
1., 2. og 3. mgr. 28. gr.	1., 4. og 5. mgr. 41. gr.
—	2. og 3. mgr. 41. gr.
inngangsorð og a- til e-liður 1. mgr. 29. gr.	a-, b-, d-, e- og g-liður 1. mgr. 42. gr.
—	c-, f- og h-liður 1. mgr. 42. gr.
2. mgr. 29. gr.	2. mgr. 42. gr.
3. mgr. 29. gr.	3. mgr. 42. gr.
4.–15. mgr. 29. gr.	—
—	1. mgr. 43. gr.
—	2. mgr. 43. gr.
—	3. mgr. 43. gr.
—	4. mgr. 43. gr.
—	5. mgr. 43. gr.
—	6. mgr. 43. gr.
—	7. mgr. 43. gr.
—	8. mgr. 43. gr.
30. gr.	44. gr.
31. gr.	45. gr.

32. gr.	46. gr.
1. mgr. 33. gr.	—
2. mgr. 33. gr.	1. mgr. 47. gr.
3. mgr. 33. gr.	2. mgr. 47. gr.
4. mgr. 33. gr.	3. mgr. 47. gr.
5. mgr. 33. gr.	4. mgr. 47. gr.
1. mgr. 34. gr.	1. mgr. 48. gr.
inngangsorð og a- til k-liður 2. mgr. 34. gr.	inngangsorð og a- til d-liður, f- til k-liður og n-liður 2. mgr. 48. gr.
—	e-, l- og m-liður 2. mgr. 48. gr.
3. mgr. 34. gr.	3. mgr. 48. gr.
4. mgr. 34. gr.	4. mgr. 48. gr.
—	5. mgr. 48. gr.
1. mgr. 35. gr.	1. mgr. 49. gr.
2. mgr. 35. gr.	2. mgr. 49. gr.
—	3. mgr. 49. gr.
—	4. mgr. 49. gr.
3. mgr. 35. gr.	5. mgr. 49. gr.
—	50. gr.
1. mgr. 36. gr.	1. mgr. 51. gr.
inngangsorð og a- til h-liður 2. mgr. 36. gr.	inngangsorð og a- til h-liður 2. mgr. 51. gr.
—	i-liður 2. mgr. 51. gr.
3. mgr. 36. gr.	3. mgr. 51. gr.
37. gr.	52. gr.
38. gr.	—
—	53. gr.
—	54. gr.
39. gr.	55. gr.
—	56. gr.
1. mgr. 40. gr.	1. mgr. 57. gr.
2. mgr. 40. gr.	2. mgr. 57. gr.
3. mgr. 40. gr.	3. mgr. 57. gr.
—	4. mgr. 57. gr.
4. mgr. 40. gr.	5. mgr. 57. gr.
5. mgr. 40. gr.	6. mgr. 57. gr.
6. mgr. 40. gr.	7. mgr. 57. gr.
7. mgr. 40. gr.	8. mgr. 57. gr.
8. mgr. 40. gr.	9. mgr. 57. gr.
—	58. gr.
41. gr.	59. gr.
42. gr.	60. gr.
43. gr.	61. gr.
44. gr.	—
45. gr.	62. gr.
46. gr.	63. gr.
I. viðauki	—

II. viðauki	—
III. viðauki	—
—	I. viðauki
—	II. viðauki

Fylgiskjal 3.**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2024/1359**

frá 14. maí 2024

um að taka á neyðarástandi og óviðráðanlegum atvikum á sviði fólksflutninga og verndarmála og um breytingu á reglugerð (ESB) 2021/1147

EVROÞUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS Hafa,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum d- og e-lið 2. mgr. 78. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Sambandið, sem myndar svæði frelsis, öryggis og réttlætis, ætti að tryggja að ekki sé haft eftirlit með einstaklingum á innri landamærum, setja ramma um sameiginlega stefnu um verndarmál og fólksflutninga, eftirlit á ytri landamærum og endursendingar og koma í veg fyrir óheimilar ferðir milli aðildarríkja, sem byggist á samstöðu og sanngjarnri skiptingu ábyrgðar milli aðildarríkjanna sem er einnig sanngjörn gagnvart ríkisborgurum þriðju landa og ríkisfangslausum einstaklingum og í fullu samræmi við grundvallarréttindi.
- 2) Þörf er á heildstæðri nálgun með það að markmiði að efla gagnkvæmt traust milli aðildarríkja, sem gera sér grein fyrir að skilvirkni heildarnálgunarinnar veltur á því að tekið sé á öllum þáttum sameiginlega og þeir framkvæmdir með samþættingu hætti.
- 3) Sambandið og aðildarríki þess gætu staðið frammi fyrir áskorunum vegna fólksflutninga, sem geta verið mjög breytilegar, einkum að því er varðar umfang og samsetningu komuhópa. Því er nauðsynlegt að Sambandið hafi yfir að ráða margs konar verkfærum til að bregðast við hvers konar aðstæðum. Heildarnálgunin, eins og sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1351 ⁽⁴⁾, þ.m.t. með samstarfi við viðkomandi þriðju lönd, ætti að tryggja að Sambandið hafi yfir að ráða sértækum reglum til að stýra fólksflutningum á skilvirkum hátt, einkum að því er varðar virkjun skyldubundins samstöðukerfis, og að allar nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að koma í veg fyrir neyðarástand. Í þessari reglugerð eru settar fram reglur sem koma til fyllingar þessari nálgun, sem og reglunum sem settar eru fram í tilskipun ráðsins 2001/55/EB ⁽⁵⁾, sem nota má á sama tíma.
- 4) Þrátt fyrir að nauðsynlegar forvarnarráðstafanir hafi verið gerðar er ekki hægt að útiloka að neyðarástand eða óviðráðanleg atvik á sviði fólksflutninga og verndarmála komi upp vegna aðstæðna sem Sambandið og aðildarríki þess hafa enga stjórn á. Slíkar óvenjulegar aðstæður geta m.a. falið í sér fjöldakomur ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga til yfirráðasvæðis eins eða fleiri aðildarríkja eða aðstæður þar sem um er að ræða misnotkun þriðja lands eða óvinveitts aðila, sem er óháður ríki, á farandfólki í pólitískum tilgangi, með það að markmiði að grafa undan stöðugleika í aðildarríkinu eða í Sambandinu, eða aðstæður þar sem um óviðráðanleg atvik í aðildarríkinu er að ræða. Við þessar aðstæður er mögulegt að ráðstafanirnar og sveigjanleikinn, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2024/1351 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1348 ⁽⁶⁾, nægi ekki til að taka á slíkum óvenjulegum aðstæðum. Þessar óvenjulegu aðstæður eru frábrugðnar þeim þar sem aðildarríki stendur frammi fyrir verulegum fólksflutningum vegna samlegðar-áhrifa af komum á vel undirbúið verndar-, móttöku- og fólksflutningakerfi þess eða þar sem aðildarríki er undir álagi af völdum fólksflutninga vegna umfangs koma sem, þótt þær falli ekki undir fjöldakomur, skapa engu að síður óhóflegar skyldur fyrir vel undirbúin kerfi þess, en þær aðstæður falla undir þær ráðstafanir sem reglugerð (ESB) 2024/1351 kveður á um. Enn fremur hefur reglugerð þessi ekki áhrif á það hvernig aðildarríki fara með þá ábyrgð sem á þeim hvílir að því er varðar að halda uppi lögum og reglu og standa vörð um innra öryggi.
- 5) Þessari reglugerð er ætlað að efla viðbúnað og viðnámsþrótt Sambandsins til að takast á við neyðarástand og auðvelda samræmingu aðgerða, stuðning við getu og aðgengi að fjármögnun þegar neyðarástand ríkir.
- 6) Þessi reglugerð tryggir skilvirka beitingu meginreglunnar um samstöðu og sanngjarna skiptingu ábyrgðar milli aðildarríkjanna og samþykkt á viðeigandi reglum um málsmeðferð umsóknar um vernd, þ.m.t. beitingu flýtimeðferðar, svo að aðildarríkin og Sambandið hafi nauðsynleg lagaleg úrræði til að bregðast skjótt við neyðarástandi og óviðráðanlegum atvikum, þ.m.t. samþykkt á tímamörkum til að ljúka allri málsmeðferð.
- 7) Þessi reglugerð tryggir að aðildarríki fái fullan stuðning í neyðarástandi og þegar um óviðráðanleg atvik er að ræða, þ.m.t. með samstöðukerfinu sem tryggir sanngjarna skiptingu ábyrgðar og jafnvægi í viðleitni milli aðildarríkja þar sem neyðarástand ríkir.
- 8) Í þessari reglugerð eru þau grundvallarréttindi ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga virt og þeim meginreglum fylgt sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi („sáttmálanum um grundvallarréttindi“), einkum virðing fyrir mannlegri reisn og vernd hennar, bann við pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, virðing fyrir einkalífi og fjölskyldu, meginreglan um það sem er barninu fyrir bestu, réttur til verndar þegar um er að ræða brottflutning, brottvísun eða framsal, sem og Genfarsamningurinn um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951, eins og bætt var við hann með New York-bókuninni frá 31. janúar 1967 („Genfarsamningurinn“). Þessi reglugerð ætti að koma til framkvæmda í samræmi við sáttmálann um grundvallarréttindi og almennar meginreglur í lögum Sambandsins, sem og alþjóðalög. Til að endurspeglar áhersluna á að hagsmunir barnsins skulu ávallt látnir ganga fyrir, í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins frá 1989, og nauðsyn

Þess að virða fjölskyldulíf, sem og til að tryggja heilsuvernd hlutaðeigandi einstaklinga, ætti að beita verndarráðstöfunum að því er varðar ólöggráða börn og aðstandendur þeirra og umsækjendur um alþjóðlega vernd („umsækjendur“) sem þurfa sérstakan og viðeigandi stuðning vegna heilsufars síns. Reglur og ábyrgðir sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2024/1348 ættu að gilda áfram að því er varðar einstaklingana sem falla undir undanþágurnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð nema kveðið sé á um annað í henni. Reglurnar sem settar eru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1346 ⁽⁷⁾, þ.m.t. þær sem varða varðhald umsækjenda, ættu að gilda áfram frá þeirri stundu sem umsókn um alþjóðlega vernd er lögð fram.

- 9) Í þessari reglugerð er ekki kveðið á um undanþágur frá reglum og ábyrgðum, þ.m.t. þeim sem tengjast efnislegum móttökuaðstæðum samkvæmt tilskipun (ESB) 2024/1346. Aðildarríki í neyðarástandi ætti að leggja til aukinn og nægilegan mannafla og búnað til að geta uppfyllt skyldur sínar samkvæmt þeirri tilskipun.
- 10) Reglur og ábyrgðir, sem settar eru fram í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1356 ⁽⁸⁾, (ESB) 2024/1358 ⁽⁹⁾ og (ESB) 2024/1347 ⁽¹⁰⁾ og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/XXX ⁽¹¹⁾ ættu að gilda áfram óháð undanþágunum sem beitt er samkvæmt þessari reglugerð. Aðildarríki ættu einungis að beita þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í þessari reglugerð í samræmi við þau skilyrði sem gilda um þessar ráðstafanir, eins og kveðið er á um í viðeigandi framkvæmdarákvörðun ráðsins, sem samþykkt er samkvæmt þessari reglugerð, þegar það er bráðnaúðsynlegt og í samræmi við meðalhóf.
- 11) Samþykkt ráðstafana samkvæmt þessari reglugerð að því er varðar tiltekið aðildarríki ætti ekki að hafa áhrif á möguleikann á að beita 3. mgr. 78. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.
- 12) Fjöldakomur ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga gætu leitt til aðstæðna þar sem aðildarríki er ekki í aðstöðu til að taka til meðferðar umsóknir ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga um alþjóðlega vernd, í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2024/1351 og reglugerð (ESB) 2024/1348, og það hefur afleiðingar fyrir starfsemi verndar- og fólksflutningakerfisins, ekki aðeins í því aðildarríki heldur í Sambandinu sem heild. Því er nauðsynlegt að mæla fyrir um sértækar reglur og fyrirkomulag sem ættu að gera kleift að grípa til skilvirkra aðgerða til að takast á við slíkar aðstæður.
- 13) Aðildarríkin ættu að hafa til reiðu nægilegan mannaúð, fjármagn og innviði til að koma stefnum um stjórnun verndarmála og fólksflutninga til framkvæmda með skilvirkum hætti. Aðildarríkin ættu að tryggja viðeigandi samræmingu milli viðkomandi landsbundinna yfirvalda sem og við landsbundin yfirvöld hinna aðildarríkjanna til að tryggja að verndarkerfi, móttökukerfi, þ.m.t. barnaverndarþjónusta, eða endursendingarkerfi þeirra sé vel undirbúið, þ.m.t. gerð viðbúnaðar- og viðbragðsáætlana, og að sérhver hluti búi yfir nægilegri getu.
- 14) Þær aðstæður geta skapast þar sem um er að ræða misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi, þegar þriðja land eða óvinveittur aðili, sem er óháður ríki, hvetur til eða greiðir fyrir för ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga að ytri landamærum Sambandsins eða til aðildarríkis og slíkar aðgerðir gefa til kynna ásetning þriðja lands eða óvinveitts aðila, sem er óháður ríki, um að grafa undan stöðugleika í Sambandinu eða í aðildarríki, og þar sem slíkar aðgerðir eru líklegar til að setja grundvallarhlutverk aðildarríkis í hættu, þ.m.t. að halda uppi lögum og reglu eða vernd þjóðaröryggis.
- 15) Aðstæður þar sem gerendur óháðir ríki taka þátt í skipulagðri afbrotastarfsemi, einkum smygli, ættu ekki að teljast til misnotkunar farandfólks í pólitískum tilgangi ef markmiðið er ekki að grafa undan stöðugleika Sambandsins eða aðildarríkis.
- 16) Ekki ætti að líta á mannúðaraðstoð sem misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi ef markmiðið er ekki að grafa undan stöðugleika Sambandsins eða aðildarríkis.
- 17) Til að tryggja skjót og viðeigandi viðbrögð við fjölpáttáögnum í samræmi við lög Sambandsins og alþjóðlegar skuldbindingar er í þessari reglugerð, með fyrirvara um ráðstafanir sem gilda samkvæmt öðrum stefnusviðum og laga-gerningum, lögð áhersla á sértækar ráðstafanir sem gilda á sviði fólksflutninga og miða að því að takast á við aðstæður þar sem um er að ræða misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi.
- 18) Við aðstæður þar sem um er að ræða misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi gætu ríkisborgarar þriðju landa og ríkisfangslausir einstaklingar sótt um alþjóðlega vernd á ytri landamærum eða á gegnumferðarsvæði aðildarríkis, en oft er um að ræða einstaklinga sem eru handteknir í tengslum við óheimila för yfir ytri landamærin á landi, sjó eða í lofti eða sem eru færðir frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerða. Þetta getur sérstaklega leitt til óvæntrar, verulegrar aukningar á fjölda umsókna um alþjóðlega vernd á ytri landamærunum. Í þessu tilliti verður að tryggja skilvirkan og raunverulegan aðgang að málsmeðferðinni um alþjóðlega vernd í samræmi við 18. gr. sáttmálans um grundvallarréttindi og Genfar-samninginn.
- 19) Að því er Kypur varðar er í reglugerð ráðsins (EB) nr. 866/2004 ⁽¹²⁾ kveðið á um sértækar reglur sem gilda um línuna milli þeirra svæða Lýðveldisins Kypur þar sem ríkisstjórn Lýðveldisins Kypur fer með stjórn í raun og þeirra svæða þar sem hún gerir það ekki. Þó að sú lína teljist ekki vera ytri landamæri ætti að líta svo á að þegar þriðja land, eða óvinveittur aðili, sem er óháður ríki, hvetur til eða greiðir fyrir för ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga yfir þá línu sé um að ræða misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi, ef allir aðrir þættir þess konar misnotkunar eru til staðar.
- 20) Einnig getur aðildarríki staðið frammi fyrir óeðlilegum og ófyrirsjáanlegum aðstæðum sem það hefur enga stjórn á og sem ekki hefði verið hægt að komast hjá þrátt fyrir ýrústu kostgæfni. Slíkar aðstæður, þar sem um óviðráðanleg atvik er að ræða, gætu komið í veg fyrir að aðildarríkið uppfyllti skuldbindingar sínar samkvæmt lögum Sambandsins og gætu haft afleiðingar, ekki aðeins í því aðildarríki heldur í Sambandinu sem heild. Dæmi um óviðráðanleg atvik eru m.a. heimsfaraldrar og náttúruhamfarir.

- 21) Ef aðildarríki telur sig vera í neyðarástandi eða aðstæðum þar sem um óviðráðanleg atvik er að ræða ætti hlutaðeigandi aðildarríki að geta óskað eftir heimild til að beita undanþágum og samstöðuráðstöfunum sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Í þeirri beiðni ætti að felast lýsing á stöðunni og í henni ætti að tilgreina þær ráðstafanir sem aðildarríkið óskar eftir að verði gerðar til að takast á við þessar tilteknu aðstæður. Þar ætti einnig að taka fram ástæður þess að aðstæður kalli á að aðildarríkið geri þessar ráðstafanir og, ef við á, tilgreina hvaða ráðstafanir hafa þegar verið gerðar til að takast á við ástandið.
- 22) Notkun ráðstafana í varanlegri verkfærakistu ESB fyrir stuðning vegna fólksflutninga, sem komið er á fót með 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 („verkfærakistan“), ætti ekki að vera forsenda fyrir því að njóta ávinnings af samstöðuráðstöfunum samkvæmt þessari reglugerð.
- 23) Aðildarríkið sem stendur frammi fyrir neyðarástandi ætti að eiga þess kost að fara fram á að önnur aðildarríki geri samstöðu- og stuðningsráðstafanir sem henta best þörfum viðkomandi ríkis til að takast á við ástandið og sem kalla á meiri samstöðu en kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2024/1351 til að létta á þeirri ábyrgð sem fylgir því fyrir aðildarríkið að takast á við neyðarástand. Auknar samstöðu- og stuðningsráðstafanir gætu verið í formi tilflutninga, fjárframlaga, annarra samstöðuráðstafana eða samblands af þessu.
- 24) Aðildarríkið sem stendur frammi fyrir neyðarástandi eða aðstæðum þar sem um óviðráðanleg atvik er að ræða ætti að eiga þess kost að óska eftir heimild til að beita undanþágum frá víðeigandi reglum um málsmeðferð umsóknar um vernd, þ.m.t. málsmeðferð umsóknar um vernd á landamærum. Þar sem við á ættu slíkar beiðnir einnig að fela í sér val hlutaðeigandi aðildarríkis að því er varðar útlökun eða stöðvun málsmeðferðar við landamæri fyrir tiltekna hópa umsækjenda. Samhliða slíkrri beiðni ætti hlutaðeigandi aðildarríki að geta tilkynnt framkvæmdastjórninni um þá fyrirætlan sína að beita undanþágum frá eindaga skráningarinnar, áður en heimild til þess hefur verið veitt í framkvæmdarákvörðun ráðsins, sem og ítarlegar ástæður þess að þörf er á tafarlausum aðgerðum. Ekki ætti að beita þeirri undanþágu lengur en í tíu daga eftir framlagningu beiðninnar, nema heimild sé veitt fyrir því í framkvæmdarákvörðun ráðsins. Þegar framkvæmdastjórnin og ráðið uppfylla skyldur sínar samkvæmt málsmeðferðinni við leyfisveitingu ættu þau að hafa hraðann á til að takmarka tímamann milli þess að slíkt tímabil endar og samsvarandi framkvæmdarákvörðun ráðsins er samþykkt.
- 25) Með tilliti til þess að aðildarríki gæti staðið frammi fyrir mörgum þeirra aðstæðna sem lýst er í þessari reglugerð á sama tíma getur það aðildarríki farið fram á að gerðar verði ýmsar ráðstafanir samkvæmt þessari reglugerð og að það fái heimild til að beita jafnframt þessum ráðstöfunum eða njóta ávinnings af þeim, enda séu þær hugsaðar sem viðbótaráðstafanir.
- 26) Til að gera það kleift að bregðast við neyðarástandi, þ.m.t. misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi eða óviðráðanlegum atvikum, á tilhlýðilegan hátt og til að tryggja fyrrisjáanleika og víðeigandi aðlögun víðeigandi reglna um málsmeðferð umsókna um vernd að slíku ástandi, þ.m.t. málsmeðferð umsóknar um vernd á landamærum, ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að meta aðstæðurnar, að fenginni rökstuddri beiðni frá hlutaðeigandi aðildarríki, og til að ákvarða, með framkvæmdarákvörðun, hvort aðildarríkið sem leggur fram beiðnina standi frammi fyrir neyðarástandi, þ.m.t. misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi, eða óviðráðanlegum atvikum.
- 27) Þegar neyðarástand ríkir ættu samstöðuráðstafanirnar til að takast á við slíkt ástand að ganga lengra en þær sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2024/1351. Þegar framkvæmdastjórnin metur aðstæðurnar ætti hún því að taka tillit til meginlegra og eiginlegra vísa, sem kveðið er á um í 9. gr. þeirrar reglugerðar, og rökstuddra upplýsinga frá aðildarríkinu sem leggur fram beiðni ásamt upplýsingum sem safnað er samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2303⁽¹³⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1896⁽¹⁴⁾ og evrópsku ársskýrslunnar um verndarmál og fólksflutninga (e. *European Annual Asylum and Migration Report*), sem um getur í reglugerð (ESB) 2024/1351. Í aðstæðum þar sem um er að ræða misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi ætti framkvæmdastjórnin einnig að taka tillit til ástæðnanna fyrir því að verkfærakistan nægir ekki til að takast á við ástandið. Í samráði við víðeigandi fagstofnanir, einkum Hælisstofnun Evrópusambandsins („Hælisstofnunin“), Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu og Evrópustofnun grundvallarmannréttinda, sem og Alþjóðastofnanir, einkum flóttamannafultrúa Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðastofnunina um fólksflutninga, og aðrar víðeigandi stofnanir ætti framkvæmdastjórnin að afla fullnægjandi upplýsinga til að meta á tilhlýðilegan hátt hvort aðildarríkið sem leggur fram beiðni standi frammi fyrir neyðarástandi, þ.m.t. misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi, eða óviðráðanlegum atvikum.
- 28) Til að tryggja öfluga pólitíska athugun og stuðning og sýna samstöðu Sambandsins er mikilvægt að taka til athugunar hvort leiðtogaáriðið hafi viðurkennt að Sambandið eða eitt eða fleiri aðildarríki þess standi frammi fyrir aðstæðum þar sem um er að ræða misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi. Misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi er líkleg til að setja grundvallarhlutverk aðildarríkis í hættu, þ.m.t. að halda uppi lögum og reglu eða vernd þjóðaröryggis.
- 29) Til að kveða á um víðeigandi, nauðsynleg og hófleg viðbrögð til að takast á við aðstæðurnar ætti í tillögu framkvæmdastjórnarinnar að tilgreina, þar sem við á, sérstöku undanþágurnar sem aðildarríkin ættu að hafa heimild til að beita. Þegar um er að ræða misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi ætti að tilgreina með skýrum hætti þá einstaklinga sem sæta misnotkun í pólitískum tilgangi og sem hægt væri að beita víðeigandi undanþágum gagnvart. Í neyðarástandi, eftir því sem við á og að höfðu samráði við aðildarríkið sem stendur frammi fyrir því, ætti framkvæmdastjórnin að fella inn í tillögu sína drög að samstöðuviðbragðsáætlun (e. *Solidarity Response Plan*), þar sem tilgreindar eru viðkomandi samstöðuráðstafanir og umfang þeirra sem tilteknar aðstæður krefjast, þ.m.t. heildarfjöldi tilflutninga, fjárframlög eða aðrar samstöðuráðstafanir og umfang þeirra, þar sem það er viðurkennt að hinar ýmsu tegundir samstöðu teljist jafngildar, og með virðingu fyrir fullum ákvörðunarrétti aðildarríkjanna við val á samstöðuráðstöfunum.
- 30) Í aðstæðum sem fela í sér álag af völdum fólksflutninga eiga tilflutningur eða ábyrgðarjöfnun að ná yfir 60% af tilflutningsþörfum samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1351, en í neyðarástandi er mikilvægt að brugðist sé við öllum þörfum hlutaðeigandi aðildarríkis um samstöðu. Ef framkvæmdaákvörðun ráðsins kemur á fót samstöðuviðbragðsáætlun ætti aðildarríkið sem stendur frammi fyrir neyðarástandinu af þessum sökum að hafa forgang til að nota skuldbindingarloforð vegna samstöðu, sem ekki er búið að úthluta, eða þau sem enn hafa ekki verið framkvæmd og eru tiltæk í árlega

samstöðusamlaginu sem komið var á fót í samræmi við 57. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351. Ef þetta er ekki hægt eða ef skuldbindingarloforðin sem eru í árlega samstöðusamlaginu nægja ekki til að mæta tilgreindum þörfum ætti aðildarríkið sem stendur frammi fyrir neyðarástandinu einnig að geta notað framlögin sem sett eru fram í framkvæmdarákvörðun ráðsins, þar sem það er viðurkennt að hinar ýmsu tegundir samstöðu teljist jafngildar. Ef samanlögð skuldbindingarloforðin um tilflutning í árlega samstöðusamlaginu og í framkvæmdarákvörðun ráðsins nægja ekki til að mæta öllum þörfum hlutaðeigandi aðildarríkis ætti ábyrgðarjöfnun að verða skyldubundin svo að hún nái yfir þær þarfir sem settar eru fram í samstöðuviðbragðsáætluninni. Til að svo megi verða ættu einstaklingar sem ábyrgðarjöfnunin gildir um að vera staddir á yfirráðasvæði framlagsaðildarríkisins.

- 31) Neyðarástand eða óviðráðanleg atvik geta einnig sett grundvallarhlutverk aðildarríkis í hættu. Til að styrkja gagnkvæmt traust milli aðildarríkjanna og bæta samræmingu á vettvangi Sambandsins ætti að fela ráðinu framkvæmdarvald til að samþykka framkvæmdarákvörðun um að heimila aðildarríki að beita undanþágum og samstöðuráðstöfunum sem kveðið er á um í þessari reglugerð, að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um. Fresturinn til að beita ráðstöfunum sem heimilaðar eru með upphaflegu framkvæmdarákvörðuninni ætti að vera þrjú mánuðir. Mögulegt ætti að vera að framlengja þann frest um þrjú mánuði til viðbótar þegar staðfesting frá framkvæmdastjórninni liggur fyrir um að neyðarástand eða óviðráðanleg atvik séu viðvarandi. Veita ætti ráðinu heimild til að framlengja enn frekar heimildina til að beita undanþágum og samstöðuráðstöfunum, um allt að þrjú mánuði, á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar ef aðstæður sem réttlæta framlengingu undanþáganna og samstöðuráðstafananna eru viðvarandi. Mögulegt ætti að vera að framlengja þann frest um þrjú mánuði til viðbótar þegar staðfesting framkvæmdastjórnarinnar liggur fyrir um að ástandið sé viðvarandi. Veita ætti ráðinu heimild til að fella framkvæmd ráðstafananna úr gildi á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar ef aðstæður sem réttlæta beitingu undanþáganna og samstöðuráðstafananna eru ekki lengur til staðar. Mögulegt ætti að vera að breyta beittum undanþágum með ákvörðuninni sem framlengir heimildina. Þegar framkvæmdastjórnin og ráðið beita valdheimildum sínum og gegna skyldum sínum ættu þau ávallt að tryggja að meðalhöfðsreglan og nauðsynjareglan séu virtar.
- 32) Í framkvæmdarákvörðun ráðsins ætti að tilgreina, eftir því sem við á, þær sérstöku undanþágur sem aðildarríkinu sem stendur frammi fyrir neyðarástandi eða óviðráðanlegum atvikum er heimilt að beita, með hliðsjón af eðli hvernar undanþágu fyrir sig, og ákvarða frá hvaða degi væri hægt að beita þeim. Enn fremur skal koma fram í ákvörðuninni á hvaða forsendum hún byggist og persónulegt gildissvið einstakra undanþága.
- 33) Í framkvæmdarákvörðun ráðsins ætti að setja fram, eftir því sem við á, samstöðuviðbragðsáætlun þar sem tilgreindar eru þær sérstæku samstöðu- og stuðningsráðstafanir sem þörf er á og umfang þeirra, sem og skuldbindingarloforð framlagsaðildarríkjanna. Í þessu skyni ætti framsetning skuldbindingarloforða að fara fram með samþykkt framkvæmdarákvörðunar ráðsins. Mikilvægt er að tryggja fullt ákvörðunarfrelsi framlagsaðildarríkjanna til að velja á milli tegunda samstöðu- og stuðningsráðstafana.
- 34) Þar eð mikilvægt er að beita þeim ráðstöfunum sem settar eru fram í þessari reglugerð einungis í þann tíma og að því marki sem er strangt til tekið nauðsynlegt skulu framkvæmdastjórnin og ráðið viðhafa stöðugt eftirlit og endurskoðun á aðstæðunum að því er varðar nauðsyn og meðalhóf þessara ráðstafana. Í því sambengi ætti framkvæmdastjórnin að leggja sérstaka áherslu á að grundvallarréttindi og mannúðarviðmið séu virt og getur farið fram á að Hælisstofnunin hefji vöktun á verndar- eða móttökukerfi hlutaðeigandi aðildarríkis skv. 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2303.
- 35) Málsmeðferðarreglurnar sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2024/1351 um tilflutning gilda í þeim tilgangi að tryggja rétta framkvæmd samstöðuráðstafana þegar neyðarástand ríkir, að teknu tilliti til þess hversu alvarlegt og brýnt ástandið er.
- 36) Til að tryggja snurðulausa framkvæmd samstöðukerfisins samkvæmt þessari reglugerð ætti samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu, til viðbótar við verkefnið sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2024/1351, að styðja við starfsemi vegna tilflutnings og stuðla að því að viðbúnaður, samvinna og álagsspól verði ríkjandi samfélagsþáttur í aðildarríkjunum. Þegar neyðarástand ríkir ætti samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu að senda frá sér tilkynningu á tveggja vikna fresti um stöðu framkvæmdar og starfsemi tilflutningskerfisins. Skrifstofa samræmingaraðila ESB á sviði samstöðu ætti að hafa yfir að ráða nægilegum fjölda starfsfólks og tilföngum til að geta sinnt hlutverki sínu á skilvirkan hátt samkvæmt þessari reglugerð. Einstaklingar í viðkvæmri stöðu ættu að hafa forgang þegar tilflutningur fer fram.
- 37) Þegar tilflutningur fer fram ætti að taka sérstakt tillit til einstaklinga í viðkvæmri stöðu, einkum þegar þeir hafa sérstakar þarfir varðandi móttöku í skilningi 24. gr. tilskipunar (ESB) 2024/1346, eða þurfa sérstakan málsmeðferðarrétt eins og um getur í 20.–23. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348. Samkvæmt 24. gr. tilskipunar (ESB) 2024/1346 eru meiri líkur á að umsækjendur sem falla undir einhvern eftirfarandi flokka hafi sérstakar þarfir varðandi móttöku: ólöggráða börn, fylgdarlaus, ólöggráða börn, fólk með fötlun, aldraðir, þungaðar konur, lesbíur, hommar, trans- og intersex einstaklingar, einstæðir foreldrar með ólöggráða börn, fórnarlömb mansals, fólk með alvarlega sjúkdóma, fólk með geðraskanir, þ.m.t. áfallastreituröskun, og fólk sem hefur orðið fyrir pyndingum, nauðgun eða öðru alvarlegu andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi, s.s. fórnarlömb kynbundins ofbeldis, limlestinga á kynfærum kvenna, barna- eða nauðungarhjórabanda eða ofbeldis sem framið er af kynferðislegum, kynbundnum, kynþáttabundnum eða trúarlegum ástæðum.
- 38) Ólíkt þeim reglum sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2024/1351, þar sem aðildarríkjum er ekki skylt að taka ábyrgð umfram sanngjarna hlutdeild sína í neyðarástandi, gæti framkvæmd samstöðuviðbragðsáætlunarinnar hugsanlega leitt til þess að eitt eða fleiri framlagsaðildarríki taki ábyrgð á meðferð umsókna um alþjóðlega vernd umfram sanngjarna hlutdeild sína. Í slíkum tilvikum ætti slíkt aðildarríki að hafa rétt til að minnka hlutfall þess hluta sem fer umfram sanngjarna hlutdeild í framkvæmd skuldbindingarloforða samkvæmt væntanlegu árlegu hringrásarferli reglugerðar (ESB) 2024/1351 yfir fimm ára tímabili. Slíkt minnkun væri einnig hægt að beita í framkvæmdarákvörðun ráðsins, sem samþykkt er samkvæmt 3. mgr. 4. gr., með samsvarandi fjölda umsókna umfram sanngjarna hlutdeild og innan fimm ára frá þeim degi þegar framkvæmdarákvörðun ráðsins, sem leiddi til þess að aðildarríki fór yfir sanngjarna hlutdeild sína,

fellur úr gildi. Mögulegt ætti að vera að beita þessari minnkun í væntanlegu árlegu hringrásarferli og í framkvæmdar-ákvörðun ráðsins, með öðrum hætti eða samtímis, að því tilskildu að hún samsvari og fari ekki fram úr þeim fjölda umsókna sem það aðildarríki tók til meðferðar umfram sanngjarna hlutdeild sína.

- 39) Þegar aðildarríki stendur frammi fyrir neyðarástandi eða óviðráðanlegum atvikum gæti það þurft að koma tilföngum sínum í nýjan farveg til að takast á við komur ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga á landamærum sínum. Þar af leiðandi gæti aðildarríkið þurft tíma til að endurskipuleggja tilföng sín og auka getu sína, þ.m.t. með stuðningi viðkomandi fagstofnana Sambandsins. Þetta aðildarríki gæti einnig þurft lengri tíma til að taka ákvarðanir um umsóknir án þess að heimila komu inn á yfirráðasvæði sitt. Í slíkum tilvikum ætti hlutaðeigandi aðildarríki að geta vikið frá tímamörkum varðandi skráningu og málsmeðferð við landamæri.
- 40) Beiti aðildarríki einni eða fleiri af þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í þessari reglugerð ætti það að upplýsa ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausa einstaklinga, á tungumáli sem þeir skilja eða sem raunhæft er að ætla að þeir skilji, um þær undanþágur sem beitt er og hversu lengi ráðstafanirnar skuli gilda. Aðildarríkjunum ber skylda til að fjalla um allar sérstakar þarfir umsækjenda, sem varða málsmeðferð og móttöku, sem gætu skapast og veita upplýsingar á viðeigandi hátt í samræmi við það. Þar að auki gilda 8. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348 um miðlun upplýsinga og 3. mgr. 36. gr. í sömu reglugerð að því er varðar upplýsingar um möguleikann á að áfrýja ákvörðuninni um umsóknina.
- 41) Lögbær yfirvöld ættu að setja verndarráðstafanir fyrir umsækjendur með sérstakar þarfir við málsmeðferð og móttöku, þ.m.t. vegna sjúkdóma, í forgang þegar undanþágum frá málsmeðferð umsóknar um vernd er beitt. Af þessum sökum ætti aðildarríkið sem stendur frammi fyrir neyðarástandi eða óviðráðanlegum atvikum ekki að beita eða hætta að beita undanþágum frá málsmeðferð umsóknar um vernd í þeim tilfellum þar sem læknisfræðilegar ástæður eru fyrir því að beita ekki málsmeðferð við landamæri, í samræmi við d-lið 2. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348, ef ekki er hægt að veita umsækjendum með sérstakar þarfir varðandi málsmeðferð nauðsynlegan stuðning, í samræmi við b-lið 2. mgr. 53. gr. þeirrar reglugerðar, eða ekki er hægt að veita umsækjendum með sérstakar þarfir varðandi móttöku nauðsynlegan stuðning í samræmi við tilskipun (ESB) 2024/1346. Hlutaðeigandi aðildarríki ætti að forgangsraða málsmeðferð umsókna frá einstaklingum með sérstakar þarfir varðandi málsmeðferð, í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1348 og frá einstaklingum með sérstakar þarfir varðandi móttöku, eins og skilgreint er í 14. lið 2. gr. tilskipunar (ESB) 2024/1346, einkum frá ólöggráða börnum og aðstandendum þeirra.
- 42) Þegar neyðarástand og óviðráðanleg atvik koma upp ætti aðildarríkinu að vera heimilt að gera undanþágur frá reglugerð (ESB) 2024/1348 til að skrá umsóknir um alþjóðlega vernd eigi síðar en fjórum vikum eftir að þær eru lagðar fram. Slíkur frestur ætti ekki að hafa áhrif á réttindi umsækjenda um vernd, sem tryggð eru með sáttmálanum um grundvallaréttindi, reglugerð (ESB) 2024/1348 og tilskipun (ESB) 2024/1346. Í neyðarástandi sem einkennist af fjöldakomum ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga og með fyrirvara um undantekninguna sem kveðið er á um fyrir tímabilið milli þess að umsókn er lögð fram og framkvæmdarákvörðun ráðsins er samþykkt, ætti aðeins að framlengja skráningartímabilið á því tímabili sem tilgreint er í upphaflegri framkvæmdarákvörðun ráðsins.
- 43) Þegar aðildarríki stendur frammi fyrir neyðarástandi eða óviðráðanlegum atvikum ætti því að vera heimilt að framlengja meðferðartíma umsókna um alþjóðlega vernd á landamærunum um sex vikur. Framlengingin ætti ekki að koma til viðbótar við tímabilið sem um getur í þriðju undirgrein 2. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348.
- 44) Aðildarríki sem stendur frammi fyrir neyðarástandi eða óviðráðanlegum atvikum ætti að geta farið fram á úrval ráðstafana að því er varðar beitingu málsmeðferðar við landamæri, að teknu tilliti til samsetningar á aðstreymi og fjölbreyttu eðli þess, með hlíðsjón af því hvers konar neyðarástand er um að ræða.
- 45) Í neyðarástandi sem einkennist af fjöldakomum ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga eða í aðstæðum þar sem um óviðráðanleg atvik er að ræða gæti verið nauðsynlegt að heimila aðildarríki að sleppa beitingu málsmeðferðar við landamæri að því er varðar einstaklinga sem koma frá þriðju löndum, ef meðaltal viðurkenningarhlutfalls í Sambandinu er undir 20%. Til að beita slíkri undanþágú ætti með framkvæmdarákvörðun ráðsins að meta hvort ráðstafanirnar í viðbragðsáætlun hlutaðeigandi aðildarríkis, sem um getur í 32. gr. tilskipunar (ESB) 2024/1346, nægi til að takast á við ástandið. Aðildarríkjum er í öllum tilvikum skylt að beita málsmeðferð við landamæri í þeim aðstæðum sem um getur í c- og f-lið 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348.
- 46) Í neyðarástandi sem einkennist af fjöldakomum ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga sem sækja um alþjóðlega vernd gæti verið nauðsynlegt að heimila aðildarríki að lækka viðmiðunarmörk vegna skyldubeitingar málsmeðferðar við landamæri, sem kveðið er á um í j-lið 1. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348. Lækkuð viðmiðunarmörk ættu aldrei ekki fara undir 5%. Aðildarríkjum er skylt að beita málsmeðferð við landamæri í þeim aðstæðum sem sérstaklega eru talin upp í lögum.
- 47) Í neyðarástandi sem einkennist af fjöldakomum ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga sem sækja um alþjóðlega vernd, gæti verið nauðsynlegt að rýmka gildissvið beitingar málsmeðferðarinnar við landamæri, sem komið var á fót með 43. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348 og heimila aðildarríki að taka einnig ákvörðun innan ramma málsmeðferðar við landamæri varðandi efnishlið umsókna þegar umsækjandinn er ríkisborgari eða, ef um er að ræða ríkisfangslausan einstakling, hafði áður fasta búsetu í þriðja landi þar sem hlutfall samþykktra ákvarðana um að veita alþjóðlega vernd í Sambandinu er 50% eða lægra. Þar af leiðandi ættu aðildarríki, þegar þau beita málsmeðferð við landamæri í neyðarástandi, áfram að beita málsmeðferð við landamæri eins og kveðið er á um í 43.–54. gr. þeirrar reglugerðar en þau gætu rýmkað gildissvið málsmeðferðarinnar við landamæri svo hún næði til ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga sem koma frá þriðju löndum þar sem meðaltal viðurkenningarhlutfalls í Sambandinu er hærra en 20% en lægra en 50%, að teknu tilliti til ört vaxandi þarfar fyrir vernd sem gæti komið upp í upprunalandi, eins og fram kemur í ársfjórðungslegum uppfærslum á gögnum Hagstofu Evrópusambandsins (e. *Eurostat*). Þessi rýmkun á gildissviði málsmeðferðar við landamæri ætti ekki að hafa áhrif á forsendur og aðrar reglur sem gilda um skyldubundna málsmeðferð við landamæri samkvæmt þeirri reglugerð. Ef aðildarríki hefur heimild til að rýmka gildissvið máls-

meðferðar við landamæri ættu umsóknir sem eru teknar til meðferðar samkvæmt þeirri málsmeðferð ekki að teljast hluti af fullnægjandi getu skv. 47. gr. eða teljast með í árlegum hámarksfjölda skv. 50. gr. þeirrar reglugerðar.

- 48) Beiting varðhalds gagnvart umsækjendum ætti að grundvallast á þeirri meginreglu að einstaklingur skuli ekki hneptur í varðhald af þeirri ástæðu einni að hann sækir um alþjóðlega vernd, einkum í samræmi við alþjóðlegar, lagalegar skuldbindingar aðildarríkjanna og 31. gr. Genfarsamningsins. Almennt ætti ekki að hneppa ólögráða börn í varðhald heldur ætti að vista þau í húsnæði þar sem er sérstök aðstaða fyrir ólögráða börn, þ.m.t., eftir því sem við á, í samfélagslegu húsnæði sem er ekki tengt réttarvörsluferfinu. Í ljósi neikvæðra áhrifa varðhalds á ólögráða börn væri eingöngu unnt, í samræmi við lög Sambandsins, að nota slíkt varðhald í undantekningartilvikum, þegar brýna nauðsyn ber til, aðeins sem síðasta úrræði, í sem skemmstan tíma og aldrei í fangelsi eða annarri aðstöðu sem ætluð er í löggæslutilgangi. Ekki skal skilja ólögráða börn frá foreldrum sínum eða umönnunaraðilum og meginreglan um einingu fjölskyldunnar ætti almennt að leiða til þess að notaðir séu viðunandi kostir í stað varðhalds fyrir fjölskyldur með ólögráða börn, í húsnæði sem hentar þeim. Enn fremur skal gera allt sem hægt er til að tryggja að aðrir vænlegir og viðunandi valkostir í stað varðhalds fyrir ólögráða börn séu tiltækir og aðgengilegir.
- 49) Við aðstæður þar sem um er að ræða misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi og til að koma í veg fyrir að þriðja land, eða óvinveittur aðili, sem er óháður ríki, beini spjótum sínum að tilteknu þjóðerni eða tilteknum flokkum ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga, ætti aðildarríki að geta vikið frá málsmeðferð umsóknar um vernd, sem sett er fram í þessari reglugerð, með því að taka ákvörðun innan ramma málsmeðferðar við landamæri, eins og sett er fram í 44.–55. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348 um efnishlið allra umsókna um alþjóðlega vernd. Virða ætti þær meginreglur og ábyrgðir sem settar eru fram í þeirri reglugerð. Framkvæmdarákvörðun ráðsins, sem heimilar aðildarríkinu að beita undanþágum ætti að tilgreina þá ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga sem sæta misnotkun í pólitískum tilgangi. Við beitingu undanþága ætti að veita tilteknum flokkum ríkisborgara þriðju landa og ríkisfangslausra einstaklinga sem sætt hafa misnotkun í pólitískum tilgangi sérstaka athygli, einkum ólögráða börnum yngri en 12 ára og aðstandendum þeirra og berskjölduðum einstaklingum með sérstakar þarfir varðandi málsmeðferð eða móttöku. Þessir hópar ættu því annaðhvort að vera undanskildir málsmeðferð við landamæri eða, ef niðurstaðan úr einstaklingsbundnu mati er sú að umsóknir þeirra séu líklega vel rökstuddar, málsmeðferðin ætti ekki lengur að eiga við um þá. Það er á valdi aðildarríkisins sem óskar eftir beitingu undanþágunnar að velja á milli þessara kosta. Valkosturinn sem tilgreindur er í beiðninni ætti að endurspeglast í framkvæmdarákvörðun ráðsins þar sem beiting þessarar undanþágu er heimilud. Rýmkun á gildissviði málsmeðferðar við landamæri við aðstæður þar sem um er að ræða misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi ætti ekki að hafa áhrif á forsendur og aðrar reglur sem gilda um skyldubundna málsmeðferð við landamæri samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1348. Ef aðildarríki hefur heimild til að rýmka gildissvið málsmeðferðar við landamæri ættu umsóknir sem eru teknar til meðferðar samkvæmt þeirri málsmeðferð ekki að teljast hluti af fullnægjandi getu skv. 48. gr. eða teljast með í árlegum hámarksfjölda skv. 51. gr. þeirrar reglugerðar.
- 50) Til að stöðja hlutaðeigandi aðildarríki við að veita ríkisborgurum þriðju landa og ríkisfangslausum einstaklingum, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, nauðsynlega aðstoð ættu fagstofnanir Sameinuðu þjóðanna, einkum flóttamannafulltrúi SP, og aðrar viðeigandi samstarfsstofnanir sem aðildarríkin fela sértæk verkefni, að hafa skilvirkan aðgang að landamærunum með þeim skilyrðum sem sett eru fram í tilskipun (ESB) 2024/1346 og reglugerð (ESB) 2024/1348. Flóttamannafulltrúi SP ætti að hafa aðgang að umsækjendum, þ.m.t. þeim sem eru við landamærin. Í þessu skyni ætti hlutaðeigandi aðildarríki að viðhalda samstarfi við þessar stofnanir.
- 51) Mæla ætti fyrir um sértækar reglur um neyðarástand sem einkennist af fjöldakomum og um óviðráðanleg atvik til að gera aðildarríkjum kleift að framlengja tímamörkin sem sett eru fram í reglugerð (ESB) 2024/1351, að uppfylltum ströngum skilyrðum ef ómögulegt er að fara að þessum tímamörkum í ljósi þessara óvenjulegu aðstæðna. Slík framlenging ætti samtímis að gilda um frestinn til að senda eða svara beiðnum um að taka einstakling í umsjá og tilkynningum um að taka beri aftur við einstaklingi, sem og um frestinn til að flytja umsækjanda til aðildarríkisins sem ber ábyrgð. Tímamörkin ætti að framlengja án tillits til þess hvort í þeirri reglugerð sé kveðið á um styttri tímamörk fyrir tilteknar aðstæður.
- 52) Til að tryggja skilvirkan aðgang að málsmeðferð fyrir veitingu alþjóðlegrar verndar þegar flutningur á sér ekki stað vegna viðvarandi neyðarástands sem einkennist af fjöldakomum eða óviðráðanlegum atvikum, eða ef aðildarríkið sem annast flutninginn framkvæmir hann ekki þegar umsækjandinn er tiltækur fyrir lögbær yfirvöld þess ríkis, ætti að setja hámarksfrest til að annast flutninginn til aðildarríkis sem stendur frammi fyrir slíkum aðstæðum. Þessi hámarksfrestur ætti ekki að vera lengri en eitt ár frá samþykki beiðninnar um að einstaklingur sé tekinn í umsjá, frá staðfestingu annars aðildarríkis á tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi eða frá því að lokaákvörðun er tekin um kæru eða endurskoðun ákvörðunar um flutning, sem hefur áhrif til frestunar í samræmi við 3. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351. Þessi hámarksfrestur hefur ekki áhrif á möguleikann á að framlengja frestinn, skv. 2. mgr. 46. gr. þeirrar reglugerðar, til að annast flutning.
- 53) Til að komast hjá því að samevrópska verndarkerfið verði óvirkt vegna fjöldakoma af slíkri stærðargráðu og umfangi að, jafnvel þótt aðildarríki hafi yfir að ráða vel undirbúna verndar-, móttöku- og endursendingarkerfi, veruleg hætta skapist á alvarlegum annmörkum í meðferð umsækjenda ef Sambandið sem heild tekur ekki á ástandinu ætti, við þessar sérstöku aðstæður, að vera unnt að fella niður skyldu viðkomandi aðildarríkis um að taka aftur við umsækjanda skv. 2. mgr. 16. gr. og 4. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351. Til að tryggja að beiting slíkrar undanþágu leiði ekki til aukins álags á aðildarríkið sem stendur frammi fyrir slíku ástandi ætti sú undanþága þó aðeins að gilda afturvirk um umsóknir sem þegar hafa verið skráðar í því aðildarríki innan fjögurra mánaða fyrir dagsetninguna þegar framkvæmdarákvörðun ráðsins er samþykkt.
- 54) Ef hlutlægar aðstæður gefa ástæðu, í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1347, til að ætla að umsóknir um alþjóðlega vernd frá hópum umsækjenda frá tilteknu upprunalandi eða fyrrverandi föstu búsetulandi eða hluta þess lands, eða á grundvelli viðmiðana sem byggja á þeirri reglugerð, séu vel rökstuddar, er það bæði ákvörðunaryfirvöldum og viðkom-

andi umsækjendum í hag að ljúka athugun á efnishlið umsóknarinnar eins fljótt og auðið er og gera það kleift í neyðarástandi að veita alþjóðlega vernd með skjóttum og skilvirkum hætti.

- 55) Umsækjendur þeirra umsókna sem eru skoðaðar í tengslum við flýtimeðferðina sem kveðið er á um í þessari reglugerð njóta allra þeirra réttinda og trygginga sem umsækjendur eiga rétt á í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1348, þ.m.t. réttinn til upplýsinga og til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns.
- 56) Við beitingu tilmæla framkvæmdastjórnarinnar um flýtimeðferð ætti viðtal um efnishliðina ekki að fara fram, en ef vafi leikur á hvort umsækjandi tilheyrir þeim flokki eða flokkum einstaklinga sem eru tilgreindir í tilmælunum eða hvort ástæður til útilokunar eigi við, gæti slíkt viðtal verið nauðsynlegt. Í öllum tilvikum skal málsmeðferðin ekki vara lengur en í fjórar vikur frá þeim degi sem beiðnin er lögð fram. Ef aðildarríki hefur staðfest að umsækjandi sé ógn við innra öryggi ætti það aðildarríki að mega hætta við flýtimeðferð að því er varðar þann umsækjanda. Við slíkar aðstæður skal umsóknin tekin til meðferðar í samræmi við 36. og 40. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348.
- 57) Umsækjendur þeirra umsókna sem eru skoðaðar í tengslum við flýtimeðferðina sem kveðið er á um í þessari reglugerð ættu, í samræmi við 29. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348, að fá í hendur skjal sem vottar stöðu þeirra á tungumáli sem þeir skilja eða sem raunhæft er að ætla að þeir skilji.
- 58) Hafa má samráð við viðeigandi fagstofnanir Sambandsins, flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna og aðra viðeigandi aðila á hinum ýmsu stigum flýtimeðferðarinnar.
- 59) Til að tryggja fullnægjandi viðbúnaðarstig vegna neyðarástands ættu aðildarríkin að fela í viðbragðsáætlunum sínum nauðsynlegar ráðstafanir til að bregðast við og leysa úr neyðarástandi, þ.m.t. nauðsynlegar ráðstafanir til að yfirstiga áskoranir í starfsemi samevrópska verndarkerfisins og til að vernda réttindi umsækjenda og einstaklinga sem njóta alþjóðlegrar verndar, ásamt því að stuðla að viðnámsþoli hlutaðeigandi aðildarríkis í framtíðinni. Aðildarríkin ættu einnig að nota öll úrræði sem tiltæk eru samkvæmt landslögum og lögum Sambandsins, þ.m.t. að nýta spától og snemmi-viðvörnartæki innan viðbúnaðar- og neyðarstjórnunarkerfis ESB á sviði fólksflutninga, sem kveðið er á um í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1366⁽¹⁵⁾.
- 60) Með fyrirvara um það sem að framan greinir og þar sem við á ætti í neyðarástandi að virkja allan búnað í verkfærakistunni sem ætlaður er til að takast á við neyðarástandi, einkum fjárhagslegan og rekstrarlegan stuðning sem fagstofnanir Sambandsins, sjóðir Sambandsins og almannavarnakerfi Sambandsins geta veitt í samræmi við gildandi réttargerðir. Eftir það ætti framkvæmdastjórnin, á samstarfsvettvangi á tæknistigi um fólksflutninga, að tryggja samræmingu og upplýsingaskipti við aðra vettvanga sem skipta máli til að ná stjórn á neyðarástandinu, þ.m.t. viðbúnaðar- og neyðarstjórnunarnet ESB á sviði fólksflutninga (e. *EU Migration Preparedness and Crisis Management Network*) í samræmi við tilmæli (ESB) 2020/1366, og samþætt viðbragðskerfi til að bregðast við pólitísku neyðarástandi (e. *Integrated Political Crisis Response*).
- 61) Aðildarríki sem stendur frammi fyrir neyðarástandi eða óviðráðanlegum atvikum getur óskað eftir stuðningi frá Hælisstofnuninni, Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu eða Löggæslusamvinnustofnuninni í samræmi við umboð þeirra. Þar að auki og eins og við á getur Hælisstofnunin boðið fram aðstoð að eigin frumkvæði, í samræmi við d-lið 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2303, en Landamæra- og strandgæslustofnun Evrópu getur boðið fram aðstoð á sviði endursendingar í samræmi við 48., 50., 52. og 53. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1896 í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki og Löggæslusamvinnustofnunin getur boðið fram aðstoð í samræmi við 1. mgr. 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/794⁽¹⁶⁾.
- 62) Til að styðja aðildarríki sem taka að sér tilflutning sem samstöðuráðstöfun ætti að veita fjárstuðning úr fjárlögum Sambandsins, þ.m.t. úr þematengda sjóðnum eins og sett er fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1147⁽¹⁷⁾.
- 63) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að kveða á um nauðsynlega aðlögun reglna um málsmeðferð umsókna um vernd og, þar sem við á, um samstöðu til að tryggja að aðildarríki geti brugðist við neyðarástandi og óviðráðanlegum atvikum, á sviði stjórnunar verndarmála og fólksflutninga innan Sambandsins, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil og hefur víðtæk áhrif, er Sambandinu heimilt að samþykka ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálsins um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 64) Danmörk tekur, í samræmi við 1. og 2. gr. bókunar 22 um stöðu Danmerkur, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, ekki þátt í samþykkt þessarar tilskipunar og er ekki bundin af henni eða beitingu hennar. Þar sem 12. og 13. gr. og 1.–6. gr., að því marki sem þær varða undanþágurnar í 12. og 13. gr. þessarar reglugerðar, fela í sér breytingar í skilningi 3. gr. samningsins milli Evrópubandalagsins og Konungsríkisins Danmerkur um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um vernd sem lögð er fram í Danmörku eða í öðru aðildarríki Evrópusambandsins og um evrópska fingrafaragrunninn („Eurodac“) til að bera saman fingraför í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu Dyflinnarsamningsins⁽¹⁸⁾, skal Danmörk tilkynna framkvæmdastjórninni ákvörðun sína um hvort hún muni, eður ei, fella efni slíkra breytinga inn í landslög sín á sama tíma og þær eru samþykktar eða innan 30 daga eftir það.
- 65) Í samræmi við 1. og 2. gr. og 4. gr. a (1. mgr.) bókunar 21 um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands að því er varðar svæði frelsis, öryggis og réttlætis, sem fylgir með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, og án þess að það hafi áhrif á 4. gr. þeirrar bókunar, tekur Írland ekki þátt í samþykkt þessarar reglugerðar og er ekki bundið af henni eða beitingu hennar.
- 66) Að því er Ísland og Noreg varðar teljast 12. og 13. gr. og 1.–6. gr., að því marki sem þær varða undanþágurnar í 12. og 13. gr. þessarar reglugerðar, vera ný löggjöf á sviði sem fellur undir efni viðauka við samninginn milli Evrópubandalagsins

og Lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Noregs um viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um vernd sem lögð er fram í aðildarríki eða á Íslandi eða í Noregi ⁽¹⁹⁾.

- 67) Að því er Sviss varðar teljast 12. og 13. gr. og 1.–6. gr., að því marki sem þær varða undanþágurnar í 12. og 13. gr. þessarar reglugerðar, vera lagalegar gerðir eða ráðstafanir sem breyta eða byggja á ákvæðum 1. gr. sammingsins milli Evrópubandalagsins og Svissneska ríkjasambandsins að því er varðar viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um vernd sem lögð er fram í aðildarríki eða í Sviss ⁽²⁰⁾.
- 68) Að því er Liechtenstein varðar teljast 12. og 13. gr. og 1.–6. gr., að því marki sem þær varða undanþágurnar í 12. og 13. gr. þessarar reglugerðar, vera lagalegar gerðir eða ráðstafanir sem breyta eða byggja á ákvæðum 1. gr. sammingsins milli Evrópubandalagsins og Svissneska ríkjasambandsins að því er varðar viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um vernd sem lögð er fram í aðildarríki eða í Sviss, sem vísad er til í 3. gr. bókunarinnar milli Evrópubandalagsins og Svissneska ríkjasambandsins um aðild Furstadæmisins Liechtenstein um aðild Furstadæmisins Liechtenstein að samningnum milli Evrópubandalagsins og Svissneska ríkjasambandsins að því er varðar viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða ríki skuli fara með beiðni um vernd sem lögð er fram í aðildarríki eða Sviss ⁽²¹⁾,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

1. Með þessari reglugerð er tekið á óvenjulegu neyðarástandi með tímabundnum ráðstöfunum, þ.m.t. misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi, og óviðráðanlegum atvikum á sviði fólksflutninga og verndarmála innan Sambandsins. Í henni er kveðið á um auknar samstöðu- og stuðningsráðstafanir sem byggja á reglugerð (ESB) 2024/1351, um leið og tryggð er sanngjörn skipting ábyrgðar, og um tímabundnar sértækar reglur sem víkja frá þeim sem settar eru fram í reglugerðum (ESB) 2024/1351 og (ESB) 2024/1348.

2. Tímabundnar ráðstafanir sem eru samþykktar samkvæmt þessari reglugerð skulu uppfylla kröfur um nauðsyn og meðalhóf, vera til þess fallnar að ná settum markmiðum og standa vörð um réttindi umsækjenda og þeirra sem njóta alþjóðlegrar verndar og samræmast skuldbindingum aðildarríkjanna samkvæmt sáttmálanum um grundvallarréttindi, alþjóðalögum og réttarreglum Sambandsins um vernd. Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á grundvallarreglur og ábyrgðir sem settar eru fram í þeim lagagerðum sem heimilt er að víkja frá samkvæmt þessari reglugerð.

3. Ráðstöfunum sem eru samþykktar samkvæmt þessari reglugerð skal aðeins beitt að því marki sem brýna nauðsyn ber til vegna aðstæðna, tímabundið og með takmörkunum og einungis í undantekningartilvikum. Aðildarríki mega aðeins beita þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í IV. kafla, og notið góðs af þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í III. kafla, að fenginni beiðni og að því marki sem kveðið er á um í framkvæmdarákvörðun ráðsins sem um getur í 3. mgr. 4. gr., með fyrirvara um 5. mgr. 10. gr.

4. Að því er þessa reglugerð varðar merkir neyðarástand:

- a) óvenjulegar aðstæður sem einkennast af fjöldakomum ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga til aðildarríkis á landi, í lofti eða á sjó, þ.m.t. einstaklinga sem hafa verið fluttir frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerða sem eru svo umfangsmiklar og þess eðlis, m.a. með tilliti til íbúafjölda, vergrar landsframleiðslu og landfræðilegra sérkenna aðildarríkisins, þ.m.t. stærðar yfirráðasvæðisins, að það gerir vel undirbúið verndar-, móttökukerfi, þ.m.t. barnaverndarþjónustu, og endursendingarkerfi óvirkt, þar á meðal vegna staðbundins eða svæðisbundins ástands, þannig að það gæti haft alvarlegar afleiðingar fyrir starfsemi samevrópska verndarkerfisins, eða
- b) aðstæður þar sem um er að ræða misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi þegar þriðja land eða óvinveittur aðili, sem er óháður ríki, hvetur til eða greiðir fyrir för ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga að ytri landamærum eða til aðildarríkis, til að grafa undan stöðugleika í Sambandinu eða í aðildarríki og þar sem slíkar aðgerðir eru líklegar til að setja grundvallarhlutverk aðildarríkis í hættu, þ.m.t. að halda uppi lögum og reglu og vernd þjóðaröryggis.

Aðildarríkin geta farið fram á heimild til að beita þeim ráðstöfunum sem eru taldar upp í III. og IV. kafla, einkum ef fyrir hendi er óvænt, veruleg aukning á fjölda umsókna um alþjóðlega vernd á ytri landamærunum. Aðildarríki mega einungis beita undanþágunum, sem kveðið er á um í framkvæmdarákvörðun ráðsins sem um getur í 3. mgr. 4. gr., þegar um er að ræða misnotkun í pólitískum tilgangi að því er varðar ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausa einstaklinga sem sæta misnotkun í pólitískum tilgangi og sem eru annaðhvort handteknir eða finnast í námunda við ytri landamæri, þ.e. landamæri aðildarríkis á landi, þ.m.t. landamæri á ám og vötnum, landamæri á sjó og flugvellir ríkisins, hafnir við ár, sjó og vötn, að því tilskildu að þau séu ekki innri landamæri, í tengslum við óheimila för yfir landamæri á landi, á sjó eða í lofti, eða sem eru fluttir frá borði í kjölfar leitar- og björgunaraðgerða eða sem hafa gefið sig fram á landamærastöð.

5. Að því er varðar þessa reglugerð vísar „óviðráðanleg atvik“ til óeðlilegra og ófyrirsjáanlegra aðstæðna sem aðildarríki hefur enga stjórn á og sem ekki hefði verið hægt að komast hjá þrátt fyrir ýtrustu kostgæfni, sem koma í veg fyrir að aðildarríkið uppfylli skyldur sínar samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1351.

II. KAFLI STJÓRNARHÆTTIR

2. gr.

Rökstudd beiðni aðildarríkis

- Ef aðildarríki telur sig vera í neyðarástandi eða aðstæðum þar sem um óviðráðanleg atvik er að ræða getur það, í ljósi þessara óvenjulegu aðstæðna, lagt fram rökstudda beiðni til framkvæmdastjórnarinnar til að njóta góðs af samstöðuráðstöfunum sem gera það kleift að bregðast við þessum aðstæðum á tilhlýðilegan hátt og mögulega að víkja frá viðeigandi reglum um málsmeðferð umsóknar um vernd, á sama tíma og það tryggir að grundvallarréttindi umsækjanda séu virt.
- Rökstudd beiðni, eins og um getur í 1. mgr., skal fela í sér:
 - lýsingu á:
 - því hvernig verndar- og móttökukerfi aðildarríkisins, þ.m.t. barnaverndarþjónusta, er orðið óvirkt vegna neyðarástandsins eins og um getur í a-lið 4. mgr. 1. gr., ásamt þeim ráðstöfunum sem gerðar hafa verið fram að þessu til að takast á við ástandið og rökstuðningi fyrir því að kerfið geti ekki tekist á við aðstæðurnar, þótt vel undirbúið sé og þrátt fyrir þær ráðstafanir sem þegar hafa verið gerðar, eða
 - því hvernig aðildarríkið stendur frammi fyrir misnotkun í pólitískum tilgangi, eins og um getur í b-lið 4. mgr. 1. gr., sem stofnar grundvallarhlutverki þess í hættu, þ.m.t. að halda uppi lögum og reglu eða standa vörð um þjóðaröryggi þess, eða
 - því hvernig aðildarríkið stendur frammi fyrir óeðlilegum og ófyrirsjáanlegum aðstæðum sem það hefur enga stjórn á og gæti ekki forðast afleiðingar þeirra þrátt fyrir ýtrustu kostgæfni, og hvernig þessi óviðráðanlegu atvik koma í veg fyrir að aðildarríkið geti uppfyllt skuldbindingar sínar, sem mælt er fyrir um í 27. gr., 45. gr. (1. mgr.) og 51. gr. (2. mgr.) reglugerðar (ESB) 2024/1348 og í 39., 40., 41. og 46. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351,
 - ef við á, tegund og umfang þeirra samstöðuráðstafana sem kveðið er á um í 1. mgr. 8. gr., sem aðildarríkið telur nauðsynlegar,
 - ef við á, þær undanþágur sem kveðið er á um í 10.–13. gr., sem aðildarríkið telur nauðsynlegar og
 - ef aðildarríkið óskar eftir því að beita undanþágunni sem kveðið er á um í 6. mgr. 11. gr., upplýsingar um hvort það hyggist kveða á um útilokun tiltekinna flokka umsækjanda, eins og um getur í a- eða b-lið 7. mgr. þeirrar greinar, eða stöðvun málsmeðferðar við landamæri fyrir tiltekna flokka umsækjanda í kjölfar mats í hverju tilviki fyrir sig, eins og kveðið er á um í 9. mgr. þeirrar greinar.

3. gr.

Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um ákvörðun á neyðarástandi eða óviðráðanlegum atvikum

- Eftir að rökstudd beiðni, eins og um getur í 2. gr., hefur verið lögð fram skal framkvæmdastjórnin, í nánu samstarfi við aðildarríkið sem leggur fram beiðnina og í samráði við viðeigandi fagstofnanir Sambandsins og alþjóðastofnanir, einkum flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðastofnunarinnar um fólksflutninga, meta ástandið eins skjótt og auðið er og, ef skilyrðin sem sett eru fram í 1. gr. eru uppfyllt, samþykkja framkvæmdarákvörðun eins og um getur í 8. mgr. þessarar greinar.
- Framkvæmdastjórnin getur einnig samþykkt tilmæli um beitingu flýtimeðferðar til að veita tilteknum flokkum umsækjenda alþjóðlega vernd, eins og um getur í 14. gr.
- Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna Evrópuþinginu, ráðinu og aðildarríkjunum að hún sé að vinna mat, eins og um getur í 1. mgr.
- Við mat á því hvort aðildarríki standi frammi fyrir misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi, eins og um getur í b-lið 4. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, skal framkvæmdastjórnin m.a. meta eftirfarandi:
 - hvort þriðja land eða óvinveittur aðili, sem er óháður ríki, greiði fyrir för ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga inn í Sambandið,
 - hvort upplýsingarnar sem aðildarríkið hefur lagt fram sýni með fullnægjandi hætti fram á að allar aðgerðir sem falla undir a-lið hafi það að markmiði að grafa undan stöðugleika í Sambandinu eða í hlutaðeigandi aðildarríki,
 - hvort fyrir hendi sé óvænt, veruleg aukning á fjölda umsókna um alþjóðlega vernd á ytri landamærunum eða í hlutaðeigandi aðildarríki miðað við meðalfjölda umsókna,
 - hvort ekki sé hægt að bregðast með fullnægjandi hætti við afleiðingunum af misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi á fólksflutninga- og verndarkerfi hlutaðeigandi aðildarríkis með þeim ráðstöfunum sem er að finna í verkfærakistunni í samræmi við 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351.
- Framkvæmdastjórnin skal ákvarða hvort skilyrðin að því er varðar ástandið sem aðildarríki stendur frammi fyrir, eins og sett er fram í 1. gr., séu uppfyllt, að teknu tilliti til rökstuddu beiðninnar, eins og um getur í 2. gr. og í ljósi framlagðra upplýsinga og vísanna sem varða hlutaðeigandi aðildarríki, sem um getur í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351. Framkvæmdastjórnin skal meta upplýsingarnar í rökstuddu beiðninni með hliðsjón af ástandinu í hlutaðeigandi aðildarríki á næstliðnum tveimur mánuðum og í samanburði við ástandið í Sambandinu í heild.
- Framkvæmdastjórnin skal einkum ákvarða:

- a) hvort verndarkerfi, móttökukerfi, þ.m.t. barnaverndarþjónusta, eða fólksflutningakerfi aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina, þótt vel undirbúið sé og þrátt fyrir þær ráðstafanir sem þegar hafa verið gerðar, sé orðið óvirkt vegna fjöldakomu ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga, sem veldur því að aðildarríkið getur ekki brugðist við ástandinu og hvort alvarlegar afleiðingar geti hlotist af fyrir starfsemi samevrópska verndarkerfisins,
- b) hvort aðildarríkið standi frammi fyrir misnotkun á farandfólki í pólitískum tilgangi, eins og um getur í b-lið 4. mgr. 1. gr., sem bregðast þurfi við með nauðsynlegri og hóflegri notkun þeirra ráðstafana sem settar eru fram í þessari reglugerð,
- c) hvort aðildarríkið standi frammi fyrir óeðlilegum og ófyrirsjáanlegum aðstæðum sem það hefur enga stjórn á þrátt fyrir yfstrustu kostgæfni, og hvernig slíkar aðstæður vegna óviðráðanlegra atvika koma í veg fyrir að það geti uppfyllt skuldbindingar sínar, sem settar eru fram í 27. gr., 51. gr. (2. mgr.) og 60. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) 2024/1348 og í 39., 40., 41. og 46. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351.

7. Þegar framkvæmdaákvörðun er samþykkt, eins og um getur í 8. mgr. þessarar greinar, skal framkvæmdastjórnin tilgreina af hverju ekki er hægt að bregðast með fullnægjandi hætti við misnotkun farandfólks í pólitískum tilgangi með þeim ráðstöfunum sem settar eru fram í verkfærakistunni í samræmi við 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351.

8. Ef framkvæmdastjórnin ákvarðar, skv. 5. mgr. þessarar greinar, að matið sem um getur í 1. mgr. sýni fram á að skilyrðin sem sett eru fram í 1. gr. séu fyrir hendi, að teknu tilliti til rökstuddu beiðninnar eins og um getur í 2. gr. og í ljósi upplýsinganna sem veittar eru og vísanna sem varða hlutaðeigandi aðildarríki, sem um getur í 9. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, skal framkvæmdastjórnin samþykkja, án tafar og hvað sem öðru líður eigi síðar en tveimur vikum frá framlagningu rökstuddu beiðninnar, sem um getur í 2. gr. þessarar reglugerðar, framkvæmdarákvörðun sem sker úr um það hvort aðildarríkið sem leggur fram beiðni sé í neyðarástandi, eins og um getur í a- eða b-lið 4. mgr. 1. gr. þessarar gerðar, eða hvort um óviðráðanleg atvik sé að ræða. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu framkvæmdarákvörðunina.

4. gr.

Tillaga framkvæmdastjórnarinnar og framkvæmdarákvörðun ráðsins um að heimila undanþágur og um að koma á samstöðuráðstöfunum

1. Samtímis því að framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, sem um getur í 3. gr., er samþykkt skal framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, leggja fram tillögu að framkvæmdaákvörðun ráðsins. Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust tilkynna Evrópuþinginu um þá tillögu.

2. Tillaga framkvæmdastjórnarinnar að framkvæmdarákvörðun ráðsins, sem um getur í 1. mgr., skal tryggja að meginreglurnar um nauðsyn og meðalhóf séu virtar og hún skal innihalda:

- a) eftir því sem við á, þær sérstöku undanþágur sem um getur í 10.–13. gr., sem aðildarríkinu ætti að vera heimilt að beita,
- b) eftir því sem við á, þegar aðildarríki stendur frammi fyrir neyðarástandi, drög að samstöðuviðbragðsáætlun, að höfðu samráði við aðildarríkið, sem tryggir framlagsaðildarríkjum fullt svigrúm til að velja á milli tegunda samstöðuráðstafana og sem felur í sér:
 - i. eftir því sem við á, heildarfjárhæð framlaga vegna tilflutnings sem þörf er á til að takast á við neyðarástandið,
 - ii. eftir því sem við á, aðrar viðeigandi samstöðuráðstafanir sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 8. gr. og umfang þeirra ráðstafana sem þörf er á til að takast á við neyðarástandið,
 - iii. eftir atvikum, heildarfjöldi samstöðuráðstafana sem verða nýttar úr tiltækum skuldbindingaloförðum í árlega samstöðusamlaginu,
 - iv. ef tiltæk skuldbindingaloförð í árlega samstöðusamlaginu uppfylla ekki þarfirnar sem tilgreindar eru í i. og ii. undirlit þessa liðar skal í samstöðuviðbragðsáætluninni einnig fastsetja þau viðbótarskuldbindingaloförð sem þarf til að mæta slíkum þörfum, og
 - v. leiðbeinandi framlög hvers aðildarríkis til að leggja fram sanngjarna hlutdeild sína, reiknuð út í samræmi við viðmiðunarlykilinn sem settur er fram í 66. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, og
- c) ef aðildarríki stendur frammi fyrir neyðarástandi, eins og um getur í b-lið 4. mgr. 1. gr., auðkenningu á ríkisborgurum þriðju landa eða ríkisfangslausum einstaklingum sem ástandið hefur áhrif á.

Þegar samstöðupörf aðildarríkisins er sett fram skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þess hvort aðildarríkið sé þegar aðildarríki sem nýtur góðs af skv. 58. og 59. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351.

Ef aðildarríkið telur, í rökstuddu beiðninni sem um getur í 2. gr., að tilflutningur sé helsta eða eina samstöðuráðstöfunin til að takast á við ástandið skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þess í tillögu sinni að framkvæmdarákvörðun ráðsins, með fyrirvara um ákvörðunarrett framlagsaðildarríkja til að velja á milli tegunda samstöðuráðstafana.

3. Ráðið skal meta tillögu framkvæmdastjórnarinnar að framkvæmdaákvörðun ráðsins, eins og um getur í 1. mgr., og samþykkja framkvæmdaákvörðun innan tveggja vikna frá móttöku þeirrar tillögu sem heimilar aðildarríkinu að beita þeim undanþágum sem kveðið er á um í 10.–13. gr. og koma á fót samstöðuviðbragðsáætlun eins og um getur í b-lið 2. mgr. þessarar greinar, þ.m.t. þær samstöðuráðstafanir sem geta komið aðildarríkinu til góða við að takast á við ástandið.

4. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir tillögu að framkvæmdarákvörðun ráðsins, eins og um getur í 1. mgr., getur hún, eftir því sem við á, samþykkt tilmæli um að flýtleiðferð verði beitt til að veita tilteknum flokkum umsækjenda alþjóðlega vernd, eins og um getur í 14. gr.

5. Framkvæmdarákvörðun ráðsins skal tryggja að meginreglurnar um nauðsyn og meðalhóf séu virtar, tilgreina grundvöllinn sem hún byggist á og ákveða frá hvaða degi megi beita undanþágunum sem mælt er fyrir um í 10.–13. gr., ásamt frestinum til að beita þeim í samræmi við 5. gr. Í framkvæmdarákvörðun ráðsins skal:

- a) eftir því sem við á, tilgreina þær sérstöku undanþágur, sem um getur í 10.–13. gr., sem hlutaðeigandi aðildarríki hefur heimild til að beita,
- b) eftir því sem við á, koma á fót samstöðuviðbragðsáætlun sem felur í sér:
 - i. heildarfjárhæð framlaga vegna tilflutninga sem þarf til að takast á við neyðarástandið að teknu fullu tilliti til mats framkvæmdastjórnarinnar,
 - ii. aðrar viðeigandi samstöðuráðstafanir sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 8. gr. og umfang slíkra ráðstafana sem þarf til að takast á við neyðarástandið,
 - iii. heildarfjöldi samstöðuráðstafana sem nýta skal úr árlega samstöðusamlaginu,
 - iv. viðbótarskuldbindingarloforð sem þarf til að mæta þörfum til að takast á við neyðarástandið, ef fyrirbyggjandi skuldbindingarloforð í árlega samstöðusamlaginu duga ekki til,
 - v. sérstök framlög hvers aðildarríkis sem það hefur gefið skuldbindingarloforð um samkvæmt skyldubundinni sanngjarnri hlutdeild, sem er reiknaður út í samræmi við viðmiðunarlykilinn sem settur er fram í 66. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351,
- c) ef hlutaðeigandi aðildarríki stendur frammi fyrir neyðarástandi, eins og um getur í b-lið 4. mgr. 1. gr., auðkenna ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga sem ástandið hefur áhrif á.

Ráðið skal tafarlaust senda Evrópuþinginu og framkvæmdastjórninni framkvæmdarákvörðunina.

5. gr.

Tímalengd

1. Með fyrirvara um 3. mgr. þessarar greinar skal fresturinn til að beita undanþágum og samstöðuráðstöfunum sem settar eru fram í framkvæmdarákvörðun ráðsins, eins og um getur í 3. mgr. 4. gr., vera þrjú mánuðir. Ef ákvörðunin er ekki felld úr gildi skv. 3. mgr. 6. gr. er heimilt að framlengja frestinn einu sinni um þrjú mánuði þegar staðfesting frá framkvæmdastjórninni liggur fyrir um að neyðarástand eða óviðráðanleg atvik séu viðvarandi.

2. Við lok tímabilsins sem um getur í 1. mgr. og að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis getur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögu að nýrri framkvæmdarákvörðun ráðsins um að breyta eða framlengja sérstöku undanþágurnar eða samstöðuviðbragðs-áætlunina, sem um getur í 5. mgr. 4. gr., um allt að þrjú mánuði. Ef ákvörðunin er ekki felld úr gildi skv. 3. mgr. 6. gr. er heimilt að framlengja frestinn einu sinni um þrjú mánuði þegar staðfesting frá framkvæmdastjórninni liggur fyrir um að neyðarástand eða óviðráðanleg atvik séu viðvarandi. Ákvæði 3. og 5. mgr. 4. gr. gilda.

3. Aðildarríkið sem stendur frammi fyrir neyðarástandi eða óviðráðanlegu ástandi skal ekki beita 10.–13. gr. lengur en bráðnauðsynlegt er til að ráða bót á ástandinu og, hvað sem öðru líður, ekki lengur en fresturinn sem settur er fram í framkvæmdarákvörðun ráðsins, sem um getur í 3. mgr. 4. gr. Heildartími beitingar ráðstafananna skal ekki vera lengri en sem nemur lengd neyðarástandsins eða óviðráðanlegu atvikanna og að hámarki 12 mánuðir.

6. gr.

Vöktun

1. Framkvæmdastjórnin og ráðið skulu stöðugt fylgjast með því hvort neyðarástand eða óviðráðanleg atvik, sem tilgreind eru í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar eins og um getur í 8. mgr. 3. gr., séu viðvarandi.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja sérstaka áherslu á að tryggja að grundvallarréttindi og mannúðarviðmið séu virt og getur farið fram á að Hælisstofnunin hefji sértæka vöktun skv. 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2021/2303.

3. Telji framkvæmdastjórnin að aðstæðurnar, sem leiddu til þess að ákvarðað var að um neyðarástand eða óviðráðanleg atvik væri að ræða, séu ekki lengur fyrir hendi skal hún leggja til að framkvæmdarákvörðun ráðsins, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., verði felld niður. Telji framkvæmdastjórnin það viðeigandi á grundvelli viðeigandi upplýsinga skal hún leggja til að ný framkvæmdarákvörðun ráðsins verði samþykkt, þar sem heimiluð er breyting eða framlenging ráðstafananna eins og sett er fram í samræmi við 2. mgr. 5. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal, á þriggja mánaða fresti eftir gildistöku framkvæmdarákvörðunar ráðsins eins og um getur í 3. mgr. 4. gr., senda skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um beitingu þeirrar ákvörðunar, einkum um skilvirkni ráðstafana sem gerðar hafa verið til að greiða úr neyðarástandi eða óviðráðanlegum atvikum, og skal hún ákvarða hvort ástandið sé viðvarandi og hvort ráðstafanir séu áfram nauðsynlegar og hóflegar.

7. gr.

Samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu

Samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu, eins og ákvarðað er í 15. og 60. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, skal, til viðbótar við verkefnið sem talin eru í þessum greinum:

- a) styðja við tilflutninga frá hlutaðeigandi aðildarríki til framlagsaðildarríkis samkvæmt þessari reglugerð,
- b) stuðla að því að viðbúnaður, samvinna og álagsþol á sviði verndarmála og fólksflutninga verði ríkjandi samfélagsþáttur í aðildarríkjunum m.a. með því að miðla bestu starfsvenjum.

Í því skyni skal samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu fá upplýsingar frá neti viðbúnaðar- og neyðarstjórnunarkerfis ESB á sviði fólksflutninga innan ramma viðeigandi stiga viðbúnaðar- og neyðarástandsáætlunarinnar vegna fólksflutninga samkvæmt tilmælum (ESB) 2020/1366 í upprunalegri útgáfu.

Samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu skal senda frá sér tilkynningu, á tveggja vikna fresti, um stöðu framkvæmdar og hvernig tilhögun tilflutninga er að virka. Þessa tilkynningu skal senda til Evrópuþingsins og ráðsins.

III. KAFLI

SAMSTÖÐURÁÐSTAFANIR SEM GILDA Í NEYÐARÁSTANDI

8. gr.

Samstöðu- og stuðningsráðstafanir í neyðarástandi

1. Aðildarríki sem stendur frammi fyrir neyðarástandi getur, í rökstuddri beiðni sem um getur í 2. gr., óskað eftir eftirfarandi tegundum framlaga:

- tilflutningi, sem skal fara fram samkvæmt málsferðunum sem settar eru fram í 67. og 68. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351:
 - umsækjenda um alþjóðlega vernd,
 - ef hlutaðeigandi framlagsaðildarríki og aðildarríki sem nýtur góðs af samstöðuframlögum hafa gert tvíhliða samkomulag um það, einstaklinga sem njóta alþjóðlegrar verndar, sem fengið hafa slíka vernd innan við þremur árum áður en framkvæmdargerð ráðsins var samþykkt,
- fjárframlögum sem eru ætluð til aðgerða sem eru mikilvægar til að takast á við neyðarástandið í hlutaðeigandi aðildarríki eða í viðkomandi þriðju löndum, með fullri virðingu fyrir mannréttindum, sem önnur aðildarríki skulu leggja til skv. 64. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351,
- öðrum samstöðurádstöfnum eins og um getur í c-lið 2. mgr. 56. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, sem eru sérstaklega nauðsynlegar til að takast á við neyðarástandið og í samræmi við 2. og 3. mgr. 65. gr. þeirrar reglugerðar, en slíkar ráðstafanir skulu teljast fjárhagsleg samstaða og raunverulegt virði þeirra ákvarðað á grundvelli hlutlægra viðmiðana.

2. Við framkvæmd tilflutninga, sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar, skulu aðildarríki veita tilflutningi einstaklinga í viðkvæmri stöðu forgang í samræmi við 60. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351.

9. gr.

Ábyrgðarjöfnun

1. Ef viðbótarskuldbindingarloforð vegna tilflutninga sem sett eru fram í framkvæmdarákvörðun ráðsins, sem um getur í 3. mgr. 4. gr. og skuldbindingarloforðin sem eru tiltæk í árlega samstöðusamlaginu eru undir þeim tilflutningsþörfum sem tilgreindar eru í þeirri framkvæmdarákvörðun ráðsins:

- skulu framlagsaðildarríki bera ábyrgð á allt að 100% af tilflutningsþörfum sem eru tilgreindar í samstöðuviðbragðsáætluninni, sem komið er á með framkvæmdarákvörðun ráðsins, vegna umsókna um alþjóðlega vernd sem ákvarðað hefur verið að aðildarríkið sem stendur frammi fyrir neyðarástandi sé ábyrgt fyrir,
- þegar a-lið þessarar undirgreinar er beitt og ef nauðsyn krefur skulu framlagsaðildarríki taka ábyrgð umfram sanngjarna hlutdeild sína, þrátt fyrir 7. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351,
- þegar a- og b-lið þessarar undirgreinar er beitt gilda 6., 8. og 9. mgr. 63. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, að breyttu breytanda.

Ef tilskipun 2001/55/EB er virkjuð í tengslum við sömu aðstæður, eins og um getur í a-lið 4. mgr. 1. gr., og aðildarríkin samþykkja á sömu stundu að beita ekki 11. gr. þeirrar tilskipunar á skyldubundin jöfnun samkvæmt þessari grein ekki við. Ef framkvæmdarákvörðun ráðsins, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., heimilar hlutaðeigandi aðildarríki að beita 13. gr. á skyldubundin jöfnun samkvæmt þessari grein ekki við.

2. Ef beiting 1. mgr. þessarar greinar nægir ekki til að ná yfir 100% af þeim tilflutningsþörfum sem eru tilgreindar í framkvæmdarákvörðun ráðsins, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., skal ESB-samstarfsvettvangur háttsettra embættismanna um samstöðu kallaður saman að nýju sem fyrst, í samræmi við 4. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, og samkvæmt þeirri málsmeðferð sem sett er fram í 57. gr. þeirrar reglugerðar.

3. Aðildarríki sem nýtur góðs af getur farið fram á að önnur aðildarríki taki yfir ábyrgð á meðferð umsókna um alþjóðlega vernd, sem ákveðið hefur verið að aðildarríkið sem nýtur góðs af beri ábyrgð á, í stað tilflutninga í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 69. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351.

4. Ef framlagsaðildarríki hefur tekið við ábyrgð á umsóknum umfram sanngjarna hlutdeild sína í samræmi við b-lið 1. mgr. þessarar greinar eða 13. gr. skal það eiga rétt á:

- að minnka sanngjarna hlutdeild sína hlutfallslega að því er varðar síðari samstöðuframlög í væntanlegu árlegu hringrásarferli samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1351, sem nemur þeim fjölda umsókna sem það aðildarríki tók til meðferðar umfram sanngjarnan hlut sinn á fimm ára tímabili,
- að minnka sanngjarna hlutdeild sína að því er varðar síðari samstöðuframlög sem sett eru fram í framkvæmdarákvörðun ráðsins, sem er samþykkt skv. 3. mgr. 4. gr., sem nemur þeim fjölda umsókna sem það aðildarríki tók til meðferðar umfram sanngjarna hlutdeild sína, en einungis er hægt að fara fram á slíka minnkun innan fimm ára frá

þeim degi þegar framkvæmdarákvörðun ráðsins, sem leiddi til þess að aðildarríki fór yfir sanngjarna hlutdeild sína, er ekki lengur í gildi.

5. Hyggist aðildarríki nýta sér þann möguleika sem kveðið er á um í 4. mgr. skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Tilkynningin skal innihalda þann fjölda umsókna sem aðildarríkið tók ábyrgð á umfram sanngjarna hlutdeild sína og fyrirhugaða minnkun í væntanlegu árlegu hringrásarferli samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1351 eða við framkvæmd framkvæmdarákvörðunar ráðsins, sem samþykkt var skv. 3. mgr. 4. gr.

Ef framkvæmdastjórnin staðfestir, að lokinni skoðun sinni á tilkynningunni sem um getur í fyrstu undirgrein, að framlag hlutaðeigandi aðildarríkis sé umfram sanngjarna hlutdeild þess skal framkvæmdastjórnin, með framkvæmdargerð, heimila hlutaðeigandi aðildarríki að minnka sanngjarna hlutdeild sína sem nemur þeim fjölda umsókna sem það aðildarríki tók ábyrgð á umfram sanngjarna hlutdeild sína, samkvæmt væntanlegu árlegu hringrásarferli samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1351, eða við framkvæmd framkvæmdarákvörðunar ráðsins sem samþykkt var skv. 3. mgr. 4. gr. innan þess tímabils sem um getur í b-lið 4. mgr. þessarar greinar, til að styðja annað aðildarríki eða þegar gerð er krafa um ábyrgðarjöfnun skv. b-lið 1. mgr. þessarar greinar.

6. Ef ekki er hægt að mæta samstöðuþörfum annarra aðildarríkja, þ.e. aðildarríkja sem njóta góðs af skv. 58. eða 59. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, vegna þess að aðildarríkið sem stendur frammi fyrir neyðarástandi hefur nýtt sér skuldbindingarloforðin sem eru tiltæk í árlega samstöðusamlaginu skv. b-lið 5. mgr. 4. gr. þessarar greinar, skal ESB-samstarfsvettvangur háttsettra embættismanna um samstöðu kallaður saman að nýju sem fyrst í samræmi við 13. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 og samkvæmt þeirri málsmeðferð sem sett er fram í 57. gr. þeirrar reglugerðar.

7. Ef annað aðildarríki telur sig vera undir miklu álagi af völdum fólksflutninga eða stendur frammi fyrir verulega miklum fólksflutningum í skilningi 24. og 25. liðar 2. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, eða stendur frammi fyrir neyðarástandi, sem eru í framkvæmdarákvörðun ráðsins eins og um getur í 3. mgr. 4. gr., getur hlutaðeigandi aðildarríki óskað eftir samstöðuráðstöfunum, skerðingu á samstöðuframlögum þess að fullu eða að hluta til í samræmi við fyrrnefnda reglugerð, eða samstöðu- og stuðningsráðstöfunum í samræmi við þessa reglugerð.

Við mat á rökstuddri beiðni aðildarríkisins, eins og um getur í 2. gr. þessarar reglugerðar, skal framkvæmdastjórnin einnig taka tillit til þess hvort það aðildarríki hafi tekið ábyrgð á meðferð umsókna um alþjóðlega vernd umfram sanngjarna hlutdeild sína, til viðbótar við upplýsingarnar sem settar eru fram í 9. og 10. gr. reglugerðar 2024/1351.

IV. KAFLI UNDANÞÁGUR

10. gr.

Skráning umsókna um alþjóðlega vernd í neyðarástandi eða aðstæðum þar sem um óviðráðanleg atvik er að ræða

1. Í neyðarástandi eða aðstæðum þar sem um óviðráðanleg atvik er að ræða getur aðildarríkið sem stendur frammi fyrir slíku ástandi skráð umsóknir sem lagðar eru fram innan þess tímabils sem þessari málsgrein er beitt eigi síðar en fjórum vikum eftir að þessar umsóknir eru lagðar fram, þrátt fyrir 27. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348,

2. Við beitingu 1. mgr. skal hlutaðeigandi aðildarríki forgangsraða skráningu umsókna einstaklinga með sérstakar þarfir varðandi móttöku, eins og skilgreint er í tilskipun (ESB) 2024/1346, og ólöggráða barna og aðstandenda þeirra.

3. Við beitingu 1. mgr. geta aðildarríkin forgangsraðað skráningu umsókna sem eru líklegar til að vera vel rökstuddar.

4. Þegar neyðarástand ríkir, eins og um getur í a-lið 4. mgr. 1. gr., er einungis heimilt að beita undanþágunni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar á því tímabili sem sett er fram í upphaflegri framkvæmdarákvörðun ráðsins, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., en ekki á meðan á síðari framlengingu hennar stendur skv. 1. eða 2. mgr. 5. gr.

5. Í samræmi við 3. gr. tilskipunar (ESB) 2024/1346 og reglugerð (ESB) 2024/1348 skulu aðildarríki tryggja að umsækjendur hafi aðgang að og geti nýtt réttar síns samkvæmt þessum gerningum á skilvirkan hátt um leið og þeir leggja fram umsókn, án tillits til þess hvenær skráningin fer fram. Hlutaðeigandi aðildarríki skal með viðeigandi hætti tilkynna ríkisborgurum þriðju landa eða ríkisfangslausum einstaklingum, á tungumáli sem þeir skilja eða sem raunhæft er að ætla að þeir skilji, um þá ráðstöfun sem beitt er, staðsetningu skráningarstaða, þ.m.t. landamærastöðvar, sem eru aðgengilegir fyrir skráningu og framlagningu umsókna um alþjóðlega vernd og hversu lengi ráðstöfunin gildir.

6. Þegar aðildarríki leggur fram rökstudda beiðni, eins og um getur í 1. mgr. 2. gr., getur það tilkynnt framkvæmdastjórninni um að það telji nauðsynlegt að beita undanþágunni, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, áður en það hefur heimild til þess í framkvæmdarákvörðun ráðsins, eins og um getur í 3. mgr. 4. gr., og tilgreint nákvæmar ástæður þess að þörf sé á tafarlausum aðgerðum.

Í slíku tilviki getur hlutaðeigandi aðildarríki beitt undanþágunni, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, í allt að 10 daga frá deginum eftir að beiðnin er lögð fram nema framkvæmdarákvörðun ráðsins, eins og um getur í 3. mgr. 4. gr., heimili hlutaðeigandi aðildarríki að halda áfram að beita þeirri undanþágu.

7. Framlenging skráningarfrests umsókna um alþjóðlega vernd er með fyrirvara um skyldurnar um að virða fresti sem settir eru fram í b-lið 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358.

11. gr.

Ráðstafanir sem gilda um málsmeðferð umsóknar um vernd í neyðarástandi eða aðstæðum þar sem um óviðráðanleg atvik er að ræða

1. Í neyðarástandi eða aðstæðum þar sem um óviðráðanleg atvik er að ræða geta aðildarríki, að því er varðar umsóknir sem lagðar eru fram innan þess tímabils sem þessari málsgrein er beitt, vikið frá 2. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348 með því að framlengja hámarkstíma málsmeðferðar við landamæri vegna meðferðar umsókna, sem tilgreindur er í þeirri grein, um sex vikur að hámarki. Það tímabil skal ekki nýtt sem viðbót við tímabilið sem um getur í þriðju undirgrein 2. mgr. 51. gr. þeirrar reglugerðar.
2. Í neyðarástandi, eins og um getur í a-lið 4. mgr. 1. gr., eða aðstæðum þar sem um óviðráðanleg atvik er að ræða er ekki hægt að krefjast þess að aðildarríki, þrátt fyrir 1. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348, taki, við málsmeðferð við landamæri, til meðferðar umsókn sem umsækjendur sem um getur í j-lið 1. mgr. 42. gr. þeirrar reglugerðar leggja fram, ef ráðstafanirnar í viðbragðsáætlun hlutaðeigandi aðildarríkis, sem um getur í 32. gr. tilskipunar (ESB) 2024/1346, nægja ekki til að takast á við ástandið.
3. Í neyðarástandi, eins og um getur í a-lið 4. mgr. 1. gr., geta aðildarríki, þrátt fyrir 1. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348, lækkað viðmiðunarmörkin sem kveðið er á um í j-lið 1. mgr. 42. gr. í 5%.
4. Í neyðarástandi, eins og um getur í a-lið 4. mgr. 1. gr., geta aðildarríki, þrátt fyrir b-lið 1. mgr. 44. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348, við málsmeðferð við landamæri tekið ákvarðanir varðandi efnishlið umsóknar þegar umsækjandinn er ríkisborgari eða, ef um er að ræða ríkisfangslausan einstakling, hafði áður fasta búsetu í þriðja landi þar sem hlutfall samþykktra ákvarðana ákvörðunaryfirvaldsins um að veita alþjóðlega vernd er, samkvæmt nýjustu tiltæku, árlegu meðaltalsgögnum Hagstofu Evrópusambandsins 50% eða lægra í öllu Sambandinu, til viðbótar við þau tilfelli sem um getur í j-lið 1. mgr. 42. gr. þeirrar reglugerðar, að teknu tilliti til ört vaxandi þarfar fyrir vernd sem gæti komið upp í upprunalandi, eins og fram kemur í ársfjórðungslegum uppfærslum á gögnum Hagstofu Evrópusambandsins (e. *Eurostat*).
5. Við beitingu 3. eða 4. mgr. þessarar greinar skal hlutaðeigandi aðildarríki forgangsraða meðferð umsókna um alþjóðlega vernd, sem lagðar eru fram af einstaklingum með sérstakar þarfir varðandi málsmeðferð eða móttöku, eins og skilgreint er í tilskipun (ESB) 2024/1346 og í reglugerð (ESB) 2024/1348, og ólöggráða börnum og aðstandendum þeirra. Við beitingu 3., 4. eða 6. mgr. þessarar greinar getur hlutaðeigandi aðildarríki einnig forgangsraðað meðferð umsókna um alþjóðlega vernd sem líklegt má telja að séu vel rökstuddar.
6. Í neyðarástandi, eins og um getur í b-lið 4. mgr. 1. gr., geta aðildarríki, þrátt fyrir b-lið 1. mgr. 44. gr. og a-lið 2. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348, við málsmeðferð við landamæri tekið ákvarðanir varðandi efnishlið allra umsókna sem lagðar eru fram af ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi sem sætir misnotkun í pólitískum tilgangi og eru skráðar á því tímabili sem þessari málsgrein er beitt.
7. Við beitingu 6. mgr. skulu aðildarríkin:
 - a) undanskilja ólöggráða börn sem eru yngri en 12 ára og aðstandendur þeirra og einstaklinga með sérstakar þarfir varðandi málsmeðferð eða móttöku, eins og skilgreint er í tilskipun (ESB) 2024/1346 og í reglugerð (ESB) 2024/1348, frá málsmeðferð við landamæri eða
 - b) hætta að beita málsmeðferð við landamæri að því er varðar eftirfarandi flokka umsækjenda þegar ákvarðað hefur verið, á grundvelli mats í hverju tilviki fyrir sig, að umsóknir þeirra séu líklegar til að vera vel rökstuddar:
 - i. ólöggráða börn undir 12 ára aldri og aðstandendur þeirra og
 - ii. einstaklingar í viðkvæmri stöðu með sérstakar þarfir varðandi málsmeðferð eða móttöku, eins og skilgreint er í tilskipun (ESB) 2024/1346 og í reglugerð (ESB) 2024/1348.

Þessi málsgrein skal ekki hafa áhrif á skyldubundna málsmeðferð við landamæri eins og um getur í 46. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2024/1348.

8. Ef hlutaðeigandi aðildarríki hefur heimild til að beita undanþágunni, sem um getur í 6. mgr. þessarar greinar, skal tilgreina í framkvæmdarákvörðun ráðsins, eins og um getur í 3. mgr. 4. gr., hvort a- eða b-liður 7. mgr. á við, á grundvelli ábendingar hlutaðeigandi aðildarríkis, í samræmi við d-lið 2. mgr. 2. gr.

9. Aðildarríkið sem stendur frammi fyrir neyðarástandi eða óviðráðanlegum atvikum skal ekki beita eða skal fella úr gildi undanþágu frá málsmeðferð umsóknar um vernd, sem kveðið er á um í 4. og 6. mgr. þessarar greinar, í þeim tilfellum þar sem læknisfræðilegar ástæður eru fyrir því að beita ekki málsmeðferð við landamæri, í samræmi við d-lið 2. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348, eða ef ekki er hægt að veita umsækjendum með sérstakar þarfir varðandi móttöku, í samræmi við tilskipun (ESB) 2024/1346, eða með sérstakar þarfir varðandi málsmeðferð, í samræmi við c-lið 2. mgr. 53. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348, nauðsynlegan stuðning.

10. Við beitingu undanþáganna sem um getur í þessari grein skulu grundvallarreglur réttarins til verndar og meginreglan um að visa fólki ekki aftur þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu, sem og þær ábyrgðir sem kveðið er á um í I. og II. kafla reglugerðar (ESB) 2024/1348, gilda til að tryggja að réttinda þeirra sem leita alþjóðlegrar verndar, þ.m.t. rétturinn til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns, sé gætt.

Aðilar og einstaklingar sem hafa heimild samkvæmt landslögum til að veita ráðleggingar og ráðgjöf skulu hafa virkan aðgang að umsækjendum í varðhaldi eða sem staddir eru á landamerastöðvum. Aðildarríkin geta kveðið á um takmarkanir á slíkum aðgerðum ef samkvæmt landslögum slíkar takmarkanir eru í raun nauðsynlegar vegna öryggis, allsherjarreglu eða stjórnsýslu varðhaldsstöðvar, að því tilskildu að aðgangur verði ekki við þetta háður ströngum takmörkunum eða ógerlegur.

11. Undanþágurnar, sem kveðið er á um í þessari grein, hafa ekki áhrif á ferlið við að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð innan ramma reglugerðar (ESB) 2024/1351. Ef ferlið, í neyðarástandi eða aðstæðum þar sem um óviðráðanleg atvik er að ræða, tekur lengri tíma en hámarkstími málsmeðferðar umsóknar um vernd við landamæri skal ferlinu og eftirstöðvum málsmeðferðarinnar við landamæri lokið á yfirráðasvæði aðildarríkisins sem tekur ákvörðunina, í samræmi við 51. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348.

12. gr.

Framlenging tímamarka sem sett eru fram fyrir beiðnir um að einstaklingur sé tekinn í umsjá, tilkynningar um að taka beri aftur við einstaklingi og flutninga í neyðarástandi, eins og um getur í a-lið 4. mgr. 1. gr., eða aðstæðum þar sem um óviðráðanleg atvik er að ræða

- Í neyðarástandi, eins og um getur í a-lið 4. mgr. 1. gr., eða aðstæðum þar sem um óviðráðanleg atvik er að ræða, sem gera aðildarríki sem stendur frammi fyrir slíkum aðstæðum ókleift að virða tímamörkin sem sett eru fram í 39., 40., 41. og 46. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 eða taka við aðilum sem það ber ábyrgð á samkvæmt þeirri reglugerð, geta aðildarríkin samtímis vikið frá tímamörkunum sem sett eru fram í 39., 40., 41. og 46. gr. þeirrar reglugerðar.
- Ef aðildarríki beitir undanþágunni, sem kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, skal það:
 - leggja fram beiðni um að umsækjandi verði tekinn í umsjá, eins og um getur í 39. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, innan fjögurra mánaða frá þeim degi sem umsóknin var skráð,
 - svara beiðni um að einstaklingur sé tekinn í umsjá, eins og um getur í 40. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, innan tveggja mánaða frá móttöku beiðninnar,
 - leggja fram tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi, eins og um getur í 41. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, innan eins mánaðar frá því að jákvæð niðurstaða úr evrópska fingrafaragrunninum berst eða staðfesta móttöku innan eins mánaðar frá slíkri tilkynningu og
 - framkvæma flutning, eins og um getur í 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, innan eins árs frá samþykki beiðninnar um að einstaklingur sé tekinn í umsjá eða frá staðfestingu annars aðildarríkis á tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi eða frá endanlegri ákvörðun um kæru eða endurskoðun ákvörðunar um flutning, sem hefur áhrif til frestunar í samræmi við 3. mgr. 43. gr. þeirrar reglugerðar.
- Ef aðildarríkið, sem um getur í 1. mgr., virðir ekki tímamörkin sem sett eru fram í a-, b- eða d-lið 2. mgr. þessarar greinar skal ábyrgðin á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd samkvæmt reglugerð (ESB) 2024/1351 liggja hjá því eða færast til þess.
- Ef 1. mgr. þessarar greinar er beitt skal ekki framkvæma flutninga, skv. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, til aðildarríkisins sem ber ábyrgð og stendur frammi fyrir neyðarástandi, eins og um getur í a-lið 4. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, eða óviðráðanlegu atviki fyrr en það aðildarríki stendur ekki lengur frammi fyrir því ástandi nema aðildarríkið sem ber ábyrgð hafi samþykkt að taka á móti viðkomandi einstaklingi vegna sérstakra aðstæðna umsækjandans. Ef flutningurinn á sér ekki stað innan eins árs frá samþykki beiðninnar um að einstaklingur sé tekinn í umsjá eða frá staðfestingu annars aðildarríkis á tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi eða frá endanlegri ákvörðun um kæru eða endurskoðun ákvörðunar um flutning, sem hefur áhrif til frestunar í samræmi við 3. mgr. 43. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, þ.m.t. vegna þess viðvarandi neyðarástands sem um getur í a-lið 4. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar eða óviðráðanlegra atvika, skal þrátt fyrir 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 fella niður skyldur aðildarríkisins sem ber ábyrgð og sem stendur frammi fyrir slíku ástandi, til að taka hlutaðeigandi einstakling í umsjá eða taka við honum aftur og færast ábyrgðin þá til aðildarríkisins sem annast flutninginn.

13. gr.

Undanþágur frá þeirri skyldu að taka aftur við umsækjanda þegar um er að ræða óvenjulegar fjöldakomur

1. Ef fjöldakomur ríkisborgara þriðju landa eða ríkisfangslausra einstaklinga eru af slíkri stærðargráðu og umfangi að það gæti skapað verulega hættu á alvarlegum annmörkum á meðferð umsækjenda og þar með skapað alvarlega hættu á því að sam-evrópska verndarkerfið verði óvirkt má, þrátt fyrir b-lið 1. mgr. 36. gr. og 4. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, í neyðarástandi, eins og um getur í a-lið 4. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, leysa aðildarríkið sem stendur frammi fyrir slíkum aðstæðum undan þeim skyldum sínum að:

- taka aftur við umsækjanda, ríkisborgara þriðja lands eða ríkisfangslausum einstaklingi, enda hafi aðildarríkið verið tilgreint sem aðildarríkið sem ber ábyrgð skv. 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358 ef sú ábyrgð var ákvörðuð skv. 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 eða
- taka aftur við umsækjanda skv. 4. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351.

Þessi málsgrein gildir einungis ef umsóknin var skráð í því aðildarríki sem stendur frammi fyrir slíkum aðstæðum, innan þess frests sem settur er fram í framkvæmdarákvörðun ráðsins, sem um getur í 3. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, en hann skal ekki vera lengri en fjórir mánuðir fyrir samþykktardag þeirrar framkvæmdarákvörðunar ráðsins.

2. Ef 1. mgr. þessarar greinar er beitt og ákvarðað hefur verið að aðildarríkið sem stendur frammi fyrir slíkum aðstæðum sé aðildarríkið sem ber ábyrgð skv. 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, fellur sú skylda aðildarríkisins að taka aftur við hlutaðeigandi einstaklingi niður og skal ábyrgðin færast til aðildarríkisins þar sem önnur umsóknin var skráð.

Aðildarríkið sem tekur við ábyrgðinni samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal tilgreina í evrópska fingrafara-grunninum að það sé orðið aðildarríkið sem ber ábyrgð, í samræmi við 3. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358.

3. Ef 1. mgr. þessarar greinar er beitt og aðildarríkinu sem stendur frammi fyrir slíkum aðstæðum er skylt að taka aftur við umsækjanda skv. 4. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, skal aðildarríkið þar sem önnur umsókn er skráð beita, þrátt fyrir 2. og 4. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, málsmeðferðunum sem settar eru fram í III. hluta þeirrar reglugerðar, að undanskilinni 16. gr. (2. mgr.), 17. gr. (1. og 2. mgr.), 25. gr. (5. mgr.) og 33. gr. (1. og 2. mgr.), og skal skyldan til að taka aftur við umsækjanda skv. 4. mgr. 38. gr. flytjast til þess aðildarríkis.

Ef ekki er unnt að ákvarða hvaða aðildarríki ber ábyrgð samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal aðildarríkið þar sem önnur umsóknin var skráð bera ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd. Þessi undirgrein skal ekki hafa áhrif á umsóknir um alþjóðlega vernd sem aðildarríki hefur sent tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi vegna, skv. 41. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, fyrir þann dag sem framkvæmdaákvörðun ráðsins, sem um getur í 3. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, er samþykkt.

Aðildarríkið sem tekur við ábyrgðinni samkvæmt annarri undirgrein þessarar málsgreinar skal tilgreina í evrópska fingrafara-grunninum að það sé orðið aðildarríkið sem ber ábyrgð, í samræmi við 1. mgr. 16. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358.

V. KAFLI

FLÝTÍMEÐFERÐ

14. gr.

Flýtimeðferð

1. Ef hlutlægar aðstæður benda til þess að umsóknir um alþjóðlega vernd frá hópum umsækjenda frá tilteknu upprunalandi eða fyrirverandi föstu búsetulandi eða frá hluta slíks lands, eða á grundvelli viðmiðananna sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2024/1347, séu vel rökstuddar getur framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við ESB-samstarfsvettvang háttsettra embættismanna um samstöðu, samþykkt tilmæli um beitingu flýtimeðferðar með því að veita allar viðeigandi upplýsingar, einkum með tilliti til þess að auðvelda beitingu ákvörðunaryfirvalda á a-lið 11. mgr. 13. gr. og a-lið 5. mgr. 34. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348.

2. Ef ákvörðunaryfirvaldið beitir a-lið 12. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348, eftir að tilmæli hafa verið samþykkt eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar, til að sleppa einstaklingsviðtalinu og a-lið 5. mgr. 34. gr. þeirrar reglugerðar til að forgangsraða meðferð umsóknarinnar vegna þess að líklegt er að hún sé vel rökstudd skal það, þrátt fyrir 4. mgr. 35. gr. þeirrar reglugerðar, tryggja að athugun á efnihlíð umsóknarinnar sé lokið eigi síðar en fjórum vikum eftir að umsóknin er lögð fram.

3. Þegar framkvæmdastjórnin skoðar hvort samþykka eigi tilmæli, eins og um getur í 1. mgr., getur hún haft samráð við viðeigandi fagstofnanir Sambandsins, flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna og aðrar viðeigandi stofnanir.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

15. gr.

Sértæk ákvæði og ábyrgðir

Ef aðildarríki beitir undanþágu, eins og um getur í 10.–13. gr., í neyðarástandi skal það tilkynna ríkisborgurum þriðju landa eða ríkisfangslausum einstaklingum á viðeigandi hátt og á tungumáli sem þeir skilja eða sem raunhæft er að ætla að þeir skilji, um ráðstafanir sem beitt er, staðsetningu skráningarstaða, þ.m.t. landamærastöðvar, sem eru aðgengilegir fyrir skráningu og framlagningu umsóknar um alþjóðlega vernd og hversu lengi ráðstafanirnar gilda.

16. gr.

Viðbúnaður við neyðarástandi

1. Landsbundnar stefnuáætlanir, sem aðildarríki koma á í samræmi við 7. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, skulu einnig ná yfir:

- fyrirbyggjandi ráðstafanir til að tryggja fullnægjandi viðbúnaðarstig og til að draga úr hættunni á neyðarástandi ásamt gerð viðbragðsáætlana, að teknu tilliti til viðbragðsáætlana samkvæmt reglugerðum (ESB) 2021/2303 og (ESB) 2019/1896 og tilskipun (ESB) 2024/1346 og skýrslna framkvæmdastjórnarinnar, sem gefnar eru út innan ramma viðbúnaðar- og neyðarástandsáætlunarinnar vegna fólksflutninga (e. *Migration Preparedness and Crisis Blueprint*),
- greiningu á nauðsynlegum ráðstöfunum til að bregðast við og leysa úr neyðarástandi og óviðráðanlegum atvikum í hlutaðeigandi aðildarríki, þ.m.t. ráðstafanir til að vernda réttindi umsækjenda og þeirra sem njóta alþjóðlegrar verndar og annars konar verndar.

2. Að því er varðar 1. mgr. geta aðildarríki haft samráð við framkvæmdastjórnina og viðeigandi stofnanir, skrifstofur og fagstofnanir Sambandsins, einkum Hælisstofnunina, sem og svæðis- og staðaryfirvöld, eftir því sem við á og í samræmi við landslög.

3. Aðildarríkin skulu endurskoða, ef nauðsyn krefur, landsbundnu stefnuáætlanirnar sem komið er á fót í samræmi við 7. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 og í öllu falli eigi síðar en einu ári frá þeim degi þegar neyðarástandinu lauk, í samræmi við 5. gr. þessarar reglugerðar.

17. gr.

Samstarf og mat

1. Til að tryggja snurðulausa beitingu ráðstafananna sem finna má í framkvæmdarákvörðun ráðsins, sem um getur í 3. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, skal samræmingaraðili ESB á sviði samstöðu boða til fyrsta fundar ESB-samstarfsvettvangs á tæknistigi um samstöðu, eins og um getur í 5. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, strax eftir að slík framkvæmdar-

ákvörðun ráðsins hefur verið samþykkt. Í kjölfar fyrsta fundarins skal ESB-samstarfsvettvangur á tæknistigi um samstöðu koma saman eins oft og þörf krefur.

2. Aðildarríki í neyðarástandi er heimilt að óska eftir aðstoð allra yfirvalda sem geta aukið, með skömmum fyrirvara, við mannauð lögbærra yfirvalda sinna í samræmi við 5. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1348, og aðstoð sérfræðinga sem Hælisstofnunin sendir á vettvang, í samræmi við 5. gr. (a-lið) þeirrar reglugerðar og 16. gr. (b-lið 2. mgr.) og 21. gr. (d-lið 3. mgr.) reglugerðar (ESB) 2021/2303.

3. Framkvæmdastjórnin, Evrópuþingið, ráðið, viðeigandi fagstofnanir Sambandsins og aðildarríkið sem stendur frammi fyrir neyðarástandi eða óviðráðanlegu atviki skulu hafa náið samstarf og upplýsa hvert annað reglulega um framkvæmd framkvæmdarákvörðunar ráðsins, sem um getur í 3. mgr. 4. gr.

4. Aðildarríkið sem stendur frammi fyrir neyðarástandi eða aðstæðum þar sem um óviðráðanleg atvik er að ræða skal halda áfram að senda framkvæmdastjórninni öll tilheyrandi gögn, þ.m.t. tölfraðilegar upplýsingar sem skipta máli fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar. Hlutaðeigandi aðildarríki skal einnig veita framkvæmdastjórninni þær sértæku upplýsingar sem hún þarf til að framkvæma endurskoðunina skv. 3. mgr. 6. gr. og til að gera tillögu um niðurfellingu eða framlengingu á framkvæmdarákvörðun ráðsins, sem og allar aðrar upplýsingar sem framkvæmdastjórnin kann að óska eftir á þeim grundvelli.

5. Aðildarríkið sem stendur frammi fyrir neyðarástandi eða aðstæðum þar sem um óviðráðanleg atvik er að ræða skal áfram starfa náið með flóttamannafulltrúa Sameinuðu þjóðanna og öllum öðrum aðilum sem aðildarríkið hefur falið verkefni samkvæmt þessum kafla og reglugerð (ESB) 2024/1348 og tilskipun (ESB) 2024/1346.

6. Þegar framkvæmdastjórnin og ráðið beita heimildum sínum og gegna skyldum sínum samkvæmt þessari grein skulu þau ávallt að tryggja að nauðsynjarreglan og meðalhófsreglan séu virtar.

18. gr.

Fjárstuðningur

1. Aðildarríki sem framkvæma tilflutning sem samstöðuráðstöfun skulu geta notið góðs af fjárstuðningi Sambandsins samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í 9. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2021/1147, þ.m.t. vegna snemmbærra aðlögunarráðstafana sem svæðis- og staðaryfirvöld koma til framkvæmda.

2. Heimilt er að veita aðildarríki í neyðarástandi neyðarfjárhagsaðstoð skv. a-lið 1. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2021/1147, þ.m.t. vegna bygginga, viðhalds og endurnýjunar móttökuáðstöðu sem nauðsynleg er vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, í samræmi við staðlana sem kveðið er á um í tilskipun (ESB) 2024/1346.

19. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) 2021/1147

Eftirfarandi liður bætist við 1. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2021/1147:

„ba) þar sem neyðarástand ríkir í skilningi a-liðar 4. mgr. 1. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1359 (*).“

20. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

Gjört í Brussel 14. maí 2024.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

forseti.

R. METSOLA

Fyrir hönd ráðsins

forseti.

H. LAHBIB

(¹) Stjtið. ESB C 155, 30.4.2021, bls. 58.

(²) Stjtið. ESB C 175, 7.5.2021, bls. 32.

(³) Afstaða Evrópuþingsins frá 10. apríl 2024 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 14. maí 2024.

(⁴) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1351 frá 14. maí 2024 um stjórnun verndarmála og fólksflutninga, um breytingu á reglugerðum (ESB) 2021/1147 og (ESB) 2021/1060 og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 604/2013 (Stjtið. ESB L, 2024/1351, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1351/oj>).

(⁵) Tilskipun ráðsins 2001/55/EB frá 20. júlí 2001 um lágmarkskröfur til að veita tímabundna vernd ef til stórfellds innstreymis fólks, sem hefur neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga, kemur og um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi milli viðleitni aðildarríkjanna til að veita slíku einstaklingum viðtöku og afleiðinga þess (Stjtið. EB L 212, 7.8.2001, bls. 12).

(⁶) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1348 frá 14. maí 2024 um að taka upp sameiginlega málsmeðferð um alþjóðlega vernd í Sambandinu og um niðurfellingu á tilskipun 2013/32/ESB (Stjtið. ESB L, 2024/1348, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1348/oj>).

(7) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1346 frá 14. maí 2024 um kröfur varðandi móttöku umsækjenda um alþjóðlega vernd (Stjtið. ESB L, 2024/1346, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2024/1346/oj>).

(8) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1356 frá 14. maí 2024 um innleiðingu skimunar ríkisborgara þriðju landa á ytri landamærunum og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 767/2008, (ESB) 2017/2226, (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/817 (Stjtið. ESB L, 2024/1356, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1356/oj>).

(9) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1358 frá 14. maí 2024 um stofnun evrópska fingrafaragrunnsins „Eurodac“ til að bera saman lífkennaupplýsingar í því skyni að stuðla að skilvirkri beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1351 og (ESB) 2024/1350 og tilskipunar ráðsins 2001/55/EB og til að staðfesta deili á ríkisborgurum þriðju landa eða ríkisfangslausum einstaklingum sem dvelja þar ólöglega og um beiðnir löggæsluyfirvalda aðildarríkjanna og Löggæslusamvinnustofnunar Evrópusambandsins um samanburð við gögn í evrópska fingrafaragrunninum í löggæslutilgangi, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1240 og (ESB) 2019/818 og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 603/2013 (Stjtið. ESB L, 2024/1358, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1358/oj>).

(10) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1347 frá 14. maí 2024 um kröfur, sem ríkisborgarar þriðju landa eða ríkisfangslausir einstaklingar þurfa að uppfylla til að njóta alþjóðlegrar verndar, um samræmda réttarstöðu flóttamanna eða fólks sem á rétt á viðbótarvernd og um efni þeirrar verndar sem veitt er, og um breytingu á tilskipun ráðsins 2003/109/EB og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/95/ESB (Stjtið. ESB L, 2024/1347, 22.5.2024, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2024/1347/oj>).

(11) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/XXX frá XXX um breytingu á tilskipun 2011/36/ESB um að koma í veg fyrir og berjast gegn mansali og vernda fórnarlömb þess (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

(12) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 866/2004 frá 29. apríl 2004 um fyrirkomulag skv. 2. gr. bókunar nr. 10 við aðildarlögin (Stjtið. ESB L 161, 30.4.2004, bls. 128).

(13) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/2303 frá 15. desember 2021 um Hælisstofnun Evrópusambandsins og um niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 439/2010 (Stjtið. ESB L 468, 30.12.2021, bls. 1).

(14) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1896 frá 13. nóvember 2019 um Evrópsku landamæra- og strandgæsluna og um niðurfellingu á reglugerðum (ESB) nr. 1052/2013 og (ESB) 2016/1624 (Stjtið. ESB L 295, 14.11.2019, bls. 1).

(15) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1366 frá 23. september 2020 um viðbúnaðar- og neyðarstjórnunarkerfi ESB í tengslum við fólksflutninga (Stjtið. ESB L 317, 1.10.2020, bls. 26).

(16) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/794 frá 11. maí 2016 um Löggæslusamvinnustofnun Evrópusambandsins (Löggæslusamvinnustofnunina (Europol)) sem kemur í stað og fellir úr gildi ákvarðanir ráðsins 2009/371/DIM, 2009/934/DIM, 2009/935/DIM, 2009/936/DIM og 2009/968/DIM (Stjtið. ESB L 135, 24.5.2016, bls. 53).

(17) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2021/1147 frá 7. júlí 2021 um stofnun Sjóðs vegna verndarmála, fólksflutninga og aðlögunar (Stjtið. ESB L 251, 15.7.2021, bls. 1).

(18) Stjtið. ESB L 66, 8.3.2006, bls. 38.

(19) Stjtið. EB L 93, 3.4.2001, bls. 40.

(20) Stjtið. ESB L 53, 27.2.2008, bls. 5.

(21) Stjtið. ESB L 160, 18.6.2011, bls. 39.

Fylgiskjal 4.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDARSTJÓRNARINNAR (ESB) 2025/2055**

frá 2. október 2025

um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1351 að því er varðar stjórnun verndarmála og fólksflutninga og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1560/2003**1. KAFLI****ALMENNAR MEGINREGLUR UM SENDINGU UPPLÝSINGA AÐ ÞVÍ ER
VARÐAR BEITINGU REGLUGERÐAR (ESB) 2024/1351**

1. gr.

Dyflinnarnetið (e. *DubliNet*)

- Vísa skal til öruggu rafrænu samskiptaleiðanna, sem um getur í 4. mgr. 52. gr. reglugerðar 2024/1351, sem Dyflinnarnetsins.
- Miðlæga fjarskiptavirkið skal nota fyrirbyggjandi samevrópska fjárvirknipjónustunetið milli stjórnsýslustofnana („TESTA“).
- Sendendur skulu fá sjálfvirka rafræna staðfestingu á móttöku frá kerfinu á öllum sendingum sem um getur í 1. mgr. 3. gr. Þessi staðfesting á móttöku skal fela í sér sönnun á sendingu og sönnun á dagsetningu og tíma á viðtöku orðsendingarinnar.
- Líta skal á tilvísanir í reglugerð (ESB) 2024/1351 til rafræna fjarskiptahælnetsins, sem komið var á fót með 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1560/2003, sem tilvísanir til Dyflinnarnetsins.

2. gr.

Landsbundnar aðgangsstöðvar og aðgangsstöð Hælisstofnunarinnar

- Í hverju aðildarríki skal vera ein tiltekin landsbundin aðgangsstöð.
- Hælisstofnun Evrópusambandsins („Hælisstofnunin“) skal hafa eina tiltekna aðgangsstöð.
- Landsbundnar aðgangsstöðvar og aðgangsstöð Hælisstofnunarinnar skulu bera ábyrgð á vinnslu gagna sem berast og útsendingu gagna.
- Allar beiðnir, svör eða samskipti frá landsbundinni aðgangsstöð eða aðgangsstöð Hælisstofnunarinnar skulu teljast ósvikin.

3. gr.

Skylda til að nota Dyflinnarnetið

- Senda skal öll stöðluð eyðublöð, lífkennaupplýsingar sem eru teknar í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1358 og öll önnur skrifleg samskipti sem varða beitingu reglugerðar (ESB) 2024/1351, í gegnum Dyflinnarnetið.
- Þrátt fyrir 1. mgr. eru, ef nauðsyn krefur, samskipti með öðrum leiðum heimil á milli lögbærrar stofnunar í aðildarríkinu sem ber ábyrgð á að annast flutning og lögbærra stofnana í aðildarríkinu sem beiðninni er beint til, að því er varðar hagnýt fyrirkomulag flutninga, tíma og komustað, einkum þegar einstaklingurinn sem á að flytja er með fylgd.

4. gr.

Samskiptatungumál

Velja skal eitt eða fleiri tungumál til samskipta, með samkomulagi milli hlutaðeigandi aðildarríkja.

5. gr.

Tilvísunarnúmer

1. Allar sendingar um Dyflinnarnetið skulu hafa tilvísunarnúmer, sem gerir kleift að auðkenna málið sem þær varða og aðildarríkið sem sendir þær með ótvíráðum hætti. Þetta númer verður einnig að gera það kleift að ákvarða eftirfarandi tegundir sendinga:

- beiðni um að taka yfir umsjá (tegund 01),
- tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi (tegund 02),
- beiðni um upplýsingar sem um getur í a-lið 1. mgr. 51. gr. reglugerðar 2024/1351 (tegund 03),
- beiðni um upplýsingar sem um getur í b-lið 1. mgr. 51. gr. reglugerðar 2024/1351 (tegund 04),
- beiðni um upplýsingar sem um getur í c-lið 1. mgr. 51. gr. reglugerðar 2024/1351 (tegund 05),
- beiðni um upplýsingar sem um getur í d-lið 1. mgr. 51. gr. reglugerðar 2024/1351 (tegund 06),
- beiðni um upplýsingar um barn, systkini eða foreldri umsækjanda sem er á framfæri annarra (tegund 07),
- skipti á upplýsingum um fjölskyldu, systkini eða skyldmenni fylgdarlauss, ólöggráða barns (tegund 08),
- sendingu upplýsinga áður en flutningur fer fram (tegund 09),
- sendingu sameiginlega heilbrigðisvottorðsins (tegund 10),
- sendingu staðlaðs eyðublaðs vegna tilflutnings (tegund 11),
- sendingu upplýsinga um ábyrgðarjöfnun sem um getur í 6. mgr. 63. gr. reglugerðar 2024/1351 (tegund 12).

- Á eftir hverri tegund sendingar, sem um getur í 1. mgr., skal koma bókstafurinn „P“ til að tilgreina forgang þegar málið varðar ólöggráða börn eða beiðnin er lögð fram á grundvelli 25.–28. og 34. gr. reglugerðar 2024/1351.
- Tilvísunarnúmerið skal hefjast á þeim bókstöfum sem notaðir eru til að auðkenna sendingaraðildarríkið í evrópska fingrafaragrunninum. Á eftir þessari auðkenningu skal koma númer sem tilgreinir tegund sendingar samkvæmt flokkuninni sem sett er fram í 1. mgr. og, eftir atvikum, tilgreining um forgang í samræmi við 2. mgr. og landsbundið tilvísunarnúmer málsins sem sendingaraðildarríkið notar.
- Þegar um er að ræða sendingu á staðlaða eyðublaðinu, sem sett er fram í VI. viðauka sem um getur í 2. mgr. 26. gr., skal tilvísunarnúmerið hefjast á bókstöfunum sem notaðir eru til að auðkenna sendingaraðildarríkið í evrópska fingrafaragrunninum og þar á eftir skal koma fram tilgreining tegundar sendingar, sem um getur í 1. mgr. (tegund 09), bókstafurinn „G“, fjöldi einstaklinga sem mælt er með að verði fluttir og fyrirhugaður flutningsdagur á sniði dags/mánaðar/árs.
- Allar sendingar frá Hælisstofnuninni skulu hefjast á tilvísuninni „Hælisstofnun Evrópusambandsins“.

6. gr.

Samfelld starfsemi

- Aðildarríkin skulu tryggja að tæknileg starfsemi landsbundinna aðgangsstöðva þeirra sé ótrufluð allan sólarhringinn og Hælisstofnunin skal gera slíkt hið sama varðandi sína aðgangsstöð.
- Ef truflun verður á starfsemi landsbundinnar aðgangsstöðvar eða aðgangsstöðvar Hælisstofnunarinnar í meira en sjö vinnustundir skal aðildarríkið eða Hælisstofnunin tilkynna lögbæru yfirvöldunum, sem eru tilnefnd skv. 1. mgr. 52. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, og framkvæmdastjórninni um truflunina og tryggja að eðlileg starfsemi hefjist aftur eins fljótt og auðið er.
- Ef landsbundin aðgangsstöð hefur sent gögn til landsbundinnar aðgangsstöðvar sem hefur orðið fyrir truflun á starfsemi sinni skal nota skrána yfir sendingar á vettvangi miðlæga fjarskiptavirkisins sem sönnun fyrir dagsetningu og tíma sendingar. Frestina sem settir eru í 39., 40. og 41. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 til að senda beiðni um að einstaklingur sé tekinn í umsjá, tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi, svar við beiðni eða staðfestingu á tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi, má ekki rjúfa á meðan truflun er á starfsemi viðkomandi landsbundinnar aðgangsstöðvar.

II. KAFLI

BEIÐNIR UM AÐ TAKA EINSTAKLING Í UMSJÁ

7. gr.

Undirbúningur og framlagning beiðna um að einstaklingur sé tekinn í umsjá

- Beiðnir um að taka einstakling í umsjá skulu lagðar fram á stöðluðu eyðublaði í samræmi við fyrirmyndina í II. viðauka. Í tilvikum sem um getur í 2. mgr. 84. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 skal beiðni um að einstaklingur sé tekinn í umsjá lögð fram á stöðluðu eyðublaði í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í XII. viðauka.

Beiðnin skal innihalda skýran og ítarlegan rökstuðning, sem byggist á öllum aðstæðum málsins og fela í sér eftirfarandi:

- afrit af öllum sönnunum og sönnunum byggðar á líkum sem sýna að aðildarríkið sem beiðninni er beint til beri ábyrgð á meðferð umsóknar um alþjóðlega vernd, ásamt, eftir því sem við á, athugasemdum um við hvaða aðstæður þeirra var aflað og sönnunargildi þeirra sannana sem byggðar eru á líkum, að mati aðildarríkisins sem leggur fram beiðnina, með vísan til skrárinnar yfir sannanir og sannanir byggðar á líkum sem um getur í 4. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, sem sett er fram í I. viðauka við þessa reglugerð,
- ef nauðsyn krefur, afrit af skriflegum yfirlýsingum sem gerðar eru af umsækjanda eða skýrslum sem teknar eru af honum og öll önnur gögn eða upplýsingar sem skipta máli til að rökstyðja beiðnina, s.s. afrit af sniðmáttinu sem um getur í 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, ljósmyndir og lífkennaupplýsingar sem eru teknar í samræmi við reglugerð (ESB) 2024/1358.

Þegar samtímis eru lagðar fram beiðnir um að taka í umsjá einstaklinga sem tilheyra sömu fjölskyldu skal það gert á sama staðlaða eyðublaðinu.

2. Þegar beiðni er byggð á jákvæðri niðurstöðu sem evrópski fingrafaragrunnurinn sendir í samræmi við 4. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358, í kjölfar samanburðar á lífkennaupplýsingum umsækjanda og lífkennaupplýsingum sem áður voru teknar í samræmi við 13. gr. þeirrar reglugerðar og athugaðar, eftir atvikum, í samræmi við 4. mgr. 38. gr. þeirrar reglugerðar, skal hún innihalda jákvæðu niðurstöðuna ásamt öllum gögnum sem voru send með henni, að undanskildum lífkennaupplýsingum.

3. Ef beiðnin er byggð á jákvæðri niðurstöðu sem upplýsingakerfið um vegabréfsáritanir („VIS“) hefur sent í samræmi við 21. gr. eða 22. gr. j í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2008 (⁸), í kjölfar samanburðar á fingraförum umsækjanda um alþjóðlega vernd og fingrafaraupplýsinga sem áður voru teknar og sendar til upplýsingakerfisins um vegabréfsáritanir í samræmi við 9. gr. þeirrar reglugerðar og athugaðar í samræmi við 21. gr. þeirrar reglugerðar, skulu gögnin sem fást úr upplýsingakerfinu um vegabréfsáritanir einnig fylgja með.

4. Ef beiðnin er byggð á 25.–28. eða 34. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 skal ekki gerð krafa um formlegar sannanir, s.s. upprunaleg skrifleg sönnunargögn og DNA-prófun, ef sannanir byggðar á líkum eru samfelldar, sannreynanlegar og nægilega ítarlegar til að staðfesta ábyrgð.

8. gr.

Samþykki beiðni um að einstaklingur sé tekinn í umsjá

Leggja skal samþykki beiðni um að einstaklingur sé tekinn í umsjá fram á sama staðlaða eyðublaðinu og notað var til að leggja beiðnina fram. Ef aðildarríkið sem beiðni er beint til samþykkir að taka á sig ábyrgð skal svarið m.a. innihalda þær upplýsingar sem tilgreina gildandi ákvæði reglugerðar (ESB) 2024/1351 og hagnýt atriði og upplýsingar sem skipta máli varðandi flutninginn.

9. gr.

Synjun beiðni um að einstaklingur sé tekinn í umsjá

1. Ef aðildarríkið sem beiðni er beint til telur að framlögðu sannanirnar sýni ekki fram á ábyrgð þess skal synja beiðninni með því að nota þann hluta sem er ætlaður til þess á sama staðlaða eyðublaðinu og var notað til að leggja fram beiðnina. Aðildarríkið sem beiðni er beint til skal leggja fram rökstuddar ástæður fyrir synjuninni í samræmi við 8. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 og láta fylgja viðeigandi sannanir og sannanir byggðar á líkum sem styðja þessar rökstuddu ástæður, ef þær liggja fyrir.

2. Ef aðildarríkið sem leggur fram beiðni telur að slík synjun sé byggð á röngu mati eða ef það hefur viðbótarsönnunargögn til að leggja fram getur það farið fram á að beiðni þess verði tekin til endurskoðunar. Þann valmöguleika skal nýta innan þriggja vikna frá móttöku synjunarinnar. Aðildarríkið sem beiðni er beint til skal leitast við að svara innan tveggja vikna. Þegar tveggja vikna fresturinn rennur út er endurskoðunarmeðferð málsins lokið, hvort sem aðildarríkið sem beiðni er beint til hefur svarað innan þess frests eða ekki.

Bregðist aðildarríkið sem fær tilkynningu ekki við innan þess frests sem er tilgreindur í fyrstu undirgrein jafngildir það ekki því að beiðnin sé staðfest.

Fyrsta undirgrein framlengir ekki tímamörkin sem mælt er fyrir um í 1. og 7. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351.

10. gr.

Einstaklingar á framfæri annarra

1. Ef umsækjandi er staddur á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en þar sem barnið, systkinið eða foreldrið sem umsækjandi er á framfæri hjá, eða sem er á framfæri umsækjanda, er statt skal nota staðlaða eyðublaðið, sem sett er fram í VII. viðauka, fyrir samráð milli aðildarríkjanna tveggja og fyrir beiðnir um upplýsingar varðandi:

- fyrirliggjandi fjölskyldutengsl milli umsækjanda og barnsins, systkinis eða foreldris,
- framfærslutengsl milli umsækjanda og barnsins, systkinis eða foreldris,
- getu viðkomandi einstaklings til að annast einstakling á framfæri annarra,
- ef nauðsyn krefur, vangetu til að ferðast í umtalsverðan tíma.

Afrit af tiltækum, skriflegum sönnunargögnum sem staðfesta framfærsluþörf viðkomandi, einkum læknisvottorðum, og viðeigandi upplýsingum frá viðkomandi einstaklingum, sem og skrifleg staðfesting umsækjanda eða barnsins, systkinsins eða foreldrisins á getu þeirra og vilja til að annast einstaklinginn sem er á framfærslu annarra, skulu fylgja með á þessu staðlaða eyðublaði.

2. Aðildarríkið sem beiðni er beint til skal leitast við að svara innan tveggja vikna frá viðtöku beiðni um upplýsingar. Ef sannfærandi sönnunargögn gefa til kynna að frekari rannsóknir myndu leiða til nákvæmari upplýsinga skal aðildarríkið sem beiðni er beint til tilkynna aðildarríkinu sem leggur fram beiðni að þörf sé á tveimur vikum til viðbótar.

3. Framkvæma skal beiðni um upplýsingar skv. 1. mgr. þessarar greinar þannig að tryggt sé að farið sé að fullu að frestunum sem settir eru fram í 1. mgr. 39. gr. og 1. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351.

Fyrsta undirgrein hefur ekki áhrif á beitingu 5. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351.

11. gr.

Fylgdarlaus, ólögráða börn

1. Eftir að hafa tekið einstaklingsviðtalið skv. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 skal aðildarríkið þar sem fylgdarlaust, ólögráða barn skráði umsókn sína um alþjóðlega vernd, leita að og taka tillit til hvers konar upplýsinga sem ólögráða barnið veitir, einkum í sniðmátinu sem um getur í 1. mgr. fyrrnefndrar greinar, eða sem koma frá öðrum trúverðugum heimildarmanni sem þekkir persónulegar aðstæður viðkomandi eða þá leið sem ólögráða barnið eða aðstandandi þess, systkini eða skyldmenni hefur farið.

2. Ef aðildarríkið sem annast það ferli að ákvarða hvaða aðildarríki beri ábyrgð á meðferð umsóknar fylgdarlaus, ólögráða barns býr yfir upplýsingum sem gera kleift að byrja að auðkenna og hafa uppi á aðstandanda, systkini eða skyldmenni skal það aðildarríki hafa samráð við önnur aðildarríki, eins og við á, og skiptast á upplýsingum sem skipta máli varðandi:

- auðkenningu aðstandenda, systkina eða skyldmenna fylgdarlausa, ólögráða barnsins, sem eru stödd á yfirráðasvæði aðildarríkjanna,
- fyrirliggjandi staðfest fjölskyldutengsl,
- getu skyldmennis til að annast fylgdarlausa, ólögráða barnið, þ.m.t. þar sem aðstandendur, systkini eða skyldmenni barnsins dvelja í fleiri en einu aðildarríki.

3. Ef upplýsingaskiptin, sem um getur í 2. mgr., gefa til kynna að fleiri aðstandendur, systkini eða skyldmenni séu stödd í öðru aðildarríki eða -ríkjum skal aðildarríkið þar sem fylgdarlausa, ólöggráða barnið er statt starfa með hlutaðeigandi aðildarríki eða aðildarríkjum til að ákvarða hvaða einstaklingur telst henta best til að treysta fyrir ólöggráða barninu og einkum að sýna fram:

- hversu sterk fjölskyldutengsl eru milli ólöggráða barnsins og hinna ýmsu einstaklinga sem auðkenndir hafa verið á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna,
- getu og möguleika viðkomandi einstaklinga á að annast ólöggráða barnið og
- hvað ólöggráða barninu er fyrir bestu í hverju tilviki fyrir sig.

4. Nota skal staðlaða eyðublaðið sem sett er fram í VII. viðauka fyrir samráð og, eins og við á, upplýsingaskiptin milli aðildarríkja til að auðkenna aðstandendur, systkini eða skyldmenni fylgdarlauss, ólöggráða barns.

Aðildarríkið sem beiðni er beint til skal leitast við að svara innan tveggja vikna frá viðtöku beiðninnar. Ef sannfærandi sönnunargögn gefa til kynna að frekari rannsóknir myndu leiða til enn mikilvægari upplýsinga skal aðildarríkið sem beiðni er beint til tilkynna aðildarríkinu sem leggur fram beiðni að þörf sé á tveimur vikum til viðbótar.

5. Framkvæma skal beiðni um upplýsingar skv. 2. mgr. þessarar greinar þannig að tryggt sé að farið sé að fullu að frestunum sem settir eru fram í 1. mgr. 39. gr. og 1. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351. Fyrsta undirgrein hefur ekki áhrif á beitingu 5. mgr. 51. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351.

III. KAFLI

TILKYNNINGAR UM AÐ TAKA BERI AFTUR VIÐ EINSTAKLINGI

12. gr.

Undirbúningur og framlagning tilkynninga um að taka beri aftur við einstaklingi

1. Tilkynningar um að taka beri aftur við einstaklingi skulu lagðar fram á stöðluðu eyðublaði í samræmi við fyrirmyndina í III. viðauka.

Þegar samtímis eru lagðar fram tilkynningar um að taka beri aftur við fleiri en einum einstaklingi sem tilheyra sömu fjölskyldu skal það gert á sama eyðublaðinu.

2. Tilkynning um að taka beri aftur við einstaklingi, sem byggist á aðstæðum sem um getur í b-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, skal innihalda jákvæðu niðurstöðuna sem evrópski fingrafaragrunnurinn sendi í samræmi við 4. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358 og gögnin sem send voru með henni, að undanskildum lífkennaupplýsingum, þ.m.t. tilgreining aðildarríkisins sem ber ábyrgð, sem um getur í a-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358.

Í tilkynningunni skulu einnig koma fram eftirfarandi atriði, ef þau liggja fyrir:

- allar aðrar jákvæðar niðurstöður sem evrópski fingrafaragrunnurinn sendir í samræmi við 4. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358 og gögnin sem voru send með þeim, að undanskildum lífkennaupplýsingum,
- afrit, eitt eða fleiri, af sönnunum og sönnunum byggðum á líkum, sem gefa til kynna að hugsanlega falli ábyrgð aðildarríkisins sem fékk tilkynninguna niður skv. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351.

3. Tilkynning sem byggir á aðstæðum sem um getur í c-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 skal innihalda jákvæðu niðurstöðuna sem evrópski fingrafaragrunnurinn sendi í samræmi við 4. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358, sem sýnir að aðildarríkið sem fær tilkynninguna skráði gögnin um viðkomandi einstakling í evrópska fingrafaragrunninn í samræmi við annaðhvort 2. mgr. 18. gr. eða 20. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358 og gögnin sem send voru með jákvæðu niðurstöðunni, að undanskildum lífkennaupplýsingum.

Ef tilkynningin varðar einstakling sem tekið var við á tímabilinu frá 11. júní 2024 til 11. júní 2026 skal tilkynningin innihalda afrit af sönnunum og sönnunum byggðum á líkum sem sýna að aðildarríkið sem fær tilkynninguna hafi samþykkt að taka við viðkomandi einstaklingi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2024/1350⁽⁹⁾, eða veitt alþjóðlega vernd eða réttarstöðu á grundvelli mannúðar í samræmi við landsbundin búferlaflutningakerfi, með tilvísun í skrána yfir sannanir og sannanir byggðar á líkum, sem um getur í 4. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, sem sett er fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

Í tilkynningunni skulu einnig koma fram upplýsingarnar sem um getur í a- og b-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. þessarar greinar, ef þær liggja fyrir.

4. Tilkynning sem byggir á aðstæðum sem um getur í fyrstu undirgrein í 4. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 skal innihalda jákvæðu niðurstöðuna sem evrópski fingrafaragrunnurinn sendi í samræmi við 4. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358, sem sýnir að aðildarríkið sem fékk tilkynninguna er aðildarríkið sem tekur ákvörðunina, og gögnin sem send voru með jákvæðu niðurstöðunni, að undanskildum lífkennaupplýsingum.

Í tilkynningunni skulu einnig koma fram upplýsingarnar sem um getur í a- og b-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. þessarar greinar, ef þær liggja fyrir.

5. Tilkynning sem byggir á aðstæðum sem um getur í 5. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 skal innihalda jákvæðu niðurstöðuna sem evrópski fingrafaragrunnurinn sendi í samræmi við 4. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358, ásamt þeim gögnum sem send voru með jákvæðu niðurstöðunni, að undanskildum lífkennaupplýsingum, þ.m.t. tilgreining tilflutningsaðildarríkisins, sem um getur í b-lið 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358. Í tilkynningunni skulu einnig koma fram upplýsingarnar sem um getur í a- og b-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. þessarar greinar, ef þær liggja fyrir.

6. Ef ekki er hægt, vegna ástands fingurgóma, að taka fingraför af fullnægjandi gæðum sem tryggir viðeigandi samanburð skv. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358 eða ef engin fingraför eru tiltæk til samanburðar og enn er ekki unnt að nota

samanburð á andlitsmyndum í samræmi við 5. mgr. 63. gr. þeirrar reglugerðar, og ef tilkynningin varðar fylgdarlaust, ólöggráða barn sem er yngra en sex ára skal tilkynningin innihalda sannanir eða sannanir byggðar á líkum, eða viðeigandi þætti úr yfirlýsingum viðkomandi einstaklings, sem um getur í 2. mgr. 41. gr., sem sýna að aðildarríkinu sem fær tilkynninguna sé skylt að taka aftur við umsækjandanum eða öðrum einstaklingi eins og um getur í b- eða c-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar 2024/1351.

13. gr.

Undirbúningur og framlagning tilkynningar um að taka beri aftur við einstaklingi í tengslum við umsóknir um alþjóðlega vernd þar sem ábyrgðin hefur verið ákvörðuð í samræmi við reglugerð (ESB) 604/2013 og aðildarríkið sem ber ábyrgðina hefur enn ekki verið tilgreint í evrópska fingrafaragrunninum

Ef búið er að ákveða ábyrgð í samræmi við reglugerð (ESB) 604/2013 og aðildarríkið sem ber ábyrgð hefur ekki enn verið tilgreint í evrópska fingrafaragrunninum skal tilkynningin innihalda jákvæðu niðurstöðuna, sem evrópski fingrafaragrunnurinn sendi í samræmi við 4. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358, öll gögn sem eru send með niðurstöðunni, að undanskildum lífkennaupplýsingum, sem og afrit af öllum sönnunum og sönnunum byggðum á líkum sem sýna fram á að aðildarríkið sem fær tilkynningu beri ábyrgðina.

Tilkynningin skal einnig innihalda upplýsingarnar sem um getur í a- og b-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. 12. gr., ef þær liggja fyrir.

14. gr.

Staðfesting á tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi

1. Senda skal staðfestingu á tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi á sama staðlaða eyðublaðinu, sem um getur í 1. mgr. 12. gr.

Staðfestingin skal innihalda hagnýt atriði og viðeigandi upplýsingar varðandi flutninginn.

2. Staðfestingin á tilkynningunni, sem byggir á 13. gr. þessarar reglugerðar, skal innihalda staðfestingu á því að ábyrgðin sé tilgreind í evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við, eftir því sem við á, annaðhvort aðra undirgrein 1. mgr. 37. gr. eða fyrstu undirgrein 3. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351.

15. gr.

Höfnun staðfestingar á tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi vegna þess að ábyrgð fellur niður

1. Nota skal staðlaða eyðublaðið sem um getur í 1. mgr. 12. gr. fyrir höfnun staðfestingar á tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi.

2. Ef höfnun staðfestingarinnar byggist á því að ábyrgð fellur niður skv. 1. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 skal hún innihalda sönnunargögn sem sýna niðurfellinguna og að breyting á ábyrgð sé tilgreind í evrópska fingrafaragrunninum í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 37. gr. þeirrar reglugerðar.

Í nýrri tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi, sem skal senda til aðildarríkisins sem ábyrgðin hefur færst til, skulu vera gögnin sem um getur í fyrstu undirgrein og staðfesting á ábendingunni um breytingu á ábyrgð í evrópska fingrafaragrunninum.

3. Ef höfnun staðfestingarinnar byggist á því að ábyrgð fellur niður skv. 2., 4. eða 5. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 skal hún innihalda sönnunargögn sem sýna niðurfellinguna.

Ef tilkynningaraðildarríkið telur að höfnun staðfestingarinnar á grundvelli 2., 4. eða 5. mgr. 37. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 byggir á misskilningi aðildarríkisins sem fær tilkynninguna eða ef tilkynningaraðildarríkið hefur viðbótargögn til að sýna fram á að ábyrgðin hafi ekki verið felld niður, getur það óskað eftir því að tilkynningin verði endurskoðuð. Leggja skal þá beiðni fram innan tveggja vikna frá því staðfestingunni á tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi er hafnað. Aðildarríkið sem fær tilkynningu skal leitast við að annaðhvort staðfesta hana eða halda sig við höfnun staðfestingarinnar innan tveggja vikna frá móttöku þeirrar beiðni. Þegar tveggja vikna fresturinn rennur út er endurskoðunarmeðferð málsins lokið, hvort sem aðildarríkið sem fær tilkynningu hefur svarað innan þess frests eða ekki. Bregðist aðildarríkið sem fær tilkynningu ekki við innan þess frests sem er tilgreindur í þessari málsgrein jafngildir það ekki því að tilkynningin sé staðfest.

4. Ef tilkynningin sem er send í samræmi við 6. mgr. 12. gr. er ekki staðfest og tilkynningaraðildarríkið telur að höfnun staðfestingarinnar byggir á misskilningi aðildarríkisins sem fær tilkynninguna eða ef tilkynningaraðildarríkið hefur viðbótargögn til að sýna fram á að ábyrgðin hafi ekki fallið niður, getur það óskað eftir því að tilkynningin verði endurskoðuð. Leggja skal þá beiðni fram innan tveggja vikna frá móttöku höfnunar staðfestingar á tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi. Aðildarríkið sem fær tilkynningu skal leitast við að annaðhvort staðfesta hana eða halda sig við höfnun staðfestingarinnar innan tveggja vikna frá móttöku þeirrar beiðni. Þegar tveggja vikna fresturinn rennur út er endurskoðunarmeðferð málsins lokið, hvort sem aðildarríkið sem fær tilkynningu hefur svarað innan þess frests eða ekki. Bregðist aðildarríkið sem fær tilkynningu ekki við innan þess frests sem er tilgreindur í þessari málsgrein jafngildir það ekki því að tilkynningin sé staðfest.

16. gr.

Höfnun staðfestingar á tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi vegna rangrar tilgreiningar í evrópska fingrafaragrunninum á því hvaða aðildarríki ber ábyrgð

1. Nota skal staðlaða eyðublaðið sem um getur í 1. mgr. 12. gr. fyrir höfnun staðfestingar á tilkynningu um að taka beri aftur við einstaklingi, sem byggist á rangri tilgreiningu í evrópska fingrafaragrunninum á því hvaða aðildarríki beri ábyrgð.

Sú höfnun skal innihalda staðfestingu frá aðildarríkinu sem fær tilkynningu um að aðildarríkið sem setti ranga tilgreiningu inn í evrópska fingrafaragrunninum hafi verið upplýst um það, í samræmi við 5. mgr. 40. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358. Einnig skal leggja fram sönnun þess að leiðrétting hafi verið gerð á tilgreiningunni í evrópska fingrafaragrunninum, ef hún liggur fyrir.

2. Ný tilkynning um að taka beri aftur við einstaklingi, sem send er til aðildarríkisins sem ber ábyrgð, skal innihalda upplýsingarnar sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr.

V. KAFLI FLUTNINGUR

22. gr.

Undirbúningur og framlagning staðlaðs eyðublaðs vegna flutnings

1. Áður en umsækjandi eða annar einstaklingur er fluttur, eins og um getur í b- og c-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, skal aðildarríkið sem annast flutninginn leggja fram staðlaða eyðublaðið í samræmi við fyrirmyndina í V. viðauka við þessa reglugerð. Staðlaða eyðublaðið skal m.a. innihalda upplýsingar um eftirfarandi:

- tegund flutnings (viðkomandi fer sjálfviljugur, brottför hans fer fram undir eftirliti eða með fylgd),
- staðsetninguna, sem tilgreind er í samræmi við 1., 2. eða 3. mgr. 23. gr., í viðtökuáðildarríkinu sem viðkomandi er fluttur til, eftir atvikum,
- fyrirhugaðan samgöngumáta (flugvél, lest, hópbifreið, ferja eða annað),
- komudagsetningu og -tíma,
- yfirvaldið sem viðkomandi einstaklingur skal koma fyrir og tilgreindan dag og tíma sem hann skal koma fyrir það yfirvald.

Þegar samtímis fer fram flutningur einstaklinga sem tilheyra sömu fjölskyldu skulu upplýsingar um alla fjölskyldumeðlimi koma fram á sama staðlaða eyðublaðinu.

2. Aðildarríkið sem annast flutninginn skal leggja staðlaða eyðublaðið fram eins fljótt og auðið er eftir að tilkynnt hefur verið um ákvörðunina um flutning, sem tekin er í samræmi við 2. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351.

3. Ferðabréfin sem um getur í 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 skulu vera eins og sett er fram í IX. viðauka við þessa reglugerð.

4. Aðildarríkið sem annast flutninginn skal tryggja að öll skjöl umsækjanda eða annars einstaklings, eins og um getur í b- og c-lið 1. mgr. 36. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, séu afhent honum aftur fyrir brottför, færð í örugga vörslu fylgdarmannsins sem aftur skal afhenda þau lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins sem ber ábyrgð, eða send með öðrum viðeigandi hætti.

23. gr.

Skipti á almennum upplýsingum um fyrirkomulag og hagnýta tilhögun á flutningi

1. Að því er varðar flutning skulu aðildarríkin tilkynna hinum aðildarríkjunum og Hælisstofnuninni um alla flugvelli með beint og reglubundið áætlunarflug milli aðildarríkja og um allar hafnir við sjó með reglubundnar áætlunarferðir farþegaferja milli aðildarríkja. Aðildarríkin mega tilgreina þá flugvelli sem þeim hentar best til að taka við flutningi.

Aðildarríki skulu tilgreina a.m.k. einn flugvöll sem skal nota við framkvæmd flutnings, sem og yfirvald sem er til þess bært að taka á móti þeim einstaklingum sem á að flytja um þann flugvöll ef viðtökuáðildarríkið staðfestir ekki móttöku staðlaða eyðublaðsins eða, eftir atvikum, getu þess til taka við þeim sem fluttir eru eða leggur ekki til aðra staðsetningu eða tíma fyrir flutninginn, eins og kveðið er á um í 5. mgr. 25. gr. eða 3. mgr. 26. gr.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og Hælisstofnuninni um þau yfirvöld og heimilisföng þeirra sem einstaklingar, sem fara sjálfviljugir og þeir sem sæta flutningi þar sem um er að ræða brottför undir eftirliti í samræmi við a-lið 1. mgr. 25. gr., skulu koma fyrir við komuna.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna hinum aðildarríkjunum og Hælisstofnuninni um þau yfirvöld og heimilisföng þeirra við landamærin eða innan yfirráðasvæðis þeirra, þangað sem flutningur, þar sem um er að ræða brottför undir eftirliti í samræmi við b-lið 1. mgr. 25. gr., og brottför með fylgd, skal fara fram.

4. Aðildarríkin skulu senda Hælisstofnuninni upplýsingarnar sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. eigi síðar en 12. apríl 2026. Þegar aðildarríkin veita þessar upplýsingar skulu þau einnig tilgreina til hverra þeirra staða sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. flutningur er einnig mögulegur fyrir kl. 09:00 og eftir kl. 16:00 á virkum dögum.

Hælisstofnunin skal semja samsteypta skrá yfir staðina sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. og gera hana aðgengilega aðildarríkjunum. Þessar upplýsingar skal uppfæra eigi síðar en 20. desember ár hvert.

Aðildarríkin skulu tilkynna Hælisstofnuninni eins fljótt og auðið er um allar breytingar á stöðunum sem um getur í 1., 2. og 3. mgr.

5. Eigi síðar en 12. apríl 2026 og þar eftir í síðasta lagi 20. desember ár hvert skulu aðildarríkin, í þeim tilgangi að auðvelda skipti á upplýsingum um flutning, tilkynna hinum aðildarríkjunum og Hælisstofnuninni hvaða dagar næsta árs eru landsbundnir frídagar. Á þessum grundvelli skal Hælisstofnanin taka saman samsteypta skrá.

24. gr.

Upplýsingaskipti þegar viðkomandi fer sjálfviljugur

1. Þegar viðkomandi fer sjálfviljugur skal aðildarríkið sem annast flutninginn staðfesta eftirfarandi á staðlaða eyðublaðinu sem um getur í 1. mgr. 22. gr.:

- viðkomandi einstaklingur er ekki fylgdarlaus, ólöggráða barn,
- engin hætta er á að viðkomandi hlaupist á brott meðan á flutningi stendur,

- c) einstaklingurinn ógni ekki innra öryggi.
- d) einstaklingurinn sem á að flytja hefur engar sérþarfir sem þarf að mæta á viðeigandi hátt í skilningi a-liðar 2. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351.

Að því er varðar 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 skal staðlaða eyðublaðið innihalda nafn og heimilisfang þess yfirvalds sem tilkynnt er um í samræmi við 2. mgr. 23. gr. þessarar reglugerðar og sem viðkomandi einstaklingur skal koma fyrir við komuna, ásamt dagsetningu og tíma þar að lútandi.

2. Staðlaða eyðublaðið, sem um getur í 1. mgr. 22. gr., skal senda til aðildarríkisins sem ber ábyrgð, eigi fyrr en fjórtán dögum og eigi síðar en sjö dögum fyrir þann dag sem viðkomandi einstaklingur á að koma fyrir yfirvaldið sem tilgreint er í annarri undirgrein 1. mgr.

3. Einstaklingurinn sem á að flytja skal fá upplýsingar um nafn og heimilisfang yfirvaldsins, sem tilkynnt er um í samræmi við 2. mgr. 23. gr., sem hann á að koma fyrir við komuna, ásamt dagsetningu og tíma þar að lútandi.

4. Ef engar upplýsingar eru móttæknar innan sjö daga frá lokum frestsins sem um getur í 1. mgr. um að viðkomandi einstaklingur sé kominn heilu og höldnu eða að hann hafi ekki komið fyrir yfirvaldið innan tilskilins frests, skal aðildarríkið, sem annast flutninginn, líta svo á að flutningurinn hafi átt sér stað.

25. gr.

Upplýsingaskipti varðandi flutning þegar um er að ræða brottför undir eftirliti

1. Við flutning þar sem um er að ræða brottför undir eftirliti skal staðlaða eyðublaðið, sem um getur í 1. mgr. 22. gr., innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a) hvort einstaklingurinn sem á að flytja skuli koma fyrir yfirvaldið, sem er tilkynnt um í samræmi við 2. mgr. 23. gr., ásamt upplýsingum um dagsetningu og tíma sem honum hefur verið tilkynnt um að koma fyrir það yfirvald,
- b) hvort yfirvöld í móttökuaðildarríkinu eigi að taka við einstaklingnum sem á að flytja á þeim stað sem um getur í 1. og 3. mgr. 23. gr., ásamt dagsetningu og komutíma sem flutningsaðildarríkið hefur tilgreint,

2. Flutningsaðildarríkið skal senda staðlaða eyðublaðið, sem um getur í 1. mgr. 22. gr., eigi fyrr en fjórtán dögum og eigi síðar en sjö dögum fyrir komudag, sem er tilgreindur í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

3. Ef viðtökuaðildarríkið þarf að grípa til tafarlausra ráðstafana til að mæta sérþörfum einstaklingsins sem á að flytja á viðeigandi hátt, í samræmi við a-lið 2. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, eða ef viðkomandi einstaklingur er fylgdarlaus, ólöggráða barn, skal senda staðlaða eyðublaðið a.m.k. 21 degi fyrir komudag sem er tilgreindur í samræmi við 1. mgr. þessarar greinar.

4. Einstaklingurinn sem á að flytja skal fá upplýsingar um nafn og heimilisfang yfirvaldsins, sem tilkynnt er um í samræmi við 2. mgr. 23. gr., sem hann á að koma fyrir við komuna, ásamt dagsetningu og tíma þar að lútandi.

5. Í tilvikum sem um getur í b-lið 1. mgr. skal viðtökuaðildarríkið, innan fimm daga frá móttöku eyðublaðsins, annaðhvort staðfesta getu sína til að taka við einstaklingi sem fluttur er eða gera tillögu um annað flutningsfyrirkomulag og/eða annan stað og/eða tíma fyrir flutninginn, auk þess að tilgreina ástæður þess að geta ekki tekið við einstaklingnum sem fluttur er samkvæmt tillögu aðildarríkisins sem annast flutninginn.

Ef aðrir kostir sem viðtökuaðildarríkið leggur til eru ekki raunhæfur kostur fyrir flutningsaðildarríkið getur það kosið að flytja einstaklinginn til þess staðar sem tilkynnt er um í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 23. gr. Ekki er þörf á frekara samráði vegna framkvæmdar flutningsins.

Ef viðtökuaðildarríkið staðfestir ekki getu sína eða tilgreinir ekki annað fyrirkomulag eða tilhögun við flutninginn innan fimm daga frá móttöku staðlaða eyðublaðsins skal flutningsaðildarríkið flytja einstaklinginn til þess staðar sem tilkynntur er í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 23. gr. Flutningsaðildarríkið skal tilkynna að flutningurinn verði framkvæmdur til þess staðar og tilgreina komudag og -tíma á sama staðlaða eyðublaðinu og sent var í samræmi við 1. mgr. 22. gr. Ekki er þörf á frekara samráði vegna framkvæmdar flutningsins.

6. Í tilvikum sem um getur í a-lið 1. mgr., ef engar upplýsingar eru móttæknar innan sjö daga frá lokum frestsins sem um getur í 1. mgr. um að viðkomandi einstaklingur sé kominn heilu og höldnu eða að hann hafi ekki komið fyrir yfirvaldið á tilgreindum degi, skal aðildarríkið, sem annast flutninginn, líta svo á að flutningurinn hafi átt sér stað.

26. gr.

Upplýsingaskipti varðandi flutning þegar um er að ræða brottför með fylgd

1. Við flutning þar sem um er að ræða brottför með fylgd skal staðlaða eyðublaðið, sem um getur í 1. mgr. 22. gr., innihalda eftirfarandi upplýsingar:

- a) ef um er að ræða flutning á tíu einstaklingum eða fleirum á sama tíma, fjölda einstaklinga sem á að flytja, komudag og -tíma á þann stað sem tilkynnt er um í samræmi við 1. eða 3. mgr. 23. gr. og fyrirhugaðan samgöngumáta,
- b) í öðrum tilvikum, komudag og -tíma á þann stað sem tilkynnt er um í samræmi við 1. eða 3. mgr. 23. gr. og fyrirhugaðan samgöngumáta.

2. Ef um er að ræða flutning á tíu einstaklingum eða fleirum á sama tíma skal flutningsaðildarríkið tilkynna viðtökuaðildarríkinu um þá fyrirætlun að framkvæma flutninginn eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 21 degi fyrir fyrirhugaðan flutningsdag, á stöðluðu eyðublaði sem sett er fram í VI. viðauka.

Innan fimm daga frá viðtöku eyðublaðsins skal viðtökuaðildarríkið annaðhvort staðfesta getu sína til að taka við einstaklingnum sem fluttur er eða gera tillögu um annað flutningsfyrirkomulag og/eða annan stað og/eða tíma fyrir flutninginn, auk þess að

tilgreina ástæður þess að geta ekki tekið við einstaklingnum sem fluttur er samkvæmt tillögu aðildarríkisins sem annast flutninginn.

Staðfesti viðtökuáildarríkið að það geti tekið við einstaklingum sem verið er að flytja skal flutningsáildarríkið, eigi fyrr en fjórtán dögum og eigi síðar en sjö dögum fyrir flutninginn, leggja fram staðlað eyðublað, eins og sett er fram í 1. mgr. 22. gr., fyrir hvern einstakling sem er hluti af þeim flutningi, ásamt sama staðlaða eyðublaðinu sem lagt er fram í samræmi við fyrstu undirgrein og útfyllt með tilskildum upplýsingum.

3. Í þeim tilvikum sem um getur í b-lið 1. mgr. skal senda staðlaða eyðublaðið eigi fyrr en fjórtán dögum og eigi síðar en sjö dögum fyrir flutninginn.

Þegar einhverjar eftirfarandi aðstæður koma upp skal senda staðlaða eyðublaðið a.m.k. 21 degi fyrir flutning:

- krafa er gerð um að viðtökuáildarríkið grípi til tafarlausra ráðstafana til að mæta sérþörfum einstaklingsins sem á að flytja á fullnægjandi hátt, í samræmi við a-lið 2. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351,
- einstaklingurinn sem á að flytja ógnar innra öryggi,
- viðkomandi einstaklingur er fylgdarlaust, ólöggráða barn.

Innan fimm daga frá viðtöku eyðublaðsins skal viðtökuáildarríkið annaðhvort staðfesta getu sína til að taka við einstaklingnum sem fluttur er eða gera tillögu um annað flutningsfyrirkomulag og/eða annan stað og/eða tíma fyrir flutninginn, auk þess að tilgreina ástæður þess að geta ekki tekið við einstaklingnum sem fluttur er samkvæmt tillögu aðildarríkisins sem annast flutninginn.

Ef aðrir kostir sem viðtökuáildarríkið leggur til eru ekki raunhæfur kostur fyrir flutningsáildarríkið getur það kosið að flytja einstaklinginn til þess staðar sem tilkynnt er um í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 23. gr. Ekki er þörf á frekara samráði vegna framkvæmdar flutningsins.

Ef viðtökuáildarríkið staðfestir ekki getu sína eða tilgreinir ekki annað fyrirkomulag eða tilhögun við flutninginn innan fimm daga frá móttöku staðlaða eyðublaðsins skal flutningsáildarríkið flytja einstaklinginn til þess staðar sem tilkynntur er í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 23. gr. Flutningsáildarríkið skal tilkynna að viðkomandi verði fluttur til þess staðar og tilgreina komudag og -tíma á sama staðlaða eyðublaðinu og sent er í samræmi við 1. mgr. 22. gr. Ekki er þörf á frekara samráði vegna framkvæmdar flutningsins.

4. Ef einstaklingur sem á að flytja er hnepptur í varðhald í samræmi við 44. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351 skal leggja staðlaða eyðublaðið fram til að tryggja að frestimir, sem settir eru fram í 45. gr. þeirrar reglugerðar, séu virtir að fullu.

27. gr.

Flutningur þegar um er að ræða tilflutning

1. Reglur um flutning, sem settar eru fram í þessum kafla, gilda einnig um flutning umsækjenda og þeirra sem njóta alþjóðlegrar verndar þegar um er að ræða tilflutning í samræmi við 67. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351.

2. Þrátt fyrir reglurnar sem komið er á í þessum kafla um tímamörk fyrir framlagningu staðlaða eyðublaðsins, sem um getur í 1. mgr. 22. gr., skal staðlaða eyðublaðið lagt fram eins fljótt og auðið er eftir tilkynningu um ákvörðun um flutning, sem um getur í 10. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351. Að því marki sem mögulegt er skulu aðildarríkin virða tímamörkin til að leggja fram eyðublaðið, sem sett eru fram í 24., 25. og 26. gr. þessarar reglugerðar, til að gera flutningsáildarríkjum kleift að virða fjögurra vikna frestinn til að framkvæma flutninginn, sem settur er fram í 11. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) 1351/2024.

28. gr.

Frestun og seinkun á flutningi

1. Flutningsáildarríkið skal upplýsa viðtökuáildarríkið án tafar um hvers konar kæru- eða endurskoðunarmálsmeðferð sem hefur áhrif til frestunar í tengslum við ákvarðanir um flutning.

2. Flutningsáildarríkið skal upplýsa viðtökuáildarríkið án tafar um að einstaklingurinn sem á að flytja hafi hlaupist á brott, veitt líkamlega mótspyrnu við flutningi, gert sig af ásetningi óháfan til flutningsins, uppfylli ekki heilbrigðiskröfur sem gerðar eru vegna flutningsins eða sæti fangelsun.

3. Upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. skal senda innan sex mánaða tímabilsins sem kveðið er á um í fyrstu undirgrein 1. mgr. 46. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, á sama staðlaða eyðublaðinu og lagt var fram í samræmi við 1. mgr. 7. gr. eða 1. mgr. 12. gr. þessarar reglugerðar.

29. gr.

Skripti á heilbrigðisupplýsingum áður en flutningur fer fram

Einungis skal senda upplýsingar um heilsufar einstaklingsins sem á að flytja í þeim tilgangi að veita læknishjálp eða meðferð, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 50. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, með sameiginlega heilbrigðisvottorðinu og á eyðublaðinu sem sett er fram í VIII. viðauka við þessa reglugerð.

VII. KAFLI
UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

32. gr.

Upplýsingabæklingur um vinnslu gagna í evrópska fingrafaragrunninum

Sameiginlega upplýsingaefnið varðandi beitingu reglugerðar (ESB) 2024/1358, sem Hælisstofnunin tók saman í samræmi við 2. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1351, skal, eins og sett er fram í XI. viðauka, vera í formi sameiginlegs bæklinga sem um getur í 3. mgr. 42. gr. reglugerðar (ESB) 2024/1358.

33. gr.

Niðurfelling reglugerðar (EB) nr. 1560/2003

Reglugerð (EB) nr. 1560/2003 fellur úr gildi frá og með 12. júní 2026.

34. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 12. júní 2026.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

Gjört í Brussel 2. október 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

Ursula VON DER LEYEN